

Þorsteinn dansar við djöfulinn leikhús 22



Lennon hefði fílað Ísland tónlist 36



spottið 16



FJÓRAR NÝJAR HERRAMANNABÆKUR!



www.forlagid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarútgáfa
9. október 2010
237. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



Einstakt tækifæri
Stjórnlagabands biða ærin verkefni í vetur, segir Guðrún Pétursdóttir.
Þjóðmál 24

Hefur ekkert á móti stofnendum Facebook
David Fincher leikstýrir The Social Network.
kvikmyndir 30

Mynstur og mínimalismi
Fjölbreytni og þor verða ráðandi 2011.
tíska 86



fyrir allar dætur
ómmur - mömmur - systur - vinkonur ...
Bleika slaufan er styrkur gegn krabbameini. Söfnunarmarkmið 50.000 slaufur



SÉRBLAÐIÐ BLEIKA SLAUFAN FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



HAUSTGLEÐI Hún Melkorka Mýr undi sér vel í leik úti í garði á Eggertsgötu í haustblíðunni og þrettán ára bróðir hennar, Alex Máni, notaði tækifærið og myndaði litlu systur. Hann hreppi fyrir vikið sigur í ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins. Um 250 ljósmyndarar tóku þátt í keppninni. **Sjá síðu 32.** MYND/ALEX MÁNI

Læknar sprengdu fjárlögin

Það var „algerlega óraunhæft“ án leiðsagnar heilbrigðisráðuneytisins að krefjast þess að Sjúkratryggingar lækkuðu læknskostnað um þriðjung, segir Ríkisendurskoðun. Bull, svarar fyrrverandi heilbrigðisráðherra.

STJÓRNSÝSLA Kostnaður Sjúkratrygginga Íslands vegna sérfræðilækna stefnir í að vera 37 prósentum hærrí í ár en fjárlög gera ráð fyrir. Munurinn er 1.600 milljónir króna. Ríkisendurskoðun segir að þó að Sjúkratryggingar nái að spara á ýmsum sviðum verði umframeyðslan 1.200 milljónir króna í ár enda verði kostnaður við sérfræðilækna 5.900 milljónir króna en ekki 4.300 milljónir eins og segir í fjárlögum.

Álfheiður Ingadóttir, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, segir mikið hafa verið reynt að semja við sérgreinalækna um lækkun. „En því miður var það algerlega árangurslaust. Það var enginn vilji á þeim bænum til að taka þátt í því að koma Íslandi út úr þessu skuldafeni,“ segir Álfheiður. Í svari til Ríkisendurskoðunar segir heilbrigðisráðuneytið að gott samstarf við sérfræðilækna hefði verið forsenda lækkunar

enda hafi verið í gildi samningur við lækna. Ríkisendurskoðun segir heilbrigðisráðuneytinu hafa verið fullljóst við fjárlagagerðina að áætlaður 3,9 milljarða sparnaður næðist ekki nema sérfræðilækna fællust á að lækka gjaldskrá mjög mikið eða til kæmu kerfisbreytingar. „Krafa um að Sjúkratryggingar Íslands næðu fram nærri þriðjungs lækkun lækna-iskostnaðar án slíkra breytinga,

skýrrar stefnumótunar og leiðsagnar ráðuneytisins var því algerlega óraunhæft,“ segir Ríkisendurskoðun. „Þetta er náttúrulega bara bull,“ segir fyrrverandi heilbrigðisráðherra. „Í fyrsta lagi er það Alþingi sem setti þessa sparnaðarkröfu á þjónustu sérfræðilækna. Í öðru lagi reyndi ráðuneytið ítrekað, og það ætti ríkisendurskoðanda að vera ljóst, að ná samkomulagi við sérgreinalækna um lækkun.“ - gar

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Fjölskyldan | Allt | Allt atvinna



SJÁLFSTÆTT FÓLK KL. 19:55
ÍSDRÖTTNINGIN
ÁSDÍS RÁN

Jón Ársæll sækir hina óviðjafnanlegu Ásdís Rán heim kl. 19:55. Ekki missa af þessari margverðlaunuðu og mannlegu þáttaröð.



skemmtilegri

GEVALIA

SPURNING DAGSINS



Siggi, eruð þið núna orðnir Baugsstofan?

„Nei, við ætlum að halda okkur við Spaugstofunafnið enda lútum við okkar eigin lögmálum og hlýðum engum.“

Spaugstofan hefur göngu sína á Stöð 2 í dag. Sigurður Sigurjónsson er einn af spéfuglumum.

Færri vilja blása til kosninga: Viðsnúningur frá í byrjun árs

STJÓRN MÁL Færri vilja ganga til alþingiskosninga innan hálfis árs nú en í upphafi árs, samkvæmt niðurstöðum könnunar markaðsrannsóknafyrirtækisins MMR.

Rétt rúmur helmingur þátttakenda í könnuninni vildi ganga til kosninga innan hálfis árs, eða 53 prósent. Í sambærilegri könnun sem gerð var í janúar vildi 61,1 prósent kosningar innan sex mánaða.

Flestir stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins, eða 69,7 prósent, og meirihluti Hreyfingarinnar vilja kosningar innan þriggja mánaða. Þetta er viðsnúningur frá fyrri könnun í röðum sjálfstæðismanna. - jab

Larry Hagman í málaferli:

Hafði betur gegn banka

VIÐSKIPTI Bandaríski leikarinn Larry Hagman hafði á dögunum betur í máli gegn bandaríska stórbankanum Citigroup, sem var dæmdur til að greiða leikaranum 1,1 milljón dala, jafnvirði 120 milljóna króna, í skaðabætur.

Hagman, sem varð 79 ára fyrir mánuði, sló í gegn sem staðalskurkurinn J.R. Ewing í sjónvarpsþættinum Dallas sem Sjónvarpið sýndi um árabíl á níunda áratug síðustu aldar.

Hagman átti fé hjá dótturfélagi bankans, sem tapaði háum fjárhæðum í kreppunni. Hann sakaði stjórnendur bankans um að hafa fjárfest óvarlega og krafðist skaðabóta. - jab



LARRY HAGMAN

Uppboðum á eignum fólks er frestað ef það gerir eitthvað í sínum málum:

Sumir svara: Ég ætla ekki að gera neitt

HÚSNÆÐISMÁL „Við frestum uppboðum ef fólk gerir eitthvað í sínum málum,“ segir Ásta H. Bragadóttir, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóds.

Ekki liggja fyrir haldgóðar upplýsingar um hve margar nauðungarsölur eru áformaðar í október. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði á Alþingi á miðvikudag að líklega væri um 230 til 240 íbúðir að ræða sem að óbreyttu færu í lokasölu í mánuðinum. Mjög oft væru uppboðsbeiðnir afturkallaðar á síðustu stundu. „Í vinnslu eru leiðir til að forða upp-

boðum sem fyrir dyrum standa á lögheimilum einstaklinga sem eru að vinna að lausn sinna mála,“ sagði Jóhanna.

Að sögn Ástu frestar Íbúðalánasjóður uppboðum hjá fólki sem óskað hefur frests hjá sýslumanni. „Þegar kemur að uppboði höfum við samband við fólk og skoðum stöðuna.“ Sé fólk að gera eitthvað í sínum málum sé uppboði frestað. Sú sé hins vegar ekki alltaf raunin. „Sumir svara: Ég ætla ekki að gera neitt,“ segir Ásta. Í slíkum tilvikum fari íbúðir, eðli málsins samkvæmt, á uppboð. - bps



MIÐBÆRINN Ekki liggja fyrir upplýsingar um það hversu margar nauðungarsölur eru áformaðar í október. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ómar gæti verið á leið í dýrlingatölu

Ómar Ragnarsson gæri orðið að þjóðardýrlingi, líkt Jónasi Hallgrímssyni og Jóni Sigurðssyni, segir bókmenntafræðingur. Eðlilegt er að slík tákn breytist eftir tíðaranda. Leifur heppni gæti farið á íslenska evrumynt, verði hún slegin.

MENNING Það að fæðingardagur Ómars Ragnarssonar hafi verið valinn sem Dagur íslenskrar náttúru er gott dæmi um að það er að mörgu leyti pólitískt fremur en náttúrulegt fyrirbrigði þegar einstaklingar eru gerðir að þjóðardýrlingum, segir Jón Karl Helgason, bókmenntafræðingur og dósent við Háskóla Íslands.

Þjóðardýrlinga kallar hann þá einstaklinga sem ríkisvaldið tekur upp á sína arma og gerir að táknnum fyrir einhver gildi sem það vill upphelja, sér í lagi þjóðerniskennnd.

Jón Karl segir of snemma að segja hvort álíka upphæfð biði Ómars og raunin hefur orðið um Jónas Hallgrímsson og Jón Sigurðsson, en það sé alls ekki útlokað.

„Ómar er að nokkru leyti arftaki þjóðskáldanna á 19. öld. Það sem hann gerir í sjónvarpi er líkt því sem skáldin gerðu í náttúrukveðskap sínum,“ segir hann.

Þetta kom fram á fyrirlestri hjá Alþjóðamálastofnun fyrir skömmu. Jón Karl ræddi þar um evrópska þjóðardýrlinga, sem hann hefur rannsakað upp á síðkastið. Hann segir að þegar einstaklingar eru teknir í dýrlingatölu á þennan hátt, minni það mjög á hvernig dýrlingar kristinnar hafa verið útvaldir af hálfu kirkjunnar. Fyrir utan dýrlingadaga má nefna að gerðar eru

Björk eða Leifur heppni á evrumyntinni?

Jón Karl var spurður úr sal hverjir yrðu að hans mati valdir á íslenskar evrumyntir, gengi Ísland í Evrópusambandið, og svaraði hann því til að sumir þjóðardýrlingar væru vissulega betur nytilegir í millirikjaviðskiptum en aðrir.

Einhver hefði nefnt Björk Guðmundsdóttur. En Snorri Sturluson, Leifur heppni og Guðríður Þorbjarnardóttir væru allt frambærilegt fólk sem Íslendingar hefðu notað við álíka aðstæður.



stytur af dýrlingnum eða götur nefndar eftir honum.

„Nú finnst okkur náttúrulegt að Jón Sigurðsson standi á Austurvelli, en það eru margar litlar ákvarðanir og tilviljanir og pólitísk sjónarmið þar að baki,“ segir hann. Táknin eða dýrlingarnir sem þjóðir velja sér séu í sífelldri mótun.

Til að mynda var Bertel Thorvaldsen, hálfur Dani, á Austurvelli, þegar Ísland var í

konungssambandi við Danmörku. Þegar leið að lýðveldisstofnun var eðlilegt að Bertel væri skákað til og Jón forseti tæki hans sess, að mati Jóns Karls. Á dögunum hefði hann hitt fólk sem klöknaði þegar það frétti að Ómari Ragnarssyni hefði hlotnast þessi heiður.

„Það er af því að fólk þekkir Ómar og talar tungumálið hans. Veikleiki Jóns Sigurðssonar er að það eru ekki margir sem muna eftir honum og enn færri sem lesa hann,“ segir Jón Karl, en tekur sérstaklega fram að hann sé ekki að spá því að Jón Sigurðsson verði fjarlægður af Austurvelli. klemens@frettabladid.is



ÓMAR „HELGI“ RAGNARSSON Jón Karl Helgason rannsakar þessa dagana stöðu Jónasar Hallgrímssonar í alþjóðlegu samhengi. Á fyrirlestri Alþjóðamálastofnunar um evrópska þjóðardýrlinga nefndi hann Ómar sem dæmi um hugsanlegan dýrling.



FRÁ OPNUNINI Jón Gnarr borgarstjóri ásamt Jóhanni G. Jóhannssyni leikara og Vigdís Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta.

Dyr Tjarnarbíós opnaðar á ný:

Verður miðstöð fyrir sviðslistir

MENNING Jón Gnarr borgarstjóri opnaði Tjarnarbíó í Tjarnargötu formlega síðdegis í gær. Húsið, sem byggt var árið 1913, hefur gengið í gegnum gagngerar endurbætur.

Tjarnarbíó var upphaflega byggt sem íshús en varð síðar að frjálsþróttahúsi. Í seinni heimsstyrjöldinni var það nýtt sem leik- og kvikmyndahús.

Samþykkt var í borgarráði fyrir þremur árum að ráðast í endurbætur á húsinu. Markmiðið er að húsið verði miðstöð fyrir sviðslistir og að þar verði hægt að leigja aðstöðu fyrir menningarviðburði. - jab

Landsdómsmál skýrast:

Nefndin kosin á þriðjudaginn

ALÞINGI Saksóknaranefnd Alþingis vegna máls höfðunar gegn Geir Haarde verður kosin á þriðjudag, strax eftir að saksóknari og varasaksóknari hafa verið kjörnir. Nefndin er kosin á grundvelli laga um landsdóm og er gert ráð fyrir að um fimm manna nefnd sé að ræða sem fylgist með málinu og sé saksóknara Alþingis til aðstoðar.

Lögmenn og dómsmálaráðherra sammála um að skyndilausnir henti ekki:

Innleiðingu þriðja dómstigsins flýtt

DÓMSMÁL Eining var meðal dómara og lögmanna á málþingi í gær um að koma beri á þriðja dómstiginu hið fyrsta. Ögmundur Jónasson dómsmálaráðherra segir málið komið á ákvörðunarstig.

„Lögmennasamfélagið og talsmenn dómkerfisins eru á einu máli um nauðsyn þess að reyna að flýta því að koma á þriðja dómstiginu. Ég tók undir þessar hugmyndir,“ segir Ögmundur, sem kveðst þó hafa undirstrikað að horfa yrði til þess hvort hagræðing fælist í framkvæmdinni.

„Ég tók undir það að komið yrði á þriðja dómstiginu og að framkvæmd yrði hraðað ef tækist að sýna fram á að þannig nýttust fjármunir betur en ef gripið yrði til skyndilausna frammi fyrir þeim vaxandi og miklu verkefnum sem dómskerfið stæði frammi fyrir af völdum efnahagshrunsins,“ segir ráðherrann.

Að sögn Ögmundar sammæltust þinggestir um það eftir yfirlýsingu hans að fara í þá vinnu að leggja fram hugmyndir. „Ég get sagt það fyrir mína parta að ég mun taka vel slíkri tillögum míð og vil að sem flestir hagsmunaaðilar innan kerfisins komi að því, þannig að við fáum hið fyrsta vissu um hvort við viljum fara þessa braut. Ég teldi það mjög æskilegt og fagna þeirri eindrægni sem er með lögmönnum og dómurum um þetta,“ segir dómsmálaráðherra. - gar



ÖGMUNDUR JÓNASSON Dómsmálaráðherra segir að hagkvæmara sé að stofna strax þriðja dómstigið en að fjölga dómurum í núverandi kerfi og ráðast eigi í það hið fyrsta.

FJÖRÐUR
- miðbæ Hafnarfjarðar

VSK-LAUSIR DAGAR
DAGANA 7. - 9. OKTÓBER

Jón Arnlauðs
KÖKULIST

Herra
hadnarfjörður

EUROSKO
SKOHÖLLIN
- skór á alla fjölskylduna

Fjölspor

Simabúðin
Fjöldi

Gjafabúðin
GLUGGINN

Þalakoþinn
- tískuverslun fyrir konur

ANAS
- húgveda tískuverslun

Lyf & heilsa

augastaður
Fjöldi

caféaroma
- veitingastaður með einstakt útsýni

Skemman
- húsnæðing og húsnæði

VÖRU
MARKAÐUR
FJARDAR

CARTER
- húsnæðing og húsnæði fyrir alla

AFMÆLIS KAFFIHLAÐBORD

í Kaffi Garði Skútuvogi

laugardag - sunnudags
kl. 14:00 -16:30
kaffi fylgir fritt með

Sjónvarpskaka
Rjómaterta
Skúffukaka
Gulrótarterta
Lagtarta
Kleinar
Muffins

Brauð
Pestó
Túnfisksalat
Skinkusalat
Kanilsnúðar
Marmarakaka

3 stk
Erikur
980_{kr}

AÐEINS
250_{kr}



AFMÆLISHÁTÍÐ

Blómaval 40 ára

HAUSTLAUKAR
20%
AFSLÁTTUR
YFIR 100
TEGUNDIR!



KRAKKAFJÖR
UM HELGINA
í Skútuvogi

Börnin fá að
klappa kaninum.

Einnig 20% afsl. í
Dýraríkinu af fóðri og
vörum fyrir kanínur.

DÝRARÍKIÐ

AFMÆLIS
BLÓMVÖNDUR
799_{kr}
Takmarkað magn

5 stk
LILJUR
1799_{kr}

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

GJALDMÍDLAR KAUP SALA

	Bandaríkjadalur	111,22	111,76
	Sterlingspund	176,35	177,21
	Evra	154,32	155,18
	Dönsk króna	20,693	20,815
	Norsk króna	19,051	19,163
	Sænsk króna	16,577	16,675
	Japanskt jen	1,3490	1,3568

SDR 174,25 175,29

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 205,6473

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sunnlendingar mótmæla: Nær að flytja störfin til okkar

HEILBRIGÐISMÁL „Maður spyr hvort verið sé að styrkja rekstrarmódelið fyrir nýja og dýra hátækni sjúkrahúsið í Reykjavík,“ segir Eypór Arnalds, formaður bæjarráðs Árborgar, um niðurskurðartillögur í heilbrigðismálum. Bæjarstjórnarmenn í Árborg mótmæla áætluðum niðurskurði hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands og borgarfundur um málið verður í Sunnlækjaskóla í dag. „Veginn launakostnaður sjúkrahúsanna í Kraganum er lægri en á Landspítalanum. Það bendir til þess að nær væri að flytja einhverja starfsmen frá Landspítalanum og til kragasjúkrahúsanna, til dæmis á Selfoss,“ segir Eypór Arnalds. -gar

Amnesty verður í Smáralind: Aðstoða Rómabörn í Slóvakíu

FÉLAGSMÁL Gestum og gangandi í Smáralind verður boðið að koma til aðstoðar Rómabörnum í Slóvakíu í dag. Það verður gert með undirritun aðgerðakorta sem eru í formi lykils. Það er Íslandsdeild Amnesty International sem stendur fyrir viðburðinum. Í tilkynningu frá samtökunum kemur fram að Rómabörnum sé mismunandi í skólum Slóvakíu. Þúsundir þeirra hljóta ófullnægjandi menntun í skólum sem eru ætlaðir nemendum með væga vitmunalega fötlun eða þar sem nemendur eru aðgreindir eftir uppruna. -þeb

LEIÐRÉTTING

Ranglega var farið með þjóðerni Roberts Dariusz Sobiecki, sem eftirlýstur er af Interpol vegna nauðgunar, í frétt blaðsins í gær. Sobiecki er pólskur.

Hollenskt hernaðarfyrirtæki hefur ekki sótt formlega um að fá að starfa hér:

Óvissa ríkir um störf hjá E.C.A

SAMGÖNGUMÁL Óvissa er um hversu mörg störf myndu skapast ef hollenska hernaðarfyrirtækið E.C.A fengi að flytja hingað óvopnaðar herþotur til útleigu. Þetta kemur fram í bréfi sem Flugmálastjórn hefur sent samgönguráðherra um málið.

Þar segir að í viðræðum við E.C.A. hafi komið fram að fyrirhugað sé að viðhald herþotnanna muni að talsverðum hluta fara fram í öðru ríki, auk þess sem ólíklegt verði að teljast að íslenskir flugmenn kæmu í upphafi til með að starfa fyrir fyrirtækið.



ÓVISSA Engin ákvörðun hefur verið tekin í samgönguráðuneytinu um framhald málsins.

Í bréfinu segir jafnframt að engin formleg beiðni um skráningu flugfélanna hérlendis hafi borist frá

fyrirtækinu til íslenskra yfirvalda. Erfitt að taka afstöðu til allra álitamála á meðan svo sé.

Hins vegar sé ljóst að rétt eins og með önnur borgaraleg loftför yrðu vélarnar á ábyrgð Íslendinga þegar þær væru við æfingar í öðrum löndum, yrðu þær skráðar hérlendis. Því þyrfti að finna leiðir til að koma ábyrgðinni yfir á ríkin þar sem þoturnar væru við æfingar.

Enn fremur kemur fram í bréfinu að ekkert ríki hafi lýst sig reiðubúið að aðstoða við verkefnið enda hafi ekki verið leitað eftir því formlega. -sh

Ný fóðurverksmiðja í notkun:

Tímamót í landbúnaði

HVALFJÖRÐUR Ný fóðurverksmiðja Líflands var tekin í notkun á Grundartanga í Hvalfirði í gær.

Í verksmiðjunni eru hráefni og hitameðhöndluð vara algjörlega aðskilin, sem bætir sóttvarnir. Hægt er að framleiða kjarnfóður hérlendis sem stenst alþjóðlegar gæðakröfur og eflir samkeppnishæfi íslensks landbúnaðar.


Frankvæmdir hafa tekið rúm tveggja ára og fjárfestingin nemur um 1,6 milljörðum króna. Verksmiðjan mun geta framleitt ríflega 60 þúsund tonn kjarnfóðurs á ári. -þeb

Hörð viðbrögð um land allt

Ósætti vegna fyrirhugaðs niðurskurðar hjá heilbrigðisstofnunum. Mótmælafundur haldinn víða á landsbyggðinni. Misjafn niðurskurður milli stofnana. Þingmaður Vestfjarða kallar eftir leiðréttingu.

Niðurskurður í heilbrigðismálum

Heilbrigðisráðuneytið ákvað við vinnslu fjárlagafrumvarpsins að skorið yrði niður á sjúkrasviðum og hjúkrunarsviðum en þess í stað verður heilsugæsla efl.



Sjúkrasvið: Lyflækningar og handlækningar falla undir það svið en starfsemin er mismikil milli stofnana. **Heilsugæslusvið:** Heilsuverndarstarf og allt lækningastarf sem unnið er vegna heilbrigðis og sjúkra, sem ekki dveljast á sjúkrahúsum. **Hjúkrunarsvið:** Þjónusta við langlegusjúklinga og aldraða.

maður Samfylkingar í Norðvesturkjördæmi, segir 43 prósentu niðurskurð á sjúkrasviði Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða of þungt högg fyrir íbúa svæðisins. Aðrar forsendur gildi um Vestfirði en önnur svæði, því 450 kílómetrar séu í næsta sjúkrahús og

„Það sér hver heilvita maður að þetta eru mistök sem þarf að leiðrétta. Það er eins og þessar tillögur hafi orðið til á skrifborði í Reykjavík þar sem ekkert landakort var tiltækt.“ Ólína segist hafa fullan skiln-

ing á þörfinni á hagræðingu. „Það þarf að spara en það er ekki sama hvar sá sparnaður kemur niður.“ Heilbrigðisráðherra mun á næstunni funda um yfirvofandi niðurskurð með fulltrúum heilbrigðisstofnana og sveitarfélaga. thorgils@frettabladid.is

Ertu kraftlaus?

FLORADIX
Vandaðar bætiefnablöndur úr lífrænni ræktun, fyrir börn og fulloröna

heilsa
-hafðu það gott

VEÐURSPÁ

HEIMURINN

Alicante	25°
Basel	23°
Berlín	17°
Billund	14°
Frankfurt	17°
Friedrichshafen	23°
Gautaborg	14°
Kaupmannahöfn	14°
Las Palmas	24°
London	19°
Mallorca	29°
New York	20°
Orlando	31°
Ósló	13°
París	23°
San Francisco	20°
Stokkhólmur	12°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Fólkið í kjallaranum



Verðlaunasaga
Auðar Jónsdóttur
loksins á svið



Frumsynt í kvöld kl. 20 - **UPPSELT**

Lau. 9.10 kl. 20 **UPPSELT**
Þri. 12.10 kl. 20 **UPPSELT**
Fös. 15.10 kl. 20 **UPPSELT**
Lau. 16.10 kl. 19 **UPPSELT**
Lau. 16.10 kl. 22 Örfá sæti
Sun. 17.10 kl. 20 **UPPSELT**
Þri. 19.10 kl. 20 **UPPSELT**
Mið. 20.10 kl. 20 **UPPSELT**
Fös. 22.10 kl. 19

Lau. 23.10 kl. 19 **UPPSELT**
Lau. 23.10 kl. 22 Örfá sæti
Sun. 24.10 kl. 20 **UPPSELT**
Þri. 26.10 kl. 20 Örfá sæti
Fim. 28.10 kl. 20 **UPPSELT**
Lau. 30.10 kl. 19 **UPPSELT**
Lau. 30.10 kl. 22 Örfá sæti
Sun. 31.10 kl. 20 **UPPSELT**
Mið. 3.11 kl. 20 **UPPSELT**

Lau. 6.11 kl. 19 **UPPSELT**
Lau. 6.11 kl. 22 Örfá sæti
Sun. 7.11 kl. 20 **UPPSELT**
Fös. 12.11 kl. 19 **UPPSELT**
Fös. 12.11 kl. 22
Sun. 14.11 kl. 20 Örfá sæti
Lau. 20.11 kl. 19 **UPPSELT**
Lau. 20.11 kl. 22
Sun. 21.11 kl. 20 Örfá sæti

Snarpur sýningartími

VISA Einstakt tilboð til korthafa.
500 kr. afsláttur af miðaverði.
Tryggðu þér miða á midi.is,
í síma 568 8000 eða í miðasölu
Borgarleikhússins við Listabraut.

**NÝ KILJA
KOMIN
Í VERSLANIR**

VISA

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is



Borgarleikhúsið



Á að hætta við fyrirhugaðan niðurskurð í heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni?

Já	79,4%
Nei	20,6%

SPURNING DAGSINS

Er réttlátt að leggja gjald á allar nettengingar til að bæta réttindahöfum efnis upp tap vegna ólöglegs niðurbrot af netinu?

Segðu þína skoðun á visir.is

NORÐUR-KÓREA

Arftakinn staðfestur

Yang Hyong Sop, háttsettur embættismaður í Kommúnistaflokki Norður-Kóreu, hefur fyrstur þarlendrar ráðamanna staðfest að Kim Jong-un, yngsti sonur Kim Jong-ils, verði arftaki hans á leiðtogastóli.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið skoðar hugmyndir STEFs varðandi gjöld á nettengingar:

Öllum hugmyndum tekið fagnandi

TÆKNI Verið er að skoða leiðir innan menntamálaráðuneytisins til þess að sporna við ólöglegu niðurbroti á tónlist. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir að aukin gjöld á nettengingar séu ein þeirra leiða sem verið sé að athuga.

„Við erum að standa fyrir heildarendurskoðun varðandi höfundarétt,“ segir Katrín. „Það er nauðsynlegt að finna leiðir til þess að neytendur taki löglega kosti fram yfir ólöglega. Vissulega eru kostir og gallar við allar hugmyndir en það verður að halda þessari umræðu áfram.“



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

Alex MacNeil, forstjóri tónlistarsíðunnar Gogoyoko, skilur hugmyndirnar um gjöldin, en STEF lagði þær fram á fundi sem haldinn var í september. „Ég er mjög samhálfur því að tónlistarmenn eigi að fá greitt fyrir sölu og dreifingu á tónlist sinni á netinu.“

Gogoyoko borgar þeim lista-



GOGYOKO Alex MacNeil forstjóri Gogoyoko segir tónlistarmenn verða fyrir miklum skaða vegna ólöglegs niðurbrot. Mönnum sem eru með tónlist á síðunni tvö sent í hvert sinn sem lögum þeirra er streymt. Fjórutíu prósent

af auglýsingatekjum fyrirtækisins renna óskertar til tónlistarmannanna og voru í fyrsta sinn greiddar út nú 1. október. „Það er nauðsynlegt að hugsa öðruvísi og leiðirnar fyrir listamenn til að fá greitt fyrir tónlistina sína á netinu þurfa að vera fjölbreyttar,“ segir hann.

Gylfi Blöndal, fulltrúi listamanna hjá Gogoyoko, segir að nauðsynlegt sé að gleyma því ekki að ólöglegt niðurbrot sé lögbrót og nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða. „Maður fagnar öllum hugmyndum að lausnum sem koma fram, þær hafa ekki verið margar,“ segir Gylfi. -sv

NORÐUR-KÓREA

Arftakinn staðfestur

Yang Hyong Sop, háttsettur embættismaður í Kommúnistaflokki Norður-Kóreu, hefur fyrstur þarlendrar ráðamanna staðfest að Kim Jong-un, yngsti sonur Kim Jong-ils, verði arftaki hans á leiðtogastóli.

AKUREYRI

Áfram frítt í strætó

Frítt verður áfram í strætó á Akureyri á næsta ári. Gert er ráð fyrir að farþegafjöldi verði um 480 til 500 þúsund á þessu ári. Um 104 milljónir króna hafa verið settar í rekstur vagnanna þetta árið.

Svínaflensan kemur þegar líður á vetur

Svínaflensan er talin vera að taka völdin og nokkuð víst að hún komi til landsins í haust eða vetur. Þetta segir Haraldur Briem sóttvarnalæknir. Bóluefnið sem boðið er upp á inniheldur varnir gegn henni og gömlu flensustofnunum.

HEILBRIGÐISMÁL „Það má heita nokkuð víst að svínaflensan sé að taka völdin og að það verði hún sem kemur í vetur.“

Þetta segir Haraldur Briem sóttvarnalæknir. Senn verður boðið upp á hefðbundna flensu-sprautu fyrir veturinn.

„Við sjáum hver þróunin hefur verið á suðurhveli jarðar,“ útskýrir Haraldur. „Þar hefur svínaflensan haldið sig. En nú fer að vora þar og vetur að koma hjá okkur. Svínaflensan fylgir þeim breytingum og færir sig yfir á norðurhvelið. Hún hefur verið áberandi í Ástralíu, Nýja-Sjálandi og Suður-Ameríku. Við vitum ekki hvort gömlu stofnanir verða undir í flensufaraldri eða hvort þeir verða með í bland, þannig að bóluefnið sem verður í boði nú inniheldur bæði mótefnavaka fyrir þá og einnig fyrir svínaflensu.“

Rætt hefur verið um hugsanlegar aukaverkanir af bóluefni gegn svínaflensu, svo sem svokallaða drómasýki eða svefnsýki. Spurður um hvornig þeir eigi að haga málum sem vilji bólusetningu gegn gömlu flensustofnunum en ekki svínaflensu af einhverjum sökum segir Haraldur það erfitt um vik.

„Það verður ekki til neitt bóluefni sem ekki er með vaka fyrir svínaflensu,“ segir hann. „Þetta bóluefni sem notað var síðastliðinn vetur, einungis gegn svínaflensu, er með ónæmisglæði til að efla ónæmisvarnir. Menn hafa velt því fyrir sér hvort hann skipti einhverju máli varðandi aukaverkanir. Við teljum svo ekki vera.“

Haraldur segir að til séu í landinu um hundrad þúsund skammtar af bóluefni gegn svínaflensu.

„Við eigum þarna varabirgðir fyrir þá sem eru utan áhættuhópa, það er fólk undir sextugu,



BÓLUSETNING Sóttvarnalæknir hvetur alla til að láta bólusetja sig með hefðbundnu bóluefni. Komi slæmur svínainflúensufaraldur eigi fólk utan áhættuhópa að láta bólusetja sig með bóluefni gegn þeirri flensu.

„Það má horfa á þessar birgðir eins og tryggingagjald. Maður vonar að það kvikni ekki í húsinu, en við eigum þessa tryggingu ef illa fer.“

HARALDUR BRIEM
SÓTTVARNALÆKNIR

án undirliggjandi sjúkdóma. Ef faraldurinn í vetur verður slæmur þá munum við bjóða upp á slíka bólusetningu fyrir það fólk.“

Haraldur segir að verði þetta bóluefni ekki nýtt núna eða fram á árið 2012 þá verði ekki hægt að

geyma það lengur. Fyrirsjáanlegt sé að ekki verði hægt að nota allar þær birgðir sem til eru, en verðmæti þeirra nemi um hundrad milljónum króna.

„Það má horfa á þessar birgðir eins og tryggingagjald. Maður vonar að það kvikni ekki í húsinu, en við eigum þessa tryggingu ef illa fer. Ég hvet alla, einkum þó fólk í áhættuhópum til að láta bólusetja sig með því bóluefni sem boðið verður nú upp á í árlegu bólusetningunni. Ef við fáum slæman svínainflúensufaraldur mun ég hvetja hvern einasta mann, sem ekki hefur verið bólusettur, til þess að láta af því verða núna.“

jss@frettabladid.is

Forstöðumaður Fjölsmiðju á Suðurnesjum

Fjölsmiðjan á Suðurnesjum er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn sem starfrækir verkþjálfunar og námssetur. Stofnaðilar að Fjölsmiðjunni á Suðurnesjum eru Rauði kross Íslands, Reykjanesbær, Vinnumálastofnun, Verkalýðs- og sjómanna-félag Keflavíkur og nágrennis, Verslunarmannafélag Suðurnesja og Félag iðn- og tæknigreina.

Markmið Fjölsmiðjunnar er að vinna með ungu fólki á aldrinum 16-24 ára sem hefur hætt námi eða vinnu. Í Fjölsmiðjunni er verkþátturinn virkjadur svo unga fólkið öðlist reynslu og hæfni til að finna sér starfsgrein eða að fara í frekara nám. Boðið verður upp á fjölpætta verkþjálfun og fræðslustarfsemi.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Heyrir undir stjórn Fjölsmiðjunnar
- Annast daglegan rekstur og stjórnun fjölsmiðjunnar
- Vinnur að fjáröflun
- Aflar nýrra verkefna

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking af starfi með ungu fólki
- Skipulags og forystuhæfileikar
- Framsýni, metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Framúrskarandi lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti


Umsóknarfrestur er til og með 1. október nk. Vinsamlega sendið umsóknir til Suðurnesjudeildar Rauða kross Íslands, Smiðjuvöllum 8, 230 Reykjanesbæ.

Upplýsingar gefur Rúnar Helgason s. 894-4206 og Kristbjörg Leifsdóttir s. 421-6700.

Rauði kross Íslands



REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is



Samtök atvinnulífsins segja umhverfisráðherra tefja fyrir endurreisn atvinnulífs:

Ráðherra segir SA áhrifalaus

UMHVERFISMÁL Vilhjálmur Jósefsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, segir Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hafa stórskaðað endurreisn íslensks atvinnulífs. Hann krefst þess að áfrýjun Svandísar á dómi Héraðsdóms Reykjavíkur um ógildingu á synjun á aðalskipulagi Flóahrepps verði dregin til baka.

Hann hefur skrifað Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra bréf þar sem skorað er á hana að beita sér í málinu.

Svandís svaraði Vilmundi fullum hálsi strax í yfirlýsingu í gær. Hún sagði hann og SA verða að sætta sig við að hér sæti lýðræðislega kjörinn þingmeirihluti. Þörf væri á meira skapandi mönnum í forystu SA.

„Þó að Samtök atvinnulífsins hafi haft sterk ítök í landinu síðustu 18-20 ár þá hefur það breyst,“ segir Svandís í svarbréfi sínu og bætir við að þingmeirihlutinn skipi til verka í framkvæmdavaldinu



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR Samtök atvinnulífsins segja umhverfisráðherra tefja fyrir endurreisn atvinnulífsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

samkvæmt lögum. „...það er kannski tilhugsun sem þessi ágæti maður þarf að vera að venjast,“ skrifar hún. -jab



IMAGINE PEACE

Remember, each one of us has the power to change the world.

I love you!

yoko

October 9, 2010



Sanngirnissbætur Innköllun

Í samræmi við ákvæði laga nr. 47/2010 um sanngirnissbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007 og tóku gildi hinn 28. maí 2010, hefur sýslumanninum á Siglufirði verið falið að gefa út innköllun, fara yfir kröfur og gera þeim sem eiga rétt á bótum skrifleg sáttaboð. Skal sýslumaður eftir því sem kostur er fjalla samtímis um allar kröfur er lúta að sama heimilinu.

Á grundvelli þessa er nú kallað eftir kröfum frá þeim sem dvöldu á:

Vistheimilinu Breiðavík

Hér með er skorað á alla þá sem dvöldu á vistheimilinu Breiðavík einhvern tíma á árabílinu 1952-1979 og urðu þar fyrir illri meðferð eða ofbeldi sem olli varanlegum skaða, að lýsa kröfu um skaðabætur fyrir undirritaðri fyrir 27. janúar 2011. Kröfu má lýsa á eyðublaði sem er að finna á vefnum www.sanngirnissbætur.is og hjá tengiliði vegna vistheimila.

Allar kröfur skulu sendar sýslumanninum á Siglufirði, Gránugötu 4-6, 580 Siglufirði.

Verði kröfu ekki lýst fyrir 27. janúar 2011, fellur hún niður.

Bent er á að unnt er að leita aðstoðar tengiliðar vegna vistheimila við framsetningu og skil á bótakröfu. Aðstoð tengiliðar er að kostnaðarlausu. Skrifstofa tengiliðar er að Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík. Sími tengiliðar er 545 9045.

Siglufirði 8. október 2010
Ásdís Ármannsdóttir sýslumaður

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

Segir Evu Joly hafa spilt Exeter-málinu

Verjandi fyrrverandi forstjóra MP banka segir að vísa skuli svokölluðu Exeter-máli frá dómi þar sem sérstakur saksóknari hafi ekki haft nægt sjálfstæði við rannsóknina. Eva Joly hafi gefið honum ólöglegar fyrirskipanir og spilt málinu.

DÓMSMÁL Lögmaður fyrrverandi forstjóra MP banka segir Evu Joly hafa mælt fyrir um óhefðbundnar rannsóknaraðgerðir í svokölluðu Exeter-máli og þær hafi í ýmsum tilvikum leitt til ólögðra aðgerða við rannsóknina. Vísa beri málinu frá vegna þess að sérstakur saksóknari hafi ekki haft lögbundið sjálfstæði í störfum sínum. Hann hefur sent ráðherrum bréf vegna málsins.

Þetta kemur fram í greinargerð sem Ragnar H. Hall, lögmaður Styrms Þórs Bragasonar, hefur lagt fram í málinu og Fréttablaðið hefur undir höndum. Exeter-málið svokallaða er hið eina sem sérstakur saksóknari hefur gefið út ákæru í. Það snýst um ríflega eins milljarðs lánveitingar Byrs til félagsins Exeter Holdings fyrir kaupum á stofnfjárbréfum í sparissjóðnum, af MP banka og stjórnarmönnum í sjóðnum. Auk Styrms eru Jón Þorsteinn Jónsson, fyrrverandi stjórnarformaður Byrs, og Ragnar Z. Guðjónsson, fyrrverandi sparissjóðsstjóri, ákærðir í málinu. Allir sakborningar hafa neitað sök og krafist þess að málinu verði vísað frá.

Ragnar er gagnrýninn á störf Joly og segir hana hafa fengið viðtækara verksvið en almennt sé gert ráð fyrir í lögum um ráðgjafa sérstaks saksóknara. „Hér var gengið svo langt í þeim efnum, að



SAKBORNINGUR OG VERJANDI Styrmi Þór neitar alfarið sök í málinu og Ragnar Hall, lögmaður hans, hefur krafist þess að málinu verði vísað frá. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„ráðgjafinn“ virðist hafa fengið einhvers konar allsherjarvald yfir embætti sérstaks saksóknara og gat gefið honum og ríkisstjórn landsins nánast bindandi fyrirsmáli um hvað eina sem hún teldi þjóna rannsóknarhagsmunum í hinum ýmsu málum,“ segir Ragnar.

Gögn sýni að „yfirsaksóknarinn“, eins og Ragnar kallar Joly, hafi mælt

fyrir um „óhefðbundnar rannsóknaraðgerðir“ sem hafi leitt til ólögðra aðgerða. Hann hefur ritað forsætis-, dómsmála- og fjármálaráðherra bréf um málið þar sem hann krefst meðal annars afrita af öllum samningum sem gerðir hafi verið við Joly um samvinnu við íslensk yfirvöld. Þegar greinargerðin var lögð fram á fimmtudag í síðustu viku höfðu svör borist frá forsætis- og dómsmálaráðuneytinum.



EVA JOLY stigur@frettabladid.is

FALLEGA HAUSTLYNGIÐ

NÝ SENDING!

frábært
verð!

3 erikur
890kr

frábært
verð!

3 callunur
990kr

25%
afsláttur

Allir haustlaukar



bráðholla Bína
hrákaka

250kr

Ís
100kr



Kókos - valhnetu
sæla á tilboði

450kr

spíran.
um helgina



GARÐHEIMAR

heimur skemmtilegra hluta og hugmynda
Stekkjarkakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

Mjólkur- & ostadagar í Hagkaup

7. - 17. október



Ostameistarar

ráðleggja um osta og aðrar mjólkurvörur

Einkapjálfarar

gefa ráð um notkun prótein- og íþróttadrykkja

Hjúkrunar- og næringafræðingar

ráðleggja um notkun Benecols við lækun blóðþrýsting

OSTAKAKA
15%
afsláttur við kassa

9. OKTÓBER Í HAGKAUP KRINGLUNNI



GETRAUNALEIKUR Í SKEIFUNNI,
KRINGLUNNI OG GARÐABÆ
Komdu og giskaðu á magnið af
kókómjólk! Vegleg verðlaun í boði!

Pú færð kraft úr kókómjólk



BORÐUM ÁVEXTI DAGLEGA

Ljúffeng Honey Crunch epli
frá Frakklandi

Ný uppskera



EPLI
HONEY CRUNCH
359 kr/plk.

*Inniheldur
Beta-karótín*



GREIPALDIN
RAUTT
298 kr/kg.

*Rík af A-, B-
og C-vítamíni*



MELÓNA
GUL
239 kr/kg.

Trefja- og steinefnaríkt



SELLERÍ
298 kr/kg.

*Hvitlaukur eykur upptöku
á járni í líkamanum*



HVITLAUKUR
GEIRALOUS
298 kr/plk.



MANGÓ

Mangóin okkar eru
fullþroskuð þegar þau
koma í búðir og því hægt
að borða þau strax!

Ný uppskera



Ávöxtur
mánaðarins

PERUR

Perur eru trefjaríkar
og innihalda C-vítamín
og steinefni

Gildir til 17. október á meðan birgðir endast.



HAGKAUP
Ein færð betra verð

“Ófyrirgefánlega gaman og nærandi fyrir sálina!”

SKAPANDI SKRIF

með Þorvaldi Þorsteinssyni (Skilaboðaskjóðan, Blíðfinnsbækurnar, Vasaleikhúsið, Við fótiskör meistarans, And Björk of Course...)

Aukanámskeið
vegna fjölda áskorana;

18. - 28. október
Skráning stendur yfir



Umsagnir þátttakenda;

“Frábært nesti til lífstíðar.”

“Meiriháttar upplifun, - opnar óendanlega möguleika.”

“Fær mann til að hugsa upp á nýtt.”

“Hvort sem þú ert að feta þín fyrstu skref eða hefur reynslu af skrifum, þá er þetta námskeið sem nýtist þér.”

Námskeiðið er haldið í **RopeYoga setrinu** í Laugardalnum.

Nánari upplýsingar á kennsla.is og í síma 8223699

SKRÁÐU ÞIG NÚNA á kennsla.is

5125050
Auglýsingasími
Allt sem þú þarft...

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra svarar Bændasamtökunum:

Bréf til bænda frá gömlum Mýramanni

UTANRÍKISMÁL Gott og náð samstarf við bændur og forystu þeirra telur Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra forsendu þess að hagur þeirra verði sem tryggastur gegnum viðræðurnar um aðild Íslands að Evrópusambandinu (ESB). „Staðreyndin er einfaldlega sú, að samningsstaða íslensks landbúnaðar er betri en þeir telja, sem ekki vilja láta á hana reyna,“ segir í bréfi Össurar í Bændablaðinu á fimmtudag, svari við bréfi Bændasamtakanna til hans.

„Ég ber fulla virðingu fyrir skoðunum þeirra, sem eru á móti



Á ALÞINGI í bréfi til bænda segist utanríkisráðherra vera gamall Mýramaður og kominn af smábændum í Keldudal í Dýrafirði.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

aðild. Ef það verður niðurstaða í þjóðaratkvæðagreiðslu að hafna

samningi, þá tek ég því einsog þegar svartbakurinn barði mig á Mýrunum í gamla daga,“ segir Össur, en segir um leið að óráð væri að draga umsókn Íslands til baka.

Hann segir menn verða að ráða því hvort þeir séu að ósédum samningi með eða á móti aðild, en brýnir um leið fyrir þeim sem hagsmuna eiga að gæta, að gera ráð fyrir þeim möguleika að samningur verði á endanum samþykktur.

„Þá mun mestu skipta fyrir bændur að okkur hafi tekist að vinna saman að því að samningurinn sé sem bestur,“ segir Össur. - óká

Starfsfólk geðsviðs Landspítalans safnar fé til að bæta umhverfi sjúklinga:

Starfsfólk hannaði brospinna

HEILBRIGÐISMÁL Starfsfólk á geðsviði Landspítala hefur hannað brospinna sem seldir verða í þágu geðdeilda spítalans. Fyrstu pinnarnir voru afhentir Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur forseta Alþingis og Jóni Gnarr borgarstjóra í gær.

„Notendur þjónustu geðsviðs Landspítala eru almennt ánægðir með hana,“ segir Páll Matthíasson, framkvæmdastjóri geðsviðsins.

„Þeir kvarta samt mjög oft undan því að húsgögn og húsmunir á legudeildum séu úr sér gengnir og lélegir. Við vitum þetta, en langvarandi aðhald í rekstri Landspítala hefur leitt til þess að fé hefur ekki verið aflögu til að bæta úr.“

Fyrirhugað er að selja brospinnann á alþjóðageðheilbrigðisdaginn 10. október og síðan áfram



BROSPINNINN AFHENTUR Eyrún Thorarensen deildarstjóri, Páll Magnússon stuðningsfulltrúi og Páll Matthíasson, framkvæmdastjóri geðsviðs, afhentu Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, forseta Alþingis, fyrsta brospinnann.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

en ágóðinn mun óskiptur renna til að bæta umhverfi sjúklinga á geðdeildum Landspítala. Auk umbóta á legudeildum verður

ágóðanum varið til styrktar iðjuþjálfun á geðdeildunum.

Brospinninn verður til sölu í Mjóddinni og í Kringlunni. -jss



Þjónustu- og öryggisíbúðir fyrir 60 ára og eldri við Hrafnistu Kópavogi

Næst komandi nóvember verða teknar í notkun við Boðapíng 22-24 í Kópavogi, 48 glæsilegar tveggja- og þriggja herbergja íbúðir sem eru 61-91 m² eða 89-133 m² með sameign og geymslum, sunnan við húsið er þúttvöllur. Allar íbúðirnar eru með yfirbyggðum svölum og víða er frábært útsýni.

Íbúðirnar eru hannaðar með þarfir eldri borgara í huga. Innangengt er úr byggingunni í þjónustumiðstöð og hjúkrunarheimili sem Kópavogsbær og Hrafnista reka. Í boði er fjölbreytt þjónusta.

Úthlutun íbúða er hafin, en íbúðirnar eru til leigu með eða án 30% afnotaréttar og er sú greiðsla verðtryggt og endurgreidd við flutning skv. nánari reglum. Tvær fullbúnar íbúðir eru til sýnis nú þegar.

Nánari upplýsingar um leiguverð og fleira fást hjá skrifstofu Sjómanna-dagsráðs í síma: 585 9301 / 585 9302 / 585 9500, á www.hrafnista.is eða sendið tölvupóst á: asgeir.ingvason@hrafnista.is

NÝR **ASX**

www.mitsubishi.is



MITSUBISHI
MOTORS
Drive@earth



VIÐ FRUMSÝNUM ASX



Staðalbúnaður m.a. Bluetooth búnaður, Fosgate hljómflytningskerfi, aldrið 4WD og 17" álfelgur

Verð 4.990.000 kr.

Mitsubishi ASX Invite

MITSUBISHI ASX ER KOMINN - FRUMSÝNING Í DAG

Mitsubishi ASX er passlegur á svo marga vegu. Hann er rúmgóður án þess að vera of fyrirferðarmikill. Nýja ClearTec dísilvélin er aflmikil en um leið einstaklega sparneytin og losar aðeins 150g af CO² á hverja 100 km. Mitsubishi ASX er nettur og fallegur að utan sem innan og hið afburðagóða Rockford Fosgate hljómflytningskerfi fylgir hverjum bíl sem staðalbúnaður. Ef þú elskar lífið, þá elskar þú Mitsubishi ASX. Komdu og reynsluaktu!



ALLT AÐ 5 ÁRA ÁBYRGÐ MEÐ BÍLAÁBYRGÐ HEKLU

Opið virka daga frá kl. 10-18 og á laugardögum frá kl. 12-16

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

Reynslan er góð!



Málþing með notendum Faxaflóahafna

Þriðjudaginn 12. október, kl. 16:00 í Sjóminjasafninu við Grandagarð

Fyrirtæki sækja í auknum mæli eftir því að staðsetja sig á svæðum hafnanna sem hefur leitt af sér fjölbreyttari rekstur sem sífellt kallar á endurskoðun um hlutverk og þjónustu fyrirtækisins.

Dagskrá fundarins á að snerta málefni sem flestra á svæðinu og er sem hér segir:

Dagskrá:

- Ávarp Hjálmar Sveinsson, stjórnarformaður Faxaflóahafna sf.
- Gísli Gíslason, hafnarstjóri, fer yfir fjárhagsáætlun ársins 2011 og rekur helstu framkvæmdir og breytingar
- Guðmundur Óskarsson, forstöðumaður flutningastjórnunar Samskipa, talar um þróun í vöruflutningum til og frá Íslandi.
- Vignir Sigursveinsson, framkvæmdastjóri Eldingar Hvalaskoðun Reykjavík, segir frá starfsemi og starfsháttum í hafsækinni ferðaþjónustu
- Ágúst Ágústsson, markaðstjóri, skýrir frá þróun og framtíð í komum skemmtiferðaskipa
- Umræður og fyrirspurnir

Fundurinn er öllum opin en þeir sem eru með starfsemi á hafnarsvæðum Faxaflóahafna eru sérstaklega hvattir til að mæta. Á fundinum gefst tækifæri til þess að koma með fyrirspurnir og ábendingar um allt það sem varðar hafnarrekstur, þjónustu og aðstöðu fyrir viðskiptavinum.



FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið fritt á Vísu eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins.

Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

Forsætisráðuneytið heimilaði Þingvallabjórðgarði að fara fram úr fjárheimildum:

Halli ríkissjóðs minni en búist var við

EFNAHAGSMÁL Ríkissjóður var rekinn með 52 milljarða króna halla á fyrstu átta mánuðum ársins. Er það 38 milljörðum betri niðurstaða en reiknað var með í upphafi árs.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga fyrstu átta mánuði ársins kemur fram að tekjur ríkisins voru þrettán milljörðum yfir áætlun og gjöld 25 milljörðum undir áætlun.

Að mati Ríkisendurskoðunar þarf að draga útgjöld verulega saman á næsta ári og/eða auka tekjur svo markmið stjórnvalda um að rekstur ríkissjóðs skili afgangi 2013 náist.



Á ÞINGVÖLLUM

Á tímabilinu voru 64 stofnanir reknar umfram fjárheimildir. Eru það mun færri stofnanir en undanfarin ár. Meta ráðuneytin það svo að jafnvægi náist í öllum

tilvikum nema þremur í lok árs. Stofnanirnar sem verða í mínus um áramót eru Flensborgarskóli, Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Vatnajökulsþjóðgarður.

Gagnrýnt er harðlega að forsætisráðuneytið hafi veitt Þjóðgarðinum á Þingvöllum formlega heimild til að fara 20 milljónum króna fram úr fjárheimild ársins. Gangi ákvörðunin þvert gegn lögum.

Þá er Alþingi hvatt til að fara ítarlega yfir niðurskurðartillögur í fjárlagafrumvarpinu og meta hvort þær séu raunhæfar. - bps

Danir upplýstir um verðlag:

Duglegir að lesa auglýsingapésa

DANMÖRK Átta af hverjum dönskum heimilum leyfa að auglýsingapóstur sé borinn til sín og á 99 prósent þeirra er pósturinn lesinn, samkvæmt könnun fyrir dönsku Neytendasamtökin.

„Við notum auglýsingapóst til að fá upplýsingar um vörur til þess að fá samanburð á verði og til þess að okkur verði sem mest úr peningunum, segir Ole E. Andersen, lektor við viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn. - pg



LIU XIAOBO OG LIU XIA Slökkt var á útsendingum vestrænna fjölmiðla í Kína þegar sagt var frá ákvörðun norsku Nóbelsnefndarinnar í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Fangi í Kína fær Nóbélinn

Kínversk stjórnvöld brugðust ókvæða við fréttum um að andófsmaðurinn Liu Xiaobo, sem situr í fangelsi, fengi friðarverðlaun Nóbels. Eiginkona hans fagnaði tíðindunum og sagði þau ekki sjá eftir neinu.

NOREGUR Kínverski andófsmaðurinn Liu Xiaobo situr í fangelsi í Kína, þar sem hann aflánar ellefu ára fangelsisdóm fyrir að hafa hvatt fólk til undirbúðs gegn ríkisvaldinu í Kína.

Hann hlýtur friðarverðlaun Nóbels í ár fyrir „langa og friðsama baráttu sína fyrir mannréttindum“.

Viðbrögð kínverskra stjórnvalda voru harkaleg, eins og fyrir fram var búist við.

Eiginkona hans, Liu Xia, fagnaði hins vegar tíðindunum. Bandaríska dagblaðið Washington Post hefur eftir henni að þau sjái ekki eftir neinu. „Þetta hefur allt saman verið okkar val. Það verður alltaf svoleidis. Við tökum afleiðingunum saman.“

„Liu Xiaobo er glæpamaður sem hefur verið dæmdur af kínverskum dómstólum fyrir brot á kínverskum lögum,“ segir í yfirlýsingu frá utanríkisráðuneyti Kína, sem hótar því að þessi verðlaunaveiting muni skaða samskipti Noregs og Kína. Að veita honum verðlaunin „gengur þvert gegn meginhugmynd verðlaunanna og er einnig svívirðing við friðarverðlaunin,“ segir í yfirlýsingunni.

Þegar vestrænir fjölmiðlar skýrðu frá ákvörðun norsku Nóbelsnefndarinnar í gær var slökkt á útsendingu þeirra í Kína.

Liu Xiaobo er 54 ára og hefur barist fyrir lýðræðisumbótum og mannréttindum í Kína í meira en tvo áratugi, jafnan í óþökk kínverskra stjórnvalda.

Hann var í fararbroddi þeirra sem kröfðust lýðræðisumbóta á Torgi hins himneska friðar árið 1989, þegar stjórnvöld sendu herinn til að brjóta þau mótmæli á bak aftur harðri hendi.

Hann var þá settur í fangelsi, en var leystur úr haldi árið 1991. Fimm árum síðar var hann aftur dæmdur í fangelsi fyrir að skrifa, ásamt öðrum, opið bréf þar sem hann hvatti til þess að Jiang Zemin, þáverandi forseti Kína, yrði sviptur embætti.

Norska Nóbelsnefndin segir að Kínverjar þurfi nú, þegar Kína er orðið eitt helsta efnahagsveldi heims, að taka á sig aukna ábyrgð. Nefndin segir Kínverja hafa brotið gegn ýmsum alþjóðasáttmálum, auk þess sem kínversk stjórnvöld brjóti þau ákvæði um tjáningarfrelsi sem er að finna í sjálfri stjórnarskrá Kína. gudsteinn@frettabladid.is

Bólusetning gegn árlegri influensu



Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins vill vekja athygli á því að skipulögð bólusetning gegn influensu hefst á heilsugæslustöðvum mánudaginn 11. október 2010. Bóluefnið myndar mótefni gegn þremur influensuveirustofnum þ.á m. svonefndri svínainfluensu.

Hverjum er einkum ráðlagt að láta bólusetja sig?

- Öllum sem orðnir eru 60 ára
- Öllum, bæði börnum og fullorðnum, sem þjást af langvinnu hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.
- Starfsfólki heilbrigðisþjónustu sem daglega annast fólk með aukna áhættu.

Búast má við að bólusetning geti veitt a.m.k. 70% vörn gegn sjúkdómnum auk þess sem hann verður vægari hjá þeim í hópi bólusettra sem veikjast.

Þeir sem tilheyra ofangreindum hópum fá bóluefnið sér að kostnaðarlausu en greiða komugjald samkvæmt reglugerð nr. 014 / 2010. Fyrirkomulag bólusetningar getur verið mismunandi milli heilsugæslustöðva. Vinsamlegast leitið frekari upplýsinga á vef Heilsugæslunnar www.heilsugaeslan.is, eða hafið samband við hlutaðeigandi heilsugæslustöð.

Heilsugæslan Árbæ, Reykjavík	s: 585 7800
Heilsugæslan Efra-Breiðholti, Reykjavík	s: 513 1550
Heilsugæslan Efstaleiti, Reykjavík	s: 585 1800
Heilsugæslan Fjörður, Hafnarfirði	s: 540 9400
Heilsugæslan Garðabæ	s: 520 1800
Heilsugæslan Glæsibæ, Reykjavík	s: 599 1300
Heilsugæslan Grafarvogi, Reykjavík	s: 585 7600
Heilsugæslan Hamraborg, Kópavogi	s: 594 0500
Heilsugæslan Hlíðum, Reykjavík	s: 585 2300
Heilsugæslan Hvamm, Kópavogi	s: 594 0400
Heilsugæslan Miðbæ, Reykjavík	s: 585 2600
Heilsugæslan Mjódd, Reykjavík	s: 513 1500
Heilsugæsla Mosfellsumdæmis	s: 510 0700
Heilsugæslan Seltjarnarnesi	s: 561 2070
Heilsugæslan Sólvangi, Hafnarfirði	s: 550 2600
Heilsugæslan Lágmúla 4, Reykjavík	s: 595 1300
Heilsugæslan Salahverfi, Kópavogi	s: 590 3900

Fræðsluefni um influensu má finna á vef landlæknisembættisins, www.landlaeknir.is

Reykjavík, 9. október 2010

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins



Þjóð til þings

Stjórnlagabing 2011

Pitt sjónarmið á erindi

Framboðsfrestur rennur út á hádegi 18. október 2010



Þjóð til þings

Stjórnlagabing - Borgartúni 24 - 105 Reykjavík - sími 422-4400 - www.stjornlagathing.is - www.kosning.is - www.landskjour.is

Takk!

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Hátíð á Hilton



Við kynnum girnilega jóladagskrá á Hilton Reykjavík Nordica og VOX – nú er vandi að velja!

Dýrindis jólahlaðborð í hátíðarsal Hilton. Davíð Ólafsson og Stefán Helgi Stefánsson slá á léttu strengi og syngja inn jólin með gestum okkar langt fram á kvöld. Hefst 19. nóvember - 18. desember öll föstudags- og laugardagskvöld.

Á sama tíma bjóða meistarakokkar VOX upp á stórglæsilegan jólamatseðil og ógleymanlega kvöldstund fyrir þá sem kjósa framúrskarandi þjónustu og umgjörð.

Ennfremur: Sunnudagsbröns og hádegishlaðborð virka daga með sérstöku jólaívaði frá 17. nóvember.

KRÓNAN

fyrir þig og þína

Ódýrt

40%
afsláttur

30%
afsláttur

499 kr. kg

Grísabógur, hringskorinn

899 kr. kg

Verð áður 1498 kr.
Grísakótilettur

559 kr. kg

Verð áður 798 kr.
Grísasíður, þörusteik

GERÐU FRÁBÆR KAUP!

20%
afsláttur

Nýtt!

Nýtt!

1278 kr. kg

Verð áður 1598 kr.
Kalkúnn, frosinn

765 kr. kg

Krónu kjúklingaleggir í álbakka

765 kr. kg

Heill kjúklingur með lime og rósmarín, skorinn í tvennt

398 kr. pk.

Victor's kjúklingafille m/karry, frosin

50% afsláttur af heilsunammi á laugardaginn!

115 kr. kg

Verð áður 229 kr.
Appelsínur

149 kr. pk.

Verð áður 299 kr.
Plómur í öskju

129 kr. kg

Verð áður 259 kr.
Greip, hvítt

95 kr. pk.

Verð áður 189 kr.
Fljótshóla gulrætur, 600 g

KRÓNAN
Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

Opnunartímar í Krónunni:

Krónan Akranesi
alla daga 10-19

Krónan Árbæ
virka daga 11-21
helgar 10-21

Krónan Breiðholti
virka daga 11-21
lau. 11-21 sun.12-21

Krónan Granda
alla daga 10-19

Krónan Hvaleyrarbraut
alla daga 11-21

30%
afsláttur



1399 kr. kg

Verð áður 1998 kr.
Lambalærisssneiðar

25%
afsláttur



1499 kr. kg

Verð áður 1998 kr.
Lambakótilettur

Ódýrt



699 kr. kg

Lambasúpukjöt
af nýslátruðu



50% afsláttur
af nammibarnum á laugardögum



189 kr. stk.

Egils mix, 2 l



179 kr. pk.

Krónubrauð, stórt og gróft



2928 kr. pk.

Neutral þvottaefni, 8 kg

Helgartilboð á
ilmandi bakkelsi!



79 kr. stk.

Croissant



49 kr. stk.

Stjörnurúnstykki, fín og gróf



149 kr. stk.

Snúður m/súkkulaði eða glassúr



149 kr. stk.

Sérbakað vinarbrauð

Krónan Höfða
virka daga 11-19
lau. 10-19 sun. 11-19

Krónan Lindum
alla daga 10-20

Krónan Mosfellsbæ
alla daga 10-20

Krónan Reyðarfirði
mán.-fim. 11-18
fös. 11-19
lau. 11-17 sun. 12-16

Krónan Reykjavíkurvegi
virka daga 11-21
helgar 10-21

Krónan Selfossi
virka daga 10-20
helgar 10-19

Krónan Vestmannaeyjum
virka daga 11-19
lau. 11-18 sun. 11-16

Ákvörðun um að draga úr niðurskurði á einum stað þýðir meiri niðurskurð annars staðar.

Tími óvinsælda

Víðbrögðin við áformum um niðurskurð í heilbrigðiskerfinu eru fyrirsjáanleg og að mörgu leyti skiljanleg. Þau eru endurómur af svipuðum mótmælum úti um alla Evrópu þar sem ríkisstjórnir hafa neyðt til að draga saman útgjöld vegna kreppunnar. Slíkt er alltaf sársaukafullt og kemur við margvíslega hagsmuni. Engu að síður væru mistök að láta undan þrýstingi um að hætta við niðurskurðinn.

Rifjum upp nokkrar staðreyndir. Ríkissjóður hefur verið rekinn með gífurlegum halla; við eigum ekki fyrir því sem við eyðum. Til að ná jafnvægi verður að hækka skatta eða skera niður kostnað. Skattahækkningar eru klárlega komnar að mörkum þess sem almenn-

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is



ingur og atvinnulíf þolir. Það er enginn annar kostur en að skera niður. Launakostnaður er svo stór hluti af útgjöldum ríkisins að það er fullkomlega óraunsætt að halda að hægt sé að draga saman útgjöld án þess að ríkisstarfs-
menn missi vinnuna. Rekstur heilbrigðiskerfisins er sömuleiðis

svo stór hluti ríkisrekstrarins að það er óraunhæft að ná árangri við lækkun ríkisútgjalda nema taka á kostnaði heilbrigðiskerfisins.

Í þeim mótmælum sem hafa komið fram við sparnaðaráformunum hefur tvenns konar rökum einkum verið haldið á lofti. Annars vegar er horft á störfin sem munu tapast á sjúkrahúsum. Hins vegar (og sú röksemd virðist raunar í öðru sæti) er vísað til þess að heilbrigðisþjónustan versni og öryggi sjúklinga skerðist.

Í þessu máli verða stjórnáform fyrst og fremst að horfa á seinna sjónarmiðið; hvernig á að tryggja sem bezta heilbrigðisþjónustu fyrir þá peninga sem eru til. Byggð í landinu verður ekki viðhaldið með atvinnusköpun á vegum hins opinbera.

Guðbjartur Hannesson heilbrigðisráðherra segir í Fréttablaðinu í gær að ekki sé hægt að dreifa hátækni og sérfræðingum um landið, heldur verði að byggja slíka þjónustu upp á fáum stöðum og efla almenna heilsugæzlu annars staðar. Þetta er skynsamlegt sjónarmið, sérstaklega þegar fjárráðin eru takmörkuð. Það er opinbert leyndarmál að tækni og sérþekking á smærri sjúkrahúsum er oft vannýtt og ýtir jafnvel undir tvíverknað, því að iðulega eru sjúklingarnir sendir af heimasjúkrahúsinu og þangað sem þjónustan er best, þ.e. til Reykjavíkur eða Akureyrar.

Samgöngur við staðina skipta hins vegar máli um öryggi sjúklinga. Suðurnes eru þannig í allt annarri aðstöðu en Vestmannaeyjar og Húsavík í allt annarri stöðu en Ísafjörður hvað varðar möguleika á að flytja sjúklinga með hraði á stórt sjúkrahús. Þetta hlýtur að þurfa að skoða ef endurmeta á áformin um niðurskurð.

Þingmennirnir sem nú vilja slá sig til riddara með því að lofa einstökum byggðarlögum að þeir skuli berjast með þeim gegn niðurskurðinum ættu hins vegar að hafa í huga að ef ekki verður skorið niður á einum stað þýðir það bara meiri niðurskurð á öðrum. Ef ríkisstárfsmenn halda vinnunni á einum stað þýðir það að aðrir verða atvinnulausir annars staðar. Lausn vandans liggur ekki í því að horfa á sérhagsmunina, heldur að tryggja hag heildarinnar sem bezta. Nú um stundir eru allar ákvarðanir í ríkisfjármálum erfiðar og til óvinsælda fallnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Stál milli þings og þjóðar

Dómsmálaráðherra lét reisa grindur úr stáli til aðskilnaðar þings og þjóðar meðan forsætisráðherra flutti stefnuræðu sína í byrjun vikunnar. Ugglaut var það rétt mat eins og á stóð.

Grindurnar hafa vikið en engu er líkara en stálið milli fólksins og Alþingis sé þarna enn. Ríkisstjórnin fær stöðugt nýjar spurningar. Að svarblöðin safnast upp. Nú þarf ríkisstjórnin að svara því hvernig hún ætlar að komast til fólksins á ný.

Varþingkona VG lýsti þeirri skoðun í stefnumæðunni að ríkis-



ÞORSTEINN PÁLSSON

legri hugsun.

Hvað sem því líður hefur ríkisstjórninni síðustu daga tekist að ákveðnu marki að búa til þá mynd

stjórnarskipti væru eins og forstjóraskipti í fyrirtæki. Stjórnarandstaðan ætti því að sýna nýjum herrum hollustu. Ugglaut skrifast það á reikning reynsluleysis að lýsa opinskátt svo ólýðræðis-

stjórnarskipti væru eins og forstjóraskipti í fyrirtæki. Stjórnarandstaðan ætti því að sýna nýjum herrum hollustu. Ugglaut skrifast það á reikning reynsluleysis að lýsa opinskátt svo ólýðræðis-

stjórnarskipti væru eins og forstjóraskipti í fyrirtæki. Stjórnarandstaðan ætti því að sýna nýjum herrum hollustu. Ugglaut skrifast það á reikning reynsluleysis að lýsa opinskátt svo ólýðræðis-

Venjulegar leikreglur

Eftir leikreglum þingræðisins fer meirihluti Alþingis einn með framkvæmdavaldið og hefur þar óskoruð völd. Minnihlutinn er útilokaður frá áhrifum á þeim vettvangi. Á móti kemur að minnihlutinn hefur stöðu á Alþingi til að gagnrýna og kynna hugmyndir sínar að lausnum. Standi ríkisstjórnin frammi fyrir svo stórum vanda með landsstjórnina eða einstök afmörkuð verkefni að hún ráði ekki við þau með eigin þingmeirihluta á hún þriggja kosta vöð.

Einn er sá að sitja og taka ábyrgð á óbreyttu ástandi. Annar er sá að fara frá. Sá þriðji er að bjóða stjórnarandstöðunni eða hluta

hennar að ríkisstjórnarborðinu og deila völdunum. Skuldavandi heimilanna sem nú brennur heitast á ríkisstjórninni er ekki afmarkað mál heldur órjúfanlegur hluti efnahagsstefunnar í heild. Fumið er ekki til orðið vegna skorts á hugmyndum. Pólitíski vandinn er ekki orðinn jafn alvarlegur og raun ber vitni fyrir þá sök að ráðherrana skorti vilja til að finna lausn.

Kjarni málsins er annar. Hann skýrist af því að ríkisstjórnin hefur ekki málefnalegan meirihluta fyrir heildstæðri efnahagsstefnu og getur því ekki slegið botn í málið. Þegar þannig stendur á getur samvinna á breiðum grundvelli því aðeins orðið raunhæf að allir sem

að henni koma sitji við sama borð og með sömu stöðu.

Í þessu ljósi er ekki unnt að ætlast til þess að stjórnarandstaðan taki sæti í undirnefnd ríkisstjórnarinnar án þess að hafa jöfn völd og áhrif. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa alfarið hafnað samvinnu á þeim grundvelli.

Þá er aðeins einn eðlilegur vettvangur fyrir stjórnarandstöðuna til að koma sjónarmiðum sínum fram. Það er Alþingi. Þar fer umræðan fram á jafnræðisgrundvelli í samræmi við þingstyrk.

Hér þarf ríkisstjórnin að velja og hafna. Hún hefur einfaldlega hafnað því að deila völdum til að ná samstöðu.

Vítin eru til að varast þau

Forsætisráðherra hefur nú tekið vel í tillögur Hagsmunasamtaka heimilanna. Dómsmálaráðherra hefur lofað mjög umfangsmiklum viðbótarráðstöfunum.

Rétt er í þessu ljósi að líta á samskiptaferil ríkisstjórnarinnar gagnvart erlendum ríkjum, alþjóðasamtökum, stjórnarandstöðu og hagsmunaaðilum. Eftir aðeins sautján mánuði blasir þetta við:

Ríkisstjórnin yfirtók samstarfssamninginn við AGS. Hún hefur alfarið svikið ákvæði hans um skjótar aðgerðir á sviði orku-

freks iðnaðar. Ástæðan er ágreiningur í eigin þingliði.

Ríkisstjórnin hefur tvisvar gert bindandi samkomulag við ríkisstjórnir Bretlands og Hollands um lausn á Icesave. Hún gat ekki staðið við undirskrifir sínar vegna andstöðu í eigin þingliði.

Ríkisstjórnin gerði stöðugleikasáttmála við ASÍ, SA og fleiri hagsmunasamtök. Hún hafði ekki stuðning í eigin röðum til að efna sáttmálann. Hann er því úr sögunni.

Ríkisstjórnin skipaði sáttanefnd um sjávarútvegsstefnu. Þegar sátt hafði tekist lýsti for-

maður sáttanefndarinnar því yfir að sáttin væri bara innan nefndarinnar. Hún væri ríkisstjórninni og stjórnarflokkunum með öllu óviðkomandi. Ástæðan er sú að ríkisstjórnin hefur ekki meirihluta í eigin röðum til að standa við samkomulagið.

Að þessu virtu er eðlilegt að ríkisstjórnin sýni fram á að eitthvað hafi gerst í hópi stuðningsmanna hennar sem geri það líklegt að unnt sé að rétta henni hjálparhönd án þess að þeir sem það geri verði sjálfir ábyrgir fyrir áframhaldandi ringulreið og upplausn.

Vítin eru til að varast þau.

VINSÆLASTA KRYDDBLANDAN ÚR SMÍÐJU A. VOGEL

HERBAMARE

...og þú þarft nánast ekki annað krydd!



Herbamare er létt blanda af hafsalti og lífrænt ræktuðum kryddjurtum. Það er notað jöfnum höndum í matargerð og sem borðsalt.

Herbamare er kjörið til að krydda fisk, salöt, egg, grænmeti, súpur, sósur, pasta, grjón og kjötrétti og einnig kjörið á allan grillmat.

Herbamare er að sjálfsgöðu algerlega laust við MSG (monosodium glutamat)

Fæst í heilsuþúðum og matvöruverslunum.



-hafðu það gott

Notaðir bílar Kletthálsi



TOYOTA

Bílaleigubílar komnir!



Fjöldi frábærra Hertzbíla á lækkuðu verði

Auris, dísil og bensín 2008. Yaris, dísil og bensín 2009.

RAV4, bensín 2007 og RAV4, dísil 2008.

Corolla, dísil og bensín 2009. Land Cruiser dísil 2007 og 2008.

Allir fá gos og prins!

Opið á Kletthálsi í dag laugardag frá kl. 11.00 til 16.00

Sunnudag frá kl. 11.00 til 16.00

Notaðir bílar Kletthálsi
Kletthálsi 2
Sími: 570-5220
www.toyotakopavogi.is



Today
Tomorrow
Toyota

Meira um Landsdóm og réttlætiskennnd

Landsdómur

Jónína Bjartmarz
Lögfræðingur og athafnakona



Settur saksóknari komst að þeirri Snidurstöðu eftir að skýrsla RNA lá fyrir að ekki væri „að svo stöðdu tilefni til að efna til sakamálarannsóknar“ á hendur þremur fyrrv. bankastjórum Seðlabankans né forstjóra FME. Þessir virðast því vera lausir allra mála.

Ráðherrarnir þrjú sátu þá eftir til afgreiðslu hjá þingmannanefndinni. Einhverra hluta vegna og án útskýringa kaus hún að takmarka verkefni sitt við það „að móta afstöðu til ábyrgðar í málinu“ við ákvæði laga um ráðherraábyrgð og þar með þriggja ára fyrningarreglur þeirra. Í bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins er að vísu að finna tvær fullyrðingar er að þessu líta, sem hvorug fær staðist. Önnur er sú að það falli utan verkswiðs þingmannanefndarinnar „að fjalla um mögulega ábyrgð annarra en þeirra sem ráðherraábyrgðarlögin taka til“, sem er rangt (þó það sé annarra að fjalla um vanrækslubrot bankastjóranna og forstjórans). Og svo hin, að þingmannanefndinni hafi „skv. 6. mgr. 15. gr. laganna um rannsóknarnefndina sérstaklega verið falið að móta afstöðu til hugsanlegrar ábyrgðar í málinu á grundvelli laga um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963.“ Tilvísuð 6. mgr. 15. gr. geymir ekki ákvæði um neitt annað en fyrningu, þar sem segir að kosning þingmannanefndarinnar hafi sömu réttarhrif og kosning rannsóknarnefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til athugunar á stöfum ráðherra.

Þessa þrengingu nefndarinnar

á verkswiði sínu tel ég vera önnur megin „mistök“ Alþingis í þessu máli. Ef raunverulegur vilji var til heiðarlegs uppgjörs gagnvart þjóðinni þá var rangt af nefndinni að takmarka þær tillögur sem hún lagði fyrir Alþingi við þá sem hún áleit að bæru ábyrgð og „sök“ samkvæmt ráðherraábyrgðarlögunum einum. Þegar af þeirri ástæðu að þær aðstæður sem ollu hruninu áttu sér aðdraganda í fyrri gerðum og ákvörðunum, a.m.k. allt frá því að ráðist var í einkavæðingu bankanna eins og gerð er grein fyrir í skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Því hefði það verið bæði sanngjarnara og réttlátara og í anda jafnræðis að viðbrögð Alþingis hefðu náð til allra þeirra þátta sem skýrsla rannsóknarnefndarinnar fjallar um. Nefndin gat að sjálfsögðu rannsakað og ályktað um þátt fleiri aðila í hruninu og gefið þeim kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri. Hún gat síðan eftir avikum lagt til við þingheim að þeir sem hún teldi ábyrga/seka sættu ámæli eða vítum – eins og bent hefur verið á að tíðkast m.a. í Damörku – í stað eða samhliða tillögum um ákærur á grundvelli ráðherraábyrgðarlögunum.

Þriðju „mistök“ Alþingis leiða af hinum tveimur, það er atkvæðagreiðslan sjálf um ákærurnar á hendur fyrrv. fjórum ráðherrum. Á Alþingi sitja enn fyrrum samstarfsmenn þeirra ráðherra, sem þingmannanefndin lagði til að yrðu ákærðir og fyrirfram mátti vera ljóst að þeir gætu varla annað en samsamað sig þeim. Auk þessa komu meira að segja nokkrir hinna fyrrnefndu sjálfir til álita sem vanrækslukandidatar. Sumum þeirra ber – enn til viðbótar – heldur ekki saman um ýmis atvik og atburði í undanfara hrunsin við þá sem þingmannanefndin lagði til að yrðu

ákærðir. Ég ætla eins og málum er hátt að tvennt brjóti gegn réttlætiskennnd almennings. Annars vegar að einn maður skuli standa eftir sem sökunautur fyrir allt sem aflaga fór í stjórnslunni um langt árabil og hins vegar að það ráðist af atkvæðagreiðslu samverkamanna, jafnvel venslamanns, hverjir sæta saksókn fyrir Landsdómi og hverjir ekki. Ekki síst fyrir það að sáralítill munur var á sakargiftum þeirra sem þingsályktunartillagan tók til. Vitaskuld áttu samráðherrar þeirra sem tillagan um ákæru tók til að sitja hjá eða víkja sæti, eðli málsins samkvæmt þó ekki væri beinni lagaskyldu til að dreifa.

Hvað varðar „sakir“ þess eina fyrrv. ráðherra, sem að óbreyttu mun brátt standa frammi fyrir Landsdómi, þá finnst mér vert að áréttu að rannsóknarnefnd Alþingis kvað ekki upp úr um vanrækslu hans skv. lögum um ráðherraábyrgð. Nefndin tók það sérstaklega fram að mat hennar væri aðeins í skilningi ákvæða laganna um rannsóknarnefndina sjálfa „og ekki sambærilegt við mat samkvæmt ákvæðum laga um ráðherraábyrgð“ og ekki dómur, „hún færi ekki með dómsvald“. Ráðherraábyrgðarlögin krefjast þess til sakfellis að sýnt sé fram á ásetning eða stórkostlegt gáleysi og það eru vissulega mikil áhöld og hvort refsheimildir laganna séu nægilega skýrar. Þó jafna megi Landsdómi til danska ríkisréttarins við mat á því hvort hann fái staðist skv. Mannréttindasáttmála Evrópu er hitt ljóst að málsatvikum og saka-refni Tamila-málsins danska verður ekki jafnað til þeirra sem við stöndum frammi fyrir – og að mínu mati og margra annarra yfirgnæfandi líkur á sýknu Landsdóms.

Þer þá enginn ábyrgð á hruninu?

Hvað getum við gert?

Stjórnsmál

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson

Formaður Framsóknarflokksins



Það er ríkisstjórn í landinu. Allt frá því að Íslendingar endurheimtu heimastjórn hefur þótt augljóst að valdi ríkisstjórnar eigi að fylgja ábyrgð á aðgerðum og aðgerðaleysi, að minnsta kosti pólitíska ábyrgð.

Í ótrúlegum vandræðagangi sínum hefur ríkisstjórninni og málsvörum hennar þó tekist að nýta stærsta hæfileika sinn, spunafærni, til að láta umræðuna snúast um að stjórnsmálin öll séu ómöguleg. Athyglinni er dreift frá vanda ríkisstjórnarinnar með því að setja alla undir sama hatt og leitast við að láta ábyrgðina hvíla jafnt hjá ríkisstjórn sem hefur tekið sér allt vald og hinni valdalaus stjórnarandstöðu. Vinstrisinnadír spekingar sjá að stjórnin virkar ekki en telja sig knúna til að hnýta í alla aðra í leiðinni. Hver étur upp eftir öðrum orðaval sem er til þess eins ætlað að setja alla í einn flokk, stjórnsmálastéttin, fjórflokkurinn o.s.frv.

Karp stjórnsmálastéttarinnar

Ráðherrar mæta aldrei í viðtal eða ræðustól þessa dagana án þess að tala um að vandinn liggja hjá þinginu öllu, allir þurfi að taka sig á, ekki bara ríkisstjórnin. Svo er látið eins og vandinn sé karp og skotgrafarhernaður í pólitíkinni frekar en stefna stjórnvalda. Þetta stenst ekki skoðun. Að langmestu leyti er umræða í þingsal og í nefndum yfirveguð og hófstíll. Það þykir eðli málsins samkvæmt helst fréttunæmt þegar mönnum lendir saman og þar af leiðandi er langmest fjallað um þau tilvik þar sem tekist er á.

Langflest mál ríkisstjórnarinnar fara mótatkvæðalaust í gegnum þingið. Á þessu ári hafa aðeins þrjú frumvörp fengið meira en tvö nei-atkvæði. Mesti fjöldi nei-atkvæða var 12.

Hver er þá vandinn?

Vandinn er sá að frá ríkisstjórninni koma ekki þau mál sem á þarf að halda. Ráðandi stefna virkar ekki og tillögur frá stjórnarandstöðu eru láttnar hverfa. Samt leyfa menn sér að flokka stjórnarandstöðuna með ríkisstjórninni og kenna henni um stefnu stjórnvalda ekki síður en stjórnvöldum sjálfum. Þegar við reynum að vara við því að staðan sé verri en ríkisstjórnin heldur fram og kalli því á aðrar og róttækari aðgerðir en þær sem koma frá ríkisstjórninni, spila spunamenn stjórnarliðsins því út að framsóknarmenn séu of neikvæðir.

Þegar endalausar tilraunir til að leiðbeina duga ekki (ekki einu sinni gagnvart minnihlutastjórn) og við reynum að berjast fyrir því að á okkur sé hlustað og horfið frá skaðlegri stefnu glymur í spunaliðinu að við séum of hörd og eigum að sýna meiri auðmýkt.

Samvinna

Samvinna um úrlausn stórra vandamála er gríðarlega mikilvæg. Svo mikla trú höfðum við á því að allir hlytu að vinna saman að því að taka á bráðavanda heimila og fyrirtækja að við treystum öðrum flokkum til að halda um stjórnartaumana í minnihlutastjórn. En þegar erlendir kröfuhafar eru teknir fram yfir almenning bæði varðandi skuldir heimilana og ólögmatar kröfur á ríkið er ekki hægt að láta það viðgangast í nafni samvinnu.

Þegar kemur á daginn að slíkur grundvallarmunur er á stefnu stjórnsmálaflökka og það traust sem sýnt var með því að verja minnihlutastjórn er ekki einu sinni endurgoldið með því svo mikið sem að hlusta á tillögur til úrbóta (heldur beinlínis ráðist á þær) er ekki hægt að láta stjórnvöldum það eftir í nafni samstöðu. Stjórnarandstaða sem leyfir ríkisstjórn að gera stórkostleg mistök bregst hlutverki sínu.

Hlutverk stjórnarandstöðu

Í lýðræðisfyrirkomulagi okkar er það hlutverk stjórnarandstöðu að veita valdhöfnum aðhald. Það er merkilegt að rétt eftir að samfélagið lenti í gríðarlegum ógöngum vegna þess að það skorti gagnrýni, og enginn mátti vera neikvæður á ríkjandi tíðaranda, skuli vera komin upp sterkari krafa en nokkru sinni um meðvirkni og öll gagnrýni á stjórnvöld eða átök um stefnu flokkuð sem neikvæð.

Ímyndarstjórnsmál

Þegar svo kemur á daginn að það sem kallað var neikvæðni reyndist allt satt og rétt er ekki haft fyrir því að rifja upp á hverju áróðurinn byggðist. Það gleymist en stimplinn er viðhaldið og hann endurnýttur. Þannig fara stjórnsmál að snúast fyrst og fremst um ímynd en ekki þá umræðu sem við þurfum að eiga um stefnu og lausnir.

Hvað er til ráða?

Lýðræðið snýst um að gera upp á milli ólíkrar stefnu (flokka) og manna. Þannig refs menn þeim sem ekki standa sig og verðlauna hina. Í því liggur hvatinn til að gera betur. Þegar allir eru settir undir sama hatt hættir lýðræðið að virka. Það sama á við þegar afstaða til manna og flokka er tekin fyrst og fremst út frá ímynd og spuna. Umræðan sem er orðin allsráðandi um íslensk stjórnsmál er ekki til þess fallin að bæta virkni lýðræðisins eða leiða fram lausnir. Hún er heldur ekki sanngjörn.

Að undanförunu hafa þau stefnumál sem framsóknarmenn hafa barist fyrir, með öllum tiltækum ráðum, sannað gildi sitt. Öll þau atriði sem nú eru hvað háværastar kröfur um, og rökin sem menn sjá nú fyrir réttmæti krafanna, eru nákvæmlega þau sömu og framsóknarmenn hafa haldið fram undanfarin 2 ár. Á næstu dögum mun ég fara yfir þá sögu í tveimur greinum.

Það er nóg komið af spuna. Ef við viljum raunverulega bæta samfélagið þurfum við að fara að ræða pólitík.

Sértilboð til Antalya í Tyrklandi

26. október í 9 nætur
Frá kr. **139.700**



Heimsferðir bjóða frábæra haustferð til Antalya í Tyrklandi þann 26. október í 9 nætur.

Antalya er einn allra vinsælasti ferðamanna staður Tyrklands og þar er veðurlag mjög þægilegt í október og nóvember. Glæsileg hótél og fjölbreytt mannlíf og fyrsta flokks aðstæður í hvívetna fyrir ferðamenn.

Kr. **139.700** – Porto Bello *****
Netverð á mann, m.v. tvo fullorðna og 2 börn í fjölskylduherbergi, allt innifalið. Sértilboð 26. október í 9 nætur.

Kr. **169.800** – Porto Bello *****
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli, allt innifalið. Sértilboð 26. október í 9 nætur.

Kr. **157.140** – Sherwood Breezes Resort*****
Netverð á mann, m.v. tvo fullorðna og 2 börn í fjölskylduherbergi, allt innifalið. Sértilboð 26. október í 9 nætur.

Kr. **187.900** – Sherwood Breezes Resort*****
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli, allt innifalið. Sértilboð 26. október í 9 nætur.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is



Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni liðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að styttja efni.

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

Van Gils

HUGO
HUGO BOSS

gardeur®

CANALI

POLO  RALPH LAUREN

PAL ZILERI

FINUCCI
collezione

bugatti

MABRUN

BELLINI

LLOYD

OPÍÐ
VIRKA DAGA
FRÁ KL. 11 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17

Troðfull
verslun af
merkjavöru!



Herra
Tagewinn
outlet

líka fyrir konur

40% 50% 60%

afsláttur
af öllum vörum

mikið úrval
af kvenvöru frá

BOSS
HUGO BOSS

HUGO
HUGO BOSS

SAND

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)

DORMA eins árs



Fyrstir koma,
fyrstir fá!

300
BARNASÆNGUR
Í FULLORÐINSSTÆRÐ



ÓTRÚLEGT
VERÐ

3.900,-

Barnasæng 140x200 cm

Þrennutilboð

= 9.900,-

Allur pakinn - vattfylling

eða

= 19.900,-

Allur pakinn - dúnfylling



+



Koddi

+



Sængurver

Sæng



Ilmur
mánaðarins
25% afsláttur

Mandarin Cranberry

YANKEE
CANDLE®
a passion for fragrance®

Ilmstrá
mikið
úrval!



og nú er veisla !

MIKIÐ ÚRVAL



2.900,-

Sængurverasett



WE MAKE THE WORLD'S
BEST MATTRESS.™

20% afsláttur

Serta Daysleeper heilsurúm

Stærð cm.	Verð áður	Afmælisverð
100x200	122.900,-	98.320,-
120x200	154.800,-	123.840,-
140x200	166.900,-	133.520,-
160x200	203.800,-	163.040,-
180x200	207.900,-	166.320,-

MJÚKUR
OG ÞÆGILEGUR



3.900,-

Dúnkoddi

ELLEFU LITIR



499,-

Handklæði 50x100 cm

ÞÆGILEGUR



69.900,-

Hægindastóll í tau

MIKIÐ ÚRVAL



5.900,-

Heilsukoddi - þrýstijöfnun

VÆNTANLEGUR
12. OKTÓBER



69.900,-

Svefnsofi m. rúmfatageymslu



20% afsláttur

Stíllanleg heilsurúm

Fimm ára
ábyrgð
á rúnum!



Afmælisverð

Interbed heilsurúm

Stærð cm.	Verð kr.
80x200	77.900,-
90x200	79.900,-
100x200	84.900,-
120x200	95.000,-
140x200	139.900,-
160x200	149.000,-
180x200	159.000,-

HVÍTUR
GÆSADÚNN



13.900,-

Dúnsæng

OPIÐ

Lau frá kl. 11-17

Sun frá kl. 13-17

Virka daga frá kl. 10-18



DORMA

- býður góða nótt

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

Dansað við djöfulinn eftir átta ára útleögð

Eftir átta ára fjarveru frá leiksviðinu átti **Þorsteinn Gunnarsson** ekki von á því að leika fyrir fullu húsi í London kvöld eftir kvöld. Enskir fjölmiðlar hæla honum nú á hvert reipi fyrir frammistöðu hans í hlutverki Faust í uppsetningu Vesturports. Þorsteinn sagði **Bergsteini Sigurðssyni** frá því hvernig það atvikaðist að hann hætti að hugsa um kirkjur og fór að eltast við djöfla.

Það er hægara sagt en gert að ná í Þorstein úti í London. Annríkið er mikið og það tekur á að vera á stóra sviði Young Vic leikhússins í London, stundum tvisvar á dag. „Maður er nú ekkert unglamb lengur,“ segir Þorsteinn og hlær. Hann verður sjötugur í desember og hafði ekki staðið á leiksviði í átta ár, þegar Vesturport fór þess á leit við hann að hann tæki að sér titilhlutverkið í nýrri uppsetningu á Faust í Borgarleikhúsinu. Þetta klassíska verk eftir Goethe fjallar sem kunnugt er um Faust, sem handsalar veðmál við djöfulinn með því skilyrði að ef hann finni hamingjuna undir handleiðslu hans, þá eignist djöfullinn sál hans.

Purfa að hugsa sig vel um

Þorsteinn segir að þegar Gísli Örn Garðarsson, driffjöður Vesturports, hafi beðið hann að taka hlutverkið að sér fyrir tæpu

að sér. Þetta er töluverður texti hjá mér, sérstaklega framan af, og talsverð líkamlega áreynsla. Mér er sem betur fer hlíft við að hendast upp á netinu með hinum, en ég hoppa og skoppa niðri á sviði og þarf að halda í við djöflana. Ég er á sviðinu nánast allan tímann nema ég fæ fimm mínútna hlé rétt fyrir leikslok.

Að ná almennilegu valdi á enskunni var því heilmikill pakki. En við fengum okkur til halds og trausts mann til að hjálpa okkur með framburðinn. Ég átti tal við nokkra frumsýningargesti eftir sýningu og þeir höfðu allir orð á því að textinn skilst fyllilega, þótt maður losni auðvitað aldrei við hreiminn.“

Ánægður með góða dóma

Þorsteinn hefur fengið afar jákvæða dóma í enskum fjölmiðlum fyrir frammistöðu sína og er þakklátur fyrir það. „Ég verð að

„Petta unga, skapandi fólk hefur tekið mér, gamlingjanum, mjög vel. Ég fæ stuðning frá öllum í kringum mig, bæði leikurum og tæknilíði.“

ári, hafi hann þurft að taka sér umhugsunarfrést.

„Fyrir mig sem er að verða sjötugur er ekki sjálfsagt að gera þetta. Ég hef ekki staðið á leiksviði í tæpu átta ár og þurfti að hugsa mig vel um. En mér fannst þetta spennandi verkefni og áhugaverður hópur. Ég hafði upphaflega séð til hans þegar hann setti upp Ofviðrið eftir Shakespeare í Nemendaleikhúsinu. Ég tók strax eftir að þetta var skapandi og kraftmikill hópur. Síðan þá hef ég fylgst með Vesturporti með vaxandi áhuga og aðdáun og séð hvernig þau hafa ferðast um og stimplað sig inn sem einn mest spennandi leikhóp í heiminum í dag. Ég ákvað því að lokum að slá til og vera með í þessu verkefni. Og þetta tókst bara ágætlega heima, fannst okkur. Síðan kom þetta til að Young Vic-leikhúsið í London, sem er að halda upp á 40 ára afmæli, bauð Gísla og þeim að koma og setja upp sýninguna úti í tilefni af afmælisdagskránni. Þá varð ekki um annað að ræða en að fara með.“

Ekki sjálfgefið að leika á ensku

Þorsteinn segir ekki sjálfgefið fyrir þrautþjálfaðan leikara að fara til útlanda og leika á ensku. „Ég sagði við Gísla á sínum tíma að ef ég mætti ráða hefði ég frekar kosið að gera þetta á dönsku. Ég er lærður í Danmörku og bjó þar í sjö ár og hef gott vald á dönskunni en hef aldrei búið í Englandi. En þetta var verkefni sem maður tók

viðurkenna að eftir átta ára útleögð frá sviðinu er þetta ánægjulegt en maður tekur hverjum deginum eins og hann kemur. Það er gaman að fá góðar umsagnir því maður veit ekkert út í hvað maður er að fara þegar maður dembir sér út í þessa stóru laug. Þetta eru gagnrýnendur sem sjá frumsýningu á hverju kvöldi, þannig að þeir eru verseraðir í sínu fagi, og ég þakka bara fyrir að þeir hafa undantekningarlítið verið sáttir við mína frammistöðu.“

Gísli Örn er snillingur

Þorsteinn segir velgengni sína og frammistöðu á sviðinu fyrst og fremst Gísla Erni Garðarssyni að þakka. „Hann er ekkert minna en snillingur; hann sá þessa sýningu fyrir sér bæði í texta og sjónrænu spili og síðast en ekki síst hvetur hann mann endalast til dáða og til að fara fram á ystu brún. Það á við allan hópinn; þetta unga, skapandi fólk hefur tekið mér, gamlingjanum, mjög vel. Ég fæ stuðning frá öllum í kringum mig, bæði leikurum og tæknilíði. Það er hlúð að mér og mér líður bærilega á sviðinu. En ég er þreyttur eftir hverja sýningu. En sem betur fer er konan mín með mér. Hún hugsar um mig eins og ungabarn og gerir þetta bærilegra. Og svo ætla börnin að koma og sjá sýninguna á laugardaginn.“

Þótt Þorsteini hafi verið hrósað í hástert í ensku pressunni hefur sýningin sjálf fengið misjafna dóma í ensku pressunni.



Á FJÖLUNUM Þorsteinn í hlutverki Fausta í Borgarleikhúsinu sem Gísli Örn Garðarsson fékk hann til að leika eftir átta ára hlé frá leiklistinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

TEIKNADI BORGARLEIKHÚSIÐ OG LÉK Í ÞVI



Þorsteinn Gunnarsson og Leikfélag Reykjavíkur eru tengd órofa böndum, því auk þess að leika með Leikfélaginu tók hann þátt í að teikna Borgarleikhúsið. Hann ber skiljanlega sterkar taugar til hússins.

„Auðvitað geri ég það. Þetta var stórt og mikið verkefni. Ég stóð auðvitað ekki einn að því, við vorum þrír kollegarnir en það má segja segja að ég hafi verið beggja vegna borðsins. Ég samdi forsoðgnina með starfsfólki Leikfélagsins á sínum tíma: en forsoðgnin er í raun og veru prógramm um hvers konar hús eigi að byggja. Svo tók ég þátt í hönnuninni með kollegum mínum og átti í hugmyndafræðilegum samræðum bæði við leikhúshheiminn og kollega mína í arkitektastétt. Það var tekist á um þessa framkvæmd á sínum tíma og ekki allir sammála. En ég er sannfærður um að þetta sé góð bygging. Flestir útlendingar sem leggja leið sína í Borgarleikhúsið eru sammála um að það sé góð leikhúsbygging.“

„Eldri gagnrýnendur vilja gjarnan sjá meiri Goethe í þessu,“ segir Þorsteinn. „En þetta er bara ekki þannig sýning; þetta eru svona póst-móðernískar glefsur í samræmi við þá sýn sem Gísli Örn og samstarfsfólk hans vildu koma til skila. En það er greinilegt að yngri gagnrýnendur taka þessu afar vel sem og yngra fólk í salnum. Á sunnudag er sýningartíminn hálfnaður og það er uppselt á allar sýningar fram að næstu mánaðamótum, þannig að við getum ekki kvartað yfir viðtökunum.“

Helgaði sig arkitektúrnum

Þorsteinn er arkitekt að mennt og hefur í gegnum árin starfað sem slíkur meðfram leiklistinni. Eins og áður segir sagði hann skilið við leikhúsið fyrir átta árum og hefur helgað sig byggingarlistinni síðan. Hann játar að hafa ekki átt von á því að standa aftur á sviði.

„Ég hef verið í tvöföldu starfi nánast alla mína starfsævi. Árið 1996 hleypsti ég af stökkunum stóru verkefni sem heitir Kirkjur Íslands, þar sem ég er ritstjóri og höfundur margra greina. Þetta

á að vera ritröð upp á 26 bindi og nú hafa komið út sextán bindi. Undanfarin átta ár hefur þetta verið mitt aðalstarf, ásamt því að hanna endurbýggingar á gömlum friðuðum húsum. Þetta verkefni með Vesturporti var frá mínum bæjardryrum séð bara spennandi útúrdúr, sem hefur undið upp á sig.“

Hann segir það vissulega krefjandi að skipta tíma sínum milli tveggja starfsgreina. „Sem betur fer er ég vel kvæntur, ætli það sé ekki galdurinn við að láta þetta lukkast,“ segir Þorsteinn. „En maður verður líka að skipuleggja tíma sinn vel. Þetta verkefni hefur til dæmis verið afar stór pakki.“

Sýningar Vesturports í Young Vic standa út þennan mánuð en Þorsteinn verður þó ekki alveg laus við Faust, því til stendur að fara með sýninguna til Þýskalands í desember.

„Þá fer nú sjálfsagt að vera kominn tími á að hvíla sig aðeins og safna kröftum. Þegar þessu ævintýri með skrattanum lýkur þá sekk ég mér aftur niður í kirkjurnar.“

Næsta skref varðandi bílalánið þitt

Við höfum nú endurreiknað hluta af bílalánnum, bílasamningum og kaupleigusamningum í erlendri mynt í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar frá 16. júní og 16. september 2010. Lánasamningur verður útbúinn um þá fjárhæð sem stendur eftir ógreidd að endurútreikningi loknum.

Framkvæmd endurútreiknings verður í nokkrum áföngum, eftir stöðu lána:

1 Lán með sama greiðanda frá upphafi

Viðskiptavinir sem hafa verið greiðendur á láni frá útgáfudegi geta nú skoðað endurútreikning á vefsvæði Íslandsbanka Fjármögnunar. Þú skráir þig inn á slóðinni www.islandsbanki.is/fjarmognun með kennitölu og lykilorði sem sent hefur verið í netbankann þinn og er að finna undir „Netyfirlit“ eða „Rafræn skjöl“. Ef þú lendir í vandræðum með að finna lykilorðið þá getur þú haft samband við viðskiptabanka þinn.

Ef þú átt inneign hjá Íslandsbanka Fjármögnun getur þú lækkað lánið þitt um þá fjárhæð með innborgun á höfuðstól þess, eða kosið að fá inneign þína greidda inn á bankareikning. Hafir þú van-greitt verður þeirri upphæð bætt við lánið.

Endurútreikningar vegna lána í fyrsta áfanga verða aðgengilegir á vefsvæði Íslandsbanka Fjármögnunar til 5. nóvember nk.

2 Uppgreidd lán


Þeir sem hafa greitt upp lán sín hjá Íslandsbanka Fjármögnun munu geta skoðað endurútreikninga þegar vinna við fyrsta áfanga lýkur, en reiknað er með að það verði í nóvember næstkomandi.

3 Yfirtekin lán

Enn er óvissa um meðhöndlun uppgjors á yfirteknum lánnum. Um leið og þeirri óvissu hefur verið eytt mun Íslandsbanki Fjármögnun tilkynna viðskiptavininum sínum hvernig haga skuli uppgjöri.

Nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/fjarmognun. Þér er velkomið að hafa samband við ráðgjafa Íslandsbanka Fjármögnunar og ráðgjafa Íslandsbanka um land allt.

Íslandsbanki gerir þann fyrirvara við ofangreint að verði boðað frumvarp viðskiptaráðherra að lögum getur það haft áhrif á útreikning og uppgjör lána.



Ferli í fyrsta áfanga

A Endurútreikningur lána með sama greiðanda frá upphafi er nú aðgengilegur á vef okkar

B Þú undirritar ný lánaskjöl og skilar til Íslandsbanka

C Uppgjör fer fram

Íslandsbanki Fjármögnun
islandsbanki.is/fjarmognun
fjarmognun@islandsbanki.is
Kirkjusandi – 155 Reykjavík
Sími 440 4000


Íslandsbanki



Lopi 30 er kominn út
1.398 kr

ÍSLENSKUR LOPI Í NETTÓ

Léttlopi
189kr

Álafosslopi
349kr

Plötulopi
319kr

Loðband
Einband
239kr

Kambgarn
319kr

nettó
Ódýrt fyrir heimilið!

FRAMHALD AF SÍÐU 26

lagasetningunni hafa gagnrýnendur því sagt vera litla sem enga; þingið sé afgreiðslustofnun. Þeir sem lengst ganga segja að ríkisvaldið sé í raun tvískipt en ekki þrískipt vegna veikrar stöðu Alþingis gagnvart ríkisstjórninni.

Beggja vegna borðsins

Á undanförunum árum, og síðast í algleymi búsaðaldabyltingarinnar, hafa verið flutt frumvörp á Alþingi um breytingar á stjórnskipaninni. Inntak þeirra er einfaldlega að ráðherrar gegni ekki þingmennsku sem tekur fyrir þann möguleika að einstaklingur sitji beggja vegna borðsins. Hugmyndin er að lögjafarstjórnin færir til Alþingis. Í því felst að ráðherra kemur ekki í þingsal nema til að mæla fyrir sínum málum eða til að svara fyrirspurnum. Hann hefur ekki afskipti af því hvaða mál eru á dagskrá þingsins; er ekki hluti af þinginu og hefur því ekki atkvæðisrétt. Ráðherrar hafi heldur ekki afskipti af því hvað fastanefndir þingsins ákveða að taka fyrir og hafa ekki áhrif á afgreiðslu mála innan nefndanna að neinu leyti. Í hnotskurn: Þeir gera það sem þingið segir þeim að gera en ekki öfugt.

Afnám þingráðis

Bent hefur verið á að áhrifaríkasta leiðin til breytinga sé að afnema þingráðið með öllu. Með öðrum orðum að styrkja stöðu þingsins með því að taka af því valdið til að ákveða hverjir sitja í ríkisstjórn; hversu örökrétt sem það hljómar í fyrstu. Því til rökstuðnings er bent til Finnlands og Bandaríkjanna, þar sem stjórnskipulagið er ekki þingráðislegt.

Því hefur verið haldið fram að hér ríki stjórnsmálahefð sem verði ekki breytt nema leikreglunum

GET ÉG BOÐIÐ MIG FRAM TIL STJÓRNLAGAÞINGIS?

- Kjörgengir til stjórnlagabings eru allir sem kjörgengir eru við kosningar til Alþingis. Forseti Íslands, alþingismenn, varamenn þeirra og nefndarmenn í stjórnlaganefnd og undirbúningsnefnd eru þó ekki kjörgengir.
- Með framboði skal fylgja samþykki frambjóðanda og nöfn minnst 30 og mest 50 meðmælenda sem fullnægja skilyrðum kosningaréttar til Alþingis. Hver meðmælendi má einungis mæla með einum frambjóðanda.
- Framboðum til stjórnlagabings skal skila inn fyrir 18. október. Landið er eitt kjördæmi við kosninguna.

verði bylt. Það er stjórnlagabingur að ákveða hvort það er æskilegt – eða að ákvarða hvort það er gerlegt.

Verkefnið fram undan

Deilur um embætti forseta Íslands, sem náðu athygli alþjóðar við synjun forseta á staðfestingu fjölmíðlafrumvarpsins 2004 sem og Icesave-málið í ársbyrjun, hafa vakið athygli almennings á því hversu óljós stjórnarskráin er. Í kjölfarið komu fram hugmyndir um að rétt væri að leggja embættið niður. Án þess að velja þeim deilum sérstaklega fyrir sér er hins vegar ljóst að eitt af stærri verkefnum stjórnlagabings er að skýra stöðu og hlutverk forsetans svo friður megi nást um embættið.

Eiríkur Tómasson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, hefur skrifað að stjórnskipulegt hlutverk forsetans hljóti að vera eitt af þeim atriðum sem komi til skoðunar við heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. „Tel ég að ganga eigi að því verki með opnum huga, án þess að nokkur kostur sé útilokaður fyrirfram.“ Án þess að leggja Eiríki orð í munn virðist þetta eiga við um alla aðra þætti laganna.

Kosningakerfið og kjördæmaskipanin hafa verið viðvarandi viðfangsefni tillagna um stjórnarskrár-breytingar á lýðveldistímanum og hefur reyndar verið eitt helsta

deilufni íslenskra stjórnsmála. Mat fjölmargra fræðimanna og áhuga-fólks um stjórnsmál er að alþingismenn hafi of mikilla hagsmuna að gæta við ákvörðun um skiptingu landsins í kjördæmi og jöfnun atkvæðisréttar. Alþingismenn séu því vart til þess hæfir að setja landinu sanngjörn og réttlát kosningalög.

„Ég held að ein stærstu rökin fyrir að koma á stjórnlagabingi séu þau að taka þetta vald af þingmönnum svo þeir geti ekki komið í veg fyrir að skýrt sé kveðið á um það í stjórnarskrá og kosningalögum að vægi atkvæða skuli vera jafnt á milli borgara þessa lands, sem er að mínu mati grundvallarforsenda lýðræðisins,“ sagði Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, í viðtali við Fréttablaðið í fyrra.

Það er nefnilega svo að kosningakerfi hafa ekki þróast af bestu manna yfirsýn. Kerfið er afkvæmi stjórnsmálaflökkanna og bundið þeim órofa böndum. Pólitískir hagsmunir viðhalda því. Stjórnlagabingur gefur því einstakt tækifæri til að breyta kosningalög-gjöfni.

Auðlindir og kirkjan

Auðlindaákvæði stjórnarskrárinnar og ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur hafa verið skilgreind sem forgangsmál í þeirri vinnu

sem fram undan er. Eins þarf að setja ákvæði um utanríkismál, sem eins og gefur að skilja hafa fengið aukið vægi frá 1944, og hafa ber í huga þann möguleika að Ísland gangi í Evrópusambandið. Við því verður að bregðast með ákvæðum sem gera ráð fyrir því að hluti ríkisvaldsins færir til alþjóðastofnunar á hönd.

Mjög aðkallandi spurning sem kemur til kasta stjórnlagabingsins er svo málefni kirkjunnar. Er fjárhagslegur og stjórnanarlegur aðskilnaður ríkis og kirkju tímabær – sem reyndar er sannfæring þúsunda Íslendinga.

Uppstokkun

„Getur sú bylting, sem hér er boðuð, átt sér stað? Ég er sannfærður um það. En margir munu berjast gegn henni vegna þess að þeir telja hagsmuni sína stangast á við hana eða að hún sé öldungis óraunsæ draumsýn,“ sagði Páll Skúlason, fyrrverandi háskóla- rektor, í erindi á stofnfundi Stjórnarskrárfélagsins á dögunum og bætti við: „Þess vegna mun þessi bylting ekki gerast af sjálfu sér. En hún mun ná fram að ganga vegna þess að mannveran, þessi manneskja sem hvert okkar er, er hugsandi vera sem skilur ekki aðeins eigin hag heldur líka þá hagsmuni sem eru í húfi fyrir veröldina alla.“

VILTU VITA MEIRA?

STJORNLAGATHING.IS
STJORNARSKRARFELAGID.IS
THJODFUNDUR2010.IS
ALTHINGI.IS/LAGAS/
NUNA/1944033.HTML

Stjórnarskráin verður að vera samin

á mannamáli, ekki stofnanamáli, og svo einföld og skýr að börn geti tileinkað sér textan fyrirhafnarlaust og helst skilið flest sem í henni stendur.

DAÐI INGÓLFSSON, FORMAÐUR STJORNARSKRARFELAGSINS

HLUTVERK HVERS OG EINS

Hlutverk þjóðfundar:

Þjóðfundur er ekki ætlað að semja stjórnarskrá. Á þjóðfundum verður kallað eftir megináskilningum almennings um stjórnskipan landsins. Niðurstöður þjóðfundar eru tilmæli til stjórnlagabings. Hlutverk stjórnlagabings: Ráðgefandi þing. Endurskoðar stjórnarskrána. Samþykkir frumvarp um (nýja/breytta) stjórnarskrá og afhendir Alþingi.


Hlutverk Alþingis:

Fær frumvarp stjórnlagabings til meðferðar. Ákveður hvort það verður lagt fram og hvort það verður óbreytt. Pólitískt vægi frumvarpsins gagnvart Alþingi er væntanlega háð því hversu breið samstaða næst á stjórnlagabinginu.


Aðkoma þjóðarinnar:

Alþingi svaraði ekki þeirri spurningu hvornig bæri að haga aðkomu þjóðarinnar í heild að endurskoðun stjórnarskrárinnar. Þó er ljóst að vilji þingmanna stendur til þess að ný stjórnarskrá verði ekki endanlega samþykkt án þess að þjóðin komi þar að með beinum hætti. Allsherjarnefnd Alþingis ræddi tvær meginleiðir: ráðgefandi eða bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu.

TILLÖGUR AÐ BREYTINGUM Á STJÓRNARSKRÁ LÝÐVELDISINS ÍSLANDS 1944-2009



TILLÖGUR AÐ BREYTINGUM Á STJÓRNARSKRÁ KONUNGSRÍKISINS ÍSLANDS 1920-1944



Tillögur að breytingum á stjórnarskránni um hin sjerstaklegu málefni Íslands 1874-1920

Flutt voru 22 frumvörp til stjórnskipunarlaganna um breytingar á stjórnarskránni. Tvær breytingar fengust ári 1903 og 1915. Fyrri breytingin var í tengslum við upphaf heimastjórnar á Íslandi 1904 með innlendu framkvæmdarvaldi. Sú síðari var að almennur kosningaréttur var innleiddur.

FRÁ HRUNI TIL DAGSINS Í DAG

Nýtt frumvarp til laga um stjórnlagabing var lagt fram haustið 2009, talsvert breytt frá fyrri frumvarpstíllögum um stjórnlagabing.

- Þingið er ráðgefandi og niðurstaða þess í formi frumvarps skal lögð fyrir Alþingi til meðferðar.
- Skipað minnst 25 og mest 31 þjóðkjörnum fulltrúa.
- Kosið til þings fyrir 30. nóvember 2010 og það skal koma saman eigi síðar en 15. febrúar 2011.
- Starfstími styttr verulega.

ENDURSKOÐUN STJÓRNARSKRÁRINNAR 1944-2007

1918 FULLVELDI

1874: Stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands. 22 tillögur um breytingar til 1918.

1903: Breytingar vegna heimastjórnar á Íslandi (innlent framkvæmdarvald).

1915: Almennur kosningaréttur innleiddur.

1918: Ísland fullvalda ríki

1920: Stjórnarskrá konungsríkisins Íslands. 14 breytingatillögur til 1944. Þingmenn 42

1944 LÝÐVELDIÐ

1934: Kjördæmaskipan fest, þingmönnum fjölgað í 49.

1942: Kosningafyrirkomulagi breytt, þingmenn 52

1944: Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. 108 breytingatillögur til 2008.

1959: Kosningakerfinu breytt. Þingmenn 60.

1968: Kosningaaldur lækkaður úr 25 í 20 ár.

1983: Gunnar Thoroddsen (lagafrumvarp um gagngerar breytingar).

1999 NÝ KJÖRDÆMASKIPAN

1984: Kosningafyrirkomulagi breytt, þingmenn 63, kosningaldur 18 ár.

1991: Deildaskipting Alþingis afnumin.

1995: Mannréttindakaffi stjórnarskrárinnar endurskrifaður.

1999: Kjördæmaskipan breytt. Sex kjördæmi með lögum.

2009: Endurskoðun hafin. Stjórnlagabingur í undirbúningi.

15. apríl 2011 Stjórnlagabingur ber að ljúka störfum, en þó má þingið sækja um framlengingu á starfstíma sínum um allt að tvo mánuði.

■ Ef lokadagur þingsins er 15. apríl og frumvarp samþykkt skal það sent til Alþingis til meðferðar.

■ Stjórnlagabingur ákveður hvort og hvenær þjóðaratkvæðagreiðsla fer fram.

■ Frumvarpið fer hefðbundna leið hjá Alþingi líkt og önnur lagafrumvörp, það er samkvæmt ákvæðum laga um þingsköp Alþingis. Það þýðir að frumvarpið er sent til nefndar og ber að ræða við þjá umræður áður en hægt er að samþykkja frumvarpið á Alþingi.

■ Ef frumvarpið nær samþykki þingsins ber að tjúfa þing þá þegar og boða til alþingiskosninga.

■ Einungis er stofnað til almennra þingkosninga, en ekki til þjóðaratkvæðagreiðslu um lög. Þingið gæti þó tekið ákvörðun um að efnt skuli til kosninga sérstaklega um hina nýju stjórnarskrá.

■ Þegar Alþingi kemur saman að nýju eftir kosningar þarf nýkjörnið þing að samþykkja lög á nýjan leik til að þau taki gildi.

16. júní 2010 Lög um stjórnlagabing nr. 90/2010 samþykkt á Alþingi. Sama dag var sjö manna stjórnlaganefnd kosin af Alþingi.

4.-21. október Stjórnlaganefnd stendur fyrir 7 borgarafundum víðs vegar um landið til að kynna ferlið og gefa íbúum kost að koma sínum sjónarmiðum á framfæri vegna endurskoðunar.

18. október 2010 Framboðsfrestur til Stjórnlagabings rennur út.

6. nóvember 2010 Þjóðfundur með þúsund þátttakendum völdum af handahófi til að ræða málefni stjórnarskrárinnar.

7. nóvember 2010 Niðurstöður þjóðfundarinnar birtar.

8. nóvember 2010 Stjórnlaganefnd tekur til starfa. Nefndinni ber að vinna úr niðurstöðum þjóðfundar og afhenda Stjórnlagabingi þegar það kemur saman, með það að leiðarljósi ber nefndinni að leggja fyrir þingið hugmyndir um breytingar á stjórnarskránni og afla gagna sem nýst geta þingmönnum.

27. nóvember 2010 Kosið til Stjórnlagabings.

15. febrúar 2011 Stjórnlagabingur kemur saman eigi síðar en þann dag, en ekkert er því til fyrirstöðu að þingið komi saman fyrr.

SPARIÐ 70.000

DAKOTA 3+2 sófasett
Stílhreint og flott, brúnt sófasett með PELLISIMA leðri. Frábært verð!
2ja sæta: 170 x 90 x 88 sm.
3ja sæta: 208 x 90 x 88 sm.

FULLT VERÐ: 179.950,-
109.950,-
SÓFASETT 3 + 2

VIÐ ERUM ALLTAF ÓDÝR!

TILBOÐIN GILDA 09.10-10.10

35% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 2.295,-
1.495,-

MATS fataslá
Stærð: B90 x H104/173 x D47 sm.

Basic®

50% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 2.990,-
1.495,-

Fíðursæng
Fyllt með smágerðu andafíðri. Bómullaráklæði. Langsaumúð. Frábært verð! Stærð: 135 x 200 sm.

ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR

VERÐ FRÁ:
299,-

GRAND RIB handklæði
Glæsileg gæðahandklæði. Stærðir: 40 x 60 sm. áður: 499,- Nú **299,-** 50 x 100 sm. áður: 795,- Nú **495,-** 70 x 140 sm. áður: 1.695,- Nú **995,-** 100 x 140 sm. áður: 2.995,- Nú **1.995,-**

TINNA

PRJÓNABLAÐIÐ YR
Tölublað nr. 44. Komdu og tryggðu þér eintak í verslunum okkar! Eigum mikið úrval af frábæru prjónagarni frá TINNU. Eigum m.a. SMART, LANETT, SISU og ALFA.

NYTTI!

NIGHT DREAMS sængurverasett
Flott sængurverasett á frábæru tilboði! Efni: 55% polyester og 45% bómull. Tölur að neðan. Fæst í tveimur litum. Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm.

VERÐ ÁÐUR: 1.295,-
795,-

U.P.B. 40% AFSLÁTTUR

FRÁBÆRT VERÐ!

SOKKABUXUR 2 PÖR
1.195,-

Sokkabuxur fyrir börn
Nokkrar flottar gerðir. 2 pör saman í pakka á frábæru verði! Stelpustærðir: 0-6 ára. Strákastærðir: 0-4 ára.

20% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 2.495,-
1.995,-

Hraðsuðuketill
Góður hraðsuðuketill. Tekur 1,7 lítra.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

40% AFSLÁTTUR

5 PÖR ÁÐUR: 499,-
299,-

Ökklaskokkar
5 pör í pakka á frábæru tilboði! Fást í gráu, hvítu og svörtu.

10 ltr.

4.885,-

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐIÐ**

Innimálning

Góð veggmalning innanhúss
Gljástig 10.
7119961



7.849,-

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐIÐ**

Ryksuga

Power Plus ryksuga
sem ryksugar bæði
ryk og vatn
1200W 20L
5247007



LÆGSTA LÁGA ÞÖKKUM FRÁBÆRAR

1.490 kr/m²

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐIÐ**

Loftljós Discos

Hvít 31 cm.
6003250

1.290,-

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐIÐ**

Veggflís

Blanco Rustico
inniflísar
20x25 cm
8611001



Vörutrilla

Danboren vörutrilla,
ber 150kg
5080150

5.499,-

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐIÐ**



Passaðu uppá bakið

Sturtuhorn

25.900,-

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐIÐ**



Dúnúlpá

Herra/dömu.
5869816-34

9.900,-

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐIÐ**

Dúnúlpá dömu



Dúnúlpá herra



Kuldagalli

M-4XL, m/öndun,
vatnsfráhrindandi,
sterkur og þjáll.
5868254-58

7.590,-

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐIÐ**



Barnakuldagalli

Stærðir 86-128. Til í Skútuvogi,
Grafarholti, Akureyri, Selfossi,
Reykjanesbæ, og Egilsstöðum
5869840-41

Sturtuhorn

Hamrað gler, 80 cm botn.
8028600

Barnakuldagalli

6.390,-

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐIÐ**



Húsasmiðjan lækkar verð

á völdum vörum og lætur ávinning af nýjum og betri samningum við framleiðendur renna beint til neytenda. Við leggjum okkur fram um að bjóða lægra verð til hagsbóta fyrir heimilin í landinu. Það köllum við lægsta lága verðið í Húsasmiðjunni!

Eldföst mót
24x24 sm og 30x21 sm.
2009373-4

999 kr/stk

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐIÐ**

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐIÐ
Í HÚSASMÍÐJUNNI**

**VERÐIÐ
VIÐTÖKUR!**



999,-

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐIÐ**

Búkki tré
5079904

57.800,-

Kælir/fristir
Orkunýting A
143x 58x 55 cm
1805498

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐIÐ**

Frigor
5 ára ábyrgð

Kælrými 171 ltr.

Frystirými 41 ltr.



10 stk.

590,-

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐIÐ**

Perur Osram
Glærar 40W/60W.
10 stk. í pakka.



OSRAM



OSRAM

10.000 klst

sparpera

360,-

Sparpera Osram
Dulux-S 9W.
6189206

sparpera

599,-

Sparpera Osram
Dulux-Value 11W.
6189468

6.000 klst

OSRAM

3.990,-

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐIÐ**

Baðherbergissett /hvítt
8056568



1.990,-

Baðvog
stafræn / gler
8056568



**RÝMINGARSALA
Í SKÚTUVOGI
50% afsláttur**

**SKJÓLVEGGIR • SKJÓLGIRÐINGAR
BEKKIR • GARDHLID • BLÓMAKER
BLÓMAKASSAR • SANDKASSAR
PALLAEININGAR • SAFNKASSAR
TRÖPPUKJÁLKAR og margt fleira**

Sandkassi með loki
150x150cm
600249

**7.490,-
14.980,-**



Parket
Eik Robust 3ja
stafa lakkað
146800

3.890 kr/m²

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐIÐ**

Mjög liflegt og fallett efni



Tarkett



HÚSASMÍÐJAN

Vægðarlaus veröld Facebook

David Fincher leikstýrir kvikmyndinni *The Social Network* sem fjallar um málshöfðarnir í tengslum við Facebook-síðuna. *Freyr Bjarnason* hitti hann í París þar sem hann ræddi um gerð myndarinnar og samstarf sitt við *Sigurjón Sighvatsson*.

David Fincher er einn virtasti kvikmyndaleikstjóri samtímans. Eftir hann liggja flottar myndir á borð við *Fight Club*, *Se7en*, *Zodiac* og *The Curious Case of Benjamin Button* sem allar bera vott um meistaralegt handbragð þar sem mikil áhersla er lögð á vandað útlit. Þessi áhersla á útlit hefur oft verið meira áberandi í myndum hans en leikararnir sjálfir en í hans nýjustu mynd, *The Social Network*, er raunin önnur. Samtöl fram og til baka í tíma eru aðall myndarinnar og þrátt fyrir efasemdir blaðamanns í upphafi um að kvikmynd um Facebook gæti gengið upp tekst Fincher að kveða þær niður á eftirminnilegan hátt.

The Social Network fjallar um uppruna Facebook-síðunnar vinsælu og það hvernig stofnandi hennar, Mark Zuckerberg, þurfti að glíma við málshöfðanir eftir að hún var sett á laggirnar fyrir aðeins sex árum. Með helstu hlutverk fara Jesse Eisenberg, Andrew Garfield og Justin Timberlake.

„Hvernig tókst þér að breyta mynd þar sem eru nánast eintóm samtöl yfir í kvikmynd? „Margir sem lásu handritið sögðu við mig að þetta væri útvarpsleikrit og myndi ekki ganga upp sem kvik-

mynd. En raunveruleikinn sem birtist í atriðum myndarinnar sýndi að þeir höfðu rangt fyrir sér. Þessi mynd er vissulega uppfull af samtölum en það er ekki þar með sagt að hún gangi ekki upp þrátt fyrir að engir bílar séu sprengdir í loft upp,“ segir Fincher. „Við vorum ekki að gera kvikmynd um ævi Mark Zuckerberg eða um ævi Eduardo (vinar Zuckerberg úr Harvard sem starfaði fyrst með honum við Facebook). Við vorum að gera kvikmynd um þrjú viðhorf í tengslum við málshöfðanir sem áttu sér stað fyrir nokkrum árum. Við vissum hvernig samið var í málunum. Myndin er byggð á skjölum um þetta mál sem allir geta nálgast.“

Hef ekkert á móti Facebook

Sumir telja að Fincher láti Zuckerberg, sem Eisenberg túlkar, og Sean Parker, annan af stofnendum Napster sem Timberlake leikur, líta illa út í myndinni.

„Ég lít hvorki á Sean Parker né Zuckerberg sem slæma náunga. Ég lít á þá sem mjög einbeitta einstaklinga sem starfa í heimi sem getur verið mjög vægðarlaus. Þeir gera það sem þeir gera til að vernda mikilvægan hlut sem 5-600 milljónir manna nota í dag. Það er dálítill einföldun að segja bara: „Hérna er góði gæinn og hérna



DAVID FINCHER Leikstjórinn segist hafa lært mikið af Sigurjóni Sighvatssyni.

NORDICPHOTOS/GETTY

er vondi gæinn“. Ég ætla ekki að halda því fram að þeir hafi hagað sér á eins mannúðlegan hátt og þeir hefðu átt að gera. En það er kannski erfitt þegar svona miklir peningar eru í húfi,“ útskýrir Fincher. „Við erum að tala um þessi dómsmál og þetta voru sérstakar aðstæður. Við vildum einbeita okkur að dramatíkinni. Ég hef ekkert á móti Zuckerberg og ekkert á móti Facebook sem tæknilegu fyrirbæri. Mér finnst það vera alveg jafnmikill tímaþjófur og Gilligan's Island þar fyrir mig þegar ég var yngri.“

Hann bætir við: „Mér fannst við ekki vera að reyna að ráðast til atlögu gegn Mark Zuckerberg. Við litum frekar á hann sem áhuga-verða persónu, rétt eins og Travis Bickle (aðalpersónu *Taxi Driver*), eða sögumanninn í *Fight Club*.“

Lærði mikið af Sigurjóni

Fincher hóf feril sinn við gerð tónlistarmyndbanda hjá Propaganda Films, sem Sigurjón Sighvatsson stofnaði ásamt Steve Golin. Árið 1990 framleiddi fyrirtækið um þriðjung allra tónlistarmyndbanda í Bandaríkjunum. Fincher tók upp myndbönd með Madonna, George Michael og Paulu Abdul við góðar undirtektir og færði sig í framhaldinu yfir á hvíta tjaldid. Spurdur hvort Sigurjón hafi átt þátt í að koma Fincher á kortið sem kvikmyndagerðarmanni segir leikstjórinn: „Ég lærði mikið af Jonna, sérstaklega hverja ég ætti að forðast í bransanum. Hann kom upp að mér og sagði: „Þeir eiga aldrei eftir að eyða milljónum dollara í tónlistarmyndbönd,“ segir hann og hlær. „Jonni var minn Eduardo.“

The Social Network var aðsóknarmesta myndin vestanhafs um síðustu helgi, auk þess sem gagnrýnendur virðast sammála um að þarna sé á ferðinni mynd sem geti hæglega blandað

MYNDBÖND OG KVIKMYNDIR

Tíu vinsæl tónlistarmyndbönd Davids Fincher

- Only - Nine Inch Nails (2005)
- Love Is Strong - The Rolling Stones (1994)
- Who Is It? - Michael Jackson (1993)
- Freedom '90 - George Michael (1990)
- Vogue - Madonna (1990)
- Janie's Got a Gun - Aerosmith (1989)
- Express Yourself - Madonna (1989)
- Straight Up - Paula Abdul (1989)
- Englishman in New York - Sting (1988)
- Johnny B - The Hooters (1987)

Kvikmyndir Davids Fincher

- The Girl with the Dragon Tattoo (2011)
- The Social Network (2010)
- The Curious Case of Benjamin Button (2008)
- Zodiac (2007)
- Panic Room (2002)
- Fight Club (1999)
- The Game (1997)
- Se7en (1995)
- Alien 3 (1992)



Ég lít hvorki á Sean Parker né Zuckerberg sem slæma náunga. Ég lít á þá sem mjög einbeitta einstaklinga sem starfa í heimi sem getur verið mjög vægðarlaus.

sér í kapphlaupið um Óskarsverðlaunin á næsta ári. Fincher hefur aldrei hlotið Óskarinn og hver veit nema stóra stundin hans sé loksins að renna upp. Þess má geta að Fincher er þegar byrjaður að taka upp næstu mynd sem er endurgerð hinnar sænsku Karlar sem

hata konur, sem er byggð á samnefndri metsölubók Stiegs Larsson. Þar fara þau Daniel Craig og Rooney Mara, sem einnig leikur í *The Social Network*, með hlutverk blaðamannsins Mikael Blomkvist og hinnar óútreiknanlegu Lisbeth Salander.

ARI ELDJÁRN

The Game frábær

Stíliseraðar myndir með áhugaverðum persónum

Tvæ af myndum Davids Fincher, *The Game* og *Fight Club*, eru í miklu uppáhaldi hjá grínistanum og kvikmyndaáhugamanninum Ara Eldjárn.

„The Game er ógeðslega skemmtileg mynd fyrir handritshöfundu til að þæla í. Þar er öllu snúið á hvolf og það er ótrúlega gott plott í henni. Mér finnst *Fight Club* líka alveg frábær. Ef hún kæmi út í dag væri hún örugglega tíu sinnum vinsælli en þegar hún kom út. Hún er svo forspá. Það er svo margt í henni sem á við um það sem er

að gerast í heiminum,“ segir Ari.

Spurdur um hvað einkenni Finchers sem kvikmyndagerðarmanns segir hann: „Það er allt dálítið dimmt sem hann gerir. Hann nær að gera myndir sem eru ótrúlega stíliseraðar en samt nær hann alltaf að búa til áhugaverðar persónur. Mér fannst reyndar *Panic Room* frekar leiðinleg mynd. Útlit hennar er flott en þar eru minnst spennandi persónurnar. *The Game*, *Se7en* og *Fight Club* eru aftur á móti í raun persónudrama.“



ALLIR VÖÐVAR SPENNTIR Í AFSLÖPPUÐU UMHVERFI



FIT-PILATES MEÐ LOVÍSU

FIT-PILATES – skemmtilegar æfingar sem styrkja þig og móta fallegar línur. Fit-Pilates þjálfar djúpvöðva líkamans, gefur langa fallega vöðva, sléttan kvíð, grónn læri, sterkt bak, betri líkamsstöðu og aukinn liðleika.

8 vikna Fit-Pilates námskeið hefst 19. október nk.

Verð aðeins kr. 19.200.

Tvisvar í viku, þriðjudaga og fimmtudaga, kl. 9.00 og kl. 18.00.

Skráning í síma 892-1598 eða lovisa@heima.is.

Kennt er í Mecca-spa, Nýbýlavegi 24, Kópavogi.

Kíktu á heimasíðu okkar www.studiosoleymar.is

LÆGRA VERÐ en HVAD?



ALIBERT Salerni með stút í gólf og setu
Tilbúið til tengingar

18.900



VITRA S50 handlaug 60 cm

4.790



VEMAR handlaugartæki

3.790



DEKA PRO 10 innimálning 4L

2.790



Scala Lackfarg 30 (olíu) 1 líter

1.395 kr.



Deka Meistaralakk 40 og 70
Akrýllakk. 1 líter

1.495 kr.



Gæða rúllusett

795



EINHELL Ryksuga 1250 W

7.690



JJ TOOLS Borvélasett

1.995



Hitablásari 2 Kw

1.995

Mikið úrval hitablásata


LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM



8.3mm

Gæða plastparket eik, 1220x195x8.3mm

1.295 kr. pr. m²




Martinelli, 3 stafa Eik Natur 2200x189x14mm

3.790 kr. pr. m²



Bílskúrsflís, ljósgrá 33x33cm - Frostheld

1.790 kr. pr. m²



Gólfplisar 30x30cm á þvottahús,
geymslur og bílskúra

1.190 kr. pr. m²

Reykjavík Klettháls 7. Ópið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16
Kópavogur Smiðjuvegur 72. GRÓFVARA Ópið virka daga kl. 8-18
Reykjanesbær Fuglavík 18. Ópið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Akureyri Furuvellir 15. Ópið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Húsavík - Flúðir - Vestmannaeyjar
Flísa & Bað markaðurinn Bæjarlind 6. Kópavogi



MÚRBÚÐIN

- Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Murbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!



Alex Máni Guðriðarson

bar sigur úr bytum í ljósmynda-keppni Fréttablaðsins. „Við vorum að leika okkur og ég vissi af keppninni og tók myndir þegar hún fór að leika sér með laufblöð,“ segir Alex Máni Guðriðarson, þrettán ára, sem hefur haft áhuga á ljósmyndun síðan hann var átta ára. „Ég tek alls konar myndir, af fólki, dýrum og fuglum.“

Alex hlaut gjafabréf fyrir tvo frá Iceland Express en Benedikt H. Sigurgeirsson og Bragi J. Ingibergsson sem hrepptu annað og þriðja sætið fengu gjafabréf fyrir tvo í Þjóðleikhúsið. Í dómnefnd sátu Pjetur Sigurðsson, yfirmaður ljósmynda-deildar Fréttablaðsins, Ólafur Þ. Stephensen, ritstjóri Fréttablaðsins, og Einar Skúlason, markaðsstjóri Fréttablaðsins.

HAUSTKYRRÐ Ljósmyndun er áhugamál Braga J. Ingibergssonar sem tók þessa mynd við Hreðavatn á fallegum degi í Borgarfirðinum í haust. „Ég fer oft í slíkar ferðir enda aðaláhugamálið og hefur verið talsvert lengi,“ segir Bragi, sem hreppti annað sætið í keppninni.

MYND/BRAGI J. INGIBERGSSON



250 tóku þátt í ljósmynda-keppninni

Fréttablaðið efndi til ljósmyndasamkeppni í vikunni meðal lesenda sem hvattir voru til að senda inn myndir af fólki um haust. 250 myndasmíðir tóku þátt og má hér sjá myndirnar sem hrepptu annað og þriðja sætið auk tveggja sem þóttu sérlega athyglisverðar.



Í LYSTIGARÐINUM „Við vorum saman í Lystigarðinum hér á Akureyri feðginin að mynda haustlauf. Ég hef gaman af því að mynda og dóttir mín Helga hefur smitast af áhugamálinu,“ segir Benedikt H. Sigurgeirsson. Eftir að hafa skoðað afrakstur dagsins afréð hann að senda inn mynd í keppnina og hreppti hún þriðja sætið.

MYND/BENEDIKT H. SIGURGEIRSSON



HAUSTSPOR Í SANDI Gunnar Salvarsson tók þessa mynd í fjörunni við Eyrarbakka af frænku sinni Herdís Heklu. „Ég er eldheitur áhugaljósmyndari og er yfirleitt með vélinu á öxlinni. Sú var raunin um síðustu helgi þegar ég var á Eyrarbakka í heimsókn í afmæli. Við gengum svo niður í fjöruborðið og Herdís Hekla trítlaði á undan mér á tánum enda með eindæmum hlýtt.“

MYND/GUNNAR SALVARSSON



HRAFNHILDUR Í HELLISGERÐI Edda Svavarsdóttir er á listnámsbraut í Iðnskólanum í Hafnarfirði og tók þessa mynd í Hellisgerði sem hluta af verkefni sem hún vann með hárgreiðslunema. „Við vorum paraðar saman og þurftum að redda módeli, Hrafnhildur heitir hún. Svo sá ég keppnina auglýsta og ákvað að taka þátt, fékk leyfi hjá fyrirsætunni og sendi inn mynd.“

MYND/EDDA SVAVARSDÓTTIR

22

FRÁBÆRAR HUGMYNDIR FYRIR BAÐHERBERGIÐ



einfaldlega betri kostur



TEALIGHT. Kertaglas. Gler. Verð 295,- /stk.



NATURE. Svampur. Verð 1.495,-



SISAL. Baðhanski svartur. Verð 895,-



FOREST. Baðmotta tré dökk. 50x70 cm. Verð 6.995,-



BATH. Baðvog. Stál/gúmmí. Verð 9.995,-



ROUND. Sápudæla. Svört/hvít. Verð 3.495,-/stk.

shopOnline

Verlaðu á ilva.is
Sendum um allt land



BIN. Ruslafata stál. 35x24x24 cm. Verð 8.995,-



CONFETTI. Sápudæla. 3 litir. Verð 1.995,- /stk.



BATH. Baðsvampur m/snúru. Margir litir. Verð 395,- /stk.



PEARL. Spegill. Perluáferð. 40x80 cm. Verð 10.995,-
Einnig fánlegur í ördum stærðum.



TYRA. Bast karfa svört, fóðruð. 12x27x31 cm. Verð 1.495,-
15x31x35 cm. Verð 1.995,-
17x35x40 cm. Verð 2.495,-



ARTICO. Bakbursti. Verð 1.395,-
Naglabursti. Verð 695,-
Einnig fánlegt í ördum litum.



CYLINDRICAL. Tannburstaglas. Verð 1.295,-
Sápudæla. Verð 2.995,-
Klósettbursti. Verð 4.995,-



SOAP. Handsápur. Margir litir. Verð 695,- /stk.



BASE. Handklæði. 100% bómullarfrotte 500g/m³. Ýmsir litir. 33x50 cm. Verð 495,-
50x100 cm. Verð 995,-
70x130 cm. Verð 1.995,-
100x150 cm. Verð 2.995,-

© ILVA Island 2008



CONFETTI. Ruslafata. Verð 5.995,-



ROOM. Híbylailmur. 100 ml. Nokkrir ilmir. Verð 2.995,-



Gjafakort eru gefin út á þjónustuborði ILVA. Frábær gjöf fyrir upphæð að eigin ósk.



MARSEILLE. Fljótandi sápa. 500 ml. Verð 2.995,-



COUNTRY. Sápuskál. Verð 1.495,-
Sápudæla. Verð 2.495,-
Klósettbursti. Verð 2.995,-



BATH. Nuddbolti. Margir litir. Verð 695,- /stk.



WALLBASKET. Karfa á vegg. Verð 1.990,- /stk.



NATURE. Baðhanski. Verð 795,- /stk.



Samloka og salat. Verð 395,-



Gömul Spaugstofa á nýjum stað

Spaugstofan mætir til leiks á nýjum vettvangi, í dagskrá Stöðvar 2, í kvöld. Af því tilefni hitti *Kjartan Guðmundsson* leikarana Karl Ágúst Úlfsson og Sigurð Sigurjónsson og leit með þeim á ljósmyndir frá næstum aldarfjórðungs langri sögu stofunnar.

Pað hefur verið mjög skemmtileg reynsla að breyta svona til. Við vorum í góðum höndum á RÚV en erum nú komnir á nýjan vinnustað með nýju fólki og það breyttist fátt hjá Spaugstofunni nema aðstæðurnar. Það er enginn bilbugur á okkur nema síður sé, okkur þykir ógrandi að breyta svona til, en líður mjög vel," segir Sigurður Sigurjónsson Spaugstofu- maður í tilefni þess að vinsæll sjón- varpsþáttur þeirra félaga hefur nú göngu sína á Stöð 2 eftir rúmlega

tveggja áratuga dvöl hjá RÚV.

Aðspurður segir Karl Ágúst Úlfsson, félagi Sigurðar í Spaugstofunni, að áður hafi verið gerðar tilraunir til að fá þáttinn yfir á aðrar sjónvarpsstöðvar, en langt sé síðan slíkt gerðist síðast. „Á fyrstu árunum á RÚV varð þátturinn mjög vinsæll og þá var ekki laust við að aðrir fjölmiðlar gæfu okkur undir fótinn, en það kom aldrei til greina.“

„Auðvitað er það alltaf sama íþróttakeppnin að framleiða svona þátt einu sinni í viku og við nær- umst á því," bætir Sigurður við.

1987 UNGIR OG FALLEGRIR



Sigurður: „Það fyrsta sem slær mann við þessa mynd er auðvitað hversu ungir og fallegir þessir menn eru. Þarna er Laddi með okkur en Pálmi kom síðar inn í hópinn. Hann hafði verið bekkjarbróðir Arnar í Leiklistarskólanum, leigði með okkur vinnuaðstöðu og svo atvikaðist það bara þannig að Pálmi varð einn af hópnum. Laddi var svo með okkur í Imbakassanum á Stöð 2 nokkrum árum síðar þegar hlé var gert á Spaugstofunni.“

Karl Ágúst: „Þetta er í raun fyrsta eiginlega Spaugstofan. Þessi hópur gerði saman Áramótaskaupið 1985 og svo fjóra þætti Á RÚV undir nafninu Spaugstofan árið 1987. Skömmu síðar veðjaði Hrafn Gunnlaugsson, sem var dagskrárstjóri RÚV á þeim tíma, á að setja á vikulega þætti og þannig varð '89 á Stöðinni til.“

1990 SKOPSTÆLING Á STÖÐ 2



Karl Ágúst: „Fyrstu árin var Stöðin öðrum þræði skopstæling á Stöð 2. Á þessum tíma voru einhverjir nýir menn að gerast hluthafar í Stöð 2 og við bjuggum til þá sögu að hluthafarnir væru bændur, og þess vegna yrði landbúnaðurinn í öndvegi hafður hjá stöðinni.“

Sigurður: „Ég man að þessi dýr skitu út um allt og lyktin var í fréttasettinu í talsverðan tíma á eftir.“

1992 ERLENDUR FRÉTTAMAÐUR



Sigurður: „Þarna er Erlendur fréttamaður að taka viðtal hjá Álverinu í Straumsvík, væntanlega í tengslum við einhver stóriðjumál. Erlendur hefur eiginlega sérhæft sig í viðtölum við Ragnar Reykás síðustu árin og á tímabili var samband þeirra

tveggja orðið ansi flókið og náð.“

Karl Ágúst: „Já, gott ef Erlendur og Ragnar voru ekki orðnir kvíðmágar og ég veit ekki hvað og hvað.“

2008 DANSað Á LÍNUNNI



Karl Ágúst: „Hér eru Erlendur Eiríksson og Pálmi í hlutverkum Ólafs F. Magnússonar og Vilhjálms Vilhjálms-sonar í kringum meiri- hlutaskiptin frægu í borginni fyrir nokkrum árum. Viðbrögðin voru nokkuð mikil og við vorum sakaðir um að hafa veist persónulega að Ólafi, sem var alls ekki ætlunin.“

Sigurður: „Spaugstofan vill vera á línunni, þar eigum við heima, og líklega höfum við einmitt verið á línunni í þessu tilfelli.“

2004 SLETT UPP UM ALLA VEGGI Á DEGI ÍSLENSKRAR TUNGU



Karl Ágúst: „Spaugstofan fékk Edduverðlaunin fyrir besta skemmtiþátt ársins árið 2004, og við fengum þau svo rækilega að síðan höfum við ekki einu sinni verið tilnefndir. Þau verðlaun sem okkur þykir vænst um eru líklega viðurkenning frá Íslenskri málnefnd á degi íslenskrar tungu árið 2003.“

Sigurður: „Kristján Ólafsson veitti þeirri viðurkenningu viðtöku og sletti á ensku upp um alla veggi, sem var fullkomlega við hæfi.“

2008 ARNARHÓLL FYRIR OG EFTIR KREPPU

Karl Ágúst: „Þessi mynd er tekin fyrir kreppu, þegar fréttir höfðu borist af því að bankarnir ættu í erfiðleikum, og Kór bankamanna er þarna að betla meiri peninga af Davíð Oddssyni.“

Sigurður: „Við höfum ansi oft tekið upp á Arnarhóli. Þegar fyrstu atriðin með rónunum Boga og Örvari voru tekin upp var þetta stóra hús fyrir aftan ekki risið. Útsýnið yfir Esjuna var mjög fallegt en peningarnir byrgðu sýn.“



HLÝTT Í VETUR

OPNUNARTILBOÐ
Á MJÚKUM DÚNÚLPUM

35%

AFSLÁTTUR

GILDIR ÚT OKTÓBER

ICEWEAR HEFUR OPNAÐ GLÆSILEGA VERSLUN Á
HORNI BANKASTRÆTIS OG ÞINGHOLTSSTRÆTIS

LÍTTU VIÐ!

ICEWEAR - Þinghóltsstræti 2, sími 561-9619, www.icewear.is
Opnunartímar: mánudaga-laugardaga 10-20, sunnudaga 11-20

SKISSA



**ICE
WEAR**
íslensk hönnun

EVA
mjúk dúnúlpa
~~27.720,-~~
Tilboð:
19.900,-



11 Dark Slate 17 Bossa Nova 19 Black-Green

EVA
mjúk dúnkápa
~~29.700,-~~
Tilboð:
19.900,-



01 Black

EVA
mjúkt dúnvesti
~~19.800,-~~
Tilboð:
12.900,-



17 Bossa Nova 19 Black-Green

ENOK
mjúk dúnúlpa
~~29.920,-~~
Tilboð:
19.900,-



01 Black 19 Black-Green

ENOK
mjúkt dúnvesti
~~19.800,-~~
Tilboð:
12.900,-



01 Black

John hefði fílað Ísland í botn

John Lennon, einn áhrifamesti tónlistarmaður sögunnar, hefði orðið sjötugur í dag hefði hann lifað. Af því tilefni kemur ekkja hans **Yoko Ono**, fram ásamt Plastic Ono Band í Háskólabíói í kvöld, auk þess sem hún afhendir LennonOno-fríðarverðlaunin og kveikt verður á fríðarsúlunni í Viðey. *Kjartan Guðmundsson* sló á þráðinn til Yoko og ræddi við hana um tónleikana og fleira.

Ég elska Ísland og þykir alltaf mjög gaman að koma þangað, sérstaklega þegar snjóar. Ég elska snjó og þegar ég hugsa um Ísland ímynda ég mér landið alltaf hulið hvítum snjó. Ég hef oftsinnis ætlað mér að fjárfesta í húsi á Íslandi en þegar ég kem er ég alltaf svo upptekin að ég hef ekki haft tíma til að leita að húsnæði. Kannski breytist það einhver daginn,“ segir Yoko Ono, ekkja Bítillsins fræga Johns Lennon sem hefði orðið sjötugur í dag, en hann var myrtur fyrir utan heimili sitt í New York í desember árið 1980.

Í tilefni afmælisins kemur Yoko fram ásamt hljómsveit sinni Plastic Ono Band, sem Yoko stofnaði ásamt eiginmanni sínum árið 1969, í Háskólabíói í kvöld. Yoko mun einnig afhenda LennonOno-fríðarverðlaunin í Höfða í dag og þá verður kveikt á fríðarsúlunni í Viðey sem vígð var við hátíðlega og eftirminnilega athöfn fyrir þremur árum.

EKKI VÖN SVONA GÓÐUM VIÐTÖKUM
Yoko Ono og Plastic Ono Band gáfu

út plötuna Between My Head and the Sky á síðasta ári og var það í fyrsta skipti í 24 ár sem nafn sveitarinnar var notað, síðan safnplatan Shaved Fish kom út árið 1975. Between My Head and the Sky hlaut víða frábærar viðtökur gagnrýnenda og segir Yoko, sem er stödd í Los Angeles þegar blaðamaður slær á þráðinn til hennar, það hafa komið sér nokkuð á óvart.

„Ég er ekki von að fá góðar viðtökur gagnrýnenda við því sem ég hef gert, nema kannski hjá áhuga-fólki um framúrsteftulega tónlist. Plötunni sem við gáfum út á síðasta ári var vel tekið og að undanföru hefur Plastic Ono Band



TVÖFALDUR HUGARBURÐUR Upprunalegt umslag plötunnar Double Fantasy frá 1980 og umslag endurútgáfunnar sem kom út í vikunni.

haldið nokkra tónleika í Bandaríkjunum, meðal annars í New York og Los Angeles, sem hafa verið frábærir,“ segir Yoko og bætir við að Íslendingar geti átt von á góðu „sjói“, jafnt fyrir augu og eyru. „Þetta verða kraftmiklir rokk-tónleikar, það er alveg á hreinu, en

ég vil ekki segja of mikið. Tónleikarnir eiga líka að koma á óvart,“ segir hún.

Ógnvekjandi gott band

Meðlimaskipan Plastic Ono Band hefur flókt nokkuð í gegnum tíðina, en meðal fyrrum meðlima sveitarinnar má nefna

Bítlana George Harrison og Ringo Starr, gítargóðið Eric Clapton, trommusénið Keith Moon úr The Who og Klaus Voorman, góðan vin Bítlanna sem meðal annars lék á bassa í hljómsveitinni Manfred Mann og var einnig upptökstjóri lagsins Da Da Da með Trio, sem margir ættu að muna eftir frá níunda áratugnum.

Hin nýja útgáfa sveitarinnar er skipuð þeim Yoko Ono, Sean Lennon, syni Johns og Yoko, og japanska tónlistarfólkinu Keigo Oyamada, eða Cornelius, og Yuka Honda ásamt fleirum. Fyrr á þessu ári hélt Plastic Ono Band tónleika þar sem Eric Clapton og Klaus Voorman stigu á svið ásamt fríðum flokki gesta á borð við Lady Gaga, Kim Gordon og Thurston Moore úr Sonic Youth og Paul Simon.

Aðspurð segist Yoko ekki hyggja á að flytja neina sérstaka gesti með sér til að koma fram á tónleikunum í Háskólabíói. „Fólk eins Eric Clapton á mjög annríkt og getur ekki hoppað á tónleika með okkur eins og ekkert sé. Auk þess er bandið ógnvekjandi gott í núverandi mynd. Kannski reka margir upp stór augu og velta fyrir sér hvort einhver rokk-tónlist fyrirfinnist yfir höfuð í Japan, en þetta er allt stórkostlegt tónlistarfólk,“ segir Yoko.



NEW YORK Yoko Ono og John Lennon röla um C árið 1980. Yoko segist sakna Johns á hverjum degi

Sakna Johns á hverjum degi

Spurð hvort afmælisdagur Johns vekti upp sérstaklega sterkar tilfinningar innra með henni segir Yoko svo í raun ekki vera.

„Ég sakna hans alla daga og alltaf jafn mikið, eins og allur heimurinn, en þetta eru samt jákvæðar

SAMSTARF LENNON OG GUNNA ÞÓRÐAR?

Þann 1. apríl árið 1970 birtist á baksíðu Vísis frétt undir fyrirsögninni „Ég hélt að Íslendingar töluðu ensku,“ þess efnis að John Lennon og Yoko Ono væru stödd á landinu í þeim tilgangi að vinna að uppsetningu söngleiks ásamt hinum landskunna gítarleikara og lagasmiði Gunnari Þórðarsyni, þáverandi meðlimi ofurgrúppunnar Trúbrotis. Samkvæmt fréttinni hafði blaðamaður Vísis átt stutt spjall við John, Yoko og Gunnar á Grillinu á Hótel Sögu þá um morguninn, þar sem fram kom að Gunnar hefði hitt Paul McCartney á skemmtistaði í London og greint honum frá hugmynd sinni að söngleikum „Mr. White Shirt and Tie“ sem fjallaði um yfirborðsmennskuna sem er ráðandi hjá þorra fólks í nútímasamfélagi. Paul átti að hafa otað hugmyndinni að Lennon, sem leist svo vel á að hann var mættur til landsins til skrafs og ráðagerða með Gunnari, sem hafði tekið Hálogabraggan á leigu til verksins.

Um samskipti blaðamanns og Lennons segir meðal annars í fréttinni: „Eru Íslendingar almennt eins hreinir og beinir og gamla konan, sem ég mætti hér fyrir utan?“ segir John svo allt í einu. „Hún kom til mín og spurði hvort ég væri ekki örugglega einn af þessum bítlumum? Ég skildi auðvitað ekki stakt orð af því sem hún sagði og varð því að hrista höfuðið, en hún lét það gott heita og fór.“ Undir lok viðtalsins átti svo Yoko að hafa horfið á braut í þeim tilgangi að kaupa sér skautbúning fyrir viðtækt þjóðbúningasafn sitt. Með fréttinni fylgdi ljósmynd af Gunna Þórðar í innilegum samræðum við mann sem líktist Lennon á Hótel Sögu. Vart þarf að taka fram að þarna var á ferð eitt af hinum óborganlegu aprílþöbbum sem íslenskt fjölmiðlafólk hefur bryddað upp á í gegnum tíðina. Ekki er vitað til þess að John Lennon hafi nokkru sinni sótt Ísland heim, þótt spúsa hans hafi verið tíður gestur hér hin síðari ár.



SAMSUNG SETRIÐ

TURN ON TOMORROW

NÝ VERSLUN Í SÍÐUMÚLA 9

Samsung G35

GLÆSILEG HLJÓMTÆKJASTÆÐA
2x8 W

VERÐ 49.900,-

Samsung BD-C5500

BLU-RAY DVD SPILARI

EDALGRIPUR FRÁ SAMSUNG

OPUNARTILBOÐ: 34.900,-

Samsung LE-32C575

32" LCD SJÓNVARP

FULL HD - Innbyggður gerflinnattáttakari

OPUNARTILBOÐ: 129.900 kr.

Samsung SMX-F40

HÁGÆÐA VIDEÓ UPPTÖKUVÉL

Víðeð upptaka (720 x 480 @60i) - 2,7" LCD skjár í Full HD upplausn - 82 x Optical Zoom - Notar SD/SDHC kort

LISTAVERÐ: 44.900 kr.

OPUNARTILBOÐ: 39.900,-

Samsung EC-E571

STAFRÆN MYNDAVÉL

12,2 milljón pixlar
2,5"skjár - 3x Optical Zoom
DIS (Digital Image Stabilization)
Face detection

TASKA OG 2 GB KORT FYGLIR

VERÐ: 18.900 kr.

Samsung VCC-4180

1800W RYKSUGA

LISTAVERÐ: 17.900,-

OPUNARTILBOÐ: 14.900 kr.

Samsung

SAMSUNG Þvottavélar og þurrkarar

Vekja mikla athygli fyrir nýjungar!

20% OPUNAR AFSLÁTTUR

VERÐ FRÁ 71.920,-

Samsung UE40C6825

SAMSUNG · Örblygjuofnar

OPUNARTILBOÐ: VERÐ FRÁ 19.900,-

Nýtt og glæsilegt!

Samsung UE40C6825

FULL HD-100Hz
Innbyggður gerflinnattáttakari
3 cm þykkt

40" LED SJÓNVARP

OPUNARTILBOÐ: 249.900 kr.

Samsung RL 38

KÆLIR/FRYSTIR

182 cm hæð
Litur: Hvítur, stál, svartur

LISTAVERÐ: 179.900 KR.

OPUNARTILBOÐ: 143.920 kr.

Samsung UE46C8705XS

3D LED SJÓNVARP

FULL HD 1920 x 1080 - 16:9 (breiðljaki)
Mega Dynamic Contrast - 200 HZ Motion Plus

40"-399.900 // 46"-499.900

Samsung R530-J101SE

FRÁBÆR FARTÖLVA

LISTAVERÐ: 149.900,-

OPUNARTILBOÐ: 119.900 kr.

Samsung ML-1660

NÝR LASER-PRENTARI

LISTAVERÐ: 23.900,-

OPUNARTILBOÐ: 17.900 kr.

EISA AWARD Best Product 2010-2011

3D SOLUTION

Samsung UE40C8000 • HT-C6930W

Það rignir yfir SAMSUNG verðlaunum og viðurkenningum fyrir afburða vandaðar vörur. Það er okkur sannur heiður að opna SAMSUNG SETRIÐ tileinkað fjölbreyttu úrvali af hágæða vöru. **Ávallt velkomin!**

SAMSUNG

Samsung Galaxy 5
Nýjasti síminn með snertskjá.
Android stýrikerfi.
VERÐ 39.900,-

SAMSUNG SETRIÐ · SÍÐUMÚLA 9 · 108 REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

SJÓNVARP · HLJÓMTÆKI · HEIMABIÖKERFI · DVD & BLU-RAY SPILARAR · MYNDAVÉLAR · UPPTÖKUVÉLAR · FARTÖLVUR · PRENTARAR
TÖLVUSKJÁIR · FJÖLNÓTATÆKI · SKJÁVARPAR · KÆLISKÁPAR · ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR · UPPÞVOTTAVÉLAR · BÖKUNAROFNAR
HELLUBORÐ · RYKSUGUR · ÖRBYLJUOFNAR · GSM SIMAR OG FYLGIHLUTIR

fjölskyldan

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA]

október 2010

Tíu ára þann 10.10.10

Þrjúburarnir Salvar
Þór, Jarþrúður
Ragna og Þorkell
Mar eiga
afmæli á
morgun.

SÍÐA 10



Perluvinir

Góð kynni hafa tekist með systrun-
um Klaudiu og Nataliu Kubis og
hjúnonum Ásgeiri Svanbergssyni
og Ásthildi Pálsdóttur.

SÍÐA 2



SHARP
Pioneer
OLYMPUS

Nintendo SAMSUNG

ERUM FLUTT AFTUR
Í LÁGMÚLA 8, 2.hæð

OPIÐ Á
LAUGARDÖGUM
FRÁ KL. 11-15

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800



Réði sig á leikskóla fyrir tilviljun

Konur eru í miklum meirihluta starfsfólks leikskóla. Ásmundur K. Örnólfsson er einn undantekninganna en hann hefur unnið á leikskóla í tuttugu ár og hefur mjög gaman af starfinu.

Ég villtist inn í að vinna á leikskóla fyrir tuttugu árum og hef unnið sleitulaust á leikskóla síðan, segir Ásmundur K. Örnólfsson aðstoðarleikskólustjóri á Ægisborg. Ég var að leita mér að vinnu og fór í starfsviðtali fyrir starf á Hagaborg og þar var mér boðið að

byrja daginn eftir, en lengri bið var eftir svari við starfi í hellulögnum sem ég hafði einnig sótt um. Ég hef ekki starfað við annað síðan, en velti því stundum fyrir mér hver örlög mín hefðu orðið ef ég hefði farið í hellulagnirnar,“ segir Ásmundur og hlær við.

Ásmundur var 22 ára þegar þetta var, háskólanemi í íslensku og mjög fákunnandi um starf með börnum eins og hann orðar það sjálfur. „Ég var borgfirkskur smali, ég ólst upp í Þverárhlið í Borg-“

FRAMHALD Á SÍÐU 6

Hágæða þvottavélar

Kolalaus mótör

Hljóðlátar og byggðar til að endast

Panasonic
ideas for life

**OKTÓBER
TILBOÐ**

Verð frá 119.990



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 · Sími: 520 7900 · ef@ef.is · www.ef.is

Ragnheiður
Tryggvadóttir
skrífur



Ó þú ljúfa líf

Nú er stund milli stríða. Ég leyfi mér þó ekki að setjast niður. Veit sem er að ég þarf bara að standa strax upp aftur. Þá er auðveldara að standa áfram í lappirnar, þó fúnar séu og ýta frá sér öllum hugmyndum um hvíld í bili. Fæturnir eru þungir sem steypuklumpar og höfuðið sem grjót eftir stuttan og slitróttan nætursvefn. Verkefnalisti dagsins er langur og ég man ekki helminginn af því sem ég þarf að gera. Höfuðið svo fullt af atriðum að muna að þegar eitt bætist við, dettur annað út. Talsvert á þessum lista er síðan í gær og deginum þar áður og þar áður. Ég býð eftir kallinu, veit að það kemur á hverri stundu. Með það hangandi yfir mér kem ég engu í verk og fæ hjartslátt yfir þeim dýrmætu sekúndum sem tapast í ekki neitt, það er svo margt sem ég á eftir eins og fjallið af þvottinum í körfunni gefur til kynna. Tvístígandi fer ég að brjóta saman stykkinn, en er varla búin með það fyrsta þegar kallið kemur, hátt og snjallt „mamma, búúúúúin!“



Við setjumst til borðs, svöng eins og úlfar og ég skammta á diska. Annað gólar af svengd meðan ég skammta því fyrra. Þegar ég skammta því seinna gólar það fyrra á meira. Þegar ég skammta sjálfri mér loks og sest eru bæði búin og góla í kór. Ég slafra

í mig matnum. Svo taka kvöldverkin við. Eftir þvott á tuttugu mislitlum fingrum og tám bursta ég 28 mislitlar tennur, þvæ tvö mislitol andlit, hvorugt hriðið af aðförum. Klósettferð, bleiuskipting, náttbuxur, nátttrejja, náttgalli, pelasopi, söngur, lestur, söngur, svefn. Loks dettur allt í langþráð dúnalogn. Þessi tvö sem fyrir augnabliki spangóludu bæði eins og hungraðir úlfar hafa nú breyst í yndisfríða engla. Ég gef mér nokkrar mínútur í að horfa á þau lúra.

Þvottastaflinn glottir við mér þar sem hann flæðir yfir brúnir þvottakörfunnar í sófanum frammi í stofu. Næstum eins og hann vilji segja „Þú ert þó ekki að fhuga að setjast niður núna góða mín?“ En það er þó nákvæmlega það sem ég er að hugsa. Eitt augnablik horfi ég með samviskubiti yfir stofugólfið þakið leikföngum og morgunkorni, á uppvaskið og svo á árans þvottastaflann. Svo lít ég á sófann, vin minn í raun og áður en ég veit af hefur hann boðið mér sæti. Ég þigg það með þökkum, sveifla fótunum upp á þvottastaflann og kræki höndum fyrir aftan hnakkann. Ó, þú fjölskyldunnar ljúfa líf.

Fjölskyldan kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Anton Brink **Pennar:** Ragnheiður Tryggvadóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir, Vera Einarisdóttir og Þórdís Lilja Gunnarsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Benedikt Jónsson benediktj@365.



Góðir vinir Natalia, Ásgeir, Klaudia og Ásthildur eiga góðar stundir saman.

FRÉTTABLAÐID/GVA

Lærum hvert af öðru

Góð og gefandi kynni hafa skapast milli pólsku systuranna Klaudiu og Nataliu Kubis og hjónanna Ásgeirs Svanbergssonar og Ásthildar Pálsdóttur. Ásgeir fer tvisvar í viku að kenna stúlkunum íslensku og þær koma þrisvar í viku í heimsókn til hans og Ásthildar.

Glaðværd og góður andi er ríkjandi á heimili Ásgeirs og Ásthildar í Kópavoginum. Vinkonur þeirra, systurnar Klaudia átta ára og Natalia, alveg að verða tíu, eru í heimsókn. „Þær koma þrisvar í viku og eru kannski klukkutíma, einn og hálfan,“ segir Ásgeir. „Já, þetta er orðið svo eðlilegt, við tökum ekkert tímamál,“ tekur kona hans glaðlega undir. „Þær eru að læra íslensku og hefur farið gífurlega mikið fram síðan í fyrra. Það gerir náttúrulega skólann og svo hugsa ég að þegar þær koma hingað til okkar sé það íslenskutími fyrir þær líka. En ég hef engan aga á þeim hér. Þegar þær nenna ekki að lesa meira þá bara hættum við,“ segir Ásgeir. Hann segir aðeins meiri

alvöru í kennslunni þá tvo daga vikunnar sem hann fer heim til þeirra. „Þá er ég yfirleitt svona klukkutíma. Fer með þeim yfir heimalærdominn og svo tala ég við foreldrana. Þau fá hinar og þessar tilkynningar frá skólanum sem þau skilja ekki alltaf,“ segir hann og kveðst hafa gaman af að setja sig inn í þeirra tungumál. „Pólska er ekki létt mál en ég var byrjaður að glíma við hana áður en ég kynntist þeim.“

Ásgeir og Ásthildur fluttu í Kópavoginn 1973 vestan úr Ísafjarðardjúpi en þær systur eru upprunalega frá Tarnów í Póllandi. Nú skilur bara ein grasflöt heimili þeirra að. Ásthildur fer í huganum tvö ár aftur í tímamál. „Þegar ég sá þessa ungu og huggulegu fjölskyldu

flytjast í húsið hér á bak við okkur þá átti ég mér strax þann draum að hún mundi stoppa. Í fyrra fór pabbi stúlkunnar að rækta grænmeti og gaf okkur að bragða á uppskerunni. Ég var þá að klára vettlinga og datt í hug að gefa konunni hans þá í staðinn og sendi litlu skvísunum grifflur í leiðinni. Síðar þegar Natalia lenti í vandræðum í skólanum með þrjónana sína þá kom mamma hennar með þá að girðingunni. Svona hófust samskiptin. Ég get samt ekkert talað við foreldrana en það eru engir tungumálaöruggleikar milli mín og telpnanna. Við lærum margt hver af annarri og erum miklar vinkonur. Þær eru svo eðlisgóðar þessar litlu stúlkur.“ „Já, og einstaklega námfúsar,“ bætir Ásgeir við.

- gun

SALT

KRISTIÐ SAMFÉLAG

Salt, kristið samfélag býður upp á 12 spora starf í vetur.

Unnið verður með bókina „Vinir í bata, andlegt ferðalag“.

Fundir eru á mánudögum kl. 17:30–19:30 á Háaleitisbraut 58, 3. hæð.

Vinir í bata, hafa fundið að vinna þeirra í tólf sporunum hefur leitt lækningu og bata inn í líf þeirra og verið þeim andleg vakning.

Nánari upplýsingar má finna á: viniribata.is og saltks.is

Allir velkomnir.

BARNVÆNT

Krakkajóga í Lótus Krakka-jóganámskeið hefjast í Lótus jógasetri 15. og 18. október næstkomandi. Þau eru annars vegar ætluð fimm til sjö ára börnum og hins vegar aldursþópnum átta til tíu ára. Á námskeiðunum verður jóga og leiklist fléttað saman. Unnið verður með jógaþöður, öndunaræfingar, einbeitingu og slökun en leikjum og samskiptum blandað við í anda leiklistarinnar.

Kennari á námskeiðunum er Ásta Arnardóttir sem hefur áralanga reynslu af skapandi starfi með börnum bæði í leiklist og jóga. Hún hefur einnig haldið fjölmörg námskeið fyrir leiðbeinendur á leikskólum um hvernig megi flétta jóga og leiklist inn í skólustarfið.

Krakkánámskeiðin standa í sex vikur en þeim er ætlað að efla einbeitingu, sjálfstraust og samhæfingu í leik og gleði. Innifalið í námskeiðsverði eru þrjú tímur í fjölskyldujóga. Tímarnir fyrir yngri hópinn eru á miðvikudögum klukkan 16 en fyrir eldri hópinn á föstudögum á sama tíma. Sjá nánar á www.this.is/asta.



Upphitun fyrir

KVENNAFRÍ 2010

Kvennafrídagurinn nálgast og af því tilefni hafa Skotturnar og Listasafn Reykjavíkur tekið höndum saman og skipulagt dagskrárveislu í aðdraganda stóra dagsins **25. október!**

Á **Kjarvalsstöðum** verður sannkölluð dagskrárveisla. Frá 9.–25. október munu daglegir hádegisviðburðir verða á dagskrá frá 12:30–13:00, nema á sunnudögum en þá verða þeir kl. 15. Sýningin *Með viljann að vopni* sem nú stendur þar yfir verður umgjörðin fyrir viðburðina. Þá munu einnig vera nokkrir skemmtilegir viðburðir í **Slippnum** sem og einleikur í **Guðríðarkirkju**. Allir viðburðirnir eru ókeypis. Sjá nánar um dagskrá á www.listasafnreykjavikur.is

Kjarvalsstaðir

Laugardaginn 9. okt. kl. 12:30

Trúðaaatriði með sérfræðingunum Mr. Klumz og Plong sem kynna nýjustu niðurstöður úr rannsóknum sínum (á ensku). Það eru leikkonurnar Tinna Þorvalds Önnudóttir og Guðbjörg Ása Jóns Hulduóttir sem bregða sér í hlutverk trúðanna.

Sunnudaginn 10. okt. kl. 15

Fyrirlestur Þóru Þórisdóttur um konur í myndlist, utan sem innan rammans. Fjallað verður um innkomu feminismlans í myndlist á ofanverðri síðustu öld og um lífseigar, kynjaðar goðsagnir varðandi listsköpun.

Mánudaginn 11. okt. kl. 12:30

Ljóðadagskrá tileinkuð Stígamótum. Fram koma Björg Guðrún Gísladóttir og Kolbrún Erna Pétursdóttir.

Þriðjudaginn 12. okt. kl. 12:30

Söngur og spil þar sem fram koma leik- og söngkonurnar Þórunn Erna Clausen og Guðrún Árný og Soffía Karlsdætur.

Miðvikudaginn 13. okt. kl. 12:30

Trúbatríxa með Guðrúnu Jakobsdóttir sem flytur frumsamin ljóð.

Fimmtudaginn 14. okt. kl. 12:30

Pörupiltar leika við hvurn sinn fingur og dekra við dómurnar á staðnum. Leikarar: Alexía Björg Jóhannesdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir og María Pálsdóttir.

Föstudaginn 15. okt. kl. 12:30

Júlía Hannam flytur ljóð eftir Ingibjörgu Haralds.

Laugardaginn 16. okt. kl. 12:30

Brot úr einleikum Ferðasaga Guðríðar. Þórunn Erna Clausen leikur Guðríði Þorbjarnardóttur undir leikstjórn Maríu Ellingsen.

Sunnudaginn 17. okt. kl. 15

Hildur Hákonardóttir tekur þátt í leiðsögn um sýninguna *Með viljann að vopni*.

Mánudaginn 18. okt. kl. 12:30

Þóra Passauer contra alt syngur einsöng við píanóleik Lilju Eggertsdóttur. Á dagskrá tónleikanna eru ýmsar söngperlur þ.á.m. *Draumalandið* eftir Sigfús Einarsson og *Nótt* eftir Árna Thorsteinsson.

Þriðjudaginn 19. okt. kl. 12:30

Upplestur og dagskrá unnin upp úr bókinni *Laugavegurinn* (um líf og störf þvottakvenna). Fram koma Unnur Jökulsdóttir, Harpa Björnsdóttir og Þórdís Alda Sigurðardóttir.

Miðvikudaginn 20. okt. kl. 12:30

Lay Low og Agnes Erna Estherardóttir verða á rólegu nótonum en þær hafa samið tónlist við ljóð valinkunnra kvenna. Um frumflutning nokkura laga er að ræða.

Fimmtudaginn 21. okt. kl. 12:30

Söngkonan Sigríður Eyrún Friðriksdóttir og Kristín Björg Ragnarsdóttir fiðluleikari flytja fallegar vögguvísur.

Föstudaginn 22. okt. kl. 12:30

Þóra Karítas Árnadóttir leikles einleikinn *Nauðgunin* eftir ítalska leikskáldið, leikkonuna og feministann Franca Rame.

Laugardaginn 23. okt. kl. 12:30

Margrét Eir Hjartardóttir söngkona sýnir sína bestu tónlistartakta.

Sunnudaginn 24. okt. kl. 15

Hrafnhildur Schram sýningarstjóri *Með viljann að vopni* verður með leiðsögn um sýninguna. Síðast komu 60 manns á leiðsögn Hrafnhildar og gerðu góðan róm að henni.

Mánudaginn 25. okt. kl. 12:30

Hildur Hákonardóttir les valda kafla upp úr bókinni *JÁ, ÉG ÞORI, GET OG VIL* og rifjar upp atriði frá Kvennafrídegningunni 1975. Þar verður spurt og reynt að svara því hvaða þörf það var sem knúði konur til að leggja niður störf þennan dag með jafn róttækum hætti.

Smiðja í tenslum við sýninguna- *Með viljann að vopni* – verður í gangi meðan á sýningu stendur og er fyrir alla fjölskylduna. Hugmyndavinna í höndum Ragnheiðar Bjarnarson listakonu, en hugmyndin er unnin út frá Kynungabók.

Slippurinn

23., 24., og 25. okt.

23. október – Lilja Katrín Gunnarsdóttir leikkona frumsýnir frumsamin einleik sinn *MAMMA, ÉG?!* kl.20.

Áfram stelpur!

Söngdagskrá verður 24. október milli 18–19 og 20:30–21:30 og 25. október kl. 18–19.

Fram koma: Aðalheiður Þorsteinsdóttir, Brynhildur Björnsdóttir, Esther Jökulsdóttir, Margrét Pétursdóttir og Sigríður Eyrún Friðriksdóttir.

25. október – Þórunn Lárusdóttir mætir með hjómsveit og syngur eigin útsetningar á þekktum söngperlum um og eftir konur kl. 20. Sjá nánar á www.nemaforum.com



Kvennafrídagsgangan

Mánudaginn 25. okt. kl. 14:25

Konur leggja niður störf og hittast við Hallgrímskirkju.

Guðríðarkirkja

Að kvöldi Kvennafrí dags 25. okt. kl. 20:30

Einleikurinn *Þá mun enginn skuggi vera til* sem fjallar um sífjaspell og afleiðingar þess eftir Björgu G. Gísladóttur og Kolbrúnu Ernu Pétursdóttur leikkonu í leikstjórn Hlínar Agnarsdóttur. Umræður á eftir.



Samstarfsvettvangur íslenskra kvennasamtaka

NÆRING BARNNA Á heimasíðu Lýðheilsustöðvar, lydheilsustod.is, geta leikskólakennarar, dagforeldrar og aðrir nálgast upplýsingar um næringu barna í sérstökum bæklingi. Hann geymir meðal annars töflu sem sýnir hvaða fæðutegundir henta barninu á hverju aldurskeiði.



Út að borða með Disney á Nítjándu

Frá og með morgundeginum verður veitingastaðurinn Nítjándi í Turninum opnaður sem kvöldverðarstaður, en hingað til hefur hann verið þekktur sem hádegisverðarstaður með rómuðu brönsulaðborði um helgar.

„Okkur fannst vanta valkost á móti þeim að fara með krakkana út að borða á skyndibitastað og gefa þeim djúpsteikta nagga og franskar. Allar fjölskyldur eiga að geta upplifað að fara saman

huggulega út að borða, við dúkuð borð og kertaljós, en á sama verði og á skyndibitastöðum.

Á kvöldin, sem og áfram í hádeginu, bjóðum við nú flotta, holla og einfalda barnarétti úr Disney-bókinni, en

verðum líka með fullorðinsrétti eins og indverskt

tandoori og fleira freistandi í góðum fling.

Hér geta svo börnin brugðið á leik og skemmt sér konunglega í risastóru

Disney-herbergi meðan foreldrar njóta útsýnis og

rómantíkur yfir borðum,” segir Sigurður Gíslason, matreiðslumeistari á Nítjándu.



DÝRMÆTAR STUNDIR Sigurður Gíslason matreiðslumeistari með sonum sínum Antoni Frey tveggja ára og Sigmari Snæ tíu ára í indælum smákökubakstri heima.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Börn matreiða með hjálp **Mikka músar**

Nýja Stóra Disney-matreiðslubókin hefur hitt íslensk börn í hjartastað og á það sannarlega skilið. Þar er vandlega hugsað fyrir ljúffengum krásum fyrir öll hugsanleg tilefni í lífi barna og þeim leyft að spreyta sig sjálf heima í eldhúsi.

„Ég held að foreldrar geri sér ekki grein fyrir hvað börn hafa gaman af að elda, en ég hef eldað með mínum börnum frá því þau komust á legg og þau orðin mikil matarsmekk. Ég hef aldrei þurft að segja þeim að eldavélin sé heit eða hnífarnir hættulegir, því þau passa sig á þessu sjálf með því að vera þátttakendur í eldamenskunnunni frá upphafi og læra eðlilega umgengni í eldhúsi,” segir Sigurður Gíslason matreiðslumeistari í Veitingaturninum, en hann bjó til freistandi barnauppskriftir Stóru Disney-matreiðslubókarinnar sem út kom á dögunum á vegum Eddu, ásamt eiginkonu sinni Berglindi Sigmarsdóttur og matreiðslumeisturum Stefáni Inga Svanssyni og Óskari Finnssyni.

„Í þrjá mánuði upphugsuðum við réttu uppskriftirnar, prófuðum þær sjálf og létum krakkana gera þær, en mest áskorun fólst í því að gera hlutina einfalda því bókin er fyrst og fremst hugsuð fyrir krakka. Þá vildum við gera bókina að eins konar stóra bróður gömlu Disney-matreiðslubókarinnar því margt nýtt hráefni hefur orðið sjálfsagt á borðum Íslendinga síðan hún kom út, eins og til dæmis parmesanostur. Að öðru leyti er bókin ný og fersk, með lifandi ljósmyndum og fjölbreyttum uppskriftum sem hæfa öllum tilefnum,” segir Sigurður sem notaði sínar fínustu veitingahúsuppskriftir ásamt heimilisuppskriftum fráurinnar sem grunn í barnauppskriftir bókarinnar sem allar eru merktar með erfiðleikastuðlum frá 1 til 3, eftir því hvort aðstoð foreldra þurfi með

Súkkulaðibitakökur

225 g púðursykur
125 g smjör (mjúkt eða við stofuhita)
2 egg
190 g hveiti
1/2 tsk. salt
sléttfull teskeið matarsódi
2 tsk. vanilludropar
500 g súkkulaði, saxað

Áhöld

Bökunarplata, hrærivél, hnífur

Aðferð

Öllu blandað saman í skál og hnoðað. Gott að setja skál í frysti í 10-15 mín. og svo hnoða í rúllu. Skerið deigrúllu í 1 cm þykkar sneiðar. Leggið á plötu og bakið við 180°C í 10 mínútur.



Dásamlegar súkkulaðibitakökur sem gott er að maula með ísköldu mjólkurglassi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

og þeim tíma sem tekur að matbúa, en einnig er sýnt hvernig þrifa á hendur, ganga vel um eldhúsið, gæta sín á hættum og fleira.

„Að elda í samvinnu við börn er rosalega skemmtileg stund og þá borða börnin líka frekar það sem á boðstólum er. Ég ræddi við kokkinn í skóla sonar míns sem hafði þá verið með pasta í tómatósú í matinn. Þá hafði Sigmari Snær labbað til kokksins og spurt hvort mögulegt væri að fá parmesan eða Maldon-salt út á. Auðvitað eiga börn að kunna þetta og því miður gleymist þessi umræða svolítið. Því það er börnum góður skóli að vinna hráefnið frá grunni og skiptir miklu að upplifa þá ánægju að gera hlutina sjálf, svo þau verði ekki að unglungum sem lifa á pitsum og hamborgurum þegar þau flytja að

heiman. Ef við leyfum þeim sjálfum að sjóða pasta og gera góða sósu bæta þau fleiru í flórana sem þau borða og kynnast fjölbreyttari matargerð,” segir Sigurður sem sjálfur fékk að hjálpa móður sinni í eldhúsinu sem barn, en fékk ekki matreiðslubakteríuna fyrr en hann fór með pabba sínum til sjós og fékk ekki annað pláss en kokksins, en þá þurfti hann að hringja í mömmu til að geta sotið kartöflur handa áhöfninni.

„Ég er ánægðastur með hversu ferskur maturinn er í bókinni en vinsælasta uppskriftin á mínu heimili er þessi af súkkulaðibita-smákökunum sem við bökkum bara á jólam, en einnig nostalgískar brauðterturt fyrir okkur foreldrana og græna kakan í afmælisuppskriftunum.“

- þlg



AFS á Íslandi | Inngólfsstræti 3, 2. hæð • 121 Reykjavík • (354) 552 5450 • www.afs.is



ego dekor


LEÐURSÓFASETT 503
3JA SÆTA 220CM
Verð: 189.900,-

STÓLL
Verð: 99.900,-



KINGSTON LEÐURSÓFASETT
3JA SÆTA 205CM
TILBOÐSVERÐ: 165.600,-

STÓLL
TILBOÐSVERÐ
86.400,-



VISION LEÐURSÓFASETT
3JA SÆTA 240CM
Verð: 205.000,-

STÓLL
Verð: 108.000,-



COOL LEÐURTUNGUSÓFI
Stærð: 324x170cm
Verð: 339.000,-



NÝ SENDING AF SÓFUM

AMBER TUNGUSÓFI
Stærð: 290x165cm
TILBOÐSVERÐ: 205.700,-



BIG NEW ENGLAND TUNGUSÓFI
Stærð: 290x165cm
TILBOÐSVERÐ: 211.500,-



SICILY TUNGUSÓFI
Stærð: 268x165cm
TILBOÐSVERÐ: 188.100,-



CANYON HORNTUNGUSÓFI
Stærð: 280x190cm
TILBOÐSVERÐ: 232.200,-



Opið mán-fös: 10.00-18.00
Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is

leikskóli

það er leikur að læra



AÐLÖGUN Í LEIKSKÓLANUM Það getur verið svolítið erfitt að byrja í leikskóla þegar maður er lítill. Gott er að foreldrar læri nöfn á einhverju af starfsfólkinu og hinum börnunum og séu duglegir að tala um leikskólann við barnið heima.

FRAMHALD AF FORSIÐU



Alltaf eitthvað um að vera Ásmundur hefur einstaklega gaman af útivistinni með börnunum.

arfirði, fór úr Borgarfirðinum í Menntaskólann á Laugarvatni. Ég hafði held ég á þessum tíma aldrei leitt hugann að því að starfa á leikskóla, vissi varla að til væru leikskólar.“

En hann kunnir strax vel við sig og nokkrum árum síðar lærði hann til leikskólakennara í þeim skóla er þá hét Fósturskólinn. En hvernig skyldi hefðbundinn dagur vera hjá Ásmundi:

„Ég hef víðfeðmt starfsvið sem aðstoðarleikskólalastjóra, er til samráðs um leikskólamálin og svo vinn ég inn á deildum, á þremur af fjórum deildum leikskólans. Þetta er allt frá bleiuskiptum til sögu-stunda,“ segir Ásmundur sem hefur dálæti á að segja börnunum sögur. „Ég segi þeim oft þjóðsögur, söguna af Búkollu eða Fóu feykirófu til dæmis. Svo segi ég þeim stundum sögur af fimm ára dreng, sem á hund og gott ef ekki talandi páfagauk,“ segir Ásmundur sem geymir þessar sögur í hugarum og grípur til þeirra þegar þarf.

Fyrir utan sögustundir er hreyfing með börnunum í uppáhaldi. Raunar hefur Ásmundur verið verkefnastjóri verkefnis sem gengur út á að efla hreyfingarskipti barna, í samstarfi við íþróttafélagið í hverfinu, KR. „Við erum í raun að venja börnin við það að það sé skynsamlegt að verja tíma sínum hjá íþróttafélagi, þannig er þetta forvarnarstarf.“

Ásmundur hefur mjög gaman af útivistinni með krökkunum og segir þau fljótt læra að það er auðvelt að fá hann til að sparka bolta og ærslast. Þannig hafi það reynd-

ar oft verið með þá karlmann sem hann hafi unnið með, en þeir eru eins og gefur að skilja mun færri en konurnar í þeirri miklu kvennastétt sem leikskólakennarar og starfsmenn eru.

Þegar talið berst að kynjahlutfalli inni á leikskólum segir Ásmundur að hann hafi oft velt því fyrir sér hvernig á því stöndi að svo fáir karlmann sækir í leikskólaskóla. „Ég hef margrætt þetta mál, án þess að komast að niðurstöðu. Stundum er talað um launin eða að kvennamenningin geri körlum erfitt að fóta sig á þessum vettvangi. Það hef ég hins vegar ekki séð stutt neinum rannsóknum,“ segir Ásmundur sem sannarlega er ánægður með starfsvettvanginn sem hann rataði inn á fyrir tilviljun. „Ég væri náttúrulega ekki í þessu starfi ef ég væri ekki fær í því og ætla að halda áfram svo lengi sem að börnin vilja hafa mig.“

Á árunum tuttugu sem liðin eru síðan hann hóf störf á leikskóla hefur gríðarlega mikið breyst í starfsumhverfinu. „Við leikskólakennarar gerum meiri kröfur til okkar og með aukinni menntun í þjóðfélaginu er hinn almenni borgari einnig orðinn kröfuharari. Listin í leikskóla er auðvitað að kenna börnunum í gegnum leik og leyfa þeim að njóta lífsins, það er algjört höfudatriði,“ segir Ásmundur sem sannarlega myndi vilja sjá fleiri karla innan leikskólans. „Við höfum svo margt að bjóða krökkum og ég skil ekki af hverju fleiri sækja ekki í starfið – það hentar karlmönnum.“

Börnin gefa manni sv

Sverri Jörstad Sverrisson dreyndi um að verða lögreglumaður eða dýralæknir þegar hann var litill. Nú gegnir hann stöðu aðstoðarleikskólalastjóra á Hörðuvöllum í Hafnarfirði og gæti helst ekki hugsað annað.

Veistu þetta er bara rosalega skemmtilegt í alla staði, vinnuandinn alltaf góður og börnin alveg frábær, þau gefa manni svo mikið,“ segir Sverri Jörstad Sverrisson, um starf sitt á leikskólunum Hörðuvöllum í Hafnarfirði þar sem hann hefur gegnt stöðu aðstoðarleikskólalastjóra síðustu fjögur ár.

En í hverju er starf Harðar helst fólgið? „Ég er staðgengill leikskólalastjóra þegar hann er ekki á staðnum og sinni svo bæði skrifstofustörfum og leysi deildarstjóra af eftir þörfum; þá tek ég við barnahópi viðkomandi aðila yfir daginn sem skiptist í matmálistíma, frjálsan tíma og fræðslu þar sem krakkarnir læra sitt lítið af hverju, svo sem lífsleikni, stærðfræði og heimspeki. Þetta þykir mér mjög skemmtilegur tími og án hans væri starfið náttúrulega ekki nærri eins gefandi og raun ber vitni.“

Sverri útskrifaðist sem leikskólakennari árið 1998 og er með gráðu í stjórnun að auki. Áður en hann lagði út á þessa braut hafði hann unnið um árabil í vélsmíðjum og á verkstæðum. „Þetta er nú kannski ekki eins ólíkt og ætla mætti að því leyttinu til að maður mætti til vinnu og er á sama vinnustað yfir daginn. Samlíkingin nær þó ekki lengra þar sem mikill munur er auðvitað á því að vinna með véllum eða börnum. Leikskólalastjóri er meira krefjandi í alla staði; maður er alltaf á tænum því það þarf að vanda sig í samskiptum við börn sem eru mjög viðkvæmar sálir.“

Hann segist þó ekki hafa getað séð fyrir að hann myndi einhvern tímann starfa sem leikskólakenn-



Dýrmætar stundir Starf Sverris á Hörðuvöllum er fjölbreytt en allra skemmtilegastar.

ari. „Ég sá alltaf fyrir mér að ég yrði annað hvort löggæfingur eða dýralæknir, eins og marga drengi dreymir um að verða, en það breyttist eins og margt annað.“ Starf á sambylí fyrir fatlaða segir hann hafa vakið áhugann á leikskólalastarfinu. „Það varð til þess að ég ákvað að verða proskapjálfi eða leikskólakennari en tilviljun ein réði að ég valdi loks síðarnefnda kostinn.“

Að sögn Sverris fær hann yfirleitt mjög jákvæð viðbrögð frá fólki þegar hann greinir frá starfinu. „Fólk hefur vanist þeirri tilhugsun að karlar vinna á leikskólum og okkur hefur fjölgað mikið. Hins vegar erum við enn mjög fáir sem erum menntaðir í faginu, kannski í mesta lagi svona þrjátíu,“ segir hann og bætir við að á ráðstefnu fyrir leikskólakennara í Svíþjóð hafi menn rekið upp

Allir spenntir fyrir drullu

Þegar Sverri Dalsgaard flutti heim frá Danmörku árið 2006 átti hann ýmissa kosta völu á vinnumarkaðum. Því hefur hann sinnt síðan. Hann er nú á Heilsuleikskólanum Urðarhóli í Kópavogi og kann vel við vinnu.

Ég held það væri til bóta ef körlum fjölgaði á leikskólum. Þeir nenna oft öðrum hlutum en konurnar og það skapar meiri fjölbreytni“ segir Sverri Dalsgaard, sem vinnur á Heilsuleikskólanum Urðarhóli í Kópavogi. Hann er eini karlmaðurinn í starfslíðinu og er spurður hverju hann nenni frekar en konurnar í kringum hann: „Ég gaurast kannski meira úti með krökkunum og fer oftast í eltingaleiki og fótbolta,“ svarar hann glaðlega. „Það er ýmislegt sem ég geri sem nýttist báðum kynjum, annað höfðar meira til strákana. Bara ef ég tek mér skóflu í hönd er strax kominn strákahópur í kringum mig. Þeim þykir gaman að fylgjast með öllu verklegu og að fá sjálfir að handla leika stórar skóflur. Ef við erum að leika okkur í vatni og drullumalli eru bæði strákar og stelpur spenntir fyrir því. Öll viðfangsefni hjá okkur eru fyrir bæði kynin, útinám, íþróttir og allt sem er innan dyra. Börn eru heldur ekki komin í jafn mikil stelpu- og strákahlutverk

á þessum aldri eins og eldri börn.“

Sverri er hálfur Íslendingur og hálfur Færeyingur. Hann fæddist í Danmörku og bjó frá í Færeyjum frá fimm ára aldri þar til hann varð fimmtán ára en kom þá til Íslands og fór í menntaskóla hér. Hann var 23 ára þegar hann fór að sinna sex til tíu ára börnum á skólalagheimili í Danmörku og starfaði við það í nú á. Jafnhliða kveðst hann hafa farið í gegnum pedagog-nám, sem er uppeldismenntun en ekki sú sama og leikskólakennarar hafa.

„Ég var ekki spenntur fyrir því framan af ævinni að vinna á leikskóla en það breyttist og þrátt fyrir að næg atvinna væri á Íslandi þegar ég flutti hingað fyrir fjórum árum þá fannst mér þetta starf besti kosturinn,“ segir Sverri. Hann kveðst enn á sömu skoðun enda sé Urðarhóll góður vinnustaður. „Ég er mjög ánægður með áherslurnar hér sem eru heilsa, hreyfing og listsköpun. Hér er mikill metnaður og það er frábært að vinna með fólki sem leggur sig fram við það sem það gerir.“



Klifrað „Ég gaurast kannski meira úti með krökkunum og fer oftast í eltingaleiki og fótbolta,“ segir Sverri Dalsgaard þegar hann er konurnar á Heilsuleikskólanum Urðarhóli.

OPIÐ HÚS Í HEILSUBORG
í dag 9. október á milli kl. 11 og 14

Afmælistilboð
Líkamsræktarkort

Aðeins kr. 10.000,-

Gildir út árið 2010

Aðeins í boði í dag laugardag!

Heilsuborg 1 árs !!!

HEILSUBORG

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

bleika slaufan

LAUGARDAGUR 9. OKTÓBER 2010



MYND/HREINN MAGNÚSSON



Árvekníatak
Krabbameinsfélagsins

Í bleikum raunheimum

„Ég er á bleiku skýi“ segjum við þegar gleðin er takmarkalítil og við erum jafnvel ekki alveg rauntengd. Á haustdögum í október vörpum við bleikri birtu á ýmis mannvirki, mýkjum ásýnd þeirra og böðum þau mildum bjarma. En hjá Krabbameinsfélagi Íslands vitum við samt af raunveruleikanum, sem er stundum ekki eins mildur.

Þetta er nú í tíunda sinn sem Krabbameinsfélagið stendur fyrir bleikum mánuði og hvetur til umhugsunar og árvekni varðandi krabbamein hjá konum.

Á hverju ári greinast hátt á sjöunda hundrað konur með krabbamein, þar af vel á annað hundrað með brjóstakrabbamein. Sögur þessara kvenna eru jafnólíkar og þær eru margar, og snerta í raun allt samfélagið. Við þurfum að segja þessar sögur og hlusta á þær; hafa þær til hliðsjónar við skipulag allrar þjónustu fyrir konur. Seinni hluta októbermánaðar safnar Krabbameinsfélagið margvíslegum sögum kvenna með það að markmiði að skilja betur aðstæður þeirra og varpa ljósi á lífsbaráttuna, sigra og ósigra, gleði og sorg. Sögurnar verða m.a. birtar á vefsíðu okkar og við notum þær til að móta störf in í framtíðinni.

Krabbameinsfélag Íslands verður sextíu ára á næsta ári og sinnir vaxandi verkefnum. Félagið er samnefni fyrir þrjátíu aðildarfélög sem starfa um land allt. Verkefni eru fjölbreytt og leyst af hendi eftir aðstæðum á hverjum stað. Á vegum félagsins starfa margir eldhugar sem vinna óeigingjarnt starf að málefnum félagsins af miklum krafti. Allt byggir þetta starf þó fyrst og fremst á vilja almennings til þess að styðja okkur.

Nú eru tímar mikilla átaka og sundrungar. Skerðing heilbrigðisþjónustu mun hafa mikil áhrif á heilsu og heilbrigði. Vantrú á hefðbundnar lausnir er áberandi og traust á mörgum stofnunum samfélagsins hefur beðið hnekki. Þó er það svo að Íslendingar vilja standa saman og styðja við bakið á þeim sem þurfa stuðning, stuðla að mótun góðs samfélags og finna fyrir samstöðu um góð og uppbyggileg mál-efni.

Krabbameinsfélagið hefur notið mikillar velvildar og trausts og við ætlum okkur að standa undir því áfram. Samhliða árveknitákinu nú í þessum mánuði er fjáröflunarátak, og við bjóðum ykkur nú fallegu bleiku slaufuna til kaups, en sala hennar er ein aðalfjáröflun félagsins. Það eru allir glæsilegri með bleiku slaufuna, karlar jafnt sem konur – og ekki er unnt að hugsa sér betri gjöf til að gefa og þiggja í október.

Ragnheiður Haraldsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélags Íslands.

● ÞAKKIR

Stjórn Krabbameinsfélags Íslands þakkar landsmönnum ómetanlegan stuðning á undanföllum árum og væntir öflugslíðsinnis í því átaki sem nú stendur yfir. Félagið hefur í sex áratugi barist gegn krabbameinum og fyrir framförum sem bætt geta hag krabbameinsjúklinga og aðstandenda þeirra.



Við munum gera það áfram. Krabbameinsfélagið er áhugamannafélag sem treystir á velvild almennings. Þitt framlag skiptir máli.

Í stjórn sitja: Stefán Eiríksson, Þóra Hrönn Njálisdóttir, Sigurður P. Sigmundsson, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Nanna Friðriksdóttir, Jakob Jóhannsson, Guðrún Sigurjónsdóttir

● BARÁTTUKONUR FÁ FYRSTU SLAUFURNAR

Í ár fengu baráttukonur um land allt fyrstu bleiku slaufuna, konur sem hafa barist við krabbamein og eru margar enn að berjast, og konur sem hafa gefið Krabbameinsfélaginu krafta sína í gegnum árin.



Guðbjartur Hannesson heilbrigðisráðherra naldi slaufur í baráttukonurnar í Reykjavík; þær Stefaníu Guðmundsdóttur, Ágústu Ernu Hilmarsdóttur og Guðnýju Kristrínu Guðjónsdóttur. Á landsbyggðinni naldi t.a.m. Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga bleikar slaufur í Laufeyju Skúladóttur og Elínu Kristjánsdóttur. Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis naldi í fyrrverandi stjórnarformann félagsins, Elínu Sigurbjörnsdóttur, og Geirbrúði Charlesdóttur á Ísafirði var afhent slaufan af Krabbameinsfélaginu Sigurvon.

Útgefandi: Krabbameinsfélag Íslands
Heimilisfang: Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík
Vefsíða: www.krabb.is

Netfang: krabb@krabb.is

Ritstjóri: Laila Sæunn Pétursdóttir

Ábyrgðarmaður: Ragnheiður Haraldsdóttir

Auglýsingar: Fréttablaðið/Hlynur Þór Steingrímsson. Sími 512 5439



Ragnheiður Haraldsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélags Íslands, nælir bleiku slaufunni í jakkaboðungu Guðbjartar Hannessonar heilbrigðis- og félagsmálaráðherra sem keypti nokkrar fyrstu slaufurnar sem voru seldar.

Margir sigrar hafa unnist

Í baráttunni gegn krabbameini hér á landi hafa unnist margir góðir sigrar fyrir verk fjölmargra einstaklinga um langan tíma.

Bleikur októbermánuður er orðinn föst hefð í íslensku samfélagi, hús eru lýst bleik, konur ganga stoltar með bleikar slaufur í barminum og karlar á jakkaboðungum og bleikur litur blasir við hvert sem litið er. Við vitum líka að þetta er ekki eingöngu gert til þess að létta okkur lífið í upphafi vetrar, þetta eru allt tákmyndir fyrir árvekni- og fjáröflunarátak Krabbameinsfélags Íslands, og hefur svo verið í áratug. Bleiki októbermánuðurinn er helgaður krabbameini hjá konum, með áherslu á brjóstakrabbamein, sem er algengast þeirra.

Nú greinast hér á landi árlega um 1360 manns með krabbamein,

þar af um 720 karlar og um 640 konur. Krabbamein er um fjórðungur dánarmeina hérlandis og um þriðjungur landsmanna greinist með krabbamein einhvern tím-ann á lífsleiðinni. Níunda til tíunda hver kona getur átt á hættu að greinast með brjóstakrabbamein. Þessar tölur eru umhugsunarefni, en við vitum líka að lífshorfur hafa batnað mjög mikið, lífsgæði aukist, meðferð fleygir fram og forvarnir skila árangri.

Nú síðsumars og í haust höfum við fengið fréttir um að Íslendingar hafi náð góðum árangri í sam- burði við nágrannalöndin í lækku- dánartíðni vegna nokkurra tiltek- inna krabbameina. Við gleðjumst öll yfir sigrunum, en við viljum og ætlum að gera miklu betur.

Stórir sigrar vinnast venju- lega ekki nema að undangeng- inni baráttu. Í baráttunni gegn krabbameini hér á landi hafa unn-

ist margir góðir sigrar fyrir verk fjölmargra einstaklinga um langan tíma. Við höfum átt þeirri gæfu að fagna að stórhuga vísindamenn hafa lagt sitt af mörkum til fræðimennsku svo eftir er tekið, öflugir heilbrigðisstarfsmenn hafa helgað sig starfinu og tileinkað sér framfarir í meðferð, stjórn- völd hafa lagt áherslu á forvarnir á þessu sviði og allur almenn- ingur hefur lagt baráttunni lið með margvíslegum hætti. Síðast en ekki síst hafa þeir, sem greinst hafa með krabbamein og aðstand- endur þeirra, barist af miklu afli fyrir framförum á þessu sviði.

Ég hvet þjóðina til þess að kaupa bleiku slaufuna og bera hana allan októbermánuð til þess að styðja hið góða starf Krabbameinsfélagsins og til að minna okkur öll stöðugt á mikilvægi árvekni og forvarna á þessu sviði.

Guðbjartur Hannesson, heilbrigðis- og félagsmálaráðherra.

Málsvararar sjúklinga

Krabbameinsfélag Íslands beinir nú í október athygli íslenskra kvenna að því sem hver og ein getur gert til þess að minnka líkur á að fá krabbamein. Þetta eru til- tölulega einföld skilaboð, og við könnumst við þau flest. Ekki er þar með sagt að það sé jafnein- falt að haga alfarið lífsstíl sínum í samræmi við þau. Við skulum hins vegar reyna eftir bestu getu.

Samhliða þessu átaki leggjum við áfram mikla áherslu á önnur viðfangsefni félagsins, sem eru m.a. að styðja og efla í hvítetna baráttuna gegn krabbameinum, stuðla að þekkingu og menntun varðandi krabbamein og krabba- meinsvarnir, efla rannsóknir á þessu sviði og styðja framfarir í meðferð og umönnun. Við erum málsvararar sjúklinga og beitum okkur í hagsmunabaráttu fyrir þá. Við veitum sjúklingum og aðstand- endum fræðslu, ráðgjöf og stuð- ning og reynum að mæta breytileg- um þörfum þeirra á hverjum tíma.

Við leggjum okkur fram við að sinna þessum verkefnum, og höfum notið til þess góðs stuð- nings almennings í landinu. Nú leitum við til landa okkar um að



Sigríður Snæbjörnsdóttir, formaður Krabbameinsfélags Íslands.

kaupa bleiku slaufuna, sem er seld um allt land til fjáröflunar fyrir Krabbameinsfélagið. Kaup á bleiku slaufunni er stuðningur við störf okkar í þágu kvenna sem greinast með krabbamein, og við ætlum að láta enn meira til okkar taka á því sviði.

Sigríður Snæbjörnsdóttir, formaður Krabbameinsfélags Íslands



● LÝSUM ALLT BLEIKT

Á hverju ári velur Krabbameinsfélagið eina byggingu á höfuð- borgarsvæðinu til að lýsa upp í tilefni átaksins og var Mennta- skólinn í Reykjavík baðaður bleiku ljósi að þessu sinni.

Ýmsar byggingar og náttúru- fyrirbrigði voru einnig lýst um land allt og má m.a. nefna 370 metra langt súrálfsfærband í álveri Fjarðaráls við Reyðarfjörð, skógarsvæði Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, Kotstrandarkirkju í Ölfusi og Selfosskirkju. Þá má nefna Safnahúsið Ísafirði, fossinn í Búðará og Framhalds- skólann á Húsavík. Einnig hafa félög og fyrirtæki um allt land tekið sig til og lýst byggingar sínar upp í tilefni af árveknimánuðinum og má þar nefna Þjóðmenningarhúsið í Reykja- vík, Háskóla Íslands, Þjóðminja- safnið og turn stjórnsýsluhúss Sandgerðis.

Slaufan bleika fyrir brjóstið veika

Mikilvægar upplýsingar varðandi tölurnar 186, 60, 40 og 10

Hér á landi eru konur á aldrinum 40 til 69 ára boðaðar til brjóstamyndatöku annað hvert ár en eldri konur eru einnig hvattar til að fara í skoðun

Ár hvert deyja að meðaltali 40 konur á Íslandi af völdum brjóstakrabbameins

Erlendar og innlendar rannsóknir benda til þess að með reglulegu eftirliti megi lækka verulega dánartíðni vegna krabbameins í brjóstum.

Samkvæmt útreikningum frá Krabbameinsskránni á tíunda hver kona á hættu að fá brjóstakrabbamein

Ár hvert greinast að meðaltali 186 konur með brjóstakrabbamein

Talið er að 15% brjóstakrabbameina megi rekja til arfgengra þátta

Um 50% kvenna sem greindust með brjóstakrabbamein fyrir fjörutíu árum lifðu í fimm ár eða lengur en nú geta um 90% vænst þess að lifa svo lengi

Meðalaldur við greiningu sjúkdómsins er 60 ár



Taktu þann bleika

Þetta er fjórða árið sem Bifreiðastöðin Hreyfill/Bæjarleiðir tekur niður hefðbundnu gulu hattana og setur upp þá bleiku. Þessi skemmtilega upplýfting á leigubílunum er liður í bleiku slaufu átaki Krabbameinsfélagsins.

Tíu krónur af hverri ferð hjá Hreyfli/Bæjarleiðum renna til Krabbameinsfélagsins auk þess sem bílstjórnir selja bleiku slaufuna til styrktar félaginu. Bílstjórnir eru sammála um að gífurlegt hópefli og samkennd eigi sér stað þegar að verkefnið fer af stað og að menn leggi mikinn metnað í að selja slaufurnar, sumir hverjir fá jafnvel fjölskyldumeðlimi til að aðstoða við sölu til að styrkja mál-efnið til hlítar.



Tíu krónur af hverri ferð renna til Krabbameinsfélagsins.

Leigubíllarnir munu skarta þeim bleika í tvo mánuði og styrkja þá Krabbameinsfélagið í leiðinni eins og fyrr greinir en salan á slaufunum varir einungis í tvær vikur.

● STYRKAR- OG SÖLUAÐILAR BLEIKU SLAUFUNNAR 2010

Styrktaraðilar Bleiku slaufunnar 2010 eru Sölufélag garðyrkjubænda og Hreyfill.

Bleika slaufan kostar aðeins 1.500 krónur og verður til sölu dagana 1.-15. október hjá eftirtöldum söluaðilum sem selja slaufuna án álagningar.

● **APÓTEK:** Apótekarinn, Apótekið, Garðsapótek, Lyf og heilsa, Lyfja, Reykjavíkrapótek, Rima Apótek, Skipholtsapótek, Heilsuhúsið, Lyfjaver og Lyfjaval.

● **VERSLANIR OG AFGREIÐSLUSTÖÐVAR:** 11/11, Belladonna, Besta, Blómabúðin Dögg, Blómahönnun, Debenhams, Einar Farestveit & Co., Eirberg, Eymundsson, Fríhöfnin, Frumherji, Garðheimar, Grifill, Hagkaup (Kringlunni, Garðabæ og Skeifunni), Hrafnista, Hreyfil Bæjarleiðir, Hyrnan, Iceland Travel Market, Islandia, Kaskó, Kjarval, Krambúðin, Krónan, Hrímm, Rauðakrossbúðirnar Fossvogi og Hringbraut, Leonard, Melabúðin, Nettó, Nóatún, Olís, Parísartískan, Penninn, Pósturinn, Samkaup, Smith og Norland, Strax, Úrval, Útilíf (Glæsibæ, Kringlunni og Holtagörðum) og Þín verslun.

● **Á NETINU:** www.bleikaslaufan.is og www.femin.is.

● **LEIGUBIFREIÐAR:** Hreyfill.

● **KAFFIHÚS:** Kaffitár og Te & kaffi.

● **SILFURÚTGÁFA:** Einnig er Leonard í Kringlunni, Smáralind og Leifsstöð með silfurútgáfu af slaufunni til sölu. Hana er hægt að fá sem hálsmen eða sem nælu á 9.500 krónur.



Hversu margir fá krabbamein á Íslandi?

	Árlega greinast	Hlutfall kvenna sem fá krabbameinið á lífsleiðinni	Lífslíkur
Brjóstakrabbamein	186	28,9%	90%
Lungnakrabbamein	72	11,2%	16%
Ristilkrabbamein	45	7,1%	59%
Sortuæxli í húð	29	4,6%	94%
Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli:	28	4,4%	100%
Krabbamein í legbol	28	4,4%	80%
Heilaæxli og önnur æxli í miðtaugakerfi	26	4,0%	66%
Krabbamein í skjaldkirtli	23	3,5%	96%
Nýrnakrabbamein	18	2,8%	57%
Krabbamein í þvágvegum (þvagblöðru o.fl.)	18	2,8%	69%

Slaufan bleika fyrir brjóstið veika



islenskt.is

Stoltur styrktaraðili bleiku slaufunnar



„Mér finnst það falleg tilhugsun að tengja slaufuna formæðrum okkar,“ segir Ragnheiður Ingibjörg Margeirsdóttir, hönnuður bleiku slaufunnar í ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sótti innblástur til ömmu

Ragnheiður Ingibjörg Margeirsdóttir vöruhönnuður á heiðurinn að hönnun bleiku slaufunnar í ár en tillaga hennar var valin úr hátt í 80 tillögum í samkeppni sem haldin var í samvinnu við Hönnunarmiðstöðina.

Útlit bleiku slaufunnar í ár, sem Ragnheiður Ingibjörg Margeirsdóttir vöruhönnuður hannaði, má rekja til þjóðbúninga í eigu ömmu Ragnheiðar. Tillaga hennar að slaufunni var valin úr hópi hátt í átta tíu annarra.

„Allt frá því að ég fór að hugleiða þátttöku í keppninni um hönnun bleiku slaufunnar var ég viss um að mig langaði til að sækja hönnunina í gömul mynstur. Mér finnst það falleg tilhugsun að tengja slaufuna formæðrum okkar. Ég hef áður unnið með gömul mynstur, til að mynda úr þjóðbúningi Sigurðar Guðmundssonar málara. Nú sótti ég innblástur í skúfhólk á skotthúfu



Silfurútgáfa af slaufunni er bæði hægt að fá sem nælu og hálsmen.

við þjóðbúning sem amma mín heitin átti og móðir mín á núna,“ segir Ragnheiður. Hólkurinn sem Ragnheiður vísar í er skreyttur tveimur mynstrum, en Ragnheiður notaði bæði mynstrin á slaufurnar og eru því tvær útfærslur í boði. Á sérstakri silfurútgáfa Bleiku slaufunnar notast Ragnheiður við annað mynstrið í hálsmen og hitt í nælu.

„Ég hef ætíð heillast af skúfhólknunum á skotthúfunni. Amma mín spáði því að ég yrði forn-

leifafræðingur enda var ég mikill dútlari og hreifst af gömlu þegar ég var yngri. Það er kannski ekki skrítið að ég hafi endað sem vöruhönnuður með ræturnar í arfleiddinni.“ Ragnheiður segir að bleika slaufan sé draumaverkefni.

„Það er ekki á hverjum degi sem íslenskir hönnuðir eiga möguleika á að fá verk sín framleidd í svona magni. Málstaðarins vegna er líka gaman að taka þátt enda alltaf einhverjir í umhverfi manns sem hafa þurft að standa í þessari baráttu. Ég hvet alla til að styrkja málefnið. Margir nota slaufuna sína áfram eftir átakið sem skartgrip, sumir safna slaufunum og ég veit að útlendingar, sem hafa einhver tengsl við landið, eru mjög hrifnir af þessari hugmynd.“ Ragnheiður hefur í kjölfarið á slaufuhönnuninni hafið vinnu að eigin skartgripalínu sem seld verður á næstunni í verslunum Leonard, sem selur silfurútgáfu slaufunnar, en Ragnheiður hefur einnig hafið störf hjá versluninni.

-jma

Hjálp á óþekktum vegum

„Þegar fólk greinist með krabbamein tapar það áttum í fyrstu þegar áður óþekktur veruleiki blasir við. Því hvet ég alla sem greinast með krabbamein til að leita til Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins eftir aðstoð og upplýsingum því flest þarf að hugsa upp á nýtt,“ segir Gunnjóna Una Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi hjá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands, en þar er veitt þjónusta fólki að kostnaðarlausu.

„Þegar krabbamein greinist er eðlilegt að það orsaki kvíða hjá viðkomandi einstaklingi og fjölskyldu hans varðandi framtíðina, bæði hvað varðar heilsu, fjárhag og ýmsa félagslega þætti. Við slíkar aðstæður getur verið mikil hjálp fólgin í því að fara yfir stöðu sinna mála með aðstoð fagaðila og gagnlegt að gera sér hugmyndir um þá framtíð sem í vændum er, því oft er hægt að fyrirbyggja að léttvæg vandamál valdi áhyggjum og kvíða, eða jafnvel depurð og vonleysi,“ segir Gunnjóna Una og útskýrir að í samfélaginu séu til staða ýmis úrræði sem létta eigi undir með fólki sem verður fyrir heilsutjóni.

„Almennt stendur fólk misvel að vígi hvað áunnin réttindi hjá stéttarfélögum og lífeyrissjóðum varðar, en fyrst eftir að fólk veikist nýtir það rétt sinn á vinnu- markaði. Eftir að honum lýkur taka við greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélagi og þegar þær falla niður getur fólk fengið lífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, félagsþjónustu sveitarfélaga eða frá lífeyrissjóðum, en



Félagsráðgjafinn Gunnjóna Una Guðmundsdóttir er verkefnastjóri hjá Krabbameinsfélagi Íslands. Hún hvetur alla sem greinast með krabbamein til að nýta sér ókeypis þjónustu Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

lög tryggja að allir njóti lágmarks framfærslu,“ segir Gunnjóna Una og ítrekar að í Ráðgjafarþjónustunni sé hægt að fá aðstoð við að afla upplýsinga um áunnin réttindi og aðstoð við að sækja um lífeyri og annað sem fólk á rétt á í samfélaginu.

Í Ráðgjafarþjónustunni starfa fleiri fagstéttir og þar er haldið úti vönduðu fræðslustarfi í formi fyrirlestra, námskeiða og einstaklings- og hópviðtala. Dagskrá og nánari upplýsingar á: www.krabb.is/rad.

Nýtt!

Nicorette® Whitemint

Dregið getur úr mislitun tanna þegar reykingum er hætt



Nicorette® Whitemint, mjúkt með mintubragði



Nicorette® nikótínlyf eru fánleg án lyfseðils og eru notuð til að draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtur nikótínlyfjatyggigúmmis er 24 stk. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leitið til læknis eða lyfjafraeðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.



„Minir vinir og fjölskylda hafa verið mér alveg ómetanlegur stuðningur,“ segir Ágústa Erna Hilmarsdóttir, sem er hér ásamt bróðurdóttur sinni, Heru Lind Birgisdóttur.

MYND/MARÍA KJARTANS /WWW.EYEMAZINGPHOTOGRAPHY.COM

Vinnan er mér mikils virði

Ágústa Erna Hilmarsdóttir fékk á dögunum afhenta bleika slaufu frá Krabbameinsfélagi Íslands fyrir framlag sitt í þágu þeirra sem greinst hafa með krabbamein og aðstandenda þeirra.

„Stór hluti af lífi mínu hefur í raun einkenst af baráttu bæði í starfi mínu og veikindum, enda er ég mikil baráttukona að eðlisfari. Hef alltaf verið haldin gríðarlega sterkri réttlætiskennnd og hef barist fyrir því að allir fái að sitja við sama borð. Þess vegna þykir mér mjög vænt um þessa viðurkenningu og hefur mér með henni verið sýnd mikil virðing og traust, sem persónu og í gegnum störf mín,“ segir Ágústa Erna Hilmarsdóttir, ein þriggja kvenna sem Krabbameinsfélag Íslands afhenti fyrstu bleiku slaufunu á dögunum fyrir að sýna hugrekki og dugnað í að sinna málum er varða þá sem greinast með krabbamein.

Óhætt er að segja að Ágústa sé vel að viðurkenningunni komin þar sem hún hefur um margra ára skeið unnið óeigingjarnt starf í þágu þeirra sem greinst hafa með krabbamein og aðstandenda þeirra. Ágústa, sem er hjúkrunarfræðingur að mennt, starfaði um tíma á krabbameinsdeild Landspítalans. Hún var einn af stofnendum Krafts, stuðningsfélags fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þess, árið 1999 eftir að systir hennar Hildur

Björk hafði greinst með hvítblæði í annað sinn tveimur árum áður. Þeim fannst sárlega vanta félagskap sem sinni þörfum þeirra sem höfðu lent í svipaðri reynslu og Hildur og stofnuðu af þeim sökum Kraft, sem Ágústa starfaði hjá sem stuðningsfulltrúi í mörg ár.

„Ég tók stuðningssímann að mér, gekk með hann á mér dag og nótt í mörg ár,“ segir Ágústa, sem hefur ekki tölu á hvað hún hefur heimsótt marga frá upphafi í nafni Krafts. „Þetta er rosalegur fjöldi fólks sem ég hef verið þeirrar gæfu að njótandi að hitta og leiðbeina eftir bestu getu, ólíkt fólk sem á það sameiginlegt að þurfa að glíma við krabbamein hvert með sínum hætti og veit ekki hvernig það á að snúa sér,“ útskýrir hún og segir reynsluna af starfinu með Krafti vera sér ómetanlega. „Mér hefur alltaf þótt gott að getað hjálpað öðrum, það er eitt af því sem hefur hreinlega gefið mínu lífi gildi.“

Af þeim sökum reyndist það Ágústu mjög þungbært þegar hún greindist sjálf með brjóstakrabbamein fyrir tveimur árum og varð í kjölfarið að minnka við sig vinnu. „Satt best að segja kom þetta eins og þruma úr heiðskíru lofti. Ég hafði alltaf verið heilsuhraust en var skyndilega komin hinu megin við borðið og gat ekki sinnt starfinu eins og ég vildi, hvorki hjá Krafti né í eigin fyrirtæki, Hrifum, þjónustufyrirtæki sem ég stofnaði til að bjóða fyrirtækjum upp á alhlíða heilsueflingu.“

Eftir að Ágústa greindist með

brjóstakrabbamein í apríl 2008 tók við hálfis árs lyfjameðferð sem skilaði góðum árangri og töldu lækningar víst að fullur sigur væri unninn á sjúkdómnum. Tveimur árum síðar dundi reiðarslag hins vegar yfir á ný þegar krabbameinið tók sig upp. „Mig var farið að gruna að ekki væri allt með felldu þar sem ég var alltaf svo þreytt og leitaði því til lækna til að fá rannsóknir og svör, sem kváðu áhyggjurnar óþarfar. Það var svo ekki fyrr en ég fór í myndatöku hjá Krabbameinsfélagi Íslands að þetta kom í ljós og síðan þá er ég búin að vera í lyfjameðferð og nú geislameðferð, sem ég hef svarað vel þótt þetta reyni vissulega mikið á mann.“

Ágústa er bjartsýn á framhaldið og segir mikilvægt fyrir alla sem glíma við krabbamein að halda í baráttuandann. „Hann skiptir öllu máli, ekki síður en von, bjartsýni og svo auðvitað húmor sem er algjörlega ómissandi. Sjálf er ég með kolsvartan húmor sem ég er svo lánsöm að hafa sem og deila með góðum vinum og fjölskyldunni, en það er mikilvægt að eiga einhvern að sem maður getur rætt við af hispursleysi um sín mál, bæði í gamni og alvöru,“ segir Ágústa, sem vill þó sem minnst einblína á eigin veikindi og kveðst hlakka til að snúa aftur til starfa. „Ég get ekki beðið eftir að öðlast líf mitt aftur, einnig að geta hjálpað öðrum, en þangað til safna ég bara kröftum með hjálp einstakrar fjölskyldu og vina.“

-rve

Er búin að fá fjórtán góð ár

Þó Stefanía Guðmundsdóttir hafi gengið með eggjastokkrabbamein frá árinu 1996 og sé búin að fara í gegnum geisla, lyfjameðferð og margar erfiðar aðgerðir á hún góða tíma þess á milli.

„Það er líf með krabbameini og margir læknastr. Þannig að maður má ekkert gefast upp heldur verður að rífa sig áfram og reyna að njóta alls sem er í kringum mann.“ Þetta segir Stefanía Guðmundsdóttir sem er 65 ára og greindist með eggjastokkrabbamein árið 1996. „Ég er búin að fá fjórtán góð ár,“ segir hún glaðlega. „Er reyndar búin að fara í geisla, lyfjameðferð og sex stórar aðgerðir á þessum tíma því það er engin lækning til önnur en að hreinsa meinið út þegar það fer að þrýsta á. En ég reyni að lifa góðu lífi þess á milli og njóta hvers dags.“

Erftitt er að þreifa fyrir því meini sem Stefanía er með enda eru eggjastokkarnir bak við legið. „Einkennin eru þau að það þrýstir eitthvað á innan í manni og kviðurinn verður útþaninn,“ lýsir hún. „Þessum einkennum bið ég konur að vera vakandi fyrir. Ég gat varla setið fyrir bakverk en gerði mér enga grein fyrir hvað var á seyði.“

Tegundir eggjastokkrabbameins eru kringum þrjátíu talsins og lyfjameðferð dugir ekki á þá sem Stefanía er með. Því hefur hún farið í aðgerðir á þriggja og svo tveggja ára fresti. Hún hætti að vinna úti fyrir þremur árum en hafði fram að því starfað við bókhald og líkað vel. „Svo ákvað ég að snúa mér að því að halda heilsu. Vinnunni fylgdi svo mikið stress og ég fann að það var ekki gott,“ segir hún. Meðal þess sem Stefanía gerir til að auka gæði lífsins er að ganga úti og hún kveðst svo heppin að búa við Fossvogsdalinn og eiga greiða leið þaðan í Elliðaárdalinn. „Það eru forréttindi að búa við það að geta labbað beint út í náttúruna,“ bendir hún á.

Stefanía fer lofsamlegum orðum um íslenska lækna sem hún segir standa sig vel en viðurkennir að óttinn við að eiga stutt eftir læðist stundum að. „Ég reyni samt að láta sjúkdóminn ekki íþyngja mér alltof mikið og þakka bara fyrir að hafa fengið að njóta skemmtilegra stunda og stórra atburða í lífi barnanna.“ Hún kveðst vera fastagetur í stuðningshópi kvenna með eggjastokkrabbamein sem hittist mánaðarlega. „Við berum okkur saman og fáum góð ráð hver hjá annarri í sambandi við sjúkdóminn á milli þess sem við tölum um eitthvað annað.“

-gun



„Það eru forréttindi að búa við það að geta labbað beint út í náttúruna,“ segir Stefanía sem iðulega fer í gönguferðir í Fossvogsdalnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Hemmi Gunn snýr aftur á Bylgjuna á sunnudögum klukkan 16 með góða gesti og spurningaleikinn Og svaraðu nú! Tveir þátttakendur keppa í hraðaspurningum. Annar dettur út en hinn heldur áfram og fær fimm spurningar á sínu sérsviði. Með fjórum réttum svörum er sigurinn í höfn. Með því að leggja verðlaunin undir og endurtaka leikinn er hins vegar hægt að hækka sigurlaunin eða tapa öllu. Skráning í leikinn fer fram á www.bylgjan.is.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

ÞALLT

Hermundur Rósinkranz miðill og talnaspekingur nýtir einstæða talnarunu helgarinnar til góðs

10.10.10 dagur tækifæra

Sunnudagur þessarar haustblíðu októberhelgar geymir talnarununa 10.10.10 og hana ætlar Hermundur Rósinkranz að nýta sér til góðs.

„Öll orka, úr tölum sem öðru, byggist á viðhorfi og líðan fólks – hvernig það ætlar að upplifa og skynja augnablikid – með depurð og neikvæðni, eða taka því sem dýrmætum lærdómi,“ segir Hermundur, sem klukkan 10.10 í fyrramálið hyggst vera í fyrsta teig-höggi dagsins á golfvöllinum.

„Morgundagurinn er upplagður til að ýta einhverju nýju úr vör, koma hlutum á hreyfingu og með nýjar hugmyndir. Talan 10102010 hefur þversummuna 5 sem stendur fyrir hreyfingu, frelsi, opnun og tækifæri, og því upplagt að nota daginn til að sjá hvað er framundan og taka ákvarðanir þar að lútandi,“ segir Hermundur og bendir á að tala Íslands – 17. júní 1944 – sé einnig 5.

HELGIN | 3



Hermundur Rósinkranz Sigurðsson er talnaspekingur og miðill. Hann segir talnarununa 10.10.2010 hafa þversummuna 5 sem feli í sér tækifæri til frelsis og breytinga.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLU

Patti.is

Landsins mesta úrval af sófasettum

Man-8356 - leðursett 3+1+1




EKKI MISSA AF ÞESSU
TILBODINU LÝKUR
LAUGARDAGINN 9. OKTOBER

Tilboðsverð
149.900 kr

Fusite 6731 - leðursett 3+1+1



Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opíð : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 - Laugard. frá 11 til 16



Sigga & Timo

G U L L S M Í Ð I
LINNETSSTIGUR 2 · SIMI 565 4854

WWW.SIGGAOGTIMO.IS

VINSÆLASTI RÉTTURINN Í 6 MÁNUÐI

Kr. 1.695

Tian

Chinese Restaurant
Grensásvegí 12
www.tianmatur.is
S: 568 19 19

Opíð mán.- föstud. kl. 11-22:00, laugard.-sunnud. kl. 17:00-22:00

Nr. 34 Beijing Beef

Exótísk blanda af bragðtegundum nautakjötsréttir. Þetta er spennandi og vinsæll nýr réttur sem þú finnur aðeins á Tian í Borið fram með Jasmin hrísgrjón.

Tilboð gildir alla daga...

Supertilboð

fyrir 2 eða fleiri gesti

Djúpsteiktar rækjur

með súrsætri sósu

Ýsu með sweetchilli sósu

Jian Pao svínakjöt

Steiktar eggjanúðlur með grænmeti

Jasmin hrísgrjón

Kr. 1.350 á mann

Combotilboð

fyrir 2 eða fleiri gesti

Djúpsteiktar rækjur

með súrsætri sósu

Heimabakaðar vorrúllur

Kung Pao kjúklingur

Steiktar eggjanúðlur

Jasmin hrísgrjón

Kr. 1.495 á mann

Tian Chinese Restaurant

Grensásvegí 12



OLANG

Þeir eru komnir

B/A/S/L/E/R

Skipholt 29b, s:551-0770

VÍSIR.IS

"...ég sá það á vísi"



„Ég gróðursetti ösp í garðinum árið 1968 sem var felld þrjátíu árum síðar og úr því tré komu fyrstu karlarnir," segir Guðmundur um trékarlana sína.

Kjötsúpuveisla í Dalakofa Nú fögnum við glæsilegri viðbót í skálaflóru Útivistar með með kjötsúpuveislunni helgina 15.-17 október.

Skráning á skrifstofu Útivistar eða á www.utivist.is

ÚTIVIST
Laugavegi 178. Sími 562 1000. www.utivist.is

Skil ekkert í henni Lóu

Með listrænu auga og högum höndum hefur Guðmundur Sigurðsson gefið gömlum trjábólum framhaldslíf. Sýningin Trékarlar sem verður opnuð í Náttúrufræðistofu Kópavogs í dag ber gott vitni um það.

„Ég hef ekkert haft fyrir þessari sýningu. Það eru barnabörnin sem standa í þessu," segir trésmiðurinn aldni Guðmundur Sigurðsson þegar hann er spurður út í sýninguna Trékarlar sem opnuð verður í Náttúrufræðistofu Kópavogs að Hamraborg 6a klukkan 14 í dag. Viðurkennir þó að eiga verkini sem þar eru sýnd. Hann rekur rætur þeirra, í bókstaflegri merkingu, að Hlíðarvegi 3 í Kópavogi þar sem hann bjó lengi ásamt konu sinni. „Ég gróðursetti ösp í garðinum árið 1968 sem var felld þrjátíu árum síðar og úr því tré komu fyrstu karlarnir," segir hann með glettni í augum.



Ein af mörgum stytum sem Guðmundur hefur gert úr gömlum tréstaum.

MYND/ÓLÖF DÓMHILDUR JÓNSDÓTTIR

„Sem strákur gat ég aldrei verið til friðs nema ég væri að smíða," rifjar Guðmundur upp „Ég smíðaði mér til dæmis hlaupahjól, magaleða og kajak. Svo hefur það fylgt mér gegnum tíðina að þurfa alltaf að vera eitthvað að gera."

Hversu marga trékarla skyldi Guðmundur búinn að tálga? „Frómt frá sagt þá hef ég ekki tölu á þeim. Fólk hefur verið að koma til mín og

biðja mig að höggva karla og vilja borga mér fyrir en ég hef aldrei verið peningamaður. Ég tók það ráð að strax og karlarnir losnuðu lét ég þá fara."

Í tengslum við sýninguna hefur verið gefin út bók með myndum af 34 figúrum Guðmundar. Hún ber heitið Trékarlar, Skrattinn, Ketill og fæðingarhálfvitarnir hans afa. Hann er beðinn að útskýra það: „Dótturdóttir mín, Lóa Pind Aldísardóttir, skrifaði texta í kringum myndirnar. Þú mátt hafa mig fyrir því að Lóa er gimsteinn. En ég skil ekkert í henni að fara að gera 85 ára snarruglaðan karl að einhverju listaséni. Það kemur mér spáskt fyrir sjónir," segir hann og hlær. Verður svo alvarlegur aftur. „En þegar fólk fer að fullorðnast þá er voða mikið atríði, til að halda andlegri og líkamlegri heilsu, að hafa eitthvað af áhugamálum." - gun

Í grænni lautu

Síðasti dagur rýmingarsölunnar **60-80% afsláttur** af öllu allt á að seljast prútt stemming í dag.

Í grænni lautu laugarvegi 25 opið 11-16 s. 5335500

Frændþjóðir takast á

Íslenska landsliðið í sundi tekur á móti því færeyska í sundkeppni landanna í dag.

Færeyska landsliðið í sundi sækir það íslenska heim í dag en liðin etja kappi í Laugardalslaug. Keppt verður í fimmtán greinum. Þar af eru tólf einstaklingskeppnir, tvö boðsund og sérstakt boðsund með átta manna liði skipuðu körlum og konum.

Sigurvegari mótsins er sú þjóð sem er með flest stig eftir fimmtán greinar. Íslenski hópurinn á harma að hefna frá því í fyrra þegar mótið var haldið í fyrsta sinn en þá fóru Færeyingar með sigur af hólmi. Mótið, sem hefst klukkan



Jacky Pellerin, þjálfari íslenska landsliðsins í sundi, ásamt sundmanninum Jakobi Jóhanni Sveinssyni.

MYND/SUNDSAMBAND ÍSLANDS

16, verður sýnt í beinni útsendingu á SportTV.

Nýtt dansmyndband DanceCenter RVK verður frumsýnt í Apótekinu á laugardag klukkan 22. Myndbandið er unnið af starfsmönnum Illusion og Lindu Ósk Valdímarsdóttur, danskennara og verkefnastjóra DanceCenter RVK.

Heimild: www.dancecenter.is

ALLT ÞAÐ FÍNA FRÁ KÍNA HEILSUVÖRUR - HEILSUTE FRÁBÆRT VERÐ

FJÖLBREYTT ÚRVAL AF FENG-SHUI VÖRUM

MARGAR GERDIR AF VÖNDUÐUM VÖSUM

HEILSU DREKINN
Kínversk heilsulind

Sími: 553 8282 | Skeifan 3j | www.heilsudrekinn.is

„Það útskýrir hversu nýjunggjarnir, meðvirkir og fljótfærir Íslendingar eru, eins og þeir voru í sambandi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Við teljum okkur alltaf best í heimi, en þegar stærri aðilar nálgast okkur, eins og AGS og Bandaríkin, breytumst við í lúpur, skreppum saman og þorum ekki að mótmæla. Því erum við ósköp smá það þegar á reynir, þótt við kunnum vel að dressa okkur upp í leikrit og þykjast miklir kóngar,“ segir Hermundur og nefnir líka til sögunnar fæðingardag íslenska lýðveldisins sem er 17 með þversummuna 8.

„Átta merkir allsnægtir og velgengi og vissulega eru Íslendingar vinnusamir og með sterka aðlögunarhæfni. Velgengi fer hins vegar alfarið eftir grunnþáttum í viðhorfi þjóðar gagnvart tilverunni og árangri í lífinu, á hvað Íslendingar trúá; ást og kærleika, eða græðgi og peninga. Því ef við fylgjum því sem við trúum á náum við slíkum árangri,“ segir Hermundur og bætir við að Íslendingum sé eðlislægt að láta af mikið yfir sig ganga, enda eigi mótmæli þeirra heima í eldhúskróknum, þar til þeir eru bornir þaðan út, en þá fari þeir loks út með pottana sína.

„Svo segir Steingrímur J. að það sé eðlilegt að fólk mótmæli. Auðvitað er ekkert eðlilegt við mótmæli og við eigum ekki að þurfa að standa í mótmælum. En við lifum í vægast sagt óeðlilegu ástandi og undarlegt að segja svona,“ segir Hermundur, sem með miðilsaugum rýnir yfir í framtíðina:

„Því miður förum við ekki að sjá fram úr kreppunni fyrr en á vormánuðum 2013. Enn eru eftir margar holskeflur, enda þjóðin á hausnum þótt landsherrarnir vilji ekki viðurkenna það,“ segir Hermundur sem í viðtali við Fréttablaðið



Með augum miðilsins sér Hermundur ekki stytta upp yfir Íslandi fyrr en 2013 og að engin ríkisstjórn sitji heilt kjörtímabil fyrr en þá. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við Íslendinga vil ég segja: Það er alveg sama hversu svartnættið er mikið; það mun alltaf birta á ný.“

blaðið 2005 sagði að ef Íslendingar sneru ekki við dæminu strax árið eftir sætu þeir uppi með óyfir-stíganleg vandamál eftir 2007.

„Og nú höfum við fengið skellinn, en þó ekki af fullum þunga. Ný ríkisstjórn mun taka við stjórnartaumum fyrir jól, en sú mun ekki heldur starfa lengi og í raun mun engin ríkisstjórn sitja út kjörtímabilið fyrr en 2013. Ætli Lilja Mósesdóttir eða Þór Saari verði ekki næsti forsætisráðherra, þótt alltaf sé gott að getað gasprað á hliðarlínunni eins og Steingrímur og Jóhanna gerðu á sínum tíma, en eftir að fólk kemst í valdastól er þaggað niður í því af öfga- og þrýstihópum, því landinu er stjórnað af auðmönnum en ekki ríkisstjórninni, eins og alltaf er að sýna sig,“ segir Hermundur og

stingur upp á að stjórnálmenn vinni hluta úr ári í fiski, landbúnaði eða á spítölunum til að vera innan um fólk sitt, í stað þess að borða snittur einangraðir úti í bæ. „Þeir eiga auðvitað að vinna venjulega vinnu líka til að fá skilning á þjóðarsálinni í kaup- id, því ella tapa þeir öllum tengslum,“ segir Hermundur, sem ekki sér fyrir hlé á mótmælum nema núverandi ríkisstjórn fari frá.

„Þótt AGS viðurkenni störf hennar fyrir framúrskarandi árangur í peningamálum, hefur sú stofnun ekki hugmynd um hvernig hjarta Íslendinga slær né neina tilfinningu fyrir mannlegu eðli. Peningar hafa eðli Pacmans, sem er að éta, éta og éta, og þess vegna er ríkisstjórnin nú að éta upp eignir landsmanna. Ef ekkert verður að gert fyrir heimilin

strax er ég hræddur fyrir Íslands hönd, því við missum svo verðmætt fólk úr landi,“ segir Hermundur og bætir við: „Á Íslandi er ekki verandi lengur og margir farnir að kvíða efri árum. Það er búið að taka alla tilhlökkun af fólk og best ef við gerðumst öll pólitískir flóttamenn í Danmörku og Noregi þar til land tekur að rísa á ný.“

Og að sögn Hermunds er mikið að gera eftir að kreppa fór að.

„Víst er svart yfir mörgum og mikið ástand í fjölskyldum. Margir íhuga að skilja því fólk er orðið uppgefið. Þá eru veikindi að aukast vegna viðvarandi streitu og lítið talað um sjálfsvíg, sem þó eru mörg. Ég fæ vikulega símtöl frá fólk sem er að gefast upp á lífinu, búið að missa fjölskyldu sína og langar að vita hvort eitthvað breytist til batnaðar. En við Íslendinga vil ég segja: Það er alveg sama hversu svartnættið er mikið, það mun alltaf birta á ný. Sjálfur veit ég að allt fer vel á endanum og við munum ná okkur upp úr þessu bakslagi. Ég hef gríðarlega trú á Íslendingum og finnst við stöð í miklum tækifærum til framfara; ekki bara sem þjóð í viðskipta- umhverfi heldur tækifærum til að vera nær hvert öðru, skynja náungakærleikann og gefa meira af okkur. Við þurfum að standa saman og haldast í hendur og ég veit að við höfum það öll í okkur því Íslendingar eru tilfinningaleg og gefandi þjóð, eins og sést best í hamförum þegar allir leggjast á eitt og hjálpa til. Í því erum við rosalega dugleg. Við skulum því sýna samstöðu og náungakærleik, bjóða góðan dag, brosa og hrósa hvort öðru, því allt léttir það tilveruna, og vera uppbyggjandi í stað þess að byrja alltaf á neikvæðu tali um ástandið í þjóðfélaginu.“

thordis@frettabladid.is



Konur verða í aðalhlutverki á Kjarvalsstöðum um helgina.

Trúðar á Kjarvalsstöðum

Trúðar ríða á vaðið í skipulagðri dagskrá í tengslum við kvennafrídaginn 25. október.

Trúðaatríði með sérfræðingunum Mr. Klumz og Plong er fyrsti atburður skipulagðrar dagskrár sem Skottarnar og Listasafn Reykjavíkur gangast fyrir á Kjarvalsstöðum í aðdraganda Kvennafrí dagsins. Það eru leikkonurnar Tinna Þorvalds Önnudóttir og Guðbjörg Ása Jóns Huldudóttir sem bregða sér í hlutverk trúðanna og kynna niðurstöður úr rannsóknunum sínum.

Á sunnudaginn klukkan 15 verður Þóra Þórisdóttir síðan með fyrirlestur sem snýr að konum í myndlist og hvernig orðræðan um myndlist þeirra birtist. Hún bregður upp myndum af konum í myndlist jafnt innan sem utan rammans. Fjallað verður um innkomu feminismlans í myndlist á ofanverðri síðustu öld og um lífsseigar, kynjaðar goðsagnir varðandi listsköpun. Þá verður kastljósinu beint að yfirstandandi sýningum Listasafns Reykjavíkur þar sem konur eru í forgrunni. Á mánudag verður ljóðadagskrá tileinkuð Stígamótum.

- ve



Mikið af Nýjum Dörum

Nýjar kjólar frá 4.990.-

Nýjar leggings frá 2.590.-

*Nýjar úlpur, pelsar, jakkar, peysur
og mikið af nýjum buxum.*

Opið frá 11–17 í Smáralind.

Smáauglýsingasíminn er opin alla daga kl. **8-17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000** smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8-17**

BÍLAR & FARATÆKI



ATH öll skipti!
CHRYSLER GRAND VOYAGER. Árgærd 2005, ekinn 108 þ.km, BENSÍN, 5 girar. Ath minni vél eyðir minna áhvílandi lán 1150 þús. Verð 2.290.000. Mjög Fallegur Bíll. Skoðar öll skipti t.d. vél-sleði, hjól eða bíll. Uppl. í síma 855 5556

Bilabankinn
Breiðhöfða, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
Opíð 12-16 laugardaga
www.bilabankinn.is


NETBÍLAR
www.netbilar.is

Við störlækkum sölukostnað!
Skráðu bilinn hjá okkur - **fritt!**

NETBÍLAR
www.netbilar.is

Viltu selja fljótt og vel....
Er bíllinn þinn sýnilegur á Netinu ... Netbilar.is bjóða þér uppá einn öflugasta bílasölumiðill landsins þar sem tug þúsundir kaupanda leita í hverjum mánuði. Skráðu bíllinn þinn á Netbilar.is sem skilar oft sölu samdægurs. Lægsta þóknunina eða frá 1,25% til 2,5% Netbilar.is bjóða betur Hlíðasmára 2 - 201 Kópavogur - Sími 588-5300 - netbilar@netbilar.is

Netbilar.is
Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur
Sími: 588 5300
<http://www.netbilar.is>



SUZUKI GRAND VITARA. 07/2004, ekinn 55 þ.km, 5 girar. Verð 1.490.000. #282207 - Bíllinn er á staðnum laugardag frá 11:30-15:00 kíktu í kaffi!

Bílalind
Funahöfði 1, 110 Reykjavík
Sími: 5808900
Hlökkum til að sjá þig :) www.bilalind.is

567 2277 **NÝJA** www.nyja.is
BÍLAHÖLLIN
BÍLAJANINN YFI BREIÐHÖFÐA YFI REYKJAVÍK

Lygilega lág sölulaun :) Verðbil
0-1.000.000 = 28.900 m/öllu!

567 2277 **NÝJA** www.nyja.is
BÍLAHÖLLIN
BÍLAJANINN YFI BREIÐHÖFÐA YFI REYKJAVÍK
Nyja.is • S. 567 2277



VW POLO. Árgærd 2010, ekinn 23 þ.km, BENSÍN, 5 girar. Verð 2.100.000.



HYUNDAI I 30. Árgærd 2010, ekinn 26 þ.km, BENSÍN, 5 girar. Verð 2.300.000.



TOYOTA LAND CRUISER 120 VX. Árgærd 2007, ekinn 50 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 7.290.000. ath skipti



POLARIS SPORTSMAN 6X6. Árgærd 2002, ekinn 7 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 650.000. Mikíð endurnýjað



HONDA GOLD WING 30 ÁRA AFMÆLISÚTGÁFA. Árgærd 2005, ekinn 13 þ.km, BENSÍN, 5 girar. Ásett verð 3.490 Tílböð 2.900 Umboðshjól ein eigandi frá upphafi og mikíð af aukahlutum! Sjón er sögurikari

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



NISSAN ALMERA VISIA. Árgærd 2003, ekinn 105 þ.km, BENSÍN, 5 girar. Verð 790þ Rnr.152081

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is

Arnarbílar
www.arnarbilar.is



M.BENZ C 32 AMG 355 HESTÖFL árg 2002 ek 140þ sjálfskiptur TOPPEINTAK, leður og fl. verð aðeins 2.850 þ Vantar bíla á skrá og á staðinn, Arnarbílar S: 5672700

Arnarbílar ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is

100 bílar
www.100bilar.is



Toyota Rav4 GX, árg. 4/2006, ek. 72þús.km, sjálfskiptur, hiti í sætum, cd, vindskeið, lofkæling, ofl, Flottur bíll, Ásett verð 2690þús.kr, bíllinn er á staðnum,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Til sölu Renault Kangoo árg. ,05 ek. 84 þús. Ath skipti á tveim bílum. S. 899 5189.



Til sölu Yaris T-sport, 2007, ek 30xxx, xenon, 17"álfelgur, 1800cc, ásett 2.690þús, fæst á 2.190þús. Viktor s. 898-3523.



F-250 ,78 4x4, Vél 351 Clevel. Álpallur 340x220. Ný dekk. Lítið ek. Nýsk. ,12 ath.laust. Engin gj., tr. 10 þ. V. 780 þ. S. 891 6647.



Cadillac Escalade 4dr 4WD. Árgærd 2004 ekinn 74000KM bensín. Sjálfskiptur Verð 3.700.000,- Skipti á ódýrari möguleg Sími 898 1510.



Gerðu felgurinn eins og nýjar!
Níðsterk duftlökkun. Héðingsgata 2 105 Reykjavík. WWW.duft.is Sími 512 4460.



Til sölu Subaru Legacy árg. 2003 ek. 132þ. Sjálfsk. m./dráttar. Nýskoðaður. Í sérflökki innan sem utan. Verð 1090 þ. Uppl. í s. 664 8363



Ódýr góður sk'11
Daihatsu Grand Move árg'98, ek.199þús. Ágætis bíll. V. 165þús. S. 821 9887.



TILBOÐ Dihatsu Terios ,08 4x4 ekinn 35þ. verð 2.690þ. TILBOÐ 2.190þ. lán mögulegt. S. 698 4828



Toyota Avenis árg. ,03, tjónaður að framan. Tilboð óskast. Uppl. s. 699 2400.



Toyota Land Cruiser 120GX diesel 2003, ek. 130þ., v. 3,5m. S. 844 4615, ragnarmar@hotmail.com



FALLEGUR SKODA OCTAVIA STATION 2005. Ek. 80þ. 6/2005 beinsk 1.6 sk. 2011. Toppbíll. Ekkert áhvílandi. V. 1390þ. S. 895 0730.



Nissan X-trail ,08. Dísel. Ek. 25 þús km. Verð. 3.3m. S. 616 6609.



Corrado árg.'98, upptekin vél, ný dekk. V. 500 þús. Uppl. í s. 823 1564.



KIA SPORTAGE GRAND WAGON 4X4 árg. ,01 skjálfsk. ek. 139þús nýskoðaður. Verð 699þús Uppl. s. 848 4490



VW Golf ,03 Highline ekinn 72 þús. km, sjálfsk., ásett 1.300 þús. Uppl. í s. 696 3528.



BMW 735 árg'99. Ásett verð á bíla-sölu 1700þús, getur fengið á staðgr. á 1100þús. Skipti möguleg á t.d jeppa. Uppl í s. 840 0613



,07 Grand Vitara Lux. Traustur, hagstæður í rekstri, 4x4 drif, sjsk., leðursæti, 1 eigandi, 47 þ.km. V. 2.850þ.kr. S. 893 0694.



Mega tilboð 1,999 þúsund

Til sölu Toyota Previa 7 manna nýskráð 20.04.2005 nýskoðaður 2011 ekinn 178.000, filmur, ný timakeðja og vatnsdæla. Er í toppstandi ásett verð er 2.890 þúsund. MEGA TILBOÐ 1,999 þús.,stgr. ATH skipti, möguleiki á allt að 80% láni Uppl. s. 693 5053.



HONDA CR-V ÁRG 1999 EK. 109 Þ. KM. SJÁLFSKIPTUR. SKOÐAÐUR. TVEIR DEKKJAGANGAR Á FELGUM. ENGIN SKIPTI. SNYRTILEGUR BÍLL. VERÐ 790 ÞÚSUND. S 895 8956.



Til sölu Honda Jazz nýskr. 05/04. V. 1.150þ. Sk. skipti á ódýrari. S. 846 0224.



Til sölu Honda Accord sedan, sport special edition. Ek.28þús, árg.'08. Ssk. Fjólaskýlduvænn sportlegur,eins og nýr. Ásett verð 2,950þús. Óskar 868 1488.



Nissan Almera 1.4 3dyra ek. 156 þús. Árg. ,00 V. 400þús. Þór 697 9449.

Lífan LF 250 cc árg. ,06. Töskur og sysibar. Létt og lípur byrjendahjól. V. 190 þús. S. 692 2820 e. kl. 19.

Honda Civic V-Tec árg 98' ljósblár 3 dyra, 1500cc 114hð. ek.139þ. nýleg tímrein og rafgeimur og ný skoðaður v.580þ. uppl. 861 9046.

Til sölu Ford Escorde árg. ,96 ek. 126þ. V. 190þús. Vetradekk á felgum fylgja. Uppl. í s. 896 5096.

Stollinn Renault Laguna station, dökk grænn #Pv836. Ef einhver hefur upplýsingar hringja í 616 2597. Fundarlaun í boði.

Volvo 850 ,93 til sölu. Ný tímareim og fleira. Sk. 10/11. Ásett v. 350 þús. S. 846 3142.

Honda Accord ,97 góður bíll vel með farinn. Ek. 168 þ. km. Gott stgrv. S. 866 7511.

0-250 þús.



!!! Sjálfskiptur á 260þús!!!
Nissan almera 5dyra árg. 1998 ssk. álf cd skoðaður til sept 2011 uppl. s. 650 3646.



TILBOÐ 180 ÞÚS!!!
vw passat 1,6 árg'97 ek 185 þús,5 girar,skoðaður 2011,þarfnast smá lagfæringa en er í fullri noktn ásett verð 420 þús fæst á 180 þús stgr! s.841 8955

Tilboð óskast, tjónaður!!
Skoda Felicia árg. ,99 ek. 96 þús. Nýjar bremsur, nýr startari en þarfnast lagfæringar, er tjónaður einnig. Tilboð óskast. Uppl. í s. 772 8494.

250-499 þús.



Tilboð 250 þ.
VW Golf árg. ,96 ek. 176þús nýk. 2011 Verð 280þús. Uppl. S. 659 3459.

Varahlutir

Gerðu verðsamanburð

IVECO

Varahlutir frá framleiðanda

KRAFTVÉLAR Umboðsaðili á Íslandi

Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur / Sími 535 3500 / www.kraftvelar.is

OPTIMA

Optima hefur starfað hér á landi í yfir 55 ár og er eitt af þeim fyrirtækjum sem lengst hafa starfað í þessum tæknigeira. Hjá Optima starfa nú 20 starfsmenn, sölu- og tæknimenn til að sinna þeirri þjónustu sem viðskiptamenn fyrirtækisins óska eftir.

Þetta er öflugur hópur manna með margra ára reynslu af þjónustu og viðgerðum flókinna tækja. Það er trú okkar sem hjá Optima störfum að árangur fyrirtækisins megi fyrst og fremst þakka samblandi af traustum tækjum, góðum viðskiptavinum og þeirri miklu áherslu sem fyrirtækið leggur á hraða, fagmannlega og persónulega þjónustu.

Sölumaður

Optima óskar eftir að ráða sölumann.

Starfssvið:

- Sala á tækjum frá RICOH, sem eru prentarar, skannar, fax- og ljósritunarvélar, og öðrum búnaði sem þeim tengjast t.d. hugbúnaði.

Hæfniskröfur:

- Víðtæk þekking á tölvu- og skrifstofubúnaði.
- Reynsla af sölu á fyrirtækjamarkaði.
- Starfið gerir kröfu til frumkvæðis og sjálfstæðra vinnubragða.
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg.

Upplýsingar veitir:

Þórir Þorvarðarson, thorir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 17. október nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700 www.hagvangur.is



Íbúðalánasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins sem veitir einstaklingum, sveitarfélögum, félögum og félagasamtökum húsnæðislán til íbúðarkaupa og byggingarframkvæmda. Sjóðurinn er fjárhagslega sjálfstæður og stendur undir lánveitingum og rekstri með eigin tekjum.

Markmið Íbúðalánasjóðs samkvæmt lögum eru meðal annars: „að stuðla að því að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum“ og „að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum“.

Framkvæmdastjóri

Starf framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs er laust til umsóknar. Stjórn Íbúðalánasjóðs ræður framkvæmdastjóra til fimm ára í senn og eru starfskjör ákveðin af kjararáði.

Helstu verkefni:

- Daglegur rekstur sjóðsins í umboði stjórnar
- Ábyrgð á fjármálum, fjármögnun og ávöxtun eigna
- Stefnumótun og markmiðasetning
- Áætlanagerð, gerð ársreikninga og ársskýrslna
- Upplýsingagjöf til stjórnar
- Samskipti við ráðuneyti og opinberar stofnanir

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Víðtæk þekking og reynsla af fjármálastarfsemi
- Þekking á íbúðalánnum æskileg
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Leiðtogaþæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Skilningur á þjónustuhlutverki stofnunarinnar og gildi þess í öllu starfi hennar

Upplýsingar veita:

Elisabet Sverrisdóttir, elisabet@hagvangur.is
Kristín Guðmundsdóttir, kristin@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 17. október nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknum skulu fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700 www.hagvangur.is

LÍFEYRISSJÓÐUR VERKFRÆÐINGA

Hlutverk sjóðsins er að veita sjóðfélögum elli- og örorkulífeyri og eftirlátnum mökum þeirra og börnum maka- og barnalífeyri. Sjóðurinn veitir einnig lán til sjóðfélaga. Sjóðurinn er deildaskiptur; samtryggingadeild og séreignadeild.

Á skrifstofu sjóðsins starfa 6 starfsmenn auk framkvæmdastjóra.

Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á heimasíðu hans www.lifsverk.is

Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs verkfræðinga

Stjórn lífeyrissjóðs verkfræðinga óskar eftir að ráða öflugan framkvæmdastjóra. Leitað er að talnaglöggu stjórnanda með ríka ábyrgðartilfinningu í þetta mikilvæga starf.

Helstu verkefni

- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri
- Ábyrgð á vali fjárfestingakosta og fjárfestingum
- Þátttaka í stefnumótun
- Samskipti við aðila á fjármálamarkaði
- Samskipti við innlenda og erlenda fjárvörsluaðila
- Undirbúningur og tillögugerð fyrir stjórn um fjárfestingar
- Upplýsingagjöf til stjórnar og sjóðfélaga

Menntunar og hæfniskröfur

- Háskólamenntun s.s. í verkfræði, viðskiptafræði eða lögfræði
- Stjórnunarreynsla
- Rík ábyrgðartilfinning
- Umtalsverð reynsla af fjárfestingum og arðsemismati
- Þekking og reynsla af störfum á fjármálamarkaði
- Gott vald á íslensku og ensku
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Faglegur metnaður og heiðarleg vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar og samningatækni

Umsóknarfrestur er til og með 20. október n.k. Nánari upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is). Umsóknir óskast fylltar út á www.intellecta.is. **Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfi viðkomandi í starfið. Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér mat FME á hæfi framkvæmdastjóra eftirlitsskyldra aðila og lög nr. 129/1997 um skyldutyggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Umsækjandi þarf að geta sýnt fram á að persónuleg fjármál og önnur fjárhagsleg umsýsla sé í lagi.

intellecta

Síðumúla 5 108 Reykjavík
Sími 511 1225 Fax 511 1126
intellecta@intellecta.is
www.intellecta.is

Capacent Ráðningar

FORSTÖÐUMAÐUR UPPLÝSINGATÆKNISVIÐS



Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) er stærsti lífeyrissjóður landsins ef miðað er við eignir. Meginhlutverk sjóðsins er að greiða sjóðfélögum eftirlaun til æviloka og koma á mótis við þá vegna tekjutaps. Sjóðurinn tekur á móti iðgjöldum og ávaxtar þau í sameiginlegum sjóði til að standa undir skuldbindingum sínum varðandi elli- örorku, maka- og barnalífeyri. Auk þessa veitir LSR sjóðfélögum lán og tekur við og ávaxtar frjálsan lífeyrissparnað.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins óskar eftir að ráða forstöðumann upplýsingatæknisviðs. Um er að ræða krefjandi starf sem heyrir undir framkvæmdastjóra. Megináhersla sviðsins er að reka upplýsingakerfi sjóðsins, þróa þau og efla. Forstöðumaður upplýsingatæknisviðs er yfirmaður allra mála sjóðsins er varða innleiðingu og rekstur tölvukerfa, tækjakaup og öryggiskerfi.

Helstu verkefni

- Stjórnun og daglegur rekstur
- Verkefnastjórnun í hugbúnaðargerð
- Uppbygging og þróun á upplýsingatæknisviði
- Uppbygging og rekstur gagnagrunna
- Uppbygging á gagnavinnslu- og skýrsluskilakerfum
- Þátttaka í stefnumótun og framtíðarsýn sjóðsins
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðeigandi háskólamenntun, t.d. tölvunarfræði eða verkfræði
- Reynsla af verkefnastjórnun í hugbúnaðargerð
- Reynsla af rekstri í upplýsingatækni og samningagerð
- Þekking á öryggismálum skilyrði, reynsla af stjórnkerfi upplýsingaöryggiskerfis mikill kostur
- Góð þekking á helstu fjármála- og lánakerfum
- Gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Lykileiginleikar viðkomandi eru leiðtogaþæfileikar og góð samskiptahæfni, hæfni til að leiðbeina og stýra verkefnum sem og frumkvæði og metnaður til að ná árangri.

Umsjón með ráðningunni hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 17. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

VILTU HAFA ÁHRIF?

FJÁRMÁLA EFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY ICELAND

Fjármálaeftirlitið (FME) er sjálfstæð eftirlitsstofnun með sérstaka stjórn. Hlutverk FME er að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur og í samræmi við eðlilega viðskiptahætti. Eftirlitsskyldir aðilar stofnunarinnar eru m.a. viðskiptabankarnir, sparissjóðir, lána- og verðbréfafyrirtæki, verðbréfamíðlar, lífeyrissjóðir, rekstrar- og vátryggingafélög, kauphallir o.fl. Nánar upplýsingar um stofnunina má nálgast á www.fme.is

SÉRFRÆÐINGAR RÉTTARREIKNINGSSKILASVIÐS

Fjármálaeftirlitið óskar eftir að ráða sérfræðinga á sviði réttarreikningsskila (forensic accounting). Leitað er eftir öflugum einstaklingum með sérhæfða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila, endurskoðunar eða fjármála. Í boði er áhugavert og krefjandi starf í lærdómsríku umhverfi.

Starfssvið

- Greiningar og eftirlitsvinna
- Þátttaka í rannsóknarvinnu
- Þátttaka í vettvangsathugunum
- Undirbúningur vegna sérstakra eftirlitsaðgerða
- Ráðgjöf til starfsmanna stofnunarinnar
- Þátttaka í uppbyggingu og þróun réttarreikningsskilasviðs (forensic accounting)
- Önnur verkefni sem til geta fallið

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á sviði endurskoðunar og reikningsskila eða fjármála er kostur.
- Þekking á alþjóðlegum reikningsskila- og endurskoðunarstöðlum
- Þekking á fjármála- og hlutabréfamarkaði kostur
- 3ja – 5 ára reynsla af störfum við endurskoðun æskileg
- Frumkvæði og góð samskiptahæfni
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 24. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfina á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS



capacent

Capacent Ráðningar

ERTU TIL...?

KERFISREKSTRARÁÐILI

Spennandi tækifæri hjá fjarskiptafyrirtæki. Starf sem mun gefa viðkomandi tækifæri til að hafa áhrif! Í starfinu felst umsjón með VAS-kerfum, þar á meðal Short Message Center (SMC), MMS Server, GPRS kerfi og reikningakerfi. Viðkomandi þarf að hafa háskólagráðu í fjarskiptaverkfræði (communication engineering), tölvunarfræði eða sambærilega menntun sem og fullkomið vald á ensku. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi grunnþekkingu á hugbúnaðarþróun, Database og SQL sem og yfirgripsmikla þekkingu á UNIX/Linux, Windows 2003 netbeinum og netbúnaði (Routers/Switches/Firewalls). Viðkomandi þarf að vera reiðubúinn að taka sólarhrings bakvaktir hluta mánaðarins.

Starf nr. 100909-02.

VIÐMÓTSFORRITARI

Spennandi fyrirtæki óskar eftir að ráða reynslumikinn aðila til að vinna við forritun og uppsetningu vefja fyrir stóran hóp viðskiptavina fyrirtækisins. Starfið er hið rétta fyrir gúrú í vefmálum. Mikil áhersla er lögð á liðsheild, góðan starfsanda og sjálfstæði í vinnubrögðum. Í boði eru spennandi verkefni hjá traustu fyrirtæki. Viðkomandi verður að búa yfir góðu valdi á HTML, XML, PHP, Python og JavaScript. Þekking á .NET er kostur. Gerð er krafa um þekkingu og reynslu af forritun vefja. Viðkomandi þarf að búa yfir gríðarlegum áhuga á vefmálum og vefstöðlum sem og frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Starf nr. 100308-02.

GÆÐA- OG FERLAMÁL

Nýtt og spennandi fyrirtæki óskar eftir að ráða sérfræðing á sviði gæða- og ferlamála. Viðkomandi mun sinna ráðgjöf til viðskiptavina vegna innleiðingar gæðakerfa og innri úttektum. Einnig felst í starfinu undirbúningur vegna vottunar og þjálfunar starfsmanna. Háskólamenntun sem nýtist í starfinu skilyrði. Góð þekking á gæðakerfum og innleiðingum skilyrði sem og af gerð ferla- og gæðahandbóka. Mjög góð geta í upplýsingatækni nauðsynleg sem og góð kunnátta í íslensku og ensku. Reynsla af skýrsluskrifum og geta til að tjá sig í rituðu máli nauðsynleg.

Starf nr. 101003-02.

AÐALBÓKARI SAMSTÆÐU

Traust fyrirtæki leitar eftir aðalbókara til starfa. Viðkomandi ber ábyrgð á uppgjörum samstæðu og dótturfélaga. Einnig mun viðkomandi aðstoða við gerð ársreikninga og skattauppgjör. Háskólamenntun í viðskiptafræði af endurskoðunarsviði og reynsla af sambærilegu starfi skilyrði.

Starf nr. 101008-03.

CAFF - COMMUNICATIONS OFFICER

The CAFF (Conservation of Arctic Flora and Fauna) International Secretariat based in Akureyri is looking for a communications officer. CAFF is one of six working groups of the Arctic Council and deals with Arctic Biodiversity issues. This position will involve maintenance and development of communication tools e.g. newsletters, web portal. Also report writing, editing and layout will be required. We are looking for someone with good editing, graphics, communication skills. The candidate should have good communication and coordination skills and work well in a team. Fluency in spoken and written english is essential. Knowledge of Indesign software would be helpful. Starf nr. 101008-01.

TÆKNILEGUR SÖLUMÆÐUR

Fyrirtæki á tölvumarkaði óskar eftir að ráða öflugan aðila til starfa sem hluta af sterkum söluhópi. Viðskiptavinir eru fyrst og fremst í smásölu, heildsölu, framleiðslu og dreifingu. Um sölu á eigin hugbúnaði/vélbúnaði er að ræða. Starfssvið viðkomandi er sala, ráðgjöf og þjónusta til fyrirtækja, heimsóknir til viðskiptavina, kynningar á þjónustu og öflun verkefna sem og samninga- og tilboðsgerð. Tölvu-, tækni- eða markaðsmenntun kostur. Reynsla og mikill áhugi á sölumennsku sem og reynsla af sölu á fyrirtækjamarkaði. Reynsla, þekking og áhugi á tæknimálum nauðsynlegur. Góð tölvu- og enskukunnátta skilyrði. Viðkomandi verður að búa yfir sjálfstæði í vinnubrögðum, skipulagsgetu og góðri samskiptahæfni, bæði við viðskiptavini og samstarfsmenn.

Starf nr. 101003-04.

SÉRFRÆÐINGUR

Einn viðskiptavina okkar leitar að snjöllum og metnaðarfullum einstaklingi í starf sérfræðings. Verkefni snúa að talnægri greiningarvinnu og skýrslugerð. Gerð er krafa um MS menntun á sviði fjármála eða hagfræði. Viðkomandi þarf að búa yfir góðri Excel, Word og Powerpoint þekkingu. Viðkomandi þarf einnig að búa yfir hæfni til að koma frá sér efni í ræðu og á riti hvort heldur á íslensku og ensku. Haldgóð reynsla á sviði fjármálalegra greininga er mikill kostur.

Starf nr. 101003-03.

BÓKHÁLD - HLUTASTARF

Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða til sín starfsmann í bókhald. Um 50% starfshlutfall er að ræða til að byrja með. Möguleiki á hærra starfshlutfalli eftir óákveðinn tíma. Viðkomandi þarf að geta skilað bókhaldi til endurskoðanda, þekking á launabókhaldi kostur. Krafist er mjög góðrar enskukunnáttu og er vinnumálið enska. Viðkomandi þarf að hefja störf sem fyrst.

Starf nr. 101008-02.

Umsóknarfrestur er til og með 17. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á www.capacent.is

Capacent Ráðningar

MARKAÐSSTJÓRI

Innflutnings- og sölufyrirtæki á neytendamarkaði óskar eftir að ráða kraftmikinn og áhugasaman einstakling í starf markaðsstjóra.

Starfssvið

- Stefnumótandi vinna við markaðsmál
- Forysta í ímyndar- og vörumerkjámálum
- Stýring markaðs- og auglýsingaáætlana og eftirfylgni aðgerða tengdum þeim
- Markmiðasetning, árangursmat og samhæfing markaðsmála
- Öflun og greining markaðslegra upplýsinga
- Mat á þróun markhópa og stöðu vöru- og þjónustuframboðs
- Ábyrgð og umsjón með innri og ytri vefjum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði markaðsmála
- Reynsla af markaðsstjórastarfi skilyrði
- Þekking af neytendamarkaði mikill kostur
- Greiningarhæfni og reynsla af rannsóknarvinnu
- Góð íslensku- og enskukunnátta og geta til að tjá sig í ræðu og riti
- Miklir leiðtoga- og samskiptahæfileikar
- Skapandi hugsun og geta til að tileinka sér nýjungar
- Metnaður til að ná árangri í starfi

Um spennandi framtíðarstarf er að ræða sem gefur viðkomandi færi á að móta og stýra markaðsmálum fyrirtækisins.

Viðkomandi verður að geta hafið störf sem fyrst.

Umsjón með ráðningunni hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 17. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknnum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144



Vaktstjórar óskast til starfa

Norðurál óskar að ráða í eftirfarandi stöður: Vaktstjóra í Skautsmiðju og vaktstjóra í Steypuskála

Leitað er að metnaðarfullum og traustum einstaklingum sem hafa áhuga á margþættum og krefjandi verkefnum. Vaktstjórnir heyrja undir framkvæmdastjóra skautsmiðju og steypuskála. Um framtíðarstörf er að ræða.

Verksvið og ábyrgð

- › Stjórnun og umsjón með daglegum rekstri vaktanna
- › Umsjón og eftirfylgni öryggismála
- › Starfsmannahald vakta
- › Skýrslugerð og tölfæðileg úrvinnsla
- › Umsjón og eftirlit með tækjabúnaði
- › Þátttaka í innleiðingu nýs vélbúnaðar
- › Þátttaka í stefnumótun og innleiðingu á gæðakerfum

Helstu hæfniskröfur

- › Iðnmenntun, stúdentspróf eða sambærileg menntun
- › Stjórnunarreynsla og reynsla af vinnu í iðnaðar- umhverfi æskileg
- › Sterk öryggisvitund og snyrtimennska
- › Góð samskipta- og leiðtogahæfni
- › Frumkvæði, gagnrýnin hugsun og skipulagshæfni
- › Góð íslensku- og enskukunnátta
- › Tölvukunnátta og þekking á helstu hugbúnaðar- kerfum (word, excel, outlook, powerpoint)

Umsóknarfrestur er til og með
20. október n.k.

Leggja skal inn umsókn á www.nordural.is

Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál. Öllum umsóknnum verður svarað.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Árni Stefánsson framkvæmdastjóri skautsmiðju og steypuskála, í síma 430 1000.

Jafnrétti

Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna til starfa hjá Norðuráli.



NORÐURÁL
Century ALUMINUM

Hagsýni - Liðsheild - Heilindi



Landsbankinn er stærsta fjármála-fyrirtæki landsins og veitir alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Starfsmenn eru um 1100 talsins og útibúanet bankans telur 35 útibú og afgreiðslur um land allt.

Útibússtjóri Landsbankans á Selfossi

Landsbankinn auglýsir laust til umsóknar starf útibússtjóra á Selfossi. Leitað er að áhugasömum og kraftmiklum einstaklingi sem hefur góða þekkingu á fjármálamörkuðum og reynslu af stjórnun.

Helstu verkefni:

- Yfirumsjón með rekstri útibúsins, m.a. hvað varðar arðsemi og áhættustjórnun
- Ákvarðanatöku er varðar starfsemi útibúsins, s.s. útlánaákvæðanir
- Þjónusta og fjármálaráðgjöf til einstaklinga, félaga og fyrirtækja
- Virk þátttaka í markaðsstarfi og þjónustumálum
- Eftirlit með vanskilum, eftirfylgni og ákvarðanatöku
- Gerð rekstraráætlana, endurmat þeirra og eftirfylgni
- Innra eftirlit og virk gæðastjórnun í öllum þáttum starfseminnar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskipta og/eða yfirgripsmikil reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla og/eða góð þekking á starfsemi fjármálafyrirtækja
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og fagmennska í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

Upplýsingar veita:

Kristín Guðmundsdóttir,
kristin@hagvangur.is
Þórir Þorvarðarson,
thorir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með
24. október nk.

Umsóknir óskast fylltar út á
www.hagvangur.is



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Atvinnutækifæri í Evrópu

Vinnumálastofnun og EURES standa fyrir starfakynningu í Ráðhúsi Reykjavíkur 15. og 16. október

Föstudagur 15. október kl. 17:00 – 20:00

Laugardagur 16. október kl. 12:00 – 18:00

Á kynningunni verða kynnt laus störf og veittar upplýsingar um starfs- og búsetuskilyrði víða í Evrópu. Einnig gefst fólki færi á að ræða beint og milliliðalaust við evrópska atvinnurekendur. Sjá má hluta þeirra starfa sem í boði eru á síðunni www.eures.is með því að smella á „Laus störf“

Eftirtalin fyrirtæki kynna laus störf og taka á móti umsóknum:

Frá Noregi koma fulltrúar Adecco, AM Direct AS, Bergen Personal AS, Hyllestad Kommune, Kongvold Fjeldstue, Wave Personell AS og frá Svíþjóð Sykes Datasvar Support AB.

EURES ráðgjafar frá eftirtöldum löndum kynna atvinnutækifæri í sínum löndum:

Noregi, Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi, Belgíu, Hollandi, Eistlandi, Tékklandi, Þýskalandi og Bretlandi.

Einkum er eftirspurn eftir fólki úr eftirtöldum starfsstéttum:

Iðnaðarmönnum svo sem smiðum, pípulagningamönnum, járníðnaðarmönnum og bifvélavirkjum. Bifreiðastjórum og landbúnaðarverkaþólki. Matreiðslumönnum og kennurum. Læknum, hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum. Verkfræðingum, kerfisfræðingum og upplýsingatæknifólki.

Your Job in Europe - European Job Days 2010

The Directorate of Labour and EURES IS host a European Job fair in Reykjavik City Hall on the following dates:

Friday 15th October 17:00 – 20:00

Saturday 16th October 12:00 – 18:00

Are you interested in finding a job opportunity abroad? At the fair you will find a wide range of vacancies, get a chance to meet employers and to discuss your plans with EURES Advisers from different countries. You also get first hand information about living and working abroad.

Some of the vacancies are listed on our website www.eures.is under “Laus störf”.





FORSTÖÐUMAÐUR FLUGAFGREIÐSLUSVIÐS

IGS ehf. leitar að öflugum einstaklingi í spennandi og krefjandi starf forstöðumanns flugafgreiðslusviðs. Viðskiptavinir IGS ehf. eru íslensk og erlend flugfélög. Staðan heyrir beint undir framkvæmdastjóra.

HELSTU VERKEFNI:

- Ábyrgur fyrir daglegum rekstri flugafgreiðslusviðs
- Áætlunargerð
- Stefnumótun
- Samningargerð
- Samskipti við erlenda viðskiptavini
- Pátttaka í alþjóðlegum kaupstefnum og sýningum
- Sölu- og markaðsmál

HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Mikið frumkvæði og frjó hugsun
- Öguð, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Útsjónarsemi og heiðarleiki

Umsóknir berist starfsmannþjónustu IGS, Fraktmiðstöð IGS, byggingu 11, 235 Keflavíkurflugvelli, fyrir 18. október 2010. Ferilskrá sendist: svala@igs.is

ÍSLENSKA SÍALIS IGS 31877 09/2010



Ungbarnaleikskólinn Bjarmi

Á Ungbarnaleikskólanum Bjarma í Hafnarfirði er laus 100% kennarastaða. Vinnutíminn er frá 9-17 alla daga. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Okkur vantar hugmyndaþrátt og skapandi einstakling, sem lítur lífið björtum augum og sér áskoranir sem tækifæri til að þroskast. Á Bjarma er unnið með fljóttandi námskrá og dagskipulag, kennarar starfa í teymum og nýta sér uppeldisfræðilegar skráningar í starfi.

Hægt er að sækja um starfið á heimasíðu skólans www.bjargir.is Einnig má senda umsókn ásamt starfsferilskrá á netfangið bjarmi@bjargir.is

Nánari upplýsingar veita Helga Björg í síma 690 2709 og Svava Björg í síma 695 3089



HAFNARFJÖRÐUR

www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJÖRÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Starfsfólk vantar

Félagsþjónustan í Hafnarfirði óskar eftir að ráða til starfa starfsfólk í félagslega liðveislu við heimili geðfatlaðra í Hafnarfirði.

Félagsleg liðveisla

Starfið felur í sér að aðstoða skjólstæðinga við að öðlast félagslega færni og auðvelda þátttöku í daglegu lífi. Um vaktavinnu er að ræða.

Starfið gerir kröfu til jákvæðs viðmóts, mannúðlegra viðhorfa og góðra hæfileika í mannlegum samskiptum. Sjálfstæði og frumkvæði í starfi eru nauðsynlegir.

Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi Verkalýðsfélagsins Hlífar við launanefnd sveitarfélaga.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um framangreind störf.

Umsóknnum skal skilað í þjónustuíbúð á Hverfisgötu 29, 220 Hafnarfjörður eða rafrænt á netfangið rakelr@hafnarfjordur.is.



ÚTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Starfsnám í utanríkisþjónustunni

Útanríkisráðuneytið auglýsir starfsnám í utanríkisþjónustunni. Markmið starfsnámsins er að gefa ungu fólki sem er að hefja starfsferil sinn færi á að kynnast störfum utanríkisþjónustunnar. Starfsnámið er ætlað fólki, sem hefur lokið BA/BS-gráðu, er í, hyggur á, eða hefur nýlengið meistaranámi í grein sem tengist málefna sviði utanríkisþjónustunnar.

Um er að ræða tvö sex mánaða tímabil, frá janúar-júní 2011 og frá júlí-desember 2011. Í umsókn skal taka fram hvort sótt er um fyrra eða seinna tímabil. Starfsnámið fer fram á einhverri starfsstöð utanríkisráðuneytisins erlendis eða á aðalskrifstofu ráðuneytisins.

Kröfur til umsækjenda:

- BA / BS gráða eða sambærileg menntun í grein sem tengist málefna sviði utanríkisþjónustunnar
- Góð kunnátta í íslensku, ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli
- Kunnátta í frönsku, þýsku eða öðru tungumáli æskileg
- Góð aðlögunarhæfni
- Íslenskur ríkisborgararéttur

Starfsnám hjá utanríkisráðuneytinu er launað og þiggja starfsnemar laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og FHSS.

Umsóknarfrestur er til og með 25. október 2010. Umsóknir ásamt einkunum út háskólanámi skulu berast á netfangið starfsnam@mfa.is, merkt "Starfsnám 2011". Lítið verður svo á að umsóknir gildi í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur. Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veitir Anna Ósk Kolbeinsdóttir í síma 545-9900 (aok@mfa.is).



STARFATORG.IS

Laus störf hjá ríkinu

Starfatorg.is er upplýsingavefur um laus störf hjá ríkinu. Þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna. Nú eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Nýtt			
Dósent í hjartalækisfræði	HÍ, heilbrigðisvísindasvið	Reykjavík	201010/027
Sérfræðingar og lögfræðingar	Fjármálaeftirlitið	Reykjavík	201010/026
Lögfræðingur	Skipulagsstofnun	Reykjavík	201010/025
Lögfræðingur	Mennta- og menningarmálar.	Reykjavík	201010/024
Starfsmaður í skönnun	Einkaleyfastofan	Reykjavík	201010/023
Starfsnám í utanríkisþjónustunni	Útanríkisráðuneytið	Reykjavík	201010/022
Læknir í starfsnámi	LSH, aðstoðar- og deildarlæknar	Reykjavík	201010/021
Aðstoðarforstjóri	LSH, skrifstofa forstjóra	Reykjavík	201010/020
Deildarlæknir	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201010/019
Yfirlæknir	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201010/018
Gagnaprófari	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201010/017
Yfirproskapjálfi, deildarstjóri	Sv.skrifst. mál. fatl. í Reykjavík	Reykjavík	201010/016
Hjúkrunardeildarstjóri	LSH, hjartadeild	Reykjavík	201010/015
Matráður	Umferðarstofa	Reykjavík	201010/014
Sérhæfður aðst.m. sjúkraþjálfara	LSH, sjúkraþjálfun	Reykjavík	201010/013
Sameindalíffræðingur	LSH, Rannsóknastofa í meinafr.	Reykjavík	201010/012
Eftirlitsmaður	Vinnueftirlitið	Hveragerði	201010/011
Skrifstofumaður	Fangelsismálastofnun ríkisins	Litla-Hraun	201010/010
Lögreglumaður	Ríkislögreglustjórinn	Vopnafjörður	201010/009

Upplýsingar um áður auglýst störf er að finna á Starfatorg.is

Á Starfatorg.is má finna ítarlegri umfjöllun um framangreind störf ásamt upplýsingum um tengiliði. Þeir sem ekki hafa vefaðgang geta snúið sér til viðkomandi stofnunar varðandi frekari upplýsingar.
~ Fjármálaráðuneytið hefur umsjón með Starfatorg.is ~

Starfatorg.is

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

FRÉTTABLAÐIÐ



Sölumaður óskast

Um er að ræða starf í hljómtækja- og skrifstofutækja-deild hjá Bræðrunum Ormsson ehf í Reykjavík. Í deildinni eru seld sjónvörp, hljómtækki, myndavélar, leijatölvur, leikir, prentarar, ljósritunarvélar, fartölvur og fleiri vöruflokkar.

Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af hliðstæðri sölumennsku, sé vel skipulagður, geti unnið sjálfstætt, temji sér öguð vinnubrögð og hafi góða framkomu.

Lágmarksaldur 24 ár. Æskilegt að viðkomandi sé reyklus.

Umsóknir skal senda til Vals Kristóferssonar, Lágmúla 8, 105 Reykjavík, eða með tölvupósti á valur@ormsson.is.

Bræðurnir Ormsson ehf er 88 ára gamalt fyrirtæki með 5 verslanir og endurseljendur um allt land. Fyrirtækið selur fjölda heimsþekkra vörumerkja t.d. AEG, HTH, TEFAL, SAMSUNG, SHARP, PIONEER, OLYMPUS, NINTENDO og mörg fleiri. Sjá www.ormsson.is

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Forstöðumaður Fjölsmiðju á Suðurnesjum

Fjölsmiðjan á Suðurnesjum er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn sem starfrækir verkþjálfun og námssetur. Stofnaðilar að Fjölsmiðjunni á Suðurnesjum eru Rauði kross Íslands, Reykjanesbær, Vinnuálastofnun, Verkalýðs- og sjómanna-félag Keflavíkur og nágrennis, Verslunarmanna-félag Suðurnesja og Félag iðn- og tæknigreina.

Markmið Fjölsmiðjunnar er að vinna með ungu fólki á aldrinum 16-24 ára sem hefur hætt námi eða vinnu. Í Fjölsmiðjunni er verkþátturinn virkj- aður svo unga fólkið öðlist reynslu og hæfni til að finna sér starfsgrein eða að fara í frekara nám. Boðið verður upp á fjölþætta verkþjálfun og fræðslustarfsemi.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Heyrir undir stjórn Fjölsmiðjunnar
- Annast daglegan rekstur og stjórnun fjölsmiðjunnar
- Vinnur að fjáröflun
- Aflar nýrra verkefna

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking af starfi með ungu fólki
- Skipulags og forystuhæfileikar
- Framsýni, metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Framúrskarandi lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti


Umsóknarfrestur er til og með 22. október nk. Vinsamlega sendið umsóknir til Suðurnesja-deildar Rauða kross Íslands, Smiðjuvöllum 8, 230 Reykjanesbæ.

Upplýsingar gefa Rúnar Helgason s. 894-4206 og Kristbjörg Leifsdóttir s. 421-6700.

 **Rauði kross Íslands**



REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is



Auglýsingasími

512 50 50



Allt sem þú þarft...

VANTAR ÞIG...

fjölbreytt lifandi starf í góðum félagsskap ?

Óskum eftir starfsmann í heildsölu NTC hf. Viðkomandi þarf að geta byrjað sem fyrst.

Helstu verkefni:

Sala á tískufatnaði og fylgihlutum
Samskipti við viðskiptavinum og birgja
Þökkun og frágangur á vörum
Söluferðir innanlands og utan
Sölusýningar

Hæfniskröfur:

Reynsla í heildsölu
Eldri en 25 ára
Rík þjónustulund
Haldgóð kunnátta á helstu tölvukerfum
Tungumálakunnátta
Skipulagshæfileikar og markviss vinnubrögð
Jákvæðni og létt lund

Áhugasamir sendið umsókn og ferilskrá á helga@ntc.is
Umsóknarfrestur rennur út 20.október.

NTC HEILDSALA

www.ntc.is



MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA

Starfsmenn óskast

í öflugan hóp á Austfjörðum

Vegna aukinna verkefna óskum við eftir að bæta við okkur starfsmönnum á véla- og rafmagnssviði á starfsstöðvum Mannvits á Egilsstöðum og Reyðarfirði.

Starfssvið:

- Hönnunar- og viðhaldsverkefni á véla- og rafmagnssviði.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Verk-, tækni- eða iðnfræðimenntun á véla- eða rafmagnssviði eða iðnmenntun sem nýtist í starfi.
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til að starfa í hóp.

Við bjóðum upp á:

- Góðan starfsanda.
- Krefjandi verkefni.
- Starfsþjálfun.
- Alþjóðlegt vinnuumhverfi.

Á skrifstofum Mannvits á Egilsstöðum og Reyðarfirði starfa 19 starfsmenn með fjölbreyttan bakgrunn og mikla reynslu.

Umsóknarfrestur er til og með 18. október nk.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Mannvits, www.mannvit.is

Nánari upplýsingar veitir

Drífa Sigurðardóttir, starfsmannastjóri, í síma 422-3338.



Mannvit verkfræðistofa er með um 400 starfsmenn sem sinna fjölbreyttum og krefjandi verkefnum hér á landi og erlendis. Fyrirtækið er leiðandi í tækniráðgjöf á Íslandi og stefnir á öflugra starfsemi á alþjóðamarkaði. Mannvit leggur áherslu á fyrsta flokks starfsumhverfi þar sem saman fer reynsla, nýsköpun, framsýni og símenntun. Markmið Mannvits er velferð á grunni þekkingar og vísinda en viðhorfum til verkefna og viðskiptavina verður best lýst með gildum fyrirtækisins: **Traust, víðsýni, þekking og gleði.**



Störf á tæknisviði

Tæknimaður á stjórnborð

Starfið felur m.a. í sér eftirlit með fjarskiptakerfum Vodafone, viðbrögð við rekstrartruflunum og samskipti við viðkomandi ábyrgðaraðila. Um yfirgripsmikið starf er að ræða þar sem starfsmaður fær einstakt tækifæri til að efla starfsreynslu og þekkingu á fjarskiptakerfum landsins. Um er að ræða fullt starf í vaktavinnu.

Hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun er æskileg
- Góð tölvukunnátta og þekking á IP
- Sjálfstæð vinnubrögð

Sérfræðingur í radiódeild

Starfið felur m.a. í sér þróun og viðhald á tölfræðikerfum (performance statistics) 2G og 3G dreifikerfa. Gagnagrunnar eru MS SQL server, Sybase og MySQL. Helstu forritunarmál eru C#/ASP.NET og PHP. Jafnframt fylgja starfinu verkefni í tengslum við rekstur stjórnstöva radiókerfanna.

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf í tölvunarfræði eða tæknifræði
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Þekking á BusinessObjects er æskileg en ekki skilyrði

Í báðum störfum eru frumkvæði, metnaður og þjónustulund nauðsynleg. Umsóknarfrestur fyrir bæði störfin er til og með 18. október næstkomandi. Umsóknir óskast sendar um vodafone.is. Nánari upplýsingar veitir Sonja M. Scott, starfsmannastjóri sonjas@vodafone.is

Við bjóðum gott fólk velkomið í skemmtilegan hóp starfsmanna sem setur viðskiptavininn í fyrsta sæti!

power to you

Stofnun ársins leitar að matráði

Umferðarstofa var árin 2009 og 2010 valin stofnun ársins í könnun sem gerð var á meðal félagsmanna SFR – stéttarfélag í almannþjónustu. Hjá stofnuninni starfa um 50 starfsmenn. Lögð er áhersla á þjónustu, áreiðanleika, árangur og jákvæðni. Tilgangur Umferðarstofu er að auka lífsgæði með því að efla öryggi í umferðinni. Stofnunin hefur innleitt stefnumiðað árangursmat og mikið er lagt upp úr mælanlegum árangri.

Starfið

Umferðarstofa leitar að matráði. Starfið felst í léttri matargerð fyrir um 50 manns, umsjón með fundar- og kaffiveitingum og annað tilfallandi. Starfsaðstaða er til fyrirmyndar. Starfshlutfall er 80%.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- ▶ Góður kostur er ef umsækjandi hefur menntun tengda matreiðslu og/eða hafi reynslu af sambærilegu starfi.
- ▶ Umsækjandi hafi áhuga á framreiðslu matar, sé jákvæður og samviskusamur.
- ▶ Leitað er að einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt, er með gott viðmót, mikið frumkvæði í starfi og ríka þjónustulund.

Hægt er að sækja um með eftirfarandi hætti:

- ▶ Á vefsíðu Umferðarstofu á síðunni <http://www.us.is/page/atvinnuumsokn>
- ▶ Með því að senda umsókn (CV/ferilskrá) á framkvæmdastjóra mannauðs- og gæðasviðs, olof@us.is
- ▶ Sendu skriflega umsókn á eftirfarandi heimilisfang: Umferðarstofa, b.t. Ólafar Friðriksdóttir, Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Umsóknarfrestur er til 25. október.

Nánari upplýsingar veitir Ólöf Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs- og gæðasviðs, s. 580-2054. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný. Upplýsingar um Umferðarstofu má finna á heimasíðu: <http://www.us.is>

Umferðarstofa
www.us.is
Borgartúni 30 – 105 Reykjavík
Sími: 580-2000 – Fax: 580-2001

UMFERÐARSTOFA

Hárgreiðslumeistari og -sveinn óskast

Viltu vinna í góðum starfsanda, þar sem yndislegir viðskiptavinir venja komu sína?

Okkur vantar svein eða meistara og nema sem er langt kominn í námi.

Hafið samband við Hörpu 8203224 eða englahar@englahar.is

Englahár
hársnyrtistofa

Langaríma 21-23
112 Reykjavík

Laust starf hjá Hagstofu Íslands

Gagnaprófari í utanríkisverslunardeild

Hagstofa Íslands leitar eftir öflugum einstaklingi til að vinna að sannprófun og leiðréttingu á innflutningsgögnum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf og/eða sambærilegt próf og/eða sérhæfð starfsreynsla á viðkomandi sviði
- Góð tölvukunnátta er mikilvæg
- Góð íslensku- og enskukunnátta er mikilvæg
- Samviskusemi og nákvæmni eru mikilvægir eiginleikar fyrir þetta starf
- Reynsla af bókhaldi er kostur
- Reynsla af tollskýrslugerð er kostur

Um er að ræða fullt starf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 25. október 2010. Umsóknir skulu sendar á eftirfarandi pósthöfn: Hagstofa Íslands, starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík. Einnig má senda umsóknir rafrænt á netfangið starfsumsokn@hagstofa.is. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Nánari upplýsingar veitir Ólafur Arnar Þórðarson í síma 528 1000 eða á netfanginu olafur.thordarson@hagstofa.is.

Hagstofa Íslands



Framtíðarsýn Landspítala er að vera í fremstu röð háskólasjúkrahúsa, eftirsóttur vinnustaður og stolt landsmanna, sjúklinga og starfsmanna. Gildi Landspítala eru: Umhyggja, fagmennska, öryggi og framþróun.

Aðstoðarforstjóri Landspítala

Auglýst er laust til umsóknar starf aðstoðarforstjóra á Landspítala. Starfið er nýtt og leitað er eftir farsælum, kraftmiklum og metnaðarfullum stjórnanda. Aðstoðarforstjóri heyrir undir forstjóra.

Starfs- og ábyrgðarsvið

Aðstoðarforstjóri mun hafa með höndum ýmis verkefni, m.a.:

- » Innleiða stefnu Landspítala í samvinnu við forstjóra, stjórnendur og starfsmenn
- » Samhæfa þjónustubætti og stuðla að öryggi, gæðum og hagkvæmni
- » Innleiða nýjungar og breytingar og stuðla að framþróun starfsmanna
- » Samstarf við önnur sjúkrahús, heilbrigðisstofnanir, heilsugæslustöðvar og háskóla

Menntunar- og hæfniskröfur

- » Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- » Frumkvæði og áráðni
- » Samskiptahæfni og jákvætt viðmót
- » Farsæl reynsla af rekstri, fjármálum og stjórnun
- » Farsæl reynsla af breytingastjórnun og umbótastarfi

Umsóknarfrestur er til og með 31. október 2010. Umsóknum fylgi upplýsingar um nám, fyrri störf og reynslu af stjórnunarstörfum.

Umsóknargögn berist í tvíriti til mannauðssviðs, Landspítala, Eiríksgötu 5, 101 Reykjavík. Eitt eintak nægir ef gögn eru send rafrænt.

Upplýsingar um starfið veitir Erna Einarsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs- og gæðasviðs, sími 543 1343, netfang erna@landspitali.is

Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags. Sött er um starf rafrænt með því að smella á „sækja um“. Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublað í upplýsingum Fossvoggi og Hringbraut, mannauðssviði Eiríksgötu 5 og á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Landspítala við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklaus vinnustaður

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



Líffræðingur

Náttúrustofa Vestfjarða óskar eftir að ráða líffræðing í fjölbreytt starf með áherslu á sjávarannsóknir. Starfið verður í starfsstöð Náttúrustofunnar í Vesturbýggð

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist til Náttúrustofu Vestfjarða, Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík, eða á netfangið the@nave.is fyrir mánudaginn 1. nóvember 2010.

Nánari upplýsingar veitir Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður, í síma 456 7005 eða 892 6005 eða the@nave.is



50% skrifstofustarf

AUS, alþjóðleg ungmennaskipti, leita að dugmiklum og skipulögðum einstaklingi í 50% almennt skrifstofustarf.

AUS eru sjálfbóðaliða- og fræðslusamtök sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða. Starfsvettvangur samtakanna er m.a. að senda og taka á móti sjálfbóðaliðum og eru samskipti við tilvonandi sjálfbóðaliða stór hluti af starfinu, s.s. við vinnslu umsókna.

Hæfniskröfur: góð tungumálakunnátta og hæfni í mannlegum samskiptum. Stúdentspróf og reynsla af skrifstofustörfum er kostur. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir berist á aus@aus.is og er umsóknarfrestur 15. október. Nánari upplýsingar gefur Kristín Björnsdóttir, framkvæmdastjóri AUS, í síma 517 7008 eða á aus@aus.is

ÍSTAK

Framkvæmdagleði í fyrirrúmi

BYGGINGARVERKFRÆÐINGUR BYGGINGARTÆKNIFRÆÐINGUR

ÍSTAK óskar eftir að ráða byggingarverkfræðing/byggingartækni-fræðing til starfa. Um er að ræða fjölbreytt starf við úrlausn tækni-legra verkefna og þátttöku í stjórnun framkvæmda hér á landi og erlendis. Menntun á sviði byggingarverkfræði eða byggingartækni-fræði er skilyrði.

Upplýsingar um starfið og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.

ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 500 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.

ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvallar. Ennfremur húsbýggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.

Capacent Ráðningar

VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð. Ráðgjafarnir búa yfir viðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Vilt þú taka þátt í byltingu?

Rent A Prent lausnin frá Skyggni hefur valdið byltingu með lækkan kostnaðar og auknu öryggi í rekstri prentara hjá íslenskum fyrirtækjum. Því þurfum við að bæta við okkur þjónustulunduðu starfsfólki til að sinna mikilli og vaxandi eftirspurn eftir Rent A Prent þjónustu. Vilt þú slást í hópinn? Rent A Prent byltingin hefur haft margþætt jákvæð áhrif fyrir viðskiptavinum okkar.

- Lækkað prentunarkostnað viðskiptavina okkar um 80 milljónir króna á árinu
- Dregið úr pappírnotkun um allt að 40 tonn af pappír á árinu
- Sparað viðskiptavinum okkar um 100.000 kWh af rafmagni á árinu

Við leitum að framtíðar starfsfólki sem:

- Hefur mikla þjónustulund og er samviskusamt
- Hefur góða samskiptahæfni
- Er skipulagt
- Hefur vilja til að taka framförum
- Hafa áhuga á tækni (Þekking á upplýsingatækni er kostur)

Umsóknarfrestur er til og með 15. október næstkomandi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þorvaldur Henningsson, thorvaldur@skygggir.is

Nánari upplýsingar um lausnina veita söluráðgjafar Skyggis. Síminn er 516 1000 og netfangið: sala@skygggir.is



Sölumaður

Traust fasteignamiðlun leitar að öflugum sölumanni til starfa sem fyrst. Löggilding og/eða reynsla af sölu fasteigna æskileg, en ekki krafa. Árangurs tengd laun. Viðkomandi þarf að hafa bíl til umráða og geta unnið sjálfstætt. Fullum trúnaði heitið.

Áhugasamir vinsamlega sendið inn umsóknir á box@frett.is merkt „Sölumaður-0910“.

Adecco Norge AS is a part of Adecco Group and a leader in providing HR solutions in Norway. We are represented by over 70 offices and departments all over Norway. Adecco Bygg & Industri is dedicated to offer employment within various sectors including construction, industry and engineering.

New opportunities in Norway?

Adecco Bygg & Industri is looking for skilled and experienced **plumbers, tinsmiths, car mechanics, buss and truck mechanics, heavy machinery operators, scaffolders, as well as electricians.**

- Have you completed education in any of the above professions?
- Do you have at least 3 years experience in your profession?
- Do you have good command of English or Norwegian?
- Are you outgoing and willing to take up new challenges?

Then do not hesitate and send your application now!

For more information about our offer call our Recruitment Department at +47 23290007.

To apply send your CV to bygg.industri@adecco.no today!

Adecco Bygg & Industri
better work, better life

adecco.no

SÖLUFULLTRÚI ÓSKAST Á FASTEIGNASÖLU

Vegna mikillar aukningar á sölu undanfarnar vikur og mánuði höfum við ákveðið að óska eftir öflugum sölumanni til starfa hjá okkur. Í starfinu felst inntekt og sala fasteigna ásamt tengdum störfum, svo og að leigja út íbúðar og atvinnuhúsnæði á vegum Eignaleigunnar.is Við leitum eftir vönum starfsmanni með góða reynslu úr umhverfi fasteignaviðskipta. Löggilding ekki skilyrði en æskilegt. Við bjóðum upp á 1.flokks starfsaðstöðu í góðum hópi metnaðafulls fólks. Mjög góðir tekjumöguleikar fyrir réttan aðila. Nánari upplýsingar veitir Ólafur B Blöndal lgf. olafur@fasteign.is eða í vinnusíma.



FASTAIGNASALAN
fasteign.is SÍMI 5 900 800
Ólafur B. Blöndal, löggiltur fasteignasali.

NOREGUR KALLAR

AM DIRECT a.s. verður með bás á Starfakynningu Vinnuálagstununar- EURES í Ráðhússal Reykjavíkur föstudaginn 15. okt frá kl. 17-20 og laugardaginn 16. okt frá kl. 12-18.

Verið velkomin og hittið fulltrúa okkar.

Við leitum að starfsmönnum í byggingariðnaði.

Iðnaðarmönnum
Reyndum verk- og tæknifræðingum
Reynslumiklum byggingarverkamönnum

Við leitum að starfsmönnum í járn og vélaiðnaði.

Vélvirkjum
Járnsmiðum

Auk ofangreindra er í Noregi þörf á menntuðu starfsfólki á öllum sviðum, t.d. á heilbrigðisviði. Við bjóðum því öllum þeim að líta við hjá okkur.

AM DIRECT er með rúmlega 20 ára reynslu í miðlun á mannauði.

AM DIRECT er með starfsleyfi norskra yfirvalda.

AM DIRECT er með viðurkenningu STARTBANK – gæðaeftirliti í Noregi.

AM DIRECT er með íslenskan tengilið.

AM DIRECT leggur áherslu á traust og öryggi



AM Direct A.s



Hjúkrunardeildarstjóri - Hjartadeild

Starf hjúkrunardeildarstjóra á nýrri sameinaðri hjartadeild er laust til umsóknar. Hjartadeildin sem er 32 rúma legudeild er eina sérhæfða hjartadeildin á landinu. Eitt af forgangsverkefnum nýs hjúkrunardeildarstjóra er uppbygging nýrrar deildar þar sem fram fer þverfaglegt starf við að veita einstaklingum með hjartasjúkdóma meðferð.

Hjúkrunardeildarstjóri er yfirmaður hjúkrunar á deild, stjórnar daglegum rekstri og er leiðandi um hjúkrunarfræðileg málefni innan deildarinnar. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri lyflækningsviðs.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Ber ábyrgð á uppbyggingu og þróun hjúkrunar á deildinni, rekstri og áætlanagerð
- » Stuðlar að þekkingarþróun í hjúkrun með því að hvetja til rannsóknar og nýta rannsóknarmiðstöður

Hæfnikröfur

- » Hjúkrunarfræðimenntun
- » A.m.k. 5 ára starfsreynsla
- » Framhaldsnám í hjúkrun æskilegt
- » Reynsla í starfsmannastjórnun
- » Leiðtoga- og samskiptahæfni

Nánari upplýsingar um starfið

- » Starfshlutfall er 100% og veitist starfið til 5 ára frá 01.01.2011 eða eftir samkomulagi.
- » Umsóknarfrestur er til og með 23.10.2010. Sótt er um rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is.
- » Upplýsingar veitir framkvæmdastjóri lyflækningsviðs, Vilhelmina Haraldsdóttir, netfang vilhehar@landspitali.is, sími 543 6014.
- » Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast til framkvæmdastjóra lyflækningsviðs, E-7 Fossvogi.
- » Umsókn fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, kennslu og vísindavinnu. Umsóknir verða sendar til stöðunefndar hjúkrunarráðs Landspítala.
- » Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is. Einnig má nálgast umsóknareyðublaðið í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, á mannauðssviði, Eiríksstötu 5 og á heimasíðu Landspítala. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Landspítali er reyklaus vinnustaður

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

Vörustjórnun hjá Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum

Vörustjórnun tilheyrir rekstrarsviði Vinnslustöðvarinnar og er næsti yfirmaður rekstrarstjóri. Megin verkefni eru:

- Umsjón með vörustjórnun félagsins sem felst í skipulagningu og eftirfylgni flutninga þar með talið að fá tilboð í flutninga og umsjón með gámanýtingu.
- Skjala- og reikningagerð vegna flutninga, umsjón með tryggingum vegna seldra afurða og birgðaskráningu í geymslum félagsins ásamt utanumhaldi um greiðslur og stöðu viðskiptavina.
- Umsjón með frystigeymslu ásamt löndun og útskipun félagsins.

Háskólamenntun og/eða mikil þekking og reynsla á vörustjórnun og flutningum áskilin. Starfið krefst mikilla samskipta við fólk, bæði innan og utan fyrirtækisins og gerir miklar kröfur til hæfni og lipurðar í mannlegum samskiptum auk agaðra vinnubragna. Staðgóð tölukunnáttu skilyrði, þekking og starfsreynsla úr sjávarútvegi er æskileg.



Vinnslustöðin er í hópi stærstu sjávarútvegsfyrirtækja landsins. Rekstrartekjur félagsins námu 8,8 milljörðum króna á árinu 2009. Reksturinn skilaði um 900 milljóna króna hagnaði. Starfsmenn Vinnslustöðvarinnar eru nú um 280 talsins og þeim hefur fjölgað um 50 á aðeins einu ári.

Irish pub w Hafnarfjörður zaprasza na polska zabawe w kazda sobote przy polskim zespole muzycznym "MAIC BAND"
Zaczynamy od 22:00 wstep wonly!!!
Promocja OD 22:00 DO 24:00
Piwo tylko po 650 iskr.

OD-22:00-DO-03:00

Cafe Catalina

Í kvöld spilar hljómsveitin Feðgarnir

Kíkjð á www.catalina.is

Allir velkomnir
Snyrtilegur klæðnaður áskilin
FRÍTT inn fyrir konur..... og karla!

Hádegismatur alla virka daga

Boltinn í beinni!

Hamraborg 11 200 Kóp. S: 554-2166

Húsnæði óskast

Óska eftir 2-3 herb. íbúð á höfuðborgarsv. fyrir reglusama konu með 1 barn. Gr.geta 110-120 þús. Öruggar greiðslur. S. 897 1995.

Hef fjársterkan kaupanda að einbýlishúsi í 101 Rvk. Tilboð óskast send í pósthólf 5141.

Húsnæði óskast til leigu í Mosfellsbæ. 3ja-4ra herb. S. 773 1460.

Sumarbústaðir



Til sölu lítillkozy sumarbústaður í Húsafelli. Selst með öllu innbúi uppl. 849 9081.

Atvinnuhúsnæði

160 fm iðnaðarhúsnæði til leigu. 120 þús. á mán. Engin trygging. S. 661 7863.

Geymsluhúsnæði

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar. Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótörhjóla ofl. Uppl. í s. 864 3176.

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskilóð) Upphitað, vaktad & öryggis-myndavélar. S. 555 3464.

Geymi tjaldvagna, fellihýsi ofl.

Ímynd gæða. Fjögurra stjörnu. 13 ára reynsla.

Í símaskrá ja.is undir;

geymsla asgeirs eirikssonar ehf.

Upplýsingar 897 1731
klettar@heimsnet.is

Vetrargeymsla

Ódýr þurr úpphitið vetrarg. á tjaldvögnum til hjólhýsa við bæjarmörkin. Há innkeyrsluhurð. Uppl. í síma 893 9950.

Geymsluhús.is

Innri Njarðvík, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar, bílar ofl. ATH! gott verð!! Uppl. í síma 770-5144.

Húsvagnageymslan Þorlákshöfn

Síðustu stæðin fyrir veturinn Tjaldv. kr 18.000 Fellih. kr. 25.000. Uppl. 893 3347/866 6610.

Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna og fl. Upphitað húsnæði með öryggisvakt. Sanngjarnt leiguverð. Uppl. í s. 899 0274 og á www.husbilageymslan.net

Bílskúr

Til leigu 22fm bílskúr í vesturbæ Kópavogs, heitt/kalt vatn. 25 þ. sími 8497209

Bílskúr

40 fm mjög bjartur og skemmtil. bílskúr til leigu á svæði 105. Heitt og kalt vatn + vaskur. Uppl. í s. 691 5910.

ATVINNA

Atvinna í boði

Veitingahúsið - Lauga-ás. Laugarásvegi 1.

Óskum eftir reglusömum og duglegum starfskrafti við uppvask og aðstoð í eldhúsi. Kvöld/helgarvinna. Íslenskukunnátta æskileg.

Nánari upplýsingar á staðnum milli 15-16.

Veitingahúsið - Lauga-ás. Laugarásvegi 1.

Atvinna í boði



Nú geta konur sem vilja afla sér aukatekna, t.d. sem símadömur eða fyrirsetur, notað djarfa samskiptavefinn PurpleRabbit.eu til að kynna nýju fólk og koma sér á framfæri."

Skalli Vesturlandsvegi Starfsfólk óskast í fullt starf. Upplýsingar á staðnum.

HEIMAKYNNINGAR

Vantar gott fólk til að starfa við heimakynningar. Um er að ræða frábæra gólfheinsilnu. Góðir tekjumöguleikar, frjálst vinnutími. Upplýsingar í síma 517-8000 eða á golfefnava@golfefnava.is

Hárskeri/Hársnyrtir. Hárskeri óskast til starfa. Upplýsingar í síma 690-9680 eftir kl. 18:00.

STAY APARTMENTS óskar eftir þeim til starfa á þremur gistiheimilum miðsvæðis. Mikil vinna fyrir duglegar stelpur. Uppl. veittar í stay@stay.is

Traustan norskan aðila vantar rekstraradila fyrir söluskála. Góðir tekjumöguleikar fyrir rettan aðila t.d. par. upplýsingar í síma 0047 97612713 begin_of_the_skype_highlighting 0047 97612713 end_of_the_skype_highlighting begin_of_the_skype_highlighting 0047 97612713 end_of_the_skype_highlighting begin_of_the_skype_highlighting 0047 97612713 end_of_the_skype_highlighting begin_of_the_skype_highlighting 0047 97612713 end_of_the_skype_highlighting begin_of_the_skype_highlighting 0047 97612713 end_of_the_skype_highlighting netfang bviggjo@gmail.com

Starfsmaður óskast í Efnalaug Árbæjar. Um er að ræða 50% starf.

Hæfniskröfur: Góð þjónustulund, sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði, nákvæmni, góð íslensku kunnátta og er reynsla æskileg. Upplýsingar veitir Aðalsteinn í s. 897 6954 eða á netfangið efnalaugur@simnet.is

Barngóð og áreiðanleg barnapia óskast til að sækja yndislegan 5 ára dreng í leikskóla í 105 Rvk 4 daga í viku og passa til ca. 18.30. Verður að vera ábyrg og 18 ára eða eldri. Nánari uppl. hjá Elínu 6596442 eða elinl@hotmail.com

Emami leitar eftir lærði saumakonu til starfa í Hjú, þarf að geta byrjað sem fyrst. Umsóknir sendist til: emami@emami.is

Atvinna óskast

Vélsjóri óskar eftir plássí á sjó eða annari vinnu. uppl á netfangið velstjorinn@simnet.is

Smiðir geta bætt við sig stórum sem smáum verkefnum. Uppl. í s. 856 5555.

Tveir smiðir óska eftir vinnu. Getum bætt við sig stórum sem smáum verkefnum. Tilboð eða tímavinna. S. 772 2766; 772 5875

Viðskiptatækifæri

Herbalife í 30 ár... Frábært atvinnutækifæri þarftu að léttast eða byggja þig upp. Árangur lætur ekki á sér standa háðu samband og fáðu frian prufupakk, Heilsuskýrslu og eftirfylgni hbl@visir.is eða Anna Sigga 822-1035

TILKYNNINGAR

Einkamál

SÍMAÞJÓNUSTUR



Stefnumót

905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (fritt karlar)
555 4321 (fritt konur)

Spjall

904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (fritt, konur)

Gay spjall

535 9988 (kreditkort)

Sögur

905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)

Spjalldömur

908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Spjalldömur 908 5500
Opíð þegar þér hentar.

Heit kona riflega þrítug vill eignast „savin“ til að byrja með, sem gæti þróast út í eitthvað meira. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8235.

Kona vill kynna pari með skemmtun í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl. nr. 8986.

Kona á miðjum aldri vill kynna karlmanni með nán kynni í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8942.

Óska eftir að komast í nán kynni við konu á aldrinum 52-63 ára. Svar sendist á fréttablaðið merkt trúnaður, smaar@frett.is

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

FRÉTTABLAÐIÐ

www.visir.is/posthusid – sími 585 8330




STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Fasteignir.is er stærsti og ítarlegasti húsnæðisvefur á Íslandi, með yfir 16 .000 eignir á skrá.

- Eini vefurinn með allar sölueignir á skrá
- Lifandi og uppfærður leiguvefur
- Fjölbreyttar upplýsingar í boði fyrir kaupendur, seljendur og leigjendur
- Opin hús, myndasýningar og þjónustusiður fyrir húseigendur

Þú færð góð ráð um fasteignaviðskipti og aðstoð við leigu á íbúð.
Þú finnur draumaeignina þína á fasteignir.is.

Fasteignir.is
fylgir Fréttablaðinu
á mánudögum.



FÉLAG FASTEIGNASALA

VÍSIR.IS
...ég sá það á Vísi





Guðný Krístrún Guðjónsdóttir, nemi í hjúkrun, vann bug á krabbameini í heila eftir erfiða geisla- og lyfjameðferð. Hún segir mikilvægt að lifa lífinu svo að ekki þurfi að sjá eftir neinu.

Var í rauninni tilbúin til að fara

„Ég verð veik í stúdentsprófunum í MR. Fer að tapa heyrn á hægra eyranu og missi jafnvægið. Ég fer tvisvar í MRI eða segulómunartæki en ekkert finnst. Ári seinna er ég orðin mjög veik og er lögð inn. Þá finnst æxli í heilanum eftir að skuggaefni er notað við segulómunina,“ segir Guðný Krístrún Guðjónsdóttir 32 ára nemandi í hjúkrun við HÍ.

Þegar æxlið kemur í ljós er Guðný send með hraði í heiluppurskurð í Uppsala í Svíþjóð. Aðgerðin tók fjórtán tíma en æxlið náðist ekki allt. Meinið teygði sig aftur í litla heila og í heiladingulinn. Við rannsókn kom einnig í ljós að æxlið var illkynja.

„Þetta leit alls ekki vel út og lækarnir hristu hausinn. Hér heima tók Sigurður Björnsson krabbameinslæknir við mér og sagði við mömmu: „Ég ætla að lækna þessa stelpu,“ rifjar Guðný upp. Eftir það tók við svokölluð samlokumeðferð. „Það var nú ekki girnileg samloka, lyfjameðferð, geislar og svo aftur lyfjameðferð. Þetta tók talsverðan tíma en ég fékk heilahimnubólgu og gat oft ekki fengið lyfin vegna veikinda. En meðferðin skilaði þó sínu. Krabbameinið skammaðist burt og hér er ég í dag.“

Guðný er nú á þriðja ári í hjúkrunarfræði í Háskóla Íslands og horfir björtum augum á framtíðina. Hún mun þó glíma við afleiðingar meinsins og meðferðarinnar hér eftir en hefur lært

að lifa með þeim. Sjóninni hefur hrakað og Guðný er stöðugt með hátt suð í báðum eyrum. „Ég fæ auðveldlega hellur fyrir eyrun og er ein af þeim sem getur sagt hvort lægð er yfir landinu,“ segir hún hlæjandi.

„En auðvitað er þetta stór hluti af mínu daglega lífi og ég er ekki mikill bóguur eftir þetta. Það er erfitt að lifa með suðinu í eyrunum og oft langar mig hreinlega til að snúa höfuðið af. Ég fékk mjög háa geislaskammta á höfuðið og átti ekki að eiga afturkvæmt á skólabeck til dæmis og er líklega ófrjó eftir geislana. Ég fæ ekki líftryggingu eftir að hafa greinst með krabbamein og get þar af leiðandi ekki ættleidd börn. Sú staðreynd kemur alltaf til með að minna á krabbameinið.“

Þrátt fyrir þetta segist Guðný aldrei hafa fundið fyrir reiði yfir því að hafa veikst. Hún hafi jafnvel fundið fyrir feiginleika að veikindin hittu hana fyrir en ekki systkini hennar. Hún segir jafnframt stuðning fjölskyldu sinnar ómetanlegan.

„Ég var svo heppin að ég var ástfangin og í sambúð. Við bjuggum á Sveinsstöðum fyrir neðan Úlfarsfell með hesta og ketti. Ég upplifði mikinn kærleika frá mínu fólki og staðfestingu á að ég skipti máli. Mér fannst ég geta horft til baka ánægð með hvernig ég hafði nýtt tímann fram að þessu og sá ekki eftir neinu. Ég var nánast tilbúin að fara. Það er mikilvægt að fólk lifi lífi sínu þannig að það horfi ekki til baka með eftirsjá.“



Ökum undir
bleikum merkjum
enn á ný
í október og
nóvember



Hreyfill / Bæjarleiðir er styrktaraðili árvæknisverkefnis Krabbameinsfélagsins.

Með hverri pantaðri ferð styrkir þú verkefni Krabbameinsfélagsins til að berjast gegn krabbameini hjá konum.

Af því tilefni höfum við sérmerkt bílana okkar með bleikum taxaljósum og munu bílstjórnarnir taka fagnandi á móti þér.

Taktu bleikan bíl næst þegar þú pantar leigubíl!

„Bleika slaufan“ er til sölu í bílunum okkar frá 1. – 15. október.



1000 konum boðið í HR Gleði er máttugt verkfæri

Hinn 22. október næstkomandi mun Krabbameinsfélagið standa fyrir bleiku kvennakvöldi undir nafninu Bleika boðið, þar sem eitt þúsund konur koma saman. Tilgangurinn er að eiga góða og skemmtilega kvöldstund ásamt því að sýna samtakamátt í baráttunni gegn krabbameinum hjá konum.

Boðið mun hefjast klukkan 20.00 með léttum veitingum, og verða þar ýmsir skemmtilegir atburðir þar sem fjöldi listamanna mun leggja sitt af mörkum, svo sem tónlistarfólk og dansarar ásamt glæsilegri tískusýningu þar sem um tutugu íslenskir fatahönnuðir sýna og kynna vetrarlínuna 2010. Krabbameinsfélagið mun einnig standa fyrir happdrætti með glæsilegum vinningum frá hönnuðum og fyrirtækjum.

„Í fyrri var Bleika boðið haldið í fyrsta sinn með þessu sniði og svo vel tókst til að ákveðið var að slá aftur til. Boðið verður núna í Háskólanum í Reykjavík og mun bleikur bjarmi umlykja Háskólann að innan sem utan,“ segir Dagmar Haraldsdóttir hjá Concept Events en hún er verkefnastjóri boðsins og gefur Krabbameinsfélaginu alla sína vinnu til styrktar áttakinu. Fjöldinn allur af fyrirtækjum kemur einnig að Bleika boðinu sem stuðningsaðilar og má



Hægt er að panta miða í bleika boðið á www.bleikabodid.is. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

þar nefna Exton, Verkís, Háskólan í Reykjavík, Ístak, Fatahönnunarfélag Íslands, Eskimo Models, GJ veitingar, Te og kaffi, Vífilfell, Blómahönnun, Grænan markað og Securitas.

Þar sem um takmarkaðan miðafjölda er að ræða verður opnað fyrir miðapantanir á vefnum www.bleikabodid.is hinn 15. október nk. og getur hver og ein fengið tvo miða. Athugið að reglan fyrstur kemur fyrstur fær gildir. Þær sem hafa ekki aðgang að internetinu geta hringt í síma 540 1900.

● ER KRABBAMEINSFÉLAGIÐ HESTUR?

Á líflegum formannafundi Krabbameinsfélagsins í Heilsustofnuninni í Hveragerði 2. október sl. var velt upp spurningunni hvaða dyri félagið líktist mest, en myndlíkingar eru stundum notaðar í stjórnunarfræðum til að draga fram helstu einkenni félaga og fyrirtækja.



Flestir fundargesta völdu hest, og rökstuddu það með því að hestur er þarfasti þjónninn, hann er sterkbyggður og skiptir um gangtegundir eftir þörfum, hann finnur rétta leið við vandasarar aðstæður, hann er öruggur og getur borið mjög þungar byrðar, hann ratar í þokunni o.s.frv. Hér má sjá önnur kafna fundargesti kryfja málið til mergjar.

● HEILSUBOÐORÐ

1. Reykjum ekki og forðumst reyk frá öðrum. Notum ekki munn- og neftóbak.
2. Hreyfum okkur að minnsta kosti í hálf klukkustund á dag.
3. Borðum hollan og fjölbreyttan mat. Neytum grænmetis og ávaxta daglega.
4. Forðumst að vera of þungar.
5. Takmörkum neyslu áfengra drykkja.
6. Vörumst ljósabekki og óhófleg sólböð.
7. Öflum okkur upplýsinga um helstu einkenni krabbameina og bregðumst við þeim.
8. Forðumst langtímanotkun tíðahvarfahormóna. Verum vakandi fyrir krabbameinsvaldandi efnun í umhverfinu.
9. Þiggjum boð um að mæta reglulega í leghálskoðun eftir tvítugt. Verjumst HPV-veirusmiti.
10. Skoðum brjóstin mánaðarlega og þiggjum boð um að mæta reglulega í brjóstamyndatöku eftir fertugt.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðu Krabbameinsfélagsins: www.krabb.is.



Hugsaðu um heilsuna

Krabbameinsfélagið hefur gefið út heilsuboðorð þar sem konur eru hvattar til að temja sér heilbrigða lífshætti. Laufey Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins, segir frá nokkrum áhættuþáttum krabbameina.

„Krabbamein eru margir ólíkir sjúkdómar, sum eru auðlæknaleg en önnur mun alvarlegri og við eigum enn þá margt eftir ólært um áhættuþættina. Vitað er að yfir sjötíu íslenskar konur fá árlega krabbamein sem má rekja til reykinga og því miður eru reykingatengdu meinin oft alvarleg. Rannsóknir á áhrifum sálfræðilegra þátta hafa ekki enn gefið öggjandi niðurstöður en líklegt er að streita hafið neikvæð áhrif og hugarró hafi jákvæð áhrif. Ljóst er að krabbameinin eru flóknir sjúkdómar með margþættar orsakir sem tengjast bæði umhverfi og erfðum,“ segir Laufey.

Erfitt hefur reynst að staðfesta tengsl mataræðis og krabbameina.

Jón Gnarr borgarstjóri þurfti ekki að hugsa sig tvisvar um þegar Krabbameinsfélagið fór þess á leit við hann að hann gengi í bleikum jakkafötum í október.

Krabbamein er sjúkdómur sem hefur fylgt fjölskyldu Jóns Gnarr borgarstjóra í gegnum tíðina. Hann þurfti því ekki að hugsa sig um þegar Krabbameinsfélagið bað hann um að taka við og ganga í bleikum jakkafötum í tilefni af árlegu fjáröflunar- og árvekníttaki um krabbamein hjá konum í október.

„Þabbi minn lést úr krabbameini fyrir tveimur árum og það eru margir í minni fjölskyldu sem hafa barist við þennan sjúkdóm. Hann er mér því tengdur og ég vil gjarnan leggja mitt af mörkum til að vekja athygli á krabbameini og baráttunni gegn því,“ segir Jón. Honum voru afhent skærbleik jakkaföt eftir klæðskerann Berglindi Magnúsdóttur hjá Klæðskerahöllinni fyrr í vikunni og lýsti því yfir að hann myndi klæðast þeim við hin ýmsu tækifæri í október og um ókomna framtíð. „Þetta eru einstaklega falleg föt og ég sé fyrir mér að ég muni bæði geta notað þau saman og buxurnar og jakkann í hvort í sínu lagi. Ég er mjög hrifinn af fallegum jökkum og ef ég vil láta sérstaklega á mér bera mun ég án efa bregða mér í bleika jakkann.“

Jóni þykir áttak Krabbameinsfélagsins sérstaklega vel heppnað. „Má þar nefna bleiku leigubílana og félagslegar uppákomur eins og að bregða á leik með þessi jakkaföt. Mér hefur alltaf fundist þetta októberátak fallega útfært og til þess gert að efla náungakærleik og umhyggju fyrir öðru fólki. Framsetningin er glæðleg þó undir-



Fötin eru klæðskerastjóri Jón af Berglindi Magnúsdóttur hjá Klæðskerahöllinni. Heildsalan S. Ármann Magnússon gaf efnið í fötin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

tónninn sé alvarlegur og enn og aftur sannast gildi gleðinnar í öllu því sem við mennirnir tökumst á við. Gleðin er ólýsanlega máttugt verkfæri til að sigrast á ótrúlegustu hlutum og er útgangspunktur

í mínu lífi.“ Jón var í fötunum í allan gærðag en þá voru landsmenn hvattir til að klæðast bleiku til vinnu. Hann lofar að láta ekki þar við sitja og ætlar að nota þau við ýmis tækifæri. -ve



Laufey Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vitað er að hófsemi er mikilvæg, forðast ber orkumikinn mat, ofþyngd og mikla neyslu á rauðu kjöti og unnum kjötvörum. Hins vegar vernda efni í grænmeti og ávöxtum gegn krabbameinum auk þess sem neysla grænmetis og ávaxta dregur úr neyslu orkuríkari matar og kemur þannig margfalt til góða. Loks ber að vara við fæðubótar-

efnum því sum þeirra geta valdið krabbameinum, jafnvel þótt um efni sé að ræða sem eru holl í sínu náttúrulega umhverfi. Hreyfing dregur umtalsvert úr krabbameinsáhættu auk þess að vera holl að mörgu öðru leyti. „Rétt er að einsetja sér að hreyfa sig ekki minna en hálf tíma daglega og nýta til þess öll tækifæri sem gefast yfir

daginn, eins og að ganga sem allra mest og taka stiga í stað lyftu. Svo þurfa allir að finna sér þá hreyfingu sem þeim þykir skemmtileg,“ segir Laufey brosandí.

Áfengisneysla eykur líkur á krabbameinum í brjóstum, vélinda, lifur og fleiri líffærum. Því ætti að nota það sem minnst eða sleppa því alveg. Laufey segir að nú sé faraldur sortuæxla. Hann tengist aukinni notkun sólbekkja og auknum sólböðum undanfarna áratugi en helsti áhættuþátturinn er mikil útfjölni geisla í stuttan tíma. Því er ráðlegt að forðast ljósabekki og nýta blessað sólskinið í hófi en holla D-vítamínið sem við fáum þaðan má líka fá úr feittum fiski og lýsi.

„Allir þurfa líka að vera á verði gegn einkennum krabbameina, svo sem að láta fylgjast með fæðingarblettum og hnútum í brjósti. Tíðahvarfahormón, einkum blöndur af prógesterónum og estrógenum, valda árlega nokkrum fjölda brjóstakrabbameina á Íslandi. Best er að reyna að sleppa því að nota hormónana, og notkun í fimm ár eða lengur er alls ekki ráðleg,“ segir Laufey að lokum.



+ Við hjúkrum þér
í Lyfju Lág múla

Það getur komið sér vel að hafa aðgang að fagfólki utan sjúkrahúsanna. Þannig sparar þú tíma og fyrirhöfn. Hjúkrunarfræðingur og sjúkraliðar í Lyfju Lág múla veita ýmsa sérhæfða þjónustu:

- Einfaldar sáraskiptingar
- Saumatöku
- Sprautun (kl. 10-12 virka daga)
- Ráðgjöf við val á stoðvörum
- Ráðgjöf við val á næringarvörum vegna vannæringar eða sjúkdóma
- Ráðgjöf við val og notkun á sykursýkivörum
- Aðstoð við stómaþega

Reglulegt eftirlit er mikilvægt, ekki síst fyrir heilsuna og Lyfja er þér ávallt innan handar þegar kemur að því að mæla: Blóðþrýsting, blóðfitu, blóðsykur, blóðrauða (hemóglóbín), súrefnismettun í blóði, beinþéttni, öndun (útöndun) og kolmónoxíð í útöndun (fyrir þá sem vilja hætta að reykja).

Hjúkrunarþjónustan í Lyfju Lág múla er opin frá kl. 8–17 virka daga.



Pórunn og Herborg Harpa mynda tvíeykið Færið en þær hafa hannað bleikt sælgæti í formi bleiku slaufunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gott fyrir gott

„Hugmyndin var að búa til bleika slaufu fyrir alla. Nælan hefur höfð að meira til kvenþjóðarinnar, en nammið geta allir borðað,“ segir Herborg Harpa Ingvarsdóttir arkitekt sem ásamt Pórunni Hannesdóttur vöruhönnuði hefur hannað og framleitt hlaup í formi bleikrar slaufu.

„Við sendum inn tillögu í samkeppni sem Krabbameinsfélagið hélt um hönnun á bleiku slaufunni. Hefðin hefur verið að hafa nælu og þannig var það einnig í ár en hins vegar þótti hugmyndin okkar það skemmtileg að við vorum hvattar til að þróa hana lengra í samstarfi við Krabbameinsfélagið,“ útskýrir Herborg Harpa en allur ágóði af

sölu sælgætisins rennur til Krabbameinsfélagsins.

„Slagorð vörunnar er „Fáðu þér gott fyrir gott“, það er að fá sér nammi fyrir gott málefni,“ segir hún en þær stöllu, sem vinna undir nafninu Færið, hafa verið í samstarfi við Nóa Siríus og Plastprent við hönnun vörunnar.

Hlaupið er selt í hundrað gramma pokum. Það verður til sölu á nokkrum stöðum á borð við Kraum, Epal, Hríml, N1, Kaffitár, Póstinn, Sirku, Melabúðina, Þína verslun – Seljabraut, Valfossi og Rauðakrossbúðunum í Fossvogi og á Hringbraut.

Nána á www.fairid.com.

-sg

● DHL BJARGAÐI SLAUFUNNI HEIM

Framleiðslu- og hönnunarferlið á Bleiku slaufunni tafðist nokkuð í sumar þar sem Krabbameinsfélagið og Ragnheiður, hönnuður slaufunnar, lögðu mikla áherslu á að slaufan yrði einstaklega falleg og klæðileg. Því mátti litlu muna að slaufan næði ekki hingað til lands á réttum tíma.

Þegar ljóst varð að sú flutningsleið sem í upphafi var valin myndi ekki ná að flytja slaufurnar til landsins fyrir 1. október leitaði Krabbameinsfélagið á náðir DHL, sem flutti eitt tonn af slaufum alla leið frá Kína til Íslands á einungis tveimur dögum og studdi verkefnið Bleika slaufan verulega með því að halda kostnaðinum í algjöru lágmarki. „Það er okkur sönn ánægja að styðja við góð málefni eins og Bleiku slaufuna og Krabbameinsfélagið. Við gerum okkur grein fyrir því hversu vel það fjármagn er nýtt sem kemur inn með sölu Bleiku slaufunnar og vildum því leggja hönd á plóg til að átakið tækist sem best og félagið gæti selt allar þær 50.000 slaufur sem markmiðið er að selja í ár,“ sagði Atli Einarsson, framkvæmdastjóri DHL á Íslandi.



Mikilvæg forvarnarsjónusta

Árangur leitar að krabbameini í leghálsi endurspeglast í 90 prósentu lækkun á dánartíðni frá upphafi leitar. Árangur brjóstaleitar hefur lækkað dánartíðni umtalsvert.

„Skipuleg leit að leghálskrabbameini hófst á vegum Krabbameinsfélags Íslands árið 1964 í Reykjavík en frá árinu 1969 hafa skoðanir farið fram á landinu öllu. Skipuleg leit að brjóstakrabbameini með brjóstamyndatöku hófst síðan 1. nóvember 1987,“ segir Sigríður Þorsteinsdóttir, hjúkrunarframkvæmdastjóri Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins. Krabbameinsleit er hluti af forvarnarsjónustu á vegum heilbrigðis- yfirvalda en Leitarstöðin sér um framkvæmd legháls- og brjóstakrabbameinsleitar.

LEIT FER FRAM Á 30 STÖÐUM

Konur á landinu fá send boð um að mæta í skoðun óháð búsetu en leitarstöðin skipuleggur og hefur umsjón með leitinni á öllu landinu og fer skoðun fram árlega eða annað hvert ár á 30 stöðum.

„Mælt er með að konur á aldrinum 20 til 39 ára mæti á tveggja ára fresti í leghálskoðun en konur á aldrinum 40 til 69 ára fá boð um að mæta til leghálsleitar á tveggja til fjögurra ára fresti og til brjóstaleitar á tveggja ára fresti,“ útskýrir Sigríður.

Ef frumubreytingar finnast í leghálsi er þeim fylgt eftir með þéttu eftirliti eða leghálspeglun. Ef röntgenmyndir af brjóstum gefa tilefni til fara konur í sérskoðanir hjá sérfræðingum. „Konur sem finna hnút eða önnur einkenni í brjóstum fá einnig tíma í sérskoðun hjá lækni,“ útskýrir Sigríður.

LÍTIL ÓÞÆGINDI

Sumar konur kvíða leitinni en það er óþarfi. Í leghálsýnatöku er tekið frumusýni frá yfirborði leghálsins með bursta og spaða og niðurstöður liggja fyrir eftir um tíu daga en niðurstöðu brjóstamyndatöku eftir tvær til þrjár vikur. „Við brjóstayndatökuna er beitt pressu sem getur valdið vissum óþægindum en langflestar konur finna ekki sárauka við myndatökuna,“ segir Sigríður



Sigríður Þorsteinsdóttir, hjúkrunarframkvæmdastjóri Leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

og bendir á að ekki þurfi að óttast geislunina í myndatökunni og myndir eru ekki teknar þéttar en á 18 mánaða fresti nema sérstakur ástæður liggja að baki.

MIKILL ÁVINNINGUR

„Árangur af leghálsleitinni er mjög góður, sem kemur fram í um 90% lækkun á dánartíðni sjúkdóms frá upphafi leitarinnar,“ segir Sigríður, en árangur af brjóstaleitinni bendir til allt að 40-45% lækkunar dánartíðni hjá þeim konum sem hafa mætt í hóp- leitina miðað við dánartíðni þeirra sem ekki mæta.

FLEIRI ÞURFA AÐ MÆTA

Árlega mæta um 30 þúsund konur í leghálskoðun á Leitarstöð, heilsgæslustöðvar eða hjá sérfræðingum. Um 20 þúsund konur mæta árlega í brjóstaryndatöku. „Mæting til leitar mætti vera betri, sérstaklega meðal yngri kvenna þar sem mæting á þriggja ára fresti er um 50% á aldrinum 20-24 ára og um 60% á aldrinum 25-29 ára,“ segir Sigríður og telur ástæðu til að hvetja ungar konur til mæta í leghálskoðun í ljósi aukinnar tíðni forstigsbreytinga sem er tilkomin vegna aukinnar tíðni HPV-sýkinga í þessum aldurshópi. „HPV-veirusmit er einkennalaust og smitast í 99% tilfella með samförum. Rannsóknir hafa sýnt að HPV-veira finnst í yfir 90% kvenna með frumubreytingar í leghálsi og leggöngum og í nálægt 100% leghálskrabba-

meina.“

Sigríður segir mætingu kvenna á aldrinum 40-69 í brjóstakrabbameinsleit mætti líka vera betri. „Tveggja ára mæting er um 60% og konur mæta óreglulega, oft á fjögurra ára fresti,“ segir Sigríður.

MIKIL TÆKNIBRÓUN

Húsnæði Leitarstöðvarinnar og allur tæknibúnaður var endurnýjaður árið 2008. Þá voru fimm ný stafræn brjóstaryndtæki tekin í notkun, eitt tæki þjónar landsbyggðarleitinni og eitt tæki er á Akureyri. „Með stafrænni tækni eru myndir lesnar beint af tölvuskjá í stað röntgenfilmu og er greiningartækni betri. Tölvuforrit gerir úrlestur röntgenmynda auðveldari og hægt er að senda myndir raf-rænt á milli staða,“ segir Sigríður en fleiri tækninýjungar hafa litið dagsins ljós.

Tvö ný ómtæki voru tekin í notkun á Leitarstöðinni í Skógarhlíð og í leghálskrabbameinsleit var tekin upp notkun vökvásýna í stað hefðbundinnar frumustroka. „Við höfum jafnframt leitað við að bæta þjónustuna meðal annars með því að konur með einkenni í brjóstum fá nú viðtal við hjúkrunarfræðing og þjónusta lækna hefur verið aukin með fjölgun sérskoðunartíma.“

ÓDÝR FORVÖRN

Starfsfólk Leitarstöðvar hvetur konur til að fara reglulega í krabbameinskoðun, það er ódýr forvörn sem skilar árangri.

-sg

NÝTT!
MEST AVANCERAÐE
N KOMPLETTA LISTERINE
EDISTYKSELISIN JA
TÁYDELLISIN LISTERINE

LISTERINE
MUNNSÓL/MUNDSKYL/MUNNSKYLEYVANN/SUVESI

TOTAL CARE

6
kostir til bættrar
munnhirðu

ÞÚ FÆRÐ LISTERINE Í NÆSTA APÓTEKI

LISTERINE

TOTAL CARE

VINNUR GEGN TANNSTEINI

	COOLMINT	FLUORIDE	TOTAL CARE
Vinnur gegn sýklum í munnholi	✓	✓	✓
Vinnur á bakteríum sem mynda tannskýlu; allt að 56% betri árangur en með tannburstun einni	✓	✓	✓
Vemdar tannholdið	✓	✓	✓
Notist kvölds og morgna Tryggir ferskan andardrátt í allt að 12 klst.	✓	✓	✓
Inniheldur flúor sem fyrirbyggir tannskemmdir og styrkir glerunginn		✓	✓
Inniheldur zinkklóríð sem vinnur gegn myndun tannsteins og viðheldur náttúrulegum lit tannanna			✓



Anna Björg Halldórsdóttir og Birna Garðarsdóttir, starfsmenn Leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands í Skógarhlíð, við leitar-tæki.

FRETTABLAÐIÐ/GVA

Söfnun skilar árangri

Söfnun Krabbameinsfélagsins og samstarfsaðila þess hefur svo sannarlega komið að góðum notum í gegnum tíðina.

Það er fyrir tilstuðlan almennings og velunnara að Krabbameinsfélagið getur veitt jafn góða þjónustu og stundað eins góða leit og raun ber vitni. Vegna þessa gat Krabbameinsfélagið tekið fimm stafræn brjóstarröntgentæki, fjórar sérhæfðar úrlestrarstöðvar og tvær ómsjár í notkun sumarið 2008. Röntgentæki, ómsjár og úrlestrarstöðvar eru á röntgendeild Leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands í Skógarhlíðinni og röntgendeild Sjúkrahússins á Akureyri. Auk þess er eitt farantæki, sem er flutt milli staða á landsbyggðinni, svo unnt sé að taka brjóstamyndir um land allt.

Reynslan af tækjunum er góð. Margar konur tala um að minni óþægindi séu við myndatöku með nýju tækjunum. Það er notuð minni pressa en áður en myndatakan sjálf fer fram á sama hátt. Þess eru dæmi að konur, sem ekki hafa komið í myndatöku í tíu ár vegna ótta við óþægindi, tali um að þetta sé ekkert mál og þær ætli óhikað að mæta í næsta skipti. Myndatökur ganga hraðar fyrir sig og afköstin hafa aukist verulega.

Geislafræðingunum, sem taka myndirnar, finnst að öllu leyti miklu þægilegra að vinna við myndatöku með þessum tækjum. Það er auðveldara að taka myndir af konum með stór brjóst, tækið

sjálft stýrir pressunni og verkið er líkamlega auðveldara. Auk þess er mikill kostur að sleppa við filmuskipti, framköllun og vinnu með framköllunarvökva og fixervökva. Að losna við framköllunarvélina skapar hljóðlátara vinnuumhverfi. Auk þess er hægt að „endurvinna“ myndirnar í tækinu, ef þær t.d. reynast of ljósar eða dökkar og þar með þarf sjaldnar en áður að endurtaka myndatökuna. Röntgenlæknar sem lesa úr myndunum segja einnig að það sé auðveldara að vinna með stafrænar myndir en myndir og þægilegt sé að vinna með myndina á skjánum. Þetta fækkar einnig viðbótarmyndum sem áður var oft þörf á. Mikið

hagræði er einnig af úrvinnslu- og geymslakerfi sem gerir m.a. kleift að skoða myndir úr hvaða tæki sem er á hvaða úrlestrarstöð sem er.

Fjáröflunarátakið Bleika slaufan 2010 beinist að söfnun sem snýr að fræðslu og ráðgjöf og vill Krabbameinsfélagið með henni auka þekkingu almennings á krabbameinum hjá konum. Krabbameinsfélagið býður upp á mjög góða aðstöðu fyrir leit, bæði að krabbameinum í brjóstum og leghálsi og með því að auka fræðslu og ráðgjöf er unnt að fjölga heimsóknunum í leitina og minnka vonandi enn frekar dánartíðni úr krabbameini meðal kvenna á Íslandi.

Sálfræðingarnir Guðrún Árnadóttir, dr. Heiðdís B. Valdimarsdóttir og dr. Friðrik H. Jónsson, ásamt fleiri fræðimönnum, hafa rannsakað um nokkurt skeið hvaða þættir hafa áhrif á það að konur mæti til brjóstamyndatöku.

Langtímarannsókn þeirra á íslenskum konum, sem birtar voru 2008, sýnir ýmsa þætti sem hafa áhrif á mætingu. Þar koma til bæði þekking á gagnsemi myndatöku og einnig tilfinningalegir þættir. Hér að neðan má sjá nokkra helstu hvetjandi þætti.

- Regluleg mæting í brjóstamyndatöku kemur sjálfri mér og þeim sem standa mér næst til góða.
- Brjóstamyndataka er hluti af

almennri heilsuvernd.

- Ef ég mæti reglulega í brjóstamyndatöku stuðla ég að bættri heilsu.
- Brjóstamyndataka skilar betri árangri en sjálfsskoðun brjósta.
- Lífslíkur kvenna sem mæta reglulega í brjóstamyndatöku eru betri en þeirra sem ekki mæta.
- Brjóstamyndataka er besta aðferðin sem völ er á til að finna mein í brjósti á byrjunarstigi.

MÆTUM Í BRJÓSTAMYNDATÖKUNA

Margar konur telja því miður ekki nauðsynlegt að mæta í brjóstamyndatöku ef þær finna ekki fyrir óþægindum eða einkennum. Hins vegar er ljóst að allur er varinn góður og best er að mæta alltaf þegar boð kemur.

● VASALJÓS TIL STYRKAR KRABBAMEINSFÉLAGINU

Olís í samstarfi við Ísmar selur nú vasaljós til styrktar Krabbameinsféluginu. Vasaljósín verða til sölu á tímabilinu 1. október til 30. nóvember.

Vasaljósín eru frá Streamlight-framleiðandanum í Bandaríkjunum sem framleiðir fjölbreytt úrval hvers konar vasa- og leitarljósa fyrir atvinnufólk og hefur um árabíl styrkt krabbameinsrannsóknir með sölu á þessum ljósum á heimsvísu. Ísmar sem er umboðsaðili Streamlight á Íslandi er hér að bæta um betur og styrkja þennan málaflokk á heimavelli.

Á litlum skildi sem festur er við ljósið er Bleika slaufan vörumerkið en allur ágóði sölunnar mun renna til Krabbameinsfélagsins. Olís mun selja vasaljósín á mörgum sölustöðum sínum um land allt en einnig verða ljósin til sölu hjá Ísmar og Krabbameinsfélaginu.



Birtan er ávallt nærri

Fremur hljótt hefur verið um útgáfu ljóðabókarinnar *Að jörðu* (útg. Nykur 2009) eftir Ásu Marin Hafsteinsdóttur, sem hún tileinkar minningu móður sinnar, Önnu Bjarkar Danielsdóttur (1955-2006). Ljóðin lýsa mörg missi og söknuði og gera það þannig að enginn les þau ósnortinn. Ása Marin hefur gefið Krabbameinsfélaginu leyfi til að birta hér þrjú ljóðanna í bókinni sem fæst í helstu bóka-verslunum.



Móðir

Mig varðaði ekki um móður Jörð fyrr en móðir mín sameinaðist henni.

Regnbogi

Þegar ég græt gráta himnarnir með og þú kemur sem regnbogi til að minna mig á

að birtan er ávallt nærri.

Minningar

Hún gaf mér bók með skreyttum kili og sagði mér að skrifa í hana eitthvað fallegt. Þess vegna fyllti ég hverja blaðsíðu minningum um hana.

● VISSIR ÞÚ AÐ RÁÐGJAFARÞJÓNUSTAN ...

- Er ókeypis
- Er opin fyrir alla sem greinast með krabbamein, aðstandendur og vini þeirra.
- Býður upp á gjaldfrjálstan upplýsingasími fyrir krabbameinssjúklinga og aðstandendur þeirra 800 4040.
- Er með símanúmer 540 1912 / 540 1900
- Býður upp á ráðgjöf, stuðning og viðtöl við félagsráðgjafa.
- Vinnur að hagsmunagæslu fyrir þá sem veikjast og aðstandendur þeirra.
- Aðstoðar við að sækja um áunnin réttindi.
- Býður upp á ráðgjöf, stuðning og viðtöl við hjúkrunarfræðing.
- Tekur á móti fjölskyldu og vinnufélögum þess sem greinist.
- Býður upp á djúpslökun.
- Er með samveru með ekkjum og ekkjum.
- Er í samstarfi við stuðningshópa Krabbameinsfélagsins þ.e. Framför, Góða hálsa, Kraft, Nýja rödd, Samhjálp kvenna, Stómasamtökin, Stuðningshóp kvenna með eggjastokkakrabbamein og Styrk svo og 22 svæðisfélög um land allt.
- Þjónar landsbyggðinni og þeim sem lúta til hennar víða að.
- Er með póstlista og hægt er að skrá sig á 8004040@krabb.is.
- Er með skipulagða dagskrá og sendir út á póstlista einu sinni í viku.
- Býður upp á áhugaverða fyrirlestra í hádeginu tvisvar í mánuði.
- Býður upp á ókeypis námskeið eins og í Briddes og Qi gong.
- Býður upp á ókeypis matreiðslunámskeið.
- Leggur áherslu á heimilislega aðstöðu þar sem allir eru velkomnir.
- Vinnur í trúnaði og eru starfsmenn bundnir þagnarskyldu.

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins er í Skógarhlíð 8, fyrstu hæð, og opin alla virka daga frá klukkan 9 til 16.

Þjóðleg silfurslaufa

Skartgripaverslunin Leonard selur silfurútgáfu Bleiku slaufunnar til styrktar Krabbameinsféluginu. Ragnheiður I. Margeirsdóttir hönnuður Bleiku slaufunnar 2010 fékk vinnu hjá Leonard eftir að hafa unnið hönnunarsamkeppni Krabbameinsfélagsins sem var haldin í samstarfi við Hönnunarmiðstöðina. Ragnheiður vinnur nú einnig að hönnun nýrrar skartgripalínu sem verður seld í verslunum Leonard á næstunni.

Silfurútgáfan er til í tveimur gerðum en hún fæst bæði sem næla og sem hálsmen. Fíngert mynstrið í slaufunni er tekið úr skúfhólki ömmu hönnuðarins. Mynstrið er eilíftið



niðurgrafið og skreytt fjölda sirkonsteina.

„Þetta er þriðja árið í röð sem við tökum þátt í Bleiku slaufunni og framleiðum silfurútgáfuna. Það kemur mikill innblástur með nýjum hönnuðum eins og Ragnheiði og er gaman að sjá hvernig hún hefur unnið með þjóðleg klæði formæðra okkar sem á svo sannarlega vel við verkefni eins og Bleiku slaufuna,“ segir Sævar Jónsson hjá Leonard.

Verslanir Leonard í Kringlunni, Smáralind og Flugstöð Leifs Eiríkssonar eru aðalsöluaðilar silfurútgáfunnar sem kostar 9.500 krónur og er til í takmörkuðu upplagi.

● KÆRLEIKSKLÚTAR

Fyrirtækið Spiral í samvinnu við Merkiprent í Reykjanesbæ hefur hannað kærleiksklút til styrktar Krabbameinsféluginu og átakinu Bleiku slaufunni. Spiral er nýtt af nálinni en bak við fyrirtækið standa þær Íris Jónsdóttir og Ingunn Yngvadóttir en hönnun þeirra hefur þegar fengið frábærar viðtökur.

Íris og Ingunn hafa hannað klúta í ýmsum litum með áprentuðu spiralmynstri en kærleiksklúturinn er bleikur með silfurlituðum spirál. Klúturinn verður seldur á meðan á bleika mánuðinum stendur eða frá 1. - 31. október. Klúturinn kostar 6.500 krónur og af hverjum seldum klút renna 2.000 krónur til Krabbameinsfélagsins.

Hægt er að panta kærleiksklútinn hjá Spiral í síma 822 0009 og 699 4775.





● **BLEIKUR FÖSTUDAGUR HJÁ PÓSTINUM** Starfsmenn Póstsins mættu í bleiku föstudaginn 1. október í tilefni af því að Bleika slaufuátakið var hafið. Pósturinn er einn af fjölmörgum söluaðilum Bleiku slaufunnar og hefur starfsfólk Póstsins verið einstaklega duglegt við að skapa stemningu hjá sér og selja slaufuna.

Mikil stemning var á svæðinu og skemmti starfsfólkið sér einstaklega vel og voru það bæði karlar og konur sem mættu í bleiku. Pósturinn var því fyrsta fyrirtækið til að skapa stemningu með því að mæta í bleiku en Krabbameinsfélagið hvatti alla landsmenn til að mæta í bleiku föstudaginn 8. október í tilefni af því að bleika árveknisátakið stendur yfir er varðar konur og krabbamein. Því miður var Bleika blaðið farið í prentun áður en myndir bárust frá öðrum fyrirtækjum en minnt er á að unnt er að senda myndir á Lailu Sæunni Pétursdóttir, markaðsstjóra Krabbameinsfélagsins, laila@krabb.is og þær verða þá birtar á bæði www.krabb.is og www.facebook.com/bleikaslaufan.



Stuðningshópar sjúklunga

Á vegum Krabbameinsfélagsins starfa nokkrir stuðningshópar sjúklunga á landsvísu. Félagið veitir þessum hópum ýmsa þjónustu og þeir hafa aðstöðu í húsi félagsins að Skógarhlíð 8 í Reykjavík. Fundir eru reglulega haldnir hjá félögunum og eru auglýstir á vefsíðu Krabbameinsfélagsins, www.krabb.is, þau veita einnig ráðgjöf og upplýsingar. Nánari upplýsingar má fá í síma 540 1900.

● Krabbameinsfélagið Framför. Markmið félagsins er að efla rannsóknir á krabbameini í blöðruhálskirtli og styðja í hvívetna baráttuna gegn því. Vefsíða: www.framfor.is.

● Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þess. Vefsíða: www.kraftur.org.

● Ný rödd, samtök fólks sem hefur misst raddbönd vegna krabbameins. Vefsíða: www.krabb.is.

● Ristilfélagið, stuðningshópur fólks sem hefur greinst með ristil eða endaparmskrabbamein. Vefsíða: www.krabb.is/ristilfelagid

● Samhjálp kvenna, samtök til stuðnings konum sem greinast með brjóstakrabbamein. Vefsíða: www.samhjalpkvenna.org.

● Stómasamtökin, samtök þeirra sem hafa farið í stómaaðgerðir. Vefsíða: www.stoma.is.

● Styrkur, samtök krabbameinsjúklunga og aðstandenda þeirra. Vefsíða: www.krabb.is/styrkur.

Á vegum Krabbameinsfélags Reykjavíkur starfa tveir stuðningshópar:

● Góðir hálsar, stuðningshópur um krabbamein í blöðruhálskirtli. Vefsíða: www.krabb.is/godirhalsar.

● Stuðningshópur kvenna með krabbamein í eggjastokkum. Vefsíða: www.krabb.is.

Auk þess eru eftirtaldir staðbundnir stuðningshópar, sem starfa í skjóli krabbameinsfélaga á viðkomandi stöðum: Elja á Akranesi og nágrenni, Von á Snæfellsnesi, Vinir í von á Ísafirði, Samhugur í Austur-Húnavatnssýslu, Dugur í Skagafirði, Norðankraftur á Akureyri og nágrenni, Birta í Suður-Þingeyjarsýslu, Styrkur á Austurlandi, Bandið í Árnessýslu og Sunnan 5 á Suðurnesjum.

fyrir allar dætur
ömmur - mömmur - systur - vinkonur - frænkur ...

Berum heilbrigði þeirra fyrir brjosti. Bleika slaufan er söfnunaráttak í baráttu Krabbameinsfélags Íslands gegn krabbameini. Þú færð hana um allt land.

Styrktaraðilar



Söluaðilar

11 / 11, Apótekarinn, Besta, Blómahönnun, Debenhams, Eymundsson, Frumherji, Garðheimar, Hagkaup, Hreyfill, Kaffitár, Kaskó, Kjarval, Krónan, Lyf og heilsa, Lyfja, Lyfjaval, Lyfjaver, Melabúðin, Nettó, Nóatún, Olís, Penninn, Pósturinn, Reykjavíkur Apótek, Samkaup, Skipholtsapótek, Strax, Te og kaffi, Úrval, Útilíf og Þín verslun.

www.bleikaslaufan.is



UPPÁHALDSBÓKIN Gaman getur verið að fá að taka uppáhaldsbókina með í leikskólann ef að það er í lagi. Það getur verið notalegt að hlusta á sögu sem maður hefur oft heyrt heima lesna í öðru umhverfi.



ALLT MERKT muna verður að merkja öll fót vel áður en farið er í þeim í leikskólann. Þá er ekkert mál að finna þau aftur ef þau fara á eitthvert flakk.

70 mikið

íttill. Raunin varð þó allt önnur og þessa sér að starfa við annað.



þykja honum þó samvistirnar við börnin.
FRÉTTABLAÐID/ANTON

stór augu þegar sá fjöldi barst í tal. „Við erum auðvitað langt á eftir hinum Norðurlöndunum hvað þetta varðar,“ segir hann og telur launin vera helstu ástæðu þess að karlar mennta sig ekki sem leikskólakennarar. „Launin eru almennt frámunalega lág. Enda eru þau ekki ástæða þess að maður sinnir starfinu heldur er það barnanna vegna sem er yndislegt að vera með.“
- rve

lumalli

markaðinum og valdi leikskólastarf. við sig.



ökkunum og fer oftast í eltingaleiki og fótspurður hvort hann hafi aðrar áherslur en
FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

TÆMUM BÚÐINA 500% Á KORPUTORGI afsláttur af öllu



LEIKFÖNG



BÆKUR



PÚSL & SPIL



SKRIFSTOFU OG SKÓLAVÖRUR



TÖSKUR



TÖLVUVÖRUR

ALLT Á AÐ SELJAST

VIÐ ÆTLUM AÐ BREYTA BÚÐINNI

Ég ætla að spara í ár!

Office 1

5125050

Auglýsingasími



LEIKFÖNG Sögumiðstöðin á Grundarfirði er kærkominn viðkomustaður fyrir fjölskyldur sem þar geta skoðað fyrsta leikfangasafn landsins og fengið lifandi leiðsögn. Þá nýtur leiksvæðið sérstakra vinsælda með yngstu kynslóðarinnar.



Dýrmætar sögustundir

Það er gaman að hlusta á sögur. Eins er stórum áfanga náð þegar við lærum að lesa en þá opnast heill ævintýraheimur upp á gátt.

Sögustundir úr æsku geymum við hvað lengst í minningunni og flest okkar eigum við upphalds bók úr æsku. Anna Svava Knútsdóttir leikkona sækir sína upphaldsbók í smiðju Astrid Lindgren. „Bróðir minn Ljónshjarta. Hún var fyrsta bókin sem ég las þar sem ég fékk samúð með sögupersónunum og grét. Sagan sat lengi í mér og persónurnar urðu vinir mínir. Þetta var líka örugglega fyrsta dauðfallið sem ég þurfti að vinna mig í gegnum.“

Bækur Guðrúnar Helgadóttur rithöfundar eru margar hverjar upphaldsbækur Íslendinga á öllum aldri. Sjálf segist hún hafa lesið allt sem krakki. „Til dæmis las ég barnung Strandakirkju eftir Elínborgu Lárusdóttur, sem amma

mín átti. En ég hafði miklar mætur á Blómakörfunni eftir Christoph von Schmid í þýðingu Sigríðar Einarsdóttur. Svo kom út bók sem átti vel við mig, sjálf Pollýanna. Ég hafði miklar mætur á henni og svo er ég hálfgerð Pollýanna sjálf, svona minnsta kosti á stundum.“

Björgvin Frans Gíslason, umsjónarmaður Stundarinnar okkar, segist lítið hafa lesið sem barn. Þó man hann eftir einni bók. „Fyrsta bókin sem kemur upp í hugann er barnabókin Brúðan hans Borgþórs eftir Jónas Jónasson, um spýtukarl. Það var einhver fallegur tónn í henni sem höfðaði til mín.“

Arnar Jónsson leikari fór með hlutverk Alfreðs í Emil eftir Astrid Lindgren og segist hafa lesið sögur hennar fyrir sín börn. Sjálfur hafi hann hlustað á þjóðsögur og



Sögupersónur vinir mínir
Anna Svava Knútsdóttir, leikari grét yfir Bróðir minn Ljónshjarta og sat saga bræðranna lengi í henni.



Hafði fallegan tón
Spýtukarlinn úr Brúðunni hans Borgþórs fangaði áhuga Björgvins Franz Gíslasonar, umsjónarmanns Stundarinnar okkar.



Las allt sem barn
Guðrún Helgadóttir rithöfundur hélt upp á Blómakörfuna og Pollýönnu sem barn.



Grimms ævintýrin lesin
Arnar Jónsson leikari hlustaði á þjóðsögur og ævintýri sem barn og las og lék sögur fyrir sín börn.



Sögustundir dýrmætar
Öllum börnum finnst gaman að hlusta á sögur og hverfa inn í ævintýraheim.

ævintýri í æsku. „Svo koma kvæði Jóhannesar úr Kötlum. Ég man þó betur það sem ég las fyrir mín börn, Elsku Mío minn og fleira. Þegar þau urðu stálpaðri las ég fyrir þau Meistarinn og Margarita og lék öll hlutverkin.“

Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.



Reykjavík Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð. Apótekið er í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.

Frí heimsendingarþjónusta til eldri borgara og öryrkja.

AFGREIÐSLUTÍMI
9–18:30 virka daga
10–16:00 laugardaga

Reykjavík Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is



Leiksýningar sem öll fjölskyldan getur notið saman

Möguleikhusið verður með tvær leiksýningar fyrir börn í Gerðubergi í október og nóvember. Prumpuhöllin verður sýnd laugardaginn 23. október klukkan 14.00 og Alli Nalli og tunglið laugardaginn 6. nóvember klukkan 14.00. Miðaverð á sýningu er 1.500 krónur.



Upprætum einelti

Fjallað verður um einelti frá ýmsum hliðum á opnum fundi samstarfshóps um forvarnir og fræðslustarf sem haldinn verður á miðvikudagsmorgun á Grand Hótel. Meðal annars verður erindi um einelti og skólasamfélag og fjallað um einelti út frá reynslu þolenda og gerenda.

Tónleikar og tvöbíó

Tvöbíó með Chaplin eru tónleikar þar sem Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur undir tveimur frábærum myndum myndum Chaplins sem börn á öllum aldri geta haft gaman af, Hundalífi og Íðjuleysingjunum. Tónleikarnir verða 13. nóvember klukkan 14.00 í Háskólabíói og miðaverð er 1.700 krónur.



Loksins á Íslandi!

MAGNETIC Naglaskólinn Kringlunni 1 hefst í nóvember 2010.
Skráning í skólann er á skoli@beautyworld.is eða í síma 510 8080.

- Kennsla á heimsmælikvarða.
- Glæsilegur vörupakki frá MAGNETIC.
- Þjóðum uppá góðar námslausnir fyrir landsbyggðina.
- Fjölbreytt námskeið fyrir naglafræðinga.



Kennarar okkar eru allir með meistararéttindi, meðal annars frá MAGNETIC
og áralanga reynslu af kennslu í naglafræði



Hjördís Lilja Reynisdóttir,
naglameistari og snyrtifræðingur



Kristín Þóra Sigurðardóttir,
naglameistari, förðunarfræðingur
og hárgreiðslusveinn



Kristjana Sigríður Helgadóttir,
naglameistari



Rut Ragnarsdóttir,
naglameistari og snyrtifræðingur.

MAGNETIC

Naglaskólinn Kringlunni 1

LEIKJADAGSKRÁ í afmælum er alltaf í miklum metum hjá boðsgestum. Leikjavefurinn.is er afbragðs hjálpartæki við skipuleggja góða leikjadagskrá en vefurinn er samvinnu- og þróunarverkefni kennara og kennaraefna með um 400 leikjum.



Veislan utan heimilisins

Í góðu verði er upplagt að nota stór útivistarsvæði, Hljómaskálagarðinn þar sem grillaðstaða er, Guðmundarlund í Kópavogi eða Nauthólsvík undir barnmörg afmæli. Yfir vetrartímann er ákjósanlegra að veislan sé innan dyra og þá er oft unnt að kaupa alla þjónustu í kringum veisluna á staðnum. Af slíkum stöðum má nefna Keiluhöllina, Veröldina okkar og Ævintýraland Kringlunnar. Þá getur einnig verið sniðugt að fara með hópinn í þrjúblíó en sum bióhúsin bjóða upp á afmælisveislubjónustu fyrir barnahópa.



VERÐA 10 ÁRA 10.10 '10

Á bænum Brjánslæk við Patreksfjörð búa lífsglaðir þríburar sem standa á tímamótum. Tíu ára afmælið stendur fyrir dyrum og dagsetningin er ekki af lakari endanum 10.10 2010. Þau hlakka mikið til en hvítt lamb og hestur eru efst á óskalistanum.

Þríburarnir Salvar Þór, Jarþrúður Ragna og Þorkell Mar Jóhannsbörn verða tíu ára á morgun. Tilhlökkunin er mikil líkt og jafnan er hjá börnunum, þó er morgundagurinn sérstakur því tíu ára afmælið ber upp á tíunda dag tíunda mánaðar 2010.

„Mér finnst það bara gaman,“ svarar Þorkell Mar inntur eftir því hvernig honum finnst dagsetningin og upplýsir að hann hafi vitað af þessari staðreynd lengi. Þessu samsinna systkini hans. En hvernig er að deila afmælinu sínu með öðrum? „Það er skrítið en skemmtilegt,“ svarar Salvar Þór og þau systkinin eru sammála því. En kemur það ekki niður á gjöfunum? „Nei, nei,“ segir Þorkell Mar, „við Salvar Þór fáum oftast það sama en Jarþrúður fær eitthvað annað af því að hún er stelpa.“

Systkinin eru í Birkimelsskóla en aðeins átta nemendur eru í skólanum og þríburarnir þeir einu í sínum árgangi. „Öðrum, fjórða og fimmta bekk er kennt saman og



Þríburar Jarþrúður Ragna, Salvar Þór og Þorkell Mar eru finir vinir þó þau viðurkenni að vissulega rífast þau stundum. Hér eru þau saman í frii í sumar.

svo eru eldri krakkarnir sér,“ segir hún en krakkarnir frá Brjánslæk eru helmingur barna skólans því eldri bróðir þríburanna, Ágúst Vilberg tólf ára, er einnig í skólanum. Elsti bróðirinn Markús Ingi býr einnig á Brjánslæk en hann er nýútskrifaður bifvélavirki.

„Og eruð þið góðir vinir?“ „Jú, jú, við erum góðir vinir,“ svarar Salvar Þór. „Samt rífumst við stundum,“ bætir Þorkell við glettinn.

Foreldrar þríburanna, þau Jóhann Ágústsson og Halldóra Ragnarsdóttir, eru bændur. Líkt og á öðrum bæjum er af nægum verkefnum að taka og systkinin segjast hjálpa til. Öll eru þau sammála um að skemmtilegast sé að taka á móti lömbunum í sauðburði. „Núna er aðallega verið að smala og setja í slátur,“ upplýsir Þorkell.

En hvernig á að halda upp á afmælið í ár? „Ef ég fengi að ráða myndi ég halda barnaafmæli klukkan tvö og fullorðinsafmæli klukkan sex,“ fullyrðir Þorkell spekingslega.

- sg



FYRIR 229 KRÓNUR FÆRÐ ÞÚ:



TERTUSNEIÐ Í BAKARÍÍ

— EÐA —



FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag í Stöð 2 Vild. Tryggðu þér áskrift í dag!



Litrík og töff Sunna hefur unnið hörðum höndum að nýju fatalínunni.

Barnaföt sem foreldrar fíla

Sunna Dögg Ásgeirsdóttir greip til þeirra ráða að hanna barnaföt eftir að hafa átt í erfiðleikum að finna flott föt.

Sunbird-fatalína Sunnu Daggar Ásgeirsdóttur er nýkominn í verslanir en hún hefur unnið sleitulaust frá áramótum að því að setja saman fallega, litríka og töff barnalínu. „Barna-fatahönnunin hófst fyrir jólin í fyrra en þá seldi ég föt á pop-up markaði. Það gekk vel og ég ákvað að hella mér út í fatahönnunina,“ segir Sunna Dögg sem lærði vöruhönnun í Listaháskólanum en hefur fengist við fatasaum frá unga aldri. „Mig langaði að gera föt sem væru þægileg og flott og foreldrum þætti líka flott. Ég á sjálf eina dóttur og nokkra yngri bræður og hef oft hlustað á mömmu tala um hve erfitt er að finna skemmtileg föt á stráka, en það virðist iðulega minna úrval



Fyrir bæði kynin Línun inniheldur föt á bæði drengi og stúlkur.

af strákafötum en stelpufötum í verslunum.“


Í Sunbird-línunni eru peysur, buxur og kjólar og er hálfgerð indjánaþema í fótunum að þessu sinni. „Mig langaði að hafa smá leik í þessu, hvetja til leiks og sköpunar.“

Viðtökurnar hafa verið góðar en fötin eru seld í verslunum Bíbí og blaka, Fiðrildinu, Mýrinni og Rumpusku auk netverslunarinnar icelandicmarket.com.

- sbt

„...Maður gæti jafnvel splæst í fjölskyldu einn góðan veðurdag - og kannski hús og bíl.“

Draumurinn er að geta fyrst og fremst lifað á loftinu og listinni. Ég er til í einfalt og ódýrt líf og gæti alveg hugsað mér að búa einhvers staðar í kvistherbergi undir súð ef ég fæ góðan tíma til að skrifa og hef pláss fyrir penslana og strigann í einu horninu. Ég þarf líka að eiga fyrir bókum, myndum, músík og fjölmiðlunum. ...Jú, og kannski geta skroppið öðru hvoru í leikhús og bíó. Og svo þarf maður auðvitað að eiga fyrir bolla á kaffihúsunum og rauðvínsglasi ef maður býður einhverri með sér út að borða. Hm... þetta er kannski ekkert rosalega einfalt og ódýrt líf. Góðu fréttirnar eru samt að það er hægt að hafa fínt upp úr almennilegri listsköpun. Maður gæti jafnvel splæst í fjölskyldu einn góðan veðurdag - og kannski hús og bíl. Og jafnvel húsbíl.



Er þitt barn **okkar** barn?

Öll börn og ungmenni eiga sér drauma um framtíðina. Undan sumum þeirra er fótunum kippt fyrirvaralaust vegna slysa eða sjúkdóma í æsku sem haft geta í för með sér ævilanga örorku. Þeir sem ekki hafa fest sig í sessi á vinnumarkaði standa utan lífeyriskerfisins og njóta því einungis bóta Tryggingastofnunar.

OKKAR framtíð er ný og kærkomin framtíðartrygging barna og ungmenna sem skipt getur sköpum fyrir fjárhagslegt sjálfstæði þeirra á fullorðinsárum. Með OKKAR sparnaði, sem laus er til útborgunar við átján ára aldur, má treysta undirstöðurnar enn frekar.

okkar framtíð

- framtíðartrygging barna fyrir „efin“ í lífinu og fjárhag fullorðinsáranna



Söngleikur um ljósálf Allir sem hafa lesið barnabókina sígildu um Dísu ljósálf muna þegar vængirnir voru klipptir af henni eftir að hún varð viðskila við móður sína. Í framhaldi hefst mikið ævintýr sem íslensk börn og fjölskyldur geta brátt notið á sviðinu. Fjölskyldusöngleikurinn um Dísu ljósálf verður frumsýndur eftir tvær vikur og eru örugglega margir spenntir að sjá þetta ævintýr í leikbúningi.

Sushikennsla Indælt er að röla með fjölskylduna um bæinn á laugardögum, sýna sig og sjá aðra. Þeir sem eru til í að læra eitthvað nýtt geta til að mynda kíkt á Hrefnu Rósu Sætran, kokk og eiganda Fiskmarkaðarins, kenna sushigerð milli þrjú og fjögur í Bókabúð Máls og menningar í dag. Að kynningunni og átinu loknu mun Saga Garðarsdóttir, uppistandari og leikkona, stýra leiknum sívinsæla Hver er maðurinn?



Karnival í bók Nýlega kom út bók sem byggir á hinu geysivinsæla tónverki Karnivali dýranna eftir Camille Saint-Saëns. Verkið hefur kynnt klassíska tónlist fyrir ófáum kynslóðum gegnum árin enda hefur það mikið verið notað í skólaskóla og tónlistarkennslu um allan heim. Bókin geymir nýjar vísur eftir Þórarin Eldjárn, sem ort hefur sögu kringum tónverkið. Myndirnar eru eftir Kristínu Maríu Ingimarsdóttur. Með bókinni fylgir diskur þar sem tónverkið er flutt af tónlistarhópnum Shéhérazade og leikurunum Guðrúnu Ásmundsdóttur og Sigurbóri Heimissyni. Í kvöld klukkan átta verður verkið flutt í tilefni útgáfunnar í Salnum í Kópavogi.

Hryggurinn styður þig allan daginn...

... með Tempur styður þú hrygginn alla nóttina.



Original heilsudýnan frá Tempur®

- Þegar þú sefur á TEMPUR heilsudýnu, hvílast hryggur og liðir í sinni náttúrulegu stöðu.
- TEMPUR þrýstijöfnunarefnið aðlagast lögun líkamans og veitir þannig þrýstijöfnun, þægindi og náttúrulegan stuðning.
- Original heilsudýnan frá Tempur léttir á baki og herðum.

Vaknaðu upp endurnærð(ur) og tilbúin(n) í átök dagsins.

Komdu í dag og skoðu allt það nýjasta frá Tempur á 25% afslætti!

Frí heimsending á stór-Reykjavíkursvæðinu!



Tempur heilsurúm
25% afsláttur



Tempur Original
90x200 Tilboðsverð kr. 169.425,-
160x200 Tilboðsverð kr. 289.425,-
180x200 Tilboðsverð kr. 326.175,-
Aukahlutir á mynd - gafli ekki innifalinn í verði

TEMPUR



Original heilsukoddi
Kr. 15.120,-

Stillanleg heilsurúm
25% afsláttur



Tempur KingNoa
2x 80x200 Tilboðsverð kr. 496.860,-
2x 90x200 Tilboðsverð kr. 524.860,-
2x 90x210 Tilboðsverð kr. 524.860,-
Aukahlutir á mynd - gafli ekki innifalinn í verði



Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Isafirði • Sími 456 4566



Central Park skömmu fyrir dauða hins síðarnefnda, rétt eins og allur heimurinn.

tilfinningar. Það er mikilvægt að vera jákvæður og það þótti John líka. Ég er mjög spennt yfir því að eyða afmælisdegi hans á Íslandi því ég er alveg handviss um að hann hefði fílað landið í botn. Honum hefði líkað hreina loftið, hreina vatnið og eflaust orðið ástfanginn af yndislegri náttúrunni, eins og allir sem heimsækja Ísland.“

Mamma og pabbi voru líka góð

Í tilefni þess að Lennon hefði orðið sjötugur í dag heimilaði Yoko fyrr á árinu endurhljóðblöndun og útgáfu á átta af sólóplötum eiginmanns síns, sem verið er að gefa út um þessar mundir. Mesta eftirvæntingin hefur ríkt eftir plötunni Double Fantasy, síðustu plötunni sem gefin var út meðan Lennon var enn á lífi, sem nú er gefin út í nýrri útgáfu og kallast Double Fantasy Stripped Down.

Yoko og Jack Douglas, sá sem upphaflega sá um upptökustjórn á Double Fantasy, endurhljóðblönduðu plötuna með það að markmiði að gefa rödd Lennon meira vægi með því, meðal annars, að fjarlægja sum af upprunalegu hljóðfærunum og fleira í þeim dúr.

Yoko segir vinnuna við endurútgáfu Double Fantasy hafa verið tímafrela og tekið á, ekki síst andlega. „Það var mjög erfitt að fara í gegnum allar þessar gömlu upptökur því það rifjaði upp margar minningar. En ég var reiðubúin að leggja það á mig og er mjög fegin því, vegna þess að útkoman er stórkostleg. Sean sonur okkar er verulega góður tónlistarmaður og ég þarf stundum að minna hann á að við foreldrar hans vorum einu sinni góð líka,“ segir Yoko og hlær. „Mér finnst þessi plata sanna það og ég held að hlustendur eigi eftir að elska þessa plötu,“ bætir hún við að lokum.



Á JÓTLANDI John og Yoko dvöldu um tíma í Danmörku við upptökur árið 1970.

■ SAGT UM JOHN LENNON



„Ég leit tvímælaust upp til Johns. Við gerðum það allir. Hann var eldri en við og algjör leiðtogi. Hann var orðheppnastur, gáfaðastur og þar fram eftir götunum. Hann gat verið mesti klækjarefur, en enginn gerði sér grein fyrir því. Eftir dauða sinn hefur Lennon verið gerður að píslarvotti: Martin Luther Lennon. En það lýsir honum ekki. Lennon var ekki heilagur dýrlingur.“

- Paul McCartney



„John Lennon hefur verið átrúnaðargoðið mitt alla ævi, en hann var á algjörum villigötum þegar hann talaði um byltingu ... Finnið einhvern fulltrúa græðgi eða kúgunar og skjótið hausinn af ræflinum.“

- Kurt Cobain



„Var það ekki milljónamæringur sem söng um að ímynda sér að engar eignir væru til?“

- Elvis Costello í lagi sínu „The Other Side of Summer“

Auður til fram tíðar

Opinn kynningarfundur

Auður býður til kynningarfundar mánudaginn 11. október. Þar verður farið yfir þær leiðir sem Auður býður í sparnaði og eignastýringu.

- **Séreignarsparnaður** – Ávöxtun viðbótarlífeyris eftir 6 mismunandi ávöxtunarleiðum
- **Sparnaður** – Stýring sparnaðar á bilinu 1–15 milljónir
- **Eignastýring** – Eignastýring fyrir stærri eignasöfn

Verið velkomin til okkar í Borgartún 29, mánudaginn 11. október kl. 17.15.

Fundurinn er öllum opinn og um það bil klukkutíma langur.

FRANZISKA • SA • 102169

Óháð staða, áhættumeðvitund og gagnsæi hafa skilað viðskiptavinum Auðar góðum árangri.

Auður – ábyrg arðsemi



Borgartúni 29 | S. 585 6500 | www.audur.is



ÁTTUNDI ÁRATUGURINN

Há mitti, víðar skálmur og kvenlegar blússur.



MITTISTASKA Flott stíliserung hjá Diane Von Furstenberg sem fer sjaldan út af sporinu.

BLÓMABARN
D&G hurfu aftur til áttunda áratugarins með sumarlinunni sem þeir sýndu á tískuvíkinni í Mílanó.



KRÓKÓD-ÍLALEÐUR
Töfara-bragur yfir Gucci að venju.

KVENLEGT
Hátt mitti og víðar skálmur næsta sumar.

MUNSTUR

Næsta sumar verður leyfilegt að blanda saman munstrum af öllum stærðum og gerðum.



DRAKT Sara Burton hélt uppi heiðri Alexanders McQueen og var það mál manna að henni hafi tekist vel upp með sumarlinunni á tískuvíkinni í París.



AFRÍSKUR STÍLL David Koma sló í gegn á tískuvíkinni í London og var greinilega með innblástur frá Afríku í sumarlinunni sinni.



ROKKAÐ OG MUNSTRAD Karl Lagerfeld hafði mikið af munstri í línunni sinni fyrir Chanel næsta sumar.

MUNSTURBUXUR Ástralska merkið Sass&Bide sýndi munstraðar silki-buxur í sinni línu.

Munsturmix og mínimalismi

Fjölbreytnin er allsráðandi í **sumartískunni 2011**. Álfrún Pálsdóttir fór yfir hinar helstu strauma og stefnur sumarsins 2011.

New York, London, Mílanó og París. Nú er helstu tískuvíkunum lokið og hönnuðir heimsins búnir að sýna hvað þeir ætla að bjóða upp á sumarið 2011. Víð snið, síðir kjólar, klossaðir hælur, neonlitir og stílhrein snið eru einkenni sem og munstraðar samsetningar. Fjölbreytni og þor verða lykilorð tískunnar næsta sumar. Áhrif áttunda áratugarins í Mílanó og París var yfirgnæfandi með útvíðum buxum og rósóttum blússum. Í New York og London var það hins vegar andi tíunda áratugarins sem sveif yfir. Álfrún Pálsdóttir fór yfir hinar helstu strauma og stefnur sumarsins 2011.

LITADÝRÐ

Eftir alla jarðliti vetrarins verður litasprengra í fataskápunum næsta sumar. Því fleiri litir því betra.



LITAGLEÐI Appelsínugult, grænt og fjólu-blátt saman hjá Gucci fyrir næsta sumar.



NEON Jil Sander var með stílhrein snið en skapaði jafnvægi með sterkum litum.




NÝJAR SÍÐIR Síð pils og skemmtilegar litasamsetningar hjá Jil Sander.



EINFALT Sítt, einfalt og stílhreint hjá Jil Sander.

MINIMALÍSKT

Einföld snið, hreinar línur og gegnsæ snið. Litur sumarsins er hvítur.



HREINAR LÍNUR Alexander Wang einblíndi á hvítan lit fyrir sumarið.

GEGNSÆTT Hjá Chloé voru gegnsæ efni ráðandi.



HVÍTT Sumarlegt í anda Chloé.



ÞÖKKUM VIÐTÖKURNAR

GLÆSILEG OPNUNARTILBOÐ ENN Í FULLUM GANGI Í MJÓDD



ferskir ávextir og grænmeti



netto
Ódýrt fyrir heimilið!

Forn saga verður að dýrustu kvikmynd Íslandssögunnar

Teiknimyndafyrirtækið **Caoz** fagnar tíu ára afmæli á næsta ári. Blásið verður til gríðarlegrar afmælisveislu, sem öðru fremur felst í frumsýningu á tölvuteiknaðri þrívíddarmynd í fullri lengd um þrumuguðinn Þór. **Jón Aðalsteinn Bergsveinsson** settist niður með nokkrum af forsvarsmönnum fyrirtækisins og fræddist um hausverkinn sem felst í gerð tölvuteiknaðrar stórmyndar.

Um ár er síðan stjórnendur teiknimyndafyrirtækisins Caoz settu í fimmta gír með það fyrir augum að búa til þrívíða tölvuteiknimynd um þrumuguðinn Þór. Myndin hefur verið á fæðingarveildinni í nokkur ár og hafa bæði Þór og handrit sögunnar tekið stakkaskiptum í ferlinu. Sá Þór sem kvikmyndahúsagæstir fá að sjá þegar myndin verður frumsýnd næsta haust er drengur á grunnskólaaldri sem býr hjá einstæðri móður sinni í litlu þorpi og nemur járnsmíði. Ekki er vitað hver faðir hans er en sá orðrómur mun á kreiki að það sé sjálfur Óðinn. Þegar jötunn ráðast á þorpið heldur hann í hjálparleiðangur með taliandi hamar í farteskínu.

Glímt við guði

Þeir Hilmar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Caoz, og Arnar Þórisson, einn framleiðenda myndarinnar, segja vandasamt að koma goðafræðinni, sem Snorri Sturluson færði í letur fyrir um átta hundruð árum, á teiknimyndaform svo jafnt börn sem fullorðnir tengi við söguna.

„Vandinn við guði er að þeir eru eilífir og þroskast ekkert. Það hentar illa kvikmyndaformi,“ segir Arnar. Því hafi verið ákveðið að færa söguna til nútímans að nokkru leyti – ekki sist hvað fjölskylduformið áhræfir.

Aðstandendur myndarinnar höfðu eðlilega áhyggjur af því að fræðasamfélagið myndi skjálfa við meðferðina á sagnaarfinum. Blásið var til málstofu með íslenskudeild Háskóla Íslands þar sem verkefnið var kynnt.

„Við höfðum miklar áhyggjur af því að fá neikvæð viðbrögð. Það

gladdi okkur þegar fræðimennirnir lýstu yfir ánægju með að unnið sé með sagnaheiminn sem uppsprettu að einhverju nýju. Þeir telja sögunnar hafa verið til í munnmælum áður en Snorri skræði þær og ekki vitað hverju hann breytti,“ segir Hilmar. Hann bætir við að þótt saga Snorra af þrumuguðnum hafi tekið stakkaskiptum í meðförum Caoz sé haldið tryggð við ákveðin karaktereinkenni. „Karaktergallerí í norrænni goðafræði er stórkostlegt. Við bætum aðeins við, svo sem vinkonu Þórs og móður hans,“ segir Hilmar en á fjórða hundruð persóna eru í myndinni, sem allar þarf að teikna frá grunni, svo sem undirheimadrottninguna Hel og hennar skrautlegu en ógnvekjandi hirð. Loka er hins vegar ekki að finna í sögunni. Hilmar segir Loka svo litríkan persónuleika að hann gæti þurft aðra mynd undir sig.

Skjaldbökuhraði

Hilmar segir ekki hlaupið í verkefni á borð við teiknimyndina um Þór. Caoz hafi verið tíu ár á leiðinni.

„Þegar við bjuggum til Litlu lirfuna ljótu vorum við að sanna fyrir sjálfum okkur að við gætum gert hana. Með Önnu og skapsveiflunum fyrir þremur árum vorum við að sýna umheiminum að við gætum gert þetta áður en við færum í svona risaverkefni. Þetta voru æfingar,“ segir Hilmar.

Hjá Caoz starfa áttatíu manns í dag í fjórum stúdíum í þremur löndum. Við Skúlagötuna eru 28 sérfræðingar á ýmsum sviðum teiknimyndalistarinnar frá sjö þjóðlöndum. Hinir starfsmenn fyrirtækisins eru í Þýskalandi og á Írlandi. Ársverkin eru nú orðin hundruð. Allt eru þetta hálaunastörf sem flest urðu til hér á sama

tíma og atvinnuleysi var að aukast í nær öllum öðrum geirum. Því er greinilega ekki að skipta í hugverkageiranum.

Milljarðaverkefni

Aðstandendur Caoz hafa varið tæpum þremur árum í fjármögnun myndarinnar um Þór, sem mun kosta 1,4 milljarða króna í framleiðslu.

Að fjármögnuninni koma 24 fjárfestar, fyrirtæki og stofnanir. Erlendir kvikmyndasjóðir fjármagna tæp þrjátíu prósent myndarinnar, fjárfestar rúman fimmtung og framleiðendurnir sjálfir 14,6 prósent. Evrópski kvikmyndasjóðurinn Eurimages er á meðal þeirra sem lögðu fram fé til myndarinnar ásamt þýskum og írskum sjóðum.

Hilmar bendir á að staða Caoz sé nú orðin slík að fyrirtækið sé gjaldgengt sem stórt fyrirtæki í teiknimyndagerð á evrópskan mælikvarða og geti sótt um til allra kvikmyndasjóða sem tengjast Íslandi, Norðurlöndunum og meginlandi Evrópu.

Þótt ár sé í frumsýningu er búið að selja myndina í forsölu til þrjátíu landa. Það er smáræði miðað við háleitar áætlanir samstarfsaðila Caoz á meginlandi Evrópu. Þeir telja sig geta komið henni á hvíta tjaldið í hundruð löndum.

Þór 2?

Greinilegt er að gríðarleg vinna liggur á bak við tölvuteiknimyndina um ævintýri þrumuguðsins og mikil þekking er orðin til í tölvuteiknimyndagerð. „Sagnaheimurinn er mjög ríkur. Við höfum tækifæri til að ferðast víða um hann. Við sjáum þetta sem fyrsta skrefið að einhverju meiru,“ segir Hilmar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Caoz.



HILMAR OG ARNAR Forsvarsmenn Caoz höfðu áhyggjur af því að meðferð þeirra á ritverki Snorra Sturlusonar mynda valda reiði í fræðaheiminum. Þeim létti þegar sérfræðingar í fornritum í Háskóla Íslands lýstu yfir ánægju með nýja framsetningu og notkun á sagnaarfinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




KARAKTER BÚINN TIL Allar persónur eru búnar til með hendur út frá líkamanum. Það er gert svo hægt sé að móta líkamann frá öllum hliðum. Um viku tekur að búa til sjö til tíu sekúndna myndbrot.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

PETTA PARF TIL AÐ BÚA TIL MYNDINA UM ÞÓR

- Eina af Íslendingasögnum eða 800 ára gamla bók.
- Friðrik Erlingsson til að skrifa handritið 25 sinnum.
- Óskar Jónasson til að leikstýra myndinni.
- 1,4 milljarða króna.
- Áttatíu sérhæfða starfsmenn í tölvuteiknimyndagerð, brellum og fleira.
- Fjögur stúdíó í þremur löndum.
- Samstarfsaðila í tölvuteiknimyndagerð á Norðurlöndum.
- Geymslupláss því einn myndrammi er um 9 mb. Allt efni í kringum hann er tuttugfalt meira.
- Polinmæði því það tekur einn tölvumyndateiknara viku að búa til sjö til tíu sekúndur af myndefni.
- 125 þúsund ramma af myndefni. Tvöfalt fleiri ramma þarf í þrívíða mynd.
- Myndin um Þór er því 9 mb x 250.000 ramar. Það jafngildir 2.250.000 mb.
- Gott tölvukerfi. Kerfi Caoz jafnast á við að 250 borðtölvur með tvöfaldan örgjörva hver séu í fullri keyrslu á sama tíma.
- Gagnaver. Öll gögn Caoz speglast í gagnaveri Thor Data Center í Hafnarfirði. Glatist gögnin í húsakynnum Caoz tapast aðeins tvær klukkustundir af efni og vinnu.

HÆGFARA PRÓUNARFERLI



STÍGA VERÐUR MÖRG SKREF ÁÐUR EN TÖLVUTEIKNIMYND VERÐUR TIL

1 Hvert atriði er grófteiknað. Eins og sést var upphaflega persónan stærri í fyrstu drögum. Aðstandendur myndarinnar talsetja sjálfir.

2 Fyrsta atrenna í tölvuteiknun. Atriðið er grófteiknað í tölvu. Höndum og fótum er sleppt til að spara tíma.

3 Hreyfingu bætt við. Myndin enn gróf. Hlutum hefur verið bætt við.

4 Búið að setja endanlegt form á persónu myndarinnar og klæða hana í fót. Umhverfið er enn gróft. Flestir hlutir eru komnir á myndflötinn.

5 Endanlegt atriði.

Haustveisla

NÝJAR OG GLÆSILEGAR HAUSTVÖRUR Á FRÁBÆRU VERÐI



BARTALI hornsófi.
Fæst með gráu áklæði
og svörtu leðri. 180x240
H:90 cm. Fæst með vinstri
og hægri tungu.

HORNSÓFI ÁKLÆÐI
159.990
FULLT VERÐ: 219.990



HORNSÓFI LEÐUR
259.990
FULLT VERÐ: 349.990

NÝTT

NÚNA
25%
AFSLÁTTUR



HARTLAND sófasett
3 sæta + 2 sæta. Kakí áklæði.
B:200/164 D:89 H:72 cm.

SÓFASETT 3+2
119.990
FULLT VERÐ: 179.980

NÚNA
30%
AFSLÁTTUR



PANDORA sjónvarpsskápur. Fæst í eik,
hnotu og vengi. B:190 D:47 H:51 cm.
Innbyggður nemi fyrir fjarstýringar sem gerir
þér kleift að stjórna tækjum í lokuðum skápnum.

149.990
FULLT VERÐ: 219.980

NÚNA
30%
AFSLÁTTUR



NÚNA
30%
AFSLÁTTUR

MANDI stóll á snúningsfæti.
B:83 D:82 H:76 CM. Fæst
með ljósgráu og gráu áklæði.

69.990
FULLT VERÐ: 99.990



NÚNA
20%
AFSLÁTTUR

STÓLL LEÐUR
99.990
FULLT VERÐ: 129.990

CAYENNE stóll á snúningsfæti.
B:83 D:82 H:76 cm. Fæst með
svörtu áklæði og svörtu leðri.

STÓLL ÁKLÆÐI
79.990
FULLT VERÐ: 99.990



NÚNA
30%
AFSLÁTTUR

BONSAI blaðastandur.
Hnota, svartur.

6.990
FULLT VERÐ: 9.990



1 Ég mætti að sjálfsgöðu í skólann fyrir klukkan átta til að taka stöðuna í upphafi vinnudags. Næsti viðkomustaður var bæjarskrifstofur Fjallabyggðar. Þar hitti ég á Ólaf Þór Ólafsson skrifstofustjóra til þess að fá uppáskrift og stimpil sveitarfélagsins á pappira sem ég þurfti að koma á pósthúsið.



2 Á skólalóðinni við Norðurgötu á Siglufirði var líf og fjör í frímínútunum þrátt fyrir rigningarúða.



3 Á göngum skólans var líflegt á meðan nemendur komu inn úr frímínútunum.



4 Brunað í gegnum Héðinsfjarðargöng á leið á fundinn sem haldinn var í Ólafsfirði. Þvílík breyting!



5 Kakan gaf góða mynd af efni fundarins. En hann fjallaði um Uppbyggingarstefnuna - Uppeldi til ábyrgðar, sem Grunnskóli Fjallabyggðar mun innleiða á næstu misserum. Grunnþarfir mannsins koma fram á kökunnar þ.e. öryggi, gleði, frelsi, áhrif og að tilheyra.



6 Jón Baldvin Hannesson, skólastjóri Giljaskóla á Akureyri, flutti fyrirlesturinn og fékk góðar viðtökur.

Dagur í lífi skólastjóra

Jónína Magnúsdóttir er skólastjóri Grunnskóla Fjallabyggðar og nýtir sér því óspart Héðinsfjarðargöngin milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar sem opnuð voru í síðustu viku, en skólinn hefur starfsstöðvar á báðum stöðum. Hún smelti myndum af vikudegi.

MYNDBROT ÚR DEGI

Miðvikudagurinn 6. október

Myndir teknar á Canon digital IXUS 50



N1 DEILDIN

HASARINN HELDUR ÁFRAM!

N1 deildin fór fjörlega af stað í 1. umferðinni og stefnir í spennandi leiktíð í handboltanum. Hasarinn heldur áfram í dag. Við hvetjum alla til að mæta á völlinn og styðja sitt lið. Góða skemmtun!

LEIKIR HELGARINNAR

N1 DEILD KARLA

Haukar - FH Ásvellir kl. 15:45

N1 DEILD KVENNA

ÍBV - Gróttu Vestmannaeyjar kl. 13:30

Stjarnan - FH Mýrin kl. 14:00



Fylkir - ÍR Fylkishöll kl. 16:00

Haukar - Valur Ásvellir kl. 17:45

GLÆPAFARALDUR Í EYMUSSON


GLÆPAFARALDUR Í EYMUSSON

Fullt af spennandi glæpasögum á **1.990,-**



GLÆPAFARALDUR Í EYMUSSON

GLÆPAFA



UR Í EYMUSSON

GLÆPAFARALDUR Í EYMUSSON

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

COKE TILBOÐ 4 X 1.5 LÍTRAR



298
KR. 500g

LÍFRÆNAR GULRÆTUR
FRÁ AKURSELI 500g POKI



COKE KIPPA 4 FLÖSKUR 1,5 LTR.
COKE LIGHT-COKE ZERO
698 KR.



598
KR. 2 ltr

EMMESS-SKAFIS 33%
MEIRA MAGN



559
KR. 600g

WEETOS NÚ 60% MEIRA MAGN
(375g + 225g) NÚ 600g



59
KR. stk

OSRAM E-27 GLÆRAR LJÓSAPERUR



98
KR. stk

ILMKERTI Í ÁLDÓSUM



459
KR. 90ml

20% MEIRA MAGN

FYRIR GÓÐA



398
KR. 30m

SENSODYNE TANNPRÁÐUR

TANNHEILSU

Sælgætisbarinn í Bónus
Enginn afsláttur bara lágt verð alla daga
898 KR.KG. = 90 KR. 100G.



Nicky WC pappír 698 kr. Nú 12 rúllur á verði 9



698
KR. 12 rúllur

AFGREIÐSLUTÍMI

LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veititengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklöbbur



159
KR. 2 ltr.



759
KR. KG

HÁLFUR LAMBASKROKKUR
NÚ Á ENN LÆGRA VERÐI AÐEINS 759 KR.KG.



125
KR. 625ml

CLEAN AND FRESH
UPPVOTTALÖGUR 625ml



398
KR. 6 stk

EMMESS -ÍSBLÓM 6 STK.



1154
KR. kg

FERSKT LAMBALÆRI 1442 KR.KG. **20% AFSLÁTTUR** 1154 KR.KG.



398
KR. 12 stk

EMMESS PINNAPOKINN 12 PINNAR



898
KR. kg

FERSKT GRÍSAGÚLLAS



898
KR. kg

FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR



898
KR. kg

FERSKT GRÍSA SNITSEL



998
KR. kg

ALI BAYONNESKINKA ÚR LÆRI



998
KR. kg

BÓNUS NÝREYKTUR
HAMBORGARHRYGGUR



798
KR. kg

FERSK GRÍSASTEIK ÚR LÆRI



998
KR. kg

ALI ELDUÐ SPARERIBS/GRÍSARIF



Bónus gjafakortið, hentugt fyrir stofnanir- fyrirtæki og einstaklinga. Bónus gjafakortið verður vinsæl jólagjöf í ár

Gjafakortið fæst á skrifstofu Bónus Skútuvogi 13
Skrifstofa Bónus er opin alla virka daga frá kl.09.00 - 16.00 sími: 588 8699



41 HEKLA DÖGG JÓNSDÓTTIR myndlistarkona er 41 árs í dag. „Ég er voðalega hrifin af Reykjavík af því að það er hægt að gera svo margt hérna á stuttum tíma.“

PETTA GERÐIST: 9. OKTÓBER 2010

Ný brú yfir Markarfljót vígð

Vígð var ný brú yfir Markarfljót á Þjóðvegi 1 þennan dag árið 1992. Hún var mikil og langþráð samgöngubót sem stytta hringveginn um fimm kílómetra. Skriður komst á byggingu hennar þegar gamla brúin frá 1934 var verulega farin að gefa sig og síga. Nýja brúin er tvíbreið 250 metra löng stálbitabrá með steyptu gólfi. Það var Halldór Blöndal samgöngu-

ráðherra sem tók við henni af Vegagerð ríkisins og klippti á borða til marks um að hún væri formlega tekin í notkun. Á eftir héldu vígslugestir í kaffisamsæti á Heimalandi í boði Vegagerðarinnar. Í tölu samgönguráðherra við þetta tækifæri kom fram að áframhaldandi verkefni væru fram undan á Suðurlandi, þar sem nýja brú vantaði yfir Kúðafljót.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Rúnar I. Sigfússon

verkfræðingur, Freyjugötu 35, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 5. október á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 14. október kl. 15.00.

Björg Østrup Hauksdóttir
Einar Þorbjörn Rúnarsson
Marta Margrét Rúnar dóttir
Sigrún Birna Rúnar dóttir
Helena Katrín Einarsdóttir

Eva Arnarsdóttir
Daníel Pálmason



Ástkær eiginkona mín, móðir, stjúpmóðir, amma, langamma og langalangamma,

Sigprúður G. Blöndal (Sissa)

lést þriðjudaginn 5. október á heimili sínu. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 12. október kl. 13.00.

Ellert Halldórsson

Sigríður Blöndal
Guðrún B. Blöndal
Kristinn V. Blöndal
Ragnhildur Ellertsdóttir
Hrafnhildur Ellertsdóttir
Fanney Ellertsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn

Sverrir Kristinsson
Ágúst Friðgeirsson
Marlene Chavarria Fritz

Alexander Ólafsson
Kristinn Guðjónsson



Ástkær móðir okkar,

Gudrun Neergaard Holm
fædd Erlendsson,

lést á hjúkrunarheimilinu Liselund í Danmörku þriðjudaginn 5. október. Jarðarförin fer fram í Frederikshavn á Jótlandi í Danmörku 19. október næstkomandi.

Valdimar H. Jóhannesson
Björn H. Jóhannesson
Hildur H. Jóhannesdóttir



Rúnar Geimundsson

Sigrður Rúnarsson

Elís Rúnarsson

Þorbjörg Þórðarson

Allhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is



Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990



Útfararþjónusta

Davíðs Ósvaldssonar ehf.

Davíð Ósvaldsson
Útfararstjóri
S. 896 6988 / 553 6699

Óli Pétur Friðbjósson
Útfararstjóri
S. 892 8947 / 565 6511



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigurdrífa Jóhannsdóttir

f. 2. september 1911,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Eir fimmtudaginn 7. október.

Kristín Ólafsdóttir
Guðjón Heiðar Jónsson
barnabörn og langömmubörn

UNGMENNAFÉLAGIÐ PRESTIR Í HVALFJARÐARSVEIT: HELDUR AFMÆLISFAGNAÐ

Lífi blásið í gamlar glæður

Efnt verður til veislu í félagsheimilinu Miðgarði í Hvalfjarðarsveit í dag í tilefni af sextugsafmæli Ungmennafélagsins Þrasta. Afmæliskaffi verður í boði milli klukkan 14 og 16 og grillaðar pylsur fyrir yngri kynslóðina ef veður leyfir. Hoppkastali verður á svæðinu og sýning á munum, ljósmyndum og myndbandsupptökum úr félagsstarfinu hefur verið sett upp í gömlu skólafunni. Í kvöld verður svo dagskrá í sal og svellandi harmóníkuhall á eftir.

„Ungmennafélagið Prestir var stofnað fyrir sextíu árum og starfaði svo til óslitið til ársins 2000. Þá fór að fjara undan og starfsemin síðustu tíu ár hefur falist í þorablóti og Jónsmessugöngu. Nú erum við að blása lífi í glæðurnar og afmælishátíðin er liður í því,“ segir Arnar Óðinn Arnþórsson, formaður félagsins. Hann býr í höfuðborginni en tengist Innri-Hólmi í Innri-Akraneðshreppi, eins og ungmennafélagið. „Mamma er frá Innri-Hólmi og bróðir hennar, Jón Auðunn Guðmundsson, var fyrsti formaður

Þrasta,“ segir hann og upplýsir að hugmyndin að endurreisn félagsins hafi kviknað í júlaboði fyrir tveimur árum. „Þar hittust nokkrir afkomendur upphafsmannanna og síðan höfum við haldið boltanum á lofti enda er áhugi fyrir því í sveitinni að koma félaginu í gang aftur.“

Vegna afmælishátíðarinnar í dag hefur Arnar kynnt sér sögu félagsins. „Það voru fimmtán krakkar í Innri-Akraneðshreppi á aldrinum 12 til 17 ára sem ákváðu að stofna félagið árið 1950. Ástæðan var meðal annars sú að strákar þar æfðu frjálsar íþróttir og vildu hafa rétt til að keppa á mótum Ungmennasambands Borgarfjarðar. Hreppsnefndin gaf félaginu land undir íþróttavöll við skólalúsið Miðgarð og farið var í stækkun á því húsi þannig að úr yrði félagsheimili. Fyrir utan fundi voru á tímabili haldin skemmtikvöld þar á þriggja vikna fresti, spilað og teflt, skemmtiatriði flutt og dansað. Bjarni Böðvarsson í Gerði var formaður í kring um 1960 og hann tók krakkana í leikfimitíma og kenndi

þeim grunnspor í gömlu dönsunum.“ Þó dansinn væri vinsæll segir Arnar fótboltann hafa verið aðalmálið hjá strákunum. „Knattspyrna var stundun af miklu kappi og Þrestirnir voru sigursælir í boltanum. Í fyrsta skipti sem héraðsmót UMBS var haldið, árið 1966, unnu þeir knattspyrnumótið og liðið varð Borgarfjarðarmeistari sex sinnum.“

Knattleikur milli giftra og ógiftra var háður árlega í mörg ár að sögn Arnars og hann nefnir líka Fjörðag sem félagið stóð fyrir þar sem keppt var í naglaboðhlaupi, reiptogi, hjólreiðaprautum og fleiri skemmtilegum greinum. Sér hann fyrir sér að endurvekja þessa þætti? „Ég vona það en það fer eftir áhuga félagsmanna. Það sem nýja stjórnin er búin að gera, fyrir utan að undirbúa afmælið, er að efna til skautuferðar til Reykjavíkur. Þátttakan varð svo góð að við þurftum tvær rútur til að flytja mannskapinn. Svo er búið að stofna Facebooksíðu og ýta á flot fréttabréfi sem heitir Þrastarunginn.“

gun@frettabladid.is

Guðbrandsmessa í Langholtskirkju

Hátíðarmessa samkvæmt Graduale 1594 verður haldin í Langholtskirkju klukkan 11 í fyrramálið. Langholtskirkja er helguð Guðbrandi biskupi Þorlákssyni og messan tileinkuð honum. Lesnir verða textar úr Biblíunni frá 1584 og sungið úr sálmaþók Guðbrands frá 1589.

Messan verður sungin bæði á íslensku og latínu.

Kirkjugestir geta mætt til æfingar klukkan 10. Sr. Kristján Valur Ingólfsson predikar og þjónar fyrir altari ásamt sóknarpresti Langholtskirkju, sr. Jóni Helga Þórarinssyni.

Í Guðbrandskapelli verður sýning á nokkrum ritum sem Guðbrandur biskup lét prenta á Hólum í Hjaltadal.

-jbá

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



40
MILLJÓNIR



RAKAÐU SAMAN MILLJÓNUM

Fimmfaldur Lottópottur stefnir í 40 milljónir.
Leyfðu þér smá Lottó!



facebook

Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á
[facebook.com/lotto.is](https://www.facebook.com/lotto.is)



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, bróðir og afi,

Gísli Theódór Ægisson
Sólhlíð 8, Vestmannaeyjum,

lést á heimili sínu sunnudaginn 3. október 2010. Hann verður jarðsunginn frá Landakirkju fimmtudaginn 14. október kl. 12.00.

Guðbjörg Guðmundsdóttir
Gunnar Már Kristjánsson
Ástþór Ægir Gíslason
Guðmundur Gísli Gíslason
Garðar Smári Gíslason
Jóhann Helgi Gíslason
Puriður Gísladóttir
systkini og barnabörn.

Unndís Ósk Gunnarsdóttir
Regina Ovesen



Okkur innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýbug vegna andláts okkar elskulegu eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Helgu Ragnhildar Helgadóttur
Birkivöllum 27, Selfossi.

Ormur Hreinsson

Guðrún Ormsdóttir
Ragnhildur Þorsteinsdóttir
Bjarni Þorsteinsson

Þorsteinn Bjarnason
Gauti Guðlaugsson

Olga Björg Jónsdóttir

Helga Björg Ragnarsdóttir
Jón Hafsteinn Ragnarsson
Kjartan Orri Ragnarsson
Una Guðrún, Katla Ýr, Gígja Rut, Ragnar Steinn, Þorsteinn Elvar, Guðrún Soffía, Hafsteinn Eyvar, Ragnheiður Olga og Ísabella Eir.

Elisabet Dröfn Erlingsdóttir



Ástkær vinur, faðir, afi og bróðir,

Jóhannes Ingólfur Jónsson

lést föstudaginn 1. október á Hjúkrunarheimilinu Eir, Hlíðarhúsum 7 í Reykjavík. Hann verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju, mánudaginn 11. október kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Parkinsonsamtökin.

Ólöf Sigríður Stefánsdóttir
Ásta Guðrún Jóhannesdóttir
Jón Kristinn Jóhannesson
Elísa Rós Natansdóttir
Systkini, vinir og vandamenn



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,

Lilja Ólafsdóttir

Dvalarheimilinu Nausti, Þórshöfn,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Pingeyinga á Húsvík þriðjudaginn 5. október. Útförin verður auglýst síðar.

Ólafía B. Matthíasdóttir
Oddný Matthíasdóttir
Ólafur Stefánsson
Magnea Stefánsdóttir
Einar Stefánsson
Jón Stefánsson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Þórarinn B. Gunnarsson
Bjarki Friðgeirsson
Matthildur Jóhannsdóttir

Steinfríður Alfreðsdóttir
Þorsteinn Sæmundsson
Guðlaug Ragna Jónsdóttir

Gutti! Gutti! Kominn heim

Ungur og fallegur köttur, Gutti að nafni, er nú búsettur í hjúkrunarheimilinu Mörk við Suðurlandsbraut í Reykjavík, íbúnum til mikillar gleði. Það var Pétur Magnússon, forstjóri Hrafnistu, sem færði starfsmönnum og heimilisfólki Markar köttinn að gjöf í tilefni vígslu nýja hjúkrunarheimilisins, en þar búa meðal annars fyrrverandi heimilismenn á hjúkrunarheimilum Hrafnistu í Víðinesi og á Vífilstöðum, sem lokað var í sumar.

Kötturinn heitir fullu nafni Guðbjartur Víðir til minningar um kynbróður sinn Guðbrand Víði, sem búsettur var í Víðinesi. Á myndinni lúrir Guðbjartur, eða Gutti, eins og hann er kallaður í daglegu tali, á sófanum á deild „þrjú suður“. Sumir vilja meina að Gutti heiti í höfuðið á núverandi heilbrigðisráðherra, sem átti ekki heimangengt frá Alþingi til að vera viðstaddur vígsluna. Hvort svo er skal ósagt látið.



MALANDI GÓÐ TILVERA Gutti er fallegur og virðulegur enda gefið ráðherranafn, þótt hann sé líka nefndur í minningu kynbróður síns í Víðinesi.



YNDISLEGT AÐ GETA GEFID Kári Sverrisson, verslunarstjóri Outlet, afhenti starfsmanni Rauða krossins fimm vörubretti af fatnaði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Merkjavörur til Rauða krossins

Verslunin Outlet í Faxafeni gaf fimm vörubretti af fatnaði til Rauða krossins á miðvikudaginn var. Þetta er í fyrsta sinn sem verslunin aðstoðar á þennan hátt en Kári Sverrisson, verslunarstjóri Outlet, segir stefnt á að gefa reglulega fatnað og fylgihluti.

„Neyðin er mikil og við viljum leggja okkar af mörkum. Verslanir eru ekki duglegar að gefa fatnað svo okkur fannst þetta góð viðbót en við gáfum fatnað á

börn og fullorðna, karla og konur. Allt merkjavöru frá NTC og 17-búðunum, sumt nýtt sumt eldra.“

Fatnaðurinn er flokkaður og metinn hjá Rauða krossinum sem sér svo um að dreifa honum um allan heim þar sem hans er þörf. Kári segir von á fleiri gjöfum frá Outlet með haustinu.

„Við eigum eftir að endurtaka leikinn þegar húsa-kynni 17 á Laugaveginum verða tæmd. Það er yndislegt að geta gefið.“

- rat

Ásgarður fékk verðlaun

Ásgarður handverkstæði hefur hlotið jafnréttisviðurkenningu Mosfellsbæjar 2010 fyrir að vinna ótullega að jafnréttismálum þannig að allir geti tekið þátt í starfsemi á jafnréttisgrundvelli, óháð kyni, fötlun eða öðru.

Ásgarður er handverkstæði fyrir fólk með þroskahömlun og hefur starfað frá árinu 1983. Starfsmennirnir þar eru um þrjátíu talsins. Þeir

framleiða listmuni og leikföng, einkum úr tré en líka beinum, hornum, málmum, steinum og öðru hráefni.

Þetta var í þriðja sinn sem jafnréttisdagur Mosfellsbæjar var haldinn. Yfirskrift hans var Ungt fólk og jafnrétti og var dagskráin að mestu leyti borin uppi af unglíngum úr félagsmiðstöðinni Bóli og nemendum í Framhaldsskóla Mosfellsbæjar.

- gun



AFHENDING Kolbrún Þorsteinsdóttir, formaður fjölskyldunefndar, og Haraldur Sverrisson bæjarstjóri veita starfsmönnum Ásgarðs jafnréttisviðurkenningu Mosfellsbæjar 2010.

Merkisatburðir

- 1943 Lífandi leðurblaka finnst í fyrsta skipti á Íslandi. Það er á Hvoli í Mýrdal.
- 1963 Skáldatími eftir Halldór Laxness kemur út. Þar gerir höfundurinn upp við sósíalismann.
- 1965 Dagur Leifs heppna er haldinn hátíðlegur á Íslandi í fyrsta sinn.



Við þökkum af alþug öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýbug vegna andláts og við útför elskulegs bróður okkar,

Gunnólfs Sigurjónssonar

húsvarðar Þjóðmenningarhússins.

Sérstakar þakkir færur við hjúkrunarþjónustunni Karitas, líknardeild Landakots og starfsfólki Þjóðmenningarhússins.

Sigrún Sigurjónsdóttir, Sverrir Sigurjónsson og fjölskyldur.



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Haraldur Þorsteinsson

lést á hjúkrunardeild Hrafnistu í Hafnarfirði þann 5. október sl. Útför hans fer fram frá Neskirkju þann 19. október nk. kl. 13.00.

Sigurður Haraldsson
Þorsteinn Haraldsson
Ingibjörg Haraldsdóttir
Ástráður Haraldsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Jóna Guðjónsdóttir
Lára V. Júlíusdóttir
Sturla Þorsteinsson
Eyrún Finnbogadóttir



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Jóhannes Bergþór Long

Kristnibraut 6, Reykjavík,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 5. október. Útförin verður auglýst síðar.

Berglind Long
Íris Long
Helen Long
og barnabörn.

Gunnar Bergmann Traustason
Guðmundur Guðjónsson
Jón Ingi Hilmarsson

Panasonic TOPPTILBOÐ

ideas for life



Panasonic TXP42G20

42" Full HD NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5, 600Hz Intelligent Frame Creation, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, Pro 24p Smooth Film/ Play Back, x.v Colour, Progressive Scan, VIERA CAST, Digital Cinema Colour 3D Colour, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafr. móttakari, kortalesara, 2 x USB tengi fyrir Wi-Fi/HDD upptöku, 2x Scart, 4 HDMI, PC tengi ofl.

TILBOÐ ▶ **249.990**

FULLT VERÐ kr. 319.990



Panasonic TXL32C20

32" LCD sjónvarp með 1366x768p upplausn, Vreal 4, 40.000:1skerpu, 24p Playback, Progressive Scan, Intelligent Scene Controller 3D, Colour Management Sub-Pixel Control, VIERA Link, stafrænum DVB-T móttakara, kortalesara, Scart, 2 HDMI tengi ofl.

TILBOÐ ▶ **109.990**

FULLT VERÐ kr. 139.990



Panasonic TXP42C2

42" HD Ready 16:9 Plasma sjónvarp með 1024x768p upplausn, Vreal 4, 100Hz, 24p, Real Black Drive 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, x.v Colour 3D Colour management, Motion Pattern, Noise Reduction, Sub-Pixel Control, Progressive Scan, Viera Link, stafr. háskerpu HDTV DVB-T móttakara, kortalesara, Scart, 2 HDMI ofl.

TILBOÐ ▶ **124.990**

FULLT VERÐ kr. 179.990



Panasonic TXP42S20

42" Full HD 1080p Plasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Vreal Pro4 Engine, 24p Playback Plus/Playback, 2.000.000:1 skerpu, 0.001 msec svartíma, x.v Colour, Progressive Scan, Digital Cinema Colour 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, 3D Comb Filter, háskerpu HDTV DVB-T stafrænum móttakara (MPEG4), kortalesara ofl.

TILBOÐ ▶ **179.990**

FULLT VERÐ kr. 229.990



Panasonic TXP46G20

42" Full HD NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5, 600Hz IFC, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, Pro 24p Smooth Film Play Back, x.v Colour, Progressive Scan, VIERA CAST, Digital Cinema Colour 3D Colour, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafr. móttakara, kortalesara, 2 x USB fyrir Wi-Fi/HDD upptöku, 2x Scart, 4 HDMI, PC tengi ofl.

TILBOÐ ▶ **329.990**

FULLT VERÐ kr. 369.990



STOFNAÐ 1971

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk
MINNISKORT

ALLAR GERÐIR

UMBODSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVAÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnési. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húsvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kaupún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fosstraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. rólega, 6. klukka, 8. stansa, 9. óvild, 11. til, 12. óróleg, 14. í vafa, 16. tveir eins, 17. ílát, 18. munda, 20. ekki heldur, 21. endafjöl.

LÓÐRÉTT

1. lummó, 3. tveir eins, 4. fúslega, 5. saur, 7. flugeldur, 10. meðal, 13. bein, 15. bakhluti, 16. taumur, 19. frá.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. plúkk, 3. sá, 4. gjarnan, 5. tað, 7. raketta, 10. lyf, 13. rif, 15. síel, 16. tog, 19. af.
LÁRÉTT: 2. hægt, 6. úr, 8. æja, 9. kal, 11. að, 12. ókyrr, 14. efnis, 16. tt, 17. fat, 18. ota, 20. né, 21. gall.

Hundurinn eltir skottið

BAKÞANKAR
Atla Fannars
Bjarkasonar

Hundar enduruppötva reglulega að þeir eru með skott. Þegar það gerist verða þeir að ná því og þá upphefst æsispennandi eltingaleikur. Hring eftir hring snýst hundurinn og alltaf tekst skottinu að komast fimlega undan slefblautum skoltinum. Ef hundinum tekst að glefsa í skottið getur hann lítið annað gert en sleppt því. Ef þessir góðu vinir okkar væru á sama vitsmunastigi og við (jafnvel með þumalputta og búnir að finna upp ljósaperuna) myndu þeir fatta að eltingaleikurinn hafði ekkert upp á sig.

HÓPAR af fólki breytast stundum í hunda. Það gerðist í vikunni þegar einhver þingmaður sem ég man ekki hvað heitir (og ætla ekki að fletta upp) velti listamannalaunum fyrir sér. Á meðan bjallan glumdi á Alþingi spurði hann í ódagoti af hverju listamenn gætu ekki fengið sér í eðlilega vinnu eins og *allt venjulegt fólk*.

SKÍTURINN þaut í víftuna og dreifðist um alla veggi í krafti netsins. Sumir listamenn áttu ekki orð yfir skilningsleysi þingmannsins og Fésbókarveggirnir hreinlega loguðu eftir fólk sem skildi ekki hvurslags afglapi sæti á hinu háæruverðuga Alþingi (haha!). Aðrir tjáðu sig opinberlega um málið sem endaði með því að

þingmaðurinn baðst afsökunar. Vei!

ÞESSI afsökunarbeiðni hefur vitanlega enga þýðingu. Frjálshyggjan er ekki hrifin af því að listamenn fái opinbera styrki og það er óþarfi að elta ólar við ummæli einstakra þingmanna sem fara greinilega aldrei í bió.

ÉG vil að listamenn fái styrki, en ég skil ekki upphlaup þeirra. Hvernig í ósköpunum geta listamenn tekið inn á sig orð manns (Ásgeir eitthvað?) sem bar fyrir sig vankunnáttu þegar hann tók ólöglegan arð út úr fyrirtækinu sínu. Hann var búinn að fást við rekstur í 26 ár, nánast frá því að hann fékk hár á punginn, og gat samt ekki rekið útgerðina sína löglega. Hvers vegna ætti hann að geta tjáð sig skamlaust um hið flókna fen listamannalauna?

OG fjandinn hafi það! Það er ekki eins og Alþingi hafi verið á himinháum vitsmunalegum stalli undanfarið. Væri ég listamaður myndi ég í versta falli líta á orð þingmannsins sem einhvers konar misheppnaðan brandara. Svona brandara sem maður myndi hlæja að fyrir kurteisissakir ef maður þekkti brandarkarlinn – en brosa út í annað og skipta um umræðuefni ef hann væri óþekk(t)ur þingmaður sem fólk veit hver er vegna þess að hann braut lög.

NÝR OG SPENNANDI
MATSEÐILL

Nýjar pizzur, Brauðstangir Deluxe og nýjar áleggstegundir: þistilhjórtu, tigrisrækjur, túnfiskur, piparostur og gráðostur.

» Sósa með sólþurrkuðum tómötum og hvítlauk, túnfiskur, tigrisrækjur, þistilhjórtu og hvítlaukur.



Blue Ocean NÝTT!

» Pepperoni, beikon, piparostur, rjómaostur og svartur pipar.



Meat & Cheese NÝTT!

Hópatilboð: 3.490 kr.

Heimsending: 2x stór pizza með 2 áleggstegundum og 2 skammtar af brauðstöngum eða eftirrétum.

NÝTT! Skiptu brauðstöngunum út fyrir Ostagott, Kanilgott, Súkkulaðigott eða Brauðstangir Deluxe, fyrir einungis 100 kr.



Tvennutilboð Domino's

Þú sækir pizzu og stóran skammt af brauðstöngum og færð aðra pizzu sömu stærðar að auki.

NÝTT! Skiptu brauðstöngunum út fyrir Ostagott, Kanilgott, Súkkulaðigott eða Brauðstangir Deluxe, fyrir einungis 100 kr.



58-12345
dominos.is

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli




Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



VEÐRHRUN!

RÝMINGAR SALA

BÓKAÚTGEFENDA

BORGARTÚNI 29

OPIÐ ALLA HELGINA FRÁ KL. 11-19

LOKA-
HELGIN!

VIÐ RÝMUM
TIL FYRIR NÝJU
JÓLABÓKUNUM!

BÓK AÐ GJÖF
EF ÞÚ KAUPIR FYRIR
5.000 KR.
EÐA MEIRA!

ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!




~~9.980,-~~
4.990,-

STÓRVIRKI
Á HÁLFVIRÐI!



~~18.800,-~~
9.900,-



~~5.490,-~~
2.990,-



~~4.990,-~~
1.990,-



~~14.900,-~~
4.990,-



~~2.490,-~~
990,-



~~1.790,-~~
790,-




~~1.699,-~~
890,-

MIKIÐ ÚRVAL BARNABÓKA



~~2.990,-~~
500,-



~~2.480,-~~
990,-



~~1.999,-~~
999,-

ÚRVAL
HLIÐBÓKA
OG DISKA!

UNGAR SÖNGKONUR Í LANGHOLTSKIRKJU Fimm söngkonur á aldrinum 19 til 24 ára halda tónleika í Langholtskirkju klukkan átta annað kvöld. Þær eiga það allar sameiginlegt að hafa verið í kórastarfi kirkjunnar áður en þær hófu söngnám.

Leikhús ★★

Buddy Holly Söngleikurinn

Leikstjóri: Gunnar Helgason

Tónlistarstjóri: Jón Ólafsson **Aðalhlutverk:** Ingólfur Þórarinnsson, Felix Bergsson, Jóhann G. Jóhannsson, Björgvin Franz Gíslason og fleiri.

Beint frá Lubbock, Texas

Þeim sem hafa í hyggju að skemmta sér á söngleikum um Buddy Holly, sem frumsýndur var í nýendurbættu Austurbæjarbíói á fimmtudagskvöld, er ráðlagt að hafa í huga að hér er fráleitt á ferð forvitnileg innsýn í líf eins áhrifamesta popptónlistarmanns sögunnar og samferðafólks hans; persónusköpun er nánast engin. Því síður er um að ræða forvitnilegt yfirlit yfir sokkabandsár roksins, því sögulegri nákvæmni er heldur ekki fyrir að fara í sýningunni. Raunar byggja öll samtöl öðru fremur á einfaldningslegu gríni (kandífflossið sem boðið var upp á í sjöppunni er líklega ágætis vísbending um raunverulegan markhóp söngleiksins) sem náði sér nokkuð á strík eftir hlé en féll ítrekað kylliflutt framan af, þrátt fyrir venjubundinn góðvilja frumsýningargesta.



Buddy Holly Frábær tónlist Buddys Holly hljómar einkar vel í Austurbæ. Mikil mæðir á Ingó í titilhlutverkinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bæði lærðir og leikir spreyta sig á leiklistinni og er frammistaðan misjöfn eftir því. Sumir eru finir meðan aðrir jaðra við að vera pínlega slakir. Vafalaust má skrifa ýmislegt á frumsýningarsviðsskrekki hjá þeim síðarnefndu og sýningin mun óhjákvæmilega slípast til. En góðu heilli eru leikatriðin stutt, þjóna einungis því hlutverki að ramma inn tónlistarsenurnar, og er yfir fáu að kvarta í þeim efnun. Stórkostlegur efniviðurinn hljómar einkar vel í Austurbæ og hljómsveitin fer á kostum. Mikil mæðir á Ingó í titilhlutverkinu og kemst hann vel frá því söngleiga séð, utan lagsins True Love Ways (Mín ást er sönn í látlausri þýðingu Davíðs Þórs Jónssonar), sem popparinn flutti reyndar í miðju hóstkasti sem hann glímdi við um hríð eftir hlé.

Pá er vert að minnst á þátt Sigurjóns Brink sem hélt sig baksviðs lengi vel en átti kómiska innkomu í lokin sem Ritchie Valens. Engu skiptir þótt Sigurjón hafi í raun verið mun líkari Ricky Martin en Valens, Felix Bergsson vantí smá hár og þó nokkur kíló upp í Big Bopper og Ingó einhverja sentimetra í Buddy. Mest er um vert að allir standa þeir sig vel í söngnum, eins og raunar flestir aðrir.

Þessi söngleikur mun svinvirka þegar rúfyllin af börnum og unglingum og miðnætursýningar með tilheyrandi stuði detta inn. Þá munu unglingsstúlkur á öllum aldri halda áfram að flykkjast inn á vefsíðuna Ingó.is. Og verða mögulega fyrir vonbrigðum þegar þær uppgötva að þar er á ferð heimasíða Ingólfs Margeirssonar.

Kjartan Guðmundsson

Niðurstaða: Frábær músik en brokkgengt grín inni á milli. Ingó kemst vel frá sínu hlutverki, sérstaklega söngnum.



KRISTÍN EYSTEINSDÓTTIR Fólkið í kjallaranum fjallar öðru fremur um hvað það getur verið flókið að vera manneskja, segir Kristín, hvernig er hægt að verða svo meðvirkur með ákveðnu ástandi að maður verður óvirkur í eigin lífi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

AÐ LIFA INNANTÓMU LÍFI Í SNOTRUM UMBÚÐUM

Leikritið Fólkið í kjallaranum verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu í kvöld. Verkið byggir á samnefndri verðlaunabók Auðar Jónsdóttur. Kristín Eysteinsdóttir leikstjóri segist hafa heillast af kynslóðarýni verksins og spurningunni um hvort það sé hægt að hafa bæði ábyrgð og frelsi.

